ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 52

23. árgangur

22.9.2016

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2016/EES/52/01 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1158/2005 frá 6. júlí 2005 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98 frá 19. maí 1998 varðandi hagskýrslur til skamms tíma . . . 1

2016/EES/52/02 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1114/2010 frá 1. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla fyrir gæði á vogum samræmdrar vísitölu neysluverðs og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2454/97. . . . 16

2016/EES/52/03 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. október 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir ídrægar hreinlætisvörur (2014/763/ESB). . . . 19

2016/EES/52/04 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. júlí 2011 um viðurkenningu á áætluninni Roundtable of Sustainable Biofuels EU RED til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB og 2009/30/EB hafi verið fylgt (2011/435/ESB) . . . 37

2016/EES/52/05 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/364 frá 1. júlí 2015 um flokkun byggingarvara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 . . . 39

2016/EES/52/06 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2003 frá 10. nóvember 2015 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið . . . 47

2016/EES/52/07 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/348 frá 10. mars 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 98/2012 að því er varðar lágmarksinnihald blöndu með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (DSM 23036), sem fóðuraukefni fyrir eldissvín (leyfishafi er Huvepharma EOOD). . . . 65

2016/EES/52/08 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/329 frá 8. mars 2016 um leyfi fyrir 6-fýtasa sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir og fyrir fráfærugrísi, eldissvín, gyltur og aukategundir svína (leyfishafi er Lohmann Animal Nutrition GmbH). . . . 68

2016/EES/52/09 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1 frá 3. desember 2015 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bífenasat, boskalíð, sýasófamíð, sýrómasín, dasómet, díþíókarbamöt, flúasífóp-P, mepanípýrím, metrafenón, píklóram, própamókarb, pýridaben, pýríófenón, súlfoxaflór, tebúkónasól, tebúfenpýrað og þíram í eða á tilteknum afurðum . . . 72

2016/EES/52/10 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/704 frá 30. apríl 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir ódíoxínlík PCB-efni í villtum háfi (*Squalus acanthias*) 134

2016/EES/52/11 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/705 frá 30. apríl 2015 um aðferðir við sýnatöku og nothæfisviðmiðanir fyrir greiningaraðferðir vegna opinbers eftirlits með magni erúkasýru í matvælum og um niðurfellingu tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 80/891/EBE 136

2016/EES/52/12 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/324 frá 7. mars 2016 um breytingu og leiðréttingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun tiltekinna matvælaaukefna sem eru leyfð í öllum matvælaflokkum 145

2016/EES/52/13 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/683 frá 2. maí 2016 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á própíónsýru – própíónötum (E 280-283) í tortillur 149

2016/EES/52/14 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2314 frá 7. desember 2015 um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 151

2016/EES/52/15 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/128 frá 25. september 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi 155

2016/EES/52/16 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/371 frá 15. mars 2016 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna 169

2016/EES/52/17 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/372 frá 15. mars 2016 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu 173

2016/EES/52/18 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/305 frá 3. mars 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið gentamísín 175

2016/EES/52/19 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/312 frá 4. mars 2016 um leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið týlvalósín 178

2016/EES/52/20 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/585 frá 12. febrúar 2016 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý, kadmíum, sexgilt króm og fjölbrómaða dífenýletra í varahlutum sem eru endurnýttir úr lækningatækjum eða rafeindasmásjám og notaðir til viðgerða eða endurbóta á þeim, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum . . . 180

2016/EES/52/21 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/293 frá 1. mars 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar I. viðauka 183

2016/EES/52/22 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/138 frá 2. febrúar 2016 um að samþykkja ekki virka efnið 3-deken-2-ón í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað 188

2016/EES/52/23 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/139 frá 2. febrúar 2016 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu metsúlfúrónmetýli sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 190

2016/EES/52/24 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/146 frá 4. febrúar 2016 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu lambda-sýhalótríni sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 195

2016/EES/52/25 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/147 frá 4. febrúar 2016 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu ípróvalíkarbi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 200

2016/EES/52/26 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/177 frá 10. febrúar 2016 um samþykki fyrir virka efninu bensóvindíflúpýri sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 205

2016/EES/52/27 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/182 frá 11. febrúar 2016 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu pýraflúfenetýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 210

2016/EES/52/28 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/183 frá 11. febrúar 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virku efnunum, sem samþykki fyrir rennur út eigi síðar en 31. desember 2018, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun 214

2016/EES/52/29 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/621 frá 21. apríl 2016 um breytingu á VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur 226

2016/EES/52/30 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/622 frá 21. apríl 2016 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur 229

2016/EES/52/31 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 611/2013 frá 24. júní 2013 um ráðstafanir sem gilda um tilkynningar um brot er varða persónuupplýsingar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti 233

2016/EES/52/32 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1787 frá 6. október 2015 um breytingu á II. og III. viðauka við tilskipun ráðsins 98/83/EB um gæði neysluvatns . . . 240

2016/EES/52/33 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/282 frá 26. febrúar 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint. . . . 252

2016/EES/52/34 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/884 frá 8. júní 2015 um að koma á nauðsynlegum tækniforskriftum og verklagsreglum fyrir samtengingarkerfi skráa sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB 423

2016/EES/52/35 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 451/2008 frá 23. apríl 2008 um að koma á fót nýrri vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3696/93 432

2016/EES/52/36 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 frá 4. febrúar 2014 um ökurita í flutningum á vegum, niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum. 594

2016/EES/52/37 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/539 frá 6. apríl 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar þjálfun, prófanir og reglubundið mat á hæfni flugmanna í tengslum við hæfisbundna leiðsögu 627

2016/EES/52/38 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1605 frá 12. júní 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1569/2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla sem útgefendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB 642

2016/EES/52/39 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/583 frá 15. apríl 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1332/2011 um sameiginlegar kröfur um notkun loftrýmis og verklagsreglur fyrir árekstravara í flugi 644

2016/EES/52/40 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB frá 23. júlí 2014 um búnað um borð í skipum og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB. 647

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1158/2005 **2016/EES/52/01**

frá 6. júlí 2005

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98 frá 19. maí 1998 varðandi hagskýrslur til skamms tíma (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1165/98 ([3]) er komið á sameiginlegum grundvallarramma fyrir söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum um fyrirtæki Bandalagsins í þeim tilgangi að greina hagsveiflur.

2) Við framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1165/98, með reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 586/2001([4]), (EB) nr. 588/2001([5]) og (EB) nr. 606/2001([6]) að því er varðar skilgreiningu á aðalatvinnugreinaflokkum, skilgreiningu á breytum og veitingu undanþágna til handa aðildarríkjum, hefur gagnleg reynsla fengist sem greiðir fyrir ráðstöfunum til að bæta enn frekar skammtímahagskýrslur sem greina skal.

3) Í aðgerðaáætlun sinni um hagskýrsluþörf Efnahags- og myntbandalagsins (EMU) og í síðari framvinduskýrslum um framkvæmd þeirrar áætlunar, greinir efnahags- og fjármálaráðið viðbótargrundvallarþætti til að bæta hagskýrslurnar sem falla undir reglugerð (EB) nr. 1165/98.

4) Vegna peningamálastefnu sinnar þarfnast Seðlabanki Evrópu skammtímahagskýrslna sem þróa þarf frekar, eins og greint er frá í skjali hans „Hagskýrsluþörf Seðlabanka Evrópu á sviði almennra efnahagslegra hagskýrslna“ og einkum þarf hann tímanlegar, áreiðanlegar og gagnlegar samtölur fyrir evrusvæðið.

5) Hagskýrsluáætlunarnefndin, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE([7]), hefur greint helstu evrópska hagvísa (PEEI) sem ganga lengra en gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1165/98.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2006 frá 28. apríl 2006 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 34, 29.6.2006, bls. 13.

([1]) Stjtíð. ESB C 158, 15.6.2004, bls. 3.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 22. febrúar 2005 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*). Ákvörðun ráðsins frá 6. júní 2005.

([3]) Stjtíð. EB L 162, 5.6.1998, bls. 1. Reglugerðin eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([4]) Stjtíð. EB L 86, 27.3.2001, bls. 11.

([5]) Stjtíð. EB L 86, 27.3.2001, bls. 18.

([6]) Stjtíð. EB L 92, 2.4.2001, bls. 1.

([7]) Stjtíð. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

6) Því er nauðsynlegt að breyta reglugerð (EB) nr. 1165/98 á þeim sviðum sem eru sérstaklega mikilvæg fyrir peningamálastefnuna og til rannsókna á hagsveiflunni.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

8) Framkvæmd Lissabonáætlunarinnar um vöxt og atvinnumál felur í sér að draga úr óþarfa byrðum á fyrirtæki og miðla nýrri tækni.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1165/98 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 2. mgr. 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) bæta skal eftirfarandi lið við einu undirgreinina:

„d) þátttaka í evrópsku úrtakskerfunum sem Hagstofa Evrópubandalaganna samræmir til að gera evrópskt mat.

Upplýsingar um kerfin, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu vera eins og tilgreint er í viðaukunum. Samþykki og framkvæmd þeirra skal stjórnast af málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 18. gr.

Koma skal á fót evrópsku úrtakskerfunum þegar innlend úrtakskerfi ná ekki að uppfylla evrópsku kröfurnar. Aðildarríki geta jafnframt valið að taka þátt í evrópsku úrtakskerfi þegar slík kerfi geta dregið verulega úr kostnaði við hagskýrslukerfið eða minnkað fyrirhöfn fyrirtækja við að uppfylla evrópsku kröfurnar. Þátttaka í evrópsku úrtakskerfi skal uppfylla skilyrði aðildarríkis til að láta í té hlutaðeigandi breytur samkvæmt markmiðum slíks kerfis. Evrópsk úrtakskerfi geta ákveðið skilyrðin, sundurliðunina og skilafrest gagna.“

b) Eftirfarandi undirgrein bætist við:

„Nota skal skyldukannanir til að afla upplýsinga sem eru ekki þegar tiltækar (innan tilskilinna tímamarka) í öðrum heimildum, svo sem skrám. Framkvæma skal kannanir með því að nota rafræna spurningalista og vefræna spurningalista þegar við á.“

2. Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Prófa skal gæði breytnanna reglulega með því að bera þær saman við aðrar tölfræðilegar upplýsingar en hvert aðildarríki og framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalagsins) munu sjá um slíkan samanburð. Einnig skal kanna þær vegna innra samræmis.“

b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Fara skal fram gæðamat þar sem ávinningurinn af því að hafa gögnin til reiðu er borinn saman við söfnunarkostnað og byrði fyrirtækja, einkum lítilla fyrirtækja. Aðildarríki skulu, að því er varðar þetta mat, senda framkvæmdastjórninni, að beiðni hennar, nauðsynlegar upplýsingar samkvæmt sameiginlegri evrópskri aðferðafræði sem framkvæmdastjórnin hefur þróað í náinni samvinnu við aðildarríkin.“

3. Í stað 1. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við hagskýrsluáætlunarnefndina, birta fyrir 11. febrúar 2006, leiðbeiningarhandbók um aðferðafræði sem útskýrir reglurnar sem settar eru fram í viðaukunum og inniheldur einnig leiðbeiningar varðandi skammtímahagskýrslur.“

4. Í stað 2. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 11. ágúst 2008 og síðan aftur þriðja hvert ár, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um hagskýrslurnar sem teknar eru saman samkvæmt þessari reglugerð og sér í lagi um mikilvægi og gæði þeirra og endurskoðun vísanna. Í skýrslunni skal einnig fjallað sérstaklega um kostnaðinn við hagskýrslukerfið og fyrirhöfn fyrirtækja vegna þessarar reglugerðar með tilliti til þess ávinnings sem þau hafa af því. Þar skal tilgreina bestu starfsvenjur til að minnka fyrirhöfn fyrirtækja og gefa til kynna leiðir til að létta byrði og draga úr kostnaði.“

5. Eftirfarandi liður bætist við í 17. gr.:

„j) stofnsetningu evrópskra úrtakskerfa (4. gr.).“

6. Breyta skal viðaukum A – D eins og sýnt er í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 6. júlí 2005.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. STRAW

forseti.

VIÐAUKI

A-HLUTI

Ákvæðum viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1165/98 er breytt sem hér segir:

Gildissvið

Í stað textans samkvæmt a-lið (Gildissvið) komi eftirfarandi:

„Viðauki þessi gildir um alla starfsemi sem skráð er í bálkum C – E í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE) eða, eftir atvikum, um allar vörur sem skráðar eru í bálkum C – E í vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA).“

Skrá yfir breytur

Textanum í c-lið (Skrá yfir breytur) er breytt sem hér segir:

1. eftirfarandi breyta bætist við 1. lið:

„Breyta	Heiti
340	Innflutningsverð“

2. Í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2. Aðeins er heimilt að taka saman upplýsingarnar um framleiðsluverð á erlendum markaði (nr. 312) og innflutningsverð (nr. 340) með því að nota einingaverð vara sem eru upprunnar úr utanríkisverslun eða af öðrum uppruna ef ekki er veruleg rýrnun á gæðum í samanburði við sértækar verðlagsupplýsingar. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr., skilyrðin fyrir því að tryggja nauðsynleg gæði gagna.“

3. Í stað 9. liðar komi eftirfarandi:

„9. Upplýsinga um framleiðsluverð eða innflutningsverð (nr. 310, 311, 312 og 340) er ekki krafist fyrir eftirfarandi flokka atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna annars vegar og hins vegar vöruflokkunar eftir atvinnugreinum: 12.0, 22.1, 23.3, 29.6, 35.1, 35.3, 37.1, 37.2. Heimilt er að breyta flokkaskránni fram til 11. ágúst 2008 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.“

4. Eftirfarandi undirgrein bætist við:

„10. Breyturnar á innflutningsverðinu (nr. 340) eru reiknaðar á grundvelli vöruflokka Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum. Innfluttar rekstrareiningar geta verið flokkaðar utan starfseminnar í bálkum C til E í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna.“

Framsetning

Í stað textans samkvæmt d-lið (Framsetning) komi eftirfarandi:

„1. Allar breytur skulu sendar óleiðréttar, ef tiltækar eru.

2. Einnig skal senda framleiðslubreytuna (nr. 110) og vinnustundabreytuna (nr. 220) með vinnutímaleiðréttri framsetningu. Aðildarríki skulu einnig senda aðrar breytur, sem verða fyrir áhrifum af vinnudögum, vinnutímaleiðréttar. Heimilt er að breyta skrá yfir breytur, sem skal senda vinnutímaleiðréttar, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.

3. Einnig er aðildarríkjum heimilt að senda árstíðaleiðréttar breytur og einnig að senda breytur sem þróunarferli. Framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) er aðeins heimilt að gera og birta árstíðaleiðréttar breytur og breytur sem þróunarferli ef gögn eru ekki send í slíkri framsetningu.

4. Senda á breytur nr. 110, 310, 311, 312 og 340 sem vísitölu. Senda á allar aðrar breytur annaðhvort sem vísitölu eða rauntölur.“

Viðmiðunartímabil

Eftirfarandi undirliðum er bætt við undir e-lið (Viðmiðunartímabil):

„Breyta	Viðmiðunartímabil
340	mánuður“

Nákvæmnistig

Textanum í f-lið (Nákvæmnistig) er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. og 2. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Senda skal allar breytur, að undanskilinni innflutningsverðsbreytu (nr. 340), á bálkastigi (einn stafur), undirbálkastigi (tveir stafir) og tveggja tölustafa deildarstigi í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna. Senda skal breytu 340 á bálkastigi (einn stafur), undirbálkastigi (tveir stafir) og tveggja stafa deildarstigi vöruflokkunar eftir atvinnugreinum.

2. Einnig ber að senda framleiðsluvísitöluna (nr. 110) og framleiðsluverðsvísitöluna (nr. 310, 311, 312) í bálki D, samkvæmt kerfi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna með þremur og fjórum tölustöfum. Í innsendum vísitölum framleiðslu og framleiðsluverðs með þremur og fjórum tölustöfum verða að vera a.m.k. 90% af heildarvirðisauka fyrir hvert aðildarríki í bálki D í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna á tilteknu grunnári. Aðildarríki, sem eru með minna en 4% af heildarniðurstöðutölu Evrópubandalagsins sem heildarvirðisauka í bálki D í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna á tilteknu grunnári, þurfa ekki að senda viðkomandi breytur á þessum nákvæmnistigum.“

2. Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Þar að auki skal senda allar breytur nema veltubreytur og breytur fyrir nýjar pantanir (nr. 120, 121, 122, 130, 131 og 132) fyrir atvinnugreinar í heild, eins og þær eru skilgreindar í bálkum C til E í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna og aðalatvinnugreinaflokkum, eins og þeir eru skilgreindir í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 586/2001(*).

(*) Stjtíð. EB L 86, 27.3.2001, bls. 11.“

3. Eftirfarandi undirgreinar bætist við:

„5. Senda skal veltubreytur (nr. 120, 121, 122) fyrir atvinnugreinar í heild eins og þær eru skilgreindar í bálkum C og D í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna og í aðalatvinnugreinaflokkunum, að undanskildum aðalatvinnugreinaflokkum sem skilgreindir eru fyrir orkutengda starfsemi.

6. Senda skal breytur fyrir nýjar pantanir (nr. 130, 131, 132) fyrir heildarframleiðslu, bálk D í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna og samantekt úr aðalatvinnugreinaflokkum, sem ná yfir allar deildirnar í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins sem skilgreindar eru í 8. undirgrein c-liðar („Skrá yfir breytur“) í þessum viðauka.

7. Senda skal innflutningsverðsbreytuna (nr. 340) fyrir heildarsamtölu iðnaðarvara í bálkum C til E í vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) og aðalatvinnugreinaflokkunum sem eru skilgreindir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 568/2001 á grundvelli vöruflokkunar eftir atvinnugreinum. Aðildarríkin sem ekki hafa tekið upp evru sem gjaldmiðil þurfa ekki að senda þessa breytu.

8. Framkvæmdastjórninni er heimilt að ákvarða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr., skilyrðin fyrir beitingu evrópsks úrtakskerfis á innflutningsverðsbreytuna (nr. 340), eins og þau eru skilgreind í d-lið fyrstu undirgreinar í 2. mgr. 4. gr.

9. Senda skal breytur fyrir erlenda markaði (nr. 122, 132 og 312) samkvæmt aðgreiningu í lönd á evrusvæðinu og lönd utan þess. Nota skal þessa skiptingu á atvinnugreinarnar í heild, eins og þær eru aðgreindar í bálkum C til E í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, aðalatvinnugreinaflokkunum, á bálkastigi (einn bókstafur), undirbálkastigi (tveir bókstafir) og á deildarstigi (tveir tölustafir) í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna. Ekki er krafist upplýsinga um ÍSAT2008 – bálk E fyrir breytu 122. Einnig skal senda innflutningsverðsbreytuna (nr. 340) samkvæmt aðgreiningunni í lönd á evrusvæðinu og lönd utan þess. Nota skal þessa skiptingu á atvinnugreinarnar í heild, eins og þær eru aðgreindar í bálkum C til E í vöruflokkun eftir atvinnugreinum, aðalatvinnugreinaflokkunum, á bálkastigi (einn bókstafur), undirbálkastigi (tveir bókstafir) og á deildarstigi (tveir tölustafir) í vöruflokkun eftir atvinnugreinum. Framkvæmdastjórninni er heimilt, fyrir aðgreininguna í lönd á evrusvæðinu og lönd utan þess, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr., að ákveða skilyrði fyrir beitingu evrópskra úrtakskerfa, eins og þau eru skilgreind í d-lið fyrstu undirgreinar í 2. mgr. 4. gr. Evrópska úrtakskerfið kann að takmarka umfang innflutningsverðsbreytunnar að því er varðar innflutning á vörum frá löndum utan evrusvæðisins. Aðildarríki, sem hafa ekki tekið upp evru sem gjaldmiðil, þurfa ekki að senda aðgreiningu á löndum á evrusvæðinu og löndum utan þess að því er varðar breytur 122, 132, 312 og 340.

10. Aðildarríki, sem eru með minna en 1% af heildarniðurstöðutölu Evrópubandalagsins sem heildarvirðisauka í bálkum C, D og E í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, þurfa einungis að senda gögn fyrir atvinnulífið í heild, aðalatvinnugreinaflokka og bálkastig atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna, eða vöruflokkunar eftir atvinnugreinum.“

Skilafrestur gagna

Textanum í g-lið (Skilafrestur gagna) er breytt sem hér segir:

1. Í 1. mgr. er ákveðnum breytum breytt, eða bætt við, eins og hér segir:

„Breyta	Tímamörk
110	1 mánuðir og 10 almanaksdagar
(...)	(...)
210	2 mánuðir
(...)	(...)
340	1 mánuðir og 15 almanaksdagar,“

2. Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Skilafresturinn kann að vera allt að 15 almanaksdögum lengri fyrir gögn á flokks- og undirgreinarstigi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna eða flokks- og undirgreinarstigi vöruflokkunar eftir atvinnugreinum.

Að því er varðar aðildarríki, sem eru með minna en 3% af heildarniðurstöðutölu Evrópubandalagsins sem heildarvirðisauka í bálkum C, D og E í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna getur skilafresturinn verið allt að 15 almanaksdögum lengri fyrir gögn um allt atvinnulífið í aðalatvinnugreinaflokkum og á bálkastigi atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins eða á deildarstigi vöruflokkunar eftir atvinnugreinum.“

Forkannanir

Töluliðir 2 og 3 undir h-lið (Forkannanir) falli brott.

Fyrsta viðmiðunartímabil

Eftirfarandi undirgreinum er bætt við f-lið (Fyrsta viðmiðunartímabil):

„Fyrsta viðmiðunartímabilið fyrir sendingu breytna á erlendum mörkuðum með aðgreiningu í evrusvæði og svæði utan evrusvæðisins er eigi síðar en janúar 2005.

Fyrsta viðmiðunartímabilið fyrir breytu 340 er eigi síðar en janúar 2006 með því skilyrði að grunnár í gildi sé eigi síðar en 2005.“

Aðlögunartímabil

Eftirfarandi undirgreinum er bætt við j-lið („Aðlögunartímabil“):

„3. Heimilt er að veita aðlögunartímabil sem lýkur 11. ágúst 2007 vegna breytu nr. 340 með aðgreiningu í evrusvæði og svæði utan evrusvæðisins fyrir breytur 122, 132, 312 og 340 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.

4. Veita má umbreytingartímabil sem lýkur 11. ágúst 2007 til að breyta skilafresti gagna fyrir breytu 110 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.

5. Veita má umbreytingartímabil sem lýkur 11. ágúst 2006 til að breyta skilafresti gagna fyrir breytu 210 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.“

B-HLUTI

Ákvæðum viðauka B við reglugerð (EB) nr. 1165/98 er breytt sem hér segir:

Skrá yfir breytur

Textanum í c-lið (Skrá yfir breytur) er breytt sem hér segir:

1. Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi texti:

„5. Aðeins er leyfilegt að nota breytu framleiðsluverðs (nr. 310) til að nálgast breytur vegna byggingarkostnaðar (nr. 320, 321, 322) ef þær eru ekki tiltækar. Venja þessi er heimiluð til 11. ágúst 2010.“

2. Eftirfarandi undirgrein bætist við:

„6. Aðildarríki skulu framkvæma athuganir sem framkvæmdastjórnin hefur hafið og sett upp í samráði við aðildarríkin. Athuganirnar skulu fara fram, að teknu tilliti til ávinningsins af því að afla gagnanna í samanburði við kostnað fyrirtækja við að afla þeirra og fyrirhöfn þeirra, til að:

a) meta hagkvæmni ársfjórðungslegrar breytu á framleiðsluverði (nr. 310) í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð,

b) skilgreina hentuga aðferðafræði við gagnasöfnun og útreikning vísitalna.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 11. ágúst 2006, gera tillögu um skilgreiningu sem gilda skal um framleiðsluverðsbreytu.

Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um niðurstöður athugananna eigi síðar en 11. ágúst 2007.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr., ákveða, eigi síðar en 11. ágúst 2008, hvort beita eigi b-lið 17. gr. til að setja framleiðsluverðsbreytuna í stað byggingakostnaðarbreytuna frá grunnárinu 2010.“

Framsetning

Í stað textans undir d-lið (Framsetning) komi eftirfarandi:

„1. Senda ber allar breyturnar óleiðréttar, ef tiltækar eru.

2. Einnig skal senda framleiðslubreyturnar (nr. 110, 115 og 116) og vinnustundabreytuna (nr. 220) á vinnutíma-leiðréttri framsetningu. Aðildarríki skulu einnig senda aðrar breytur, sem verða fyrir áhrifum af vinnudögum,

vinnutímaleiðréttar. Heimilt er að breyta skrá yfir breytur, sem skal senda vinnutímaleiðréttar miðað við fjölda vinnudaga, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.

3. Einnig er aðildarríkjum heimilt að senda árstíðaleiðréttar breytur og einnig að senda breytur sem þróunarferli. Framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) er aðeins heimilt að gera og birta árstíðaleiðréttu breyturnar og breyturnar sem þróunarferli ef gögn eru ekki send í slíkri framsetningu.

4. Senda á breytur nr. 110, 115, 116, 320, 321 og 322 sem vísitölu. Senda skal breytur nr. 411 og 412 í rauntölum. Senda á allar aðrar breytur annaðhvort sem vísitölu eða rauntölur.“

Viðmiðunartímabil

Í stað textans í e-lið (Viðmiðunartímabil) komi eftirfarandi:

„Eins mánaðar viðmiðunartímabil skal gilda fyrir breytur 110, 115 og 116. Viðmiðunartímabil sem er að minnsta kosti ársfjórðungur skal gilda um allar aðrar breytur í þessum viðauka.

Í aðildarríkjum þar sem virðisauki í bálki F í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE) á tilteknu grunnári er minna en 1% af heildarvinnsluvirði Evrópubandalagsins þarf viðmiðunartímabil fyrir breytur 110, 115 og 116 aðeins að vera ársfjórðungur.“

Nákvæmnistig

Eftirfarandi undirgrein er bætt við f-lið (Nákvæmnistig):

„6. Aðildarríki sem eru með minna en 1% af heildarniðurstöðutölu Evrópubandalagsins sem virðisauka í bálki F í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna þurfa einungis að senda gögn fyrir heildarvirði byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar (bálkastig atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna).“

Skilafrestur gagna

Í g-lið (Skilafrestur gagna) komi eftirfarandi í stað breytna 110, 115, 116 og 120:

„Breyta	Tímamörk
110	1 mánuðir og 15 almanaksdagar
115	1 mánuðir og 15 almanaksdagar
116	1 mánuðir og 15 almanaksdagar
(...)	(...)
210	2 mánuðir.“

Forkannanir

Töluliðir 1 og 3 undir h-lið (Forkannanir) falli brott.

Fyrsta viðmiðunartímabil

Eftirfarandi texta er bætt við i-lið (Fyrsta viðmiðunartímabil):

„Fyrsta viðmiðunartímabilið fyrir sendingu breytna 110, 115 og 116 með mánaðarlegu viðmiðunartímabili er eigi síðar en janúar 2005.“

Aðlögunartímabil

Eftirfarandi undirgreinum er bætt við j-lið (Aðlögunartímabil):

„3. Veita má umbreytingartímabil sem lýkur 11. ágúst 2007 til að breyta viðmiðunartímabilinu fyrir breytur 110, 115 og 116 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.

4. Veita má umbreytingartímabil sem lýkur 11. ágúst 2007 til að breyta skilafresti gagna fyrir breytur 110, 115, 116 og 120 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.“

C-HLUTI

Viðauka C við reglugerð (EB) nr. 1165/98 er breytt sem hér segir:

Skrá yfir breytur

Eftirfarandi undirgrein er bætt við c-lið (Skrá yfir breytur):

„4. Aðildarríki skulu framkvæma athuganir sem framkvæmdastjórnin hefur hafið og set upp í samráði við aðildarríkin. Athuganirnar skulu fara fram, að teknu tilliti til ávinningsins af því að afla gagnanna í samanburði við kostnað fyrirtækja við að afla þeirra og fyrirhöfn þeirra, til að:

a) meta hagkvæmni þess að senda ársfjórðungslega vinnustundabreytu (nr. 220) fyrir smásöluverslun og viðgerðir,

b) meta hagkvæmni þess að senda ársfjórðungslega breytu yfir verg laun og greiðslur (nr. 230) fyrir smásöluverslun og viðgerðir,

c) skilgreina hentuga aðferðafræði við gagnasöfnun og útreikning vísitalna.

Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um niðurstöður athugananna eigi síðar en 11. ágúst 2007.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr., ákveða, eigi síðar en 11. ágúst 2008, hvort beita eigi b-lið 17. gr. til að telja með vinnustundabreytuna (nr. 220) og breytu yfir verg laun og greiðslur (nr. 230) frá grunnárinu 2010.“

Framsetning

Í d-lið (Framsetning) komi eftirfarandi í stað 1. og 2. liðar:

„1. Senda ber allar breyturnar óleiðréttar, ef þær eru tiltækar.

2. Einnig skal senda veltubreytuna (nr. 120) og sölumagnsbreytuna (nr. 123) leiðréttar miðað við fjölda vinnudaga. Aðildarríki skulu einnig senda aðrar breytur, sem verða fyrir áhrifum af vinnudögum, vinnutímaleiðréttar. Heimilt er að breyta skrá yfir breytur, sem skal senda vinnutímaleiðréttar miðað við fjölda vinnudaga, í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.“

Nákvæmnistig

Textanum í f-lið (Nákvæmnistig) er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Veltubreytan (nr. 120) og breyturnar fyrir raunvirði sölu/sölumagns (nr. 330/123) ber að senda á því nákvæmnistigi sem tilgreint er í 2., 3. og 4. mgr. Senda ber breytuna fyrir heildarfjölda starfsmanna (nr. 210) á því nákvæmnistigi sem tilgreint er í 4. mgr.“

2. Eftirfarandi undirgrein bætist við:

„5. Aðildarríki, sem eru með minni veltu en 1% af heildarniðurstöðutölu Evrópubandalagsins sem heildarvirðisauka í deild 52 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins á tilteknu grunnári, þurfa einungis að senda veltubreytuna (nr. 120) og breytur raunvirðis sölu/sölumagns (nr. 330/123) samkvæmt nákvæmnistiginu sem er skilgreint í 3. og 4. mgr.“

Skilafrestur gagna

Eftirfarandi kemur í stað textans í g-lið (Skilafrestur gagna):

„1. Breyturnar fyrir veltu (nr. 120) og raunvirði sölu/sölumagns (nr. 330/123) ber að senda innan tveggja mánaða á því nákvæmnistigi sem tilgreint er í 2. lið f-þáttar í þessum viðauka. Skilafresturinn getur verið allt að fimmtán dögum lengri fyrir þau aðildarríki sem eru með veltu í deild 52 á tilteknu grunnári sem er minna en 3% af heildarniðurstöðutölu Evrópubandalagsins.

2. Breyturnar fyrir veltu (nr. 120) og raunvirði sölu/sölumagns (nr. 330/123) ber að senda innan eins mánaðar á því nákvæmnistigi sem tilgreint er í 3. og 4. mgr. f-liðar í þessum viðauka. Aðildarríki geta ákveðið að taka þátt í veltubreytunni og breytunum um raunvirði sölu/sölumagns nr. 120 og 330/123 með framlögum í samræmi við evrópskt úrtakskerfi eins og það er skilgreint í d-lið fyrsta undirliðar í 2. lið 4. gr. Skilyrðin fyrir skiptingunni skal ákveða í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 18. gr.

3. Breyturnar um heildarfjölda starfsmanna ber að senda innan tveggja mánaða frá lokum viðmiðunartímabilsins. Skilafresturinn getur verið allt að fimmtán dögum lengri fyrir aðildarríkin sem eru með minni veltu í deild 52 á tilteknu grunnári en 3% af heildarniðurstöðutölu Evrópubandalagsins.“

Forkannanir

Töluliðir 2 og 4 undir h-lið (Forkannanir) falli brott.

Aðlögunartímabil

Eftirfarandi undirgrein er bætt við j-lið (Aðlögunartímabil):

„4. Heimila má aðlögunartímabil sem lýkur eigi síðar en 11. ágúst 2006 til að breyta skilafrestum gagna fyrir breytu nr. 210 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.“

D-HLUTI:

Viðauka D við reglugerð (EB) nr. 1165/98 er breytt sem hér segir:

Skrá yfir breytur

Textanum í c-lið (Skrá yfir breytur) er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi breyta bætist við í 1. mgr.:

„Breyta	Heiti
310	Framleiðsluverð,“

2. Eftirfarandi undirgreinar bætist við:

„3. Framleiðsluverðsbreytan (nr. 310) nær yfir þjónustu sem veitt er viðskiptavinum sem eru fyrirtæki eða einstaklingar sem eru í fyrirsvari fyrirtækja.

4. Aðildarríki skulu framkvæma athuganir sem framkvæmdastjórnin hefur hafið og sett upp í samráði við aðildarríkin. Athuganirnar skulu fara fram, að teknu tilliti til ávinningsins af því að afla gagnanna borið saman við kostnað fyrirtækja við að afla þeirra og fyrirhöfn þeirra, til að:

a) meta hagkvæmni þess að senda ársfjórðungslega vinnustundabreytu (nr. 220) fyrir aðra þjónustu,

b) meta hagkvæmni þess að senda ársfjórðungslega breytu yfir verg laun og greiðslur (nr. 230) fyrir aðra þjónustu,

c) skilgreina hentuga aðferðafræði við gagnasöfnun og útreikning vísitalna,

d) skilgreina hentugt sundurliðunarstig. Sundurliða skal gögnin eftir atvinnustarfsemi sem bálkar atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna skilgreind og með frekari sundrun, þó ekki frekar en stig deilda atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (tveir tölustafir) eða hópaskiptingar deilda segja til um.

Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um niðurstöður athugananna eigi síðar en 11. ágúst 2007.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr., ákveða, eigi síðar en 11. ágúst 2008, hvort beita eigi b-lið 17. gr. til að telja með vinnustundabreytuna (nr. 220) og breytu yfir verg laun og greiðslur (nr. 230) frá grunnári 2010.“

Framsetning

Textanum samkvæmt d-lið (Framsetning) er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. og 2. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Senda ber allar breyturnar óleiðréttar, ef tiltækar eru.

2. Veltubreytuna (nr. 120) ber að senda leiðrétta miðað við fjölda vinnudaga. Aðildarríki skulu einnig senda aðrar breytur, sem verða fyrir áhrifum af vinnudögum, vinnutímaleiðréttar. Heimilt er að breyta skrá yfir breytur, sem skal senda vinnutímaleiðréttar miðað við fjölda vinnudaga, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.“

2. Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Senda ber framleiðsluverðsbreytuna (nr. 310) eins og vísitölu. Senda ber allar aðrar breytur sem vísitölu eða rauntölur.“

Viðmiðunartímabil

Eftirfarandi undirgreinum er bætt við undir e-lið (Viðmiðunartímabil):

„Aðildarríki skulu framkvæma athuganir sem framkvæmdastjórnin hefur hafið og set upp í samráði við aðildarríkin. Framkvæma skal athuganirnar með tilliti til ávinninginn af styttra viðmiðunartímabili í tengslum við kostnað fyrirtækja við söfnun og fyrirhöfn til að meta hagkvæmni þess að stytta viðmiðunartímabilið um ársfjórðung fyrir veltubreytuna (nr. 120) í eins mánaðar viðmiðunartímabil.

Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um niðurstöður athugananna eigi síðar en 11. ágúst 2007.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr., ákveða, eigi síðar en 11. ágúst 2008, hvort beita eigi d-lið 17. gr. í tengslum við endurskoðun tíðni samantektar á veltubreytunni.“

Nákvæmnistig

Textanum í f-lið (Nákvæmnistig) er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað 3. og 4. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríki, sem eru með minni veltu en 4% af heildartölu Evrópubandalaganna á uppgefnu grunnári, þurfa aðeins að senda veltubreytuna samkvæmt tveggja tölustafa kerfi fyrir deildir 50, 51, 64 og 74 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna.

4. Aðildarríki, sem eru með heildarvirðisauka í bálki I sem er minna en 5% af heildartölu Evrópubandalagsins á uppgefnu grunnári, þurfa aðeins að senda breytuna fyrir fjölda starfsmanna (nr. 120) fyrir bálk I í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE) á bálkastigi.

2. Eftirfarandi undirgreinar bætist við:

„5. Senda skal breytuna yfir framleiðsluverð (nr. 310) samkvæmt eftirfarandi atvinnustarfsemi og flokkun í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE):

60.24, 63.11, 63.12, 64.11, 64.12 (með fjórum tölustöfum),

61.1, 62.1, 64.2 (með þremur tölustöfum),

72.1, 62.1, 72.6 (með þremur tölustöfum),

summu 74.11 til 74.14,

summu 74.2 og 74.3,

74.4 til 74.7 (með þremur tölustöfum),

Heimilt er að áætla gildi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna 74.4 með birtingu auglýsinga.

Deild 74.5 í atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna tekur til heildarverðs ráðninga vinnuafls og veitingu starfsfólks.

6. Heimilt er að breyta skránni yfir atvinnustarfsemi og flokkun fram til 11. ágúst 2008 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.

7. Aðildarríki, sem eru með minni veltu en 4% af heildarniðurstöðutölu Evrópubandalagsins á tilteknu grunnári, þurfa aðeins að senda framleiðsluverðsbreytuna (nr. 310) yfir framleiðsluverð á deildarstigi fyrir deild 72 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna.“

Skilafrestur gagna

Eftirfarandi kemur hér með í stað textans í g-lið (Skilafrestur gagna):

„Senda skal breyturnar, við lok viðmiðunartímabilsins, innan eftirfarandi tímamarka:

Breyta	Tímamörk
120	2 mánuðir
210	2 mánuðir
310	3 mánuðir.“

Fyrsta viðmiðunartímabil

Eftirfarandi texta er bætt við f-lið (Fyrsta viðmiðunartímabil):

„Fyrsta viðmiðunartímabilið fyrir sendingu framleiðsluverðsbreytuna nr. 310 er eigi síðar en fyrsti ársfjórðungur 2006.“ Veita má frekar frávik til eins árs á fyrsta viðmiðunartímabilinu í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. með því skilyrði að grunnár eigi síðar en 2006 sé í gildi.“

Aðlögunartímabil

Eftirfarandi undirgreinum er bætt við j-lið (Aðlögunartímabil):

„Heimila má aðlögunartímabil, sem lýkur eigi síðar en 11. ágúst 2008 fyrir breytu nr. 310 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. Heimilt er að lengja aðlögunartímabil í eitt ár vegna innleiðingar á breytu nr. 310 fyrir deildir 63 og 74 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. Auk þessara aðlögunartímabila er heimilt að veita þeim aðildarríkjum sem eru með veltu sem er minni en 1% af heildarniðurstöðutölu Evrópubandalagsins í atvinnustarfsemi sem vísað er til í fyrirsögn a) „Gildissvið“ í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, að lengja aðlögunartímabil um eitt ár, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.

Heimila má aðlögunartímabil, sem lýkur eigi síðar en 11. ágúst 2006, til að breyta skilafresti gagna fyrir breytur nr. 120 og 210 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1114/2010 **2016/EES/52/02**

frá 1. desember 2010

þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla fyrir gæði á vogum samræmdrar vísitölu neysluverðs og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2454/97 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 ([1]) frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysluverðs, einkum 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samræmdar vísitölur neysluverðs (HICP) eru samræmdar ráðstafanir vegna verðbólgu sem framkvæmdastjórnin og Seðlabanki Evrópu þurfa til að geta framkvæmt starfsskyldur sínar skv. 140. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Samræmdar vísitölur neysluverðs eru hannaðar til að auðvelda alþjóðlegan samanburð á neysluverðshækkun. Þær eru mikilvægir vísar við stjórnun peningamálastefnu.

2) Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95 ætti að uppfæra vogir [áður vægi liða] samræmdrar vísitölu neysluverðs nægilega oft til að uppfylla kröfur um samanburðarhæfi og áreiðanleika. Þegar vogir samræmdrar vísitölu neysluverðs eru uppfærðar með mismunandi tíðni er hugsanlegt að þær uppfylli ekki kröfur um samanburðarhæfi og áreiðanleika.

3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2454/97 ([2]) frá 10. desember 1997 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla fyrir vogir í samræmdri vísitölu neysluverðs, er mælt fyrir um reglur til að tryggja að við gerð samræmdra vísitalna neysluverðs hafi verið notaðar vogir sem eru nægilega áreiðanlegar og sem skipta máli að því er varðar alþjóðlegan samanburð. Nú ætti að breyta þessum reglum með tilliti til þróunar á sviði samræmdrar vísitölu neysluverðs. Ráðstafanirnar, sem settar eru fram í þessari reglugerð, ættu því að koma í staðinn fyrir ráðstafanirnar í reglugerð (EB) nr. 2545/97.

4) Samkvæmt 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95 er þess krafist að samræmdrar vísitölur neysluverðs sé verðvísitölur á Laspeyres-sniði. Þegar breytingar verða á hlutfallslegu verði á mismunandi vörum og þjónustu getur útgjaldamynstur neytenda breyst að því marki að nauðsynlegt er að uppfæra samsvarandi vogir útgjaldahópa, einkum undirliggjandi magn þeirra, til að tryggja gildi þeirra.

5) Með skírskotun til 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1749/96 ([3]) frá 9. september 1996 um fyrstu ráðstafanir til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 um samræmdar vísitölur neysluverðs, ætti að taka saman samræmda vísitölu neysluverðs til að telja með í reikninginn verðbreytingar á vöru og þjónustu sem eru nýlega orðnar mikilvægar og tengd útgjöld vegna þeirra.

6) Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um lágmarksstaðla varðandi meðferð vogana á tryggingar í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1617/1999 ([4]) frá 23. júlí 1999 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla varðandi meðferð trygginga í samræmdri vísitölu neysluverðs.

7) Vogir á sviði deilda, flokka og undirflokka flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi, aðlöguð að þörfum samræmdra vísitalna neysluverðs ([5]), eiga ekki að breytast á milli mánaða á árinu nema þær falli undir ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr 330/2009 ([6]) frá 22. apríl 2009 með tilliti til lágmarksstaðla varðandi meðferð árstíðabundinna vara í samræmdum vísitölum neysluverðs.

8) Samkvæmt þessari reglugerð ættu aðildarríkin ekki að gera nýjar tölfræðilegar kannanir eða kannanir á tekjum og útgjöldum fjölskyldna oftar en einu sinni á fimm ára fresti, með tilliti til þess að aðildarríkjunum er skylt að taka saman þjóðhagsreikninga í samræmi við evrópska þjóðhagsreikningakerfið (ESA 1995) ([7]) og að innlendar vogir, sem eru nauðsynlegar til að búa til samtölur samræmdra vísitalna neysluverðs á evrusvæðinu, innan ESB og annars staðar, eru byggðar á gögnum um þjóðhagsreikninga.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 316, 2.12.2010, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 30.6.2011, bls. 56.

([1]) Stjtíð. EB L 257, 27.10.1995, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 340, 11.12.1997, bls. 24.

([3]) Stjtíð. EB L 229, 10.9.1996, bls. 3.

([4]) Stjtíð. EB L 192, 24.7.1999, bls. 9.

([5]) Flokkun einkaneyslu eftir tilgangi, aðlagað að þörfum samræmdra vísitalna neysluverðs.

([6]) Stjtíð. EB L 103, 23.4.2009, bls. 6.

([7]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Bandalaginu, (Stjtíð. EB L 310, 30.11.1996, bls. 1.)

9) Tekið hefur verið tillit til meginreglunnar um kostnaðarhagkvæmni í samræmi við 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95.

10) Haft hefur verið samráð við Seðlabanka Evrópu, í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Markmið þessarar reglugerðar er að koma á lágmarksstöðlum fyrir gæði voga samræmdrar vísitölu neysluverðs í samræmdri vísitölu neysluverðs.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „Viðmiðunartímabil voga“ samræmdrar vísitölu neysluverðs: 12 mánaða tímabil neyslu eða útgjalda þar sem vogir eru metnar vegna samantektar á nýjustu tölum samræmdrar vísitölu neysluverðs,

2) „undirvísitölur“: þær undirvísitölur sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2214/96([8]) frá 20. nóvember 1996 um samræmdar vísitölur neysluverðs: afhending og dreifing á undirvísitölum í samræmdri vísitölu neysluverðs.

3. gr.

Lágmarksstaðlar fyrir vogir samræmdrar vísitölu neysluverðs

1 Í hverjum mánuði, á yfirstandandi ári t, skulu aðildarríkin gera samræmdar vísitölur neysluverðs með því að nota vogir undirvísitölu sem endurspegla útgjaldamynstur neytenda á viðmiðunartímabili voga og miða að því að vera eins lýsandi og hægt er fyrir útgjaldamynstur neytenda á næstliðnu almanaksári.

2 Aðildarríkin skulu því endurskoða og uppfæra vogir undirvísitalna að teknu tilliti til fyrri gagna um þjóðhagsreikninga um neyslumynstur á ári t-2, nema við sérstakar og viðeigandi aðstæður, auk tiltækra og viðeigandi upplýsinga frá könnunum á tekjum og útgjöldum heimila og öðrum gagnalindum, sem eru nægilega áreiðanlegar að því er varðar samræmda vísitölu neysluverðs.

3 Að því er varðar vogir sem eru fyrir neðan þrep undirvísitölu, þ.m.t. þær sem eru fyrir frumvöruflokka, eins og þeir eru skilgreindir í reglugerð (EB) nr. 1749/96, skulu aðildarríkin aldrei nota vogir sem eru eldri en 7 ára.

4 Aðildarríkin skulu endurskoða árlega hvort það hafi orðið mikilvæg og varanleg markaðsþróun, sem hefur áhrif á magn í undirdeildum flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi, aðlöguð í samræmi við útreikning á samræmdum vísitölum neysluverðs, á milli tímabilanna sem lýst er 2. og 3. mgr. og tímabilinu t-1, til að meta vogirnar sem þurfa að vera uppfærðar eftir því sem við verður komið. Einkum skal endurskoða neyslukostnað fyrir undirdeildir flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi, aðlöguð í samræmi við útreikning á samræmdum vísitölum neysluverðs, með þekktum breytingum í kjölfar ákvarðana stjórnvalda og fyrir vörur á mörkuðum sem þróast hratt.

5 Allar breytingar sem gerðar eru á vogum skv. þessari grein skulu taka gildi með vísitölunni fyrir janúar á ári t. Vogir samræmdrar vísitölu neysluverðs fyrir fyrri ár skulu ekki endurskoðaðar, með fyrirvara um möguleikann á að leiðrétta mistök í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1921/2001([9]) frá 28. september 2001 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla um endurskoðun á samræmdri vísitölu neysluverðs og breytingu á reglugerð (EB) nr. 2602/2000. Í öllum tilvikum skulu vogir samræmdrar vísitölu neysluverðs taka gildi með vísitölunni fyrir janúar á hverju ári og verðið uppfært í samræmi við verðið í næstliðnum desember.

4. gr.

Gæðastjórnun

Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té, að beiðni hennar, nægar upplýsingar um vogir sem notaðar eru til að gera samræmdar vísitölur neysluverðs, þ.m.t. það viðmiðunartímabil voga sem notað er, niðurstöðu árlegrar endurskoðunar og breytingar sem gerðar hafa verið, til að hægt sé að meta hvort farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

5. gr.

Beiting

Ákvæði þessarar reglugerðar skulu öðlast gildi eigi síðar en með vísitölunni fyrir janúar 2012.

6. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 2454/97 er felld úr gildi frá og með janúar 2012. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

([8]) Stjtíð. EB L 296, 21.11.1996, bls. 8.

([9]) Stjtíð. EB L 261, 29.9.2001, bls. 49.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2016/EES/52/03**

frá 24. október 2014

um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir ídrægar hreinlætisvörur

(tilkynnt með númeri C(2014) 7735)

(2014/763/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 má veita vörum, sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, umhverfismerki ESB.

2) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hvern vöruflokk.

3) Viðmiðanirnar, sem og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun, ættu að gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar, með tilliti til nýsköpunarferils þessa vöruflokks.

4) Þar eð notkun efniviðar er umtalsverður skerfur af heildarumhverfisáhrifum vegna ídrægra hreinlætisvara er rétt að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir þennan vöruflokk. Viðmiðanirnar ættu einkum að stuðla að því að efniviðurinn sé af sjálfbærum uppruna, að takmörkun á notkun hættulegra efna, framleiðslu á hágæða, endingargóðum vörum með notagildi sem eru hannaðar með þeim hætti að úrgangsmyndun sé í lágmarki.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Undir vöruflokkinn „ídrægar hreinlætisvörur“ falla barnableyjur, dömubindi, tíðatappar og brjóstainnlegg sem eru einnota og framleidd úr blöndu náttúrulegra trefja og fjölliða, með innan við 90% trefjainnihald miðað við þyngd (að undanskildum tíðatöppum).

2. Vörur til nota við lausheldni og allar aðrar tegundir vara sem falla undir gildissvið tilskipunar ráðsins 93/42/EBE ([2]) skulu ekki teljast til vöruflokksins.

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „sellulósamauk“: trefjaríkt efni, einkum samsett úr sellulósa og fengið með meðhöndlun lignósellulósaefniviðar með einu eða fleiri maukunar- og/eða bleikingaríðefnum í vatnslausnum,

2) „ljósvirkt bleikiefni“ og „flúrhvítunarefni“: öll aukefni sem notuð eru í þeim eina tilgangi að gera efniviðinn „hvítari“ eða „ljósari“,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 320, 6.11.2014, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 42, 4.8.2016, bls. 78.

([1]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki (Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1).

3) „plastefni“, einnig nefnt „plast“: tilbúnar fjölliður, sem hægt er að móta, sem aukefnum eða öðrum efnum kann að hafa verið bætt við og sem getur gegnt hlutverki helsta efnisþáttar í samsetningu fullunnins efniviðar og hluta,

4) „tilbúnar fjölliður“: efni úr stórsameindum, önnur en sellulósamauk, fengin vísvitandi annað hvort með fjölliðun eða efnafræðilegri breytingu náttúrulegra eða tilbúinna stórsameinda eða örverugerjun,

5) „ofurídrægar fjölliður“: tilbúnar fjölliður sem eru hannaðar til að draga í sig mikið magn vökva, í samanburði við eigin massa, og halda honum í sér.

3. gr.

Vara skal falla undir vöruflokkinn „ídrægar hreinlætisvörur“, eins og hann er skilgreindur í 1. gr. þessarar ákvörðunar, til þess að henni sé veitt umhverfismerki ESB samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 og skal vera í samræmi við viðmiðanirnar sem og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar sem eru settar fram í viðaukanum.

4. gr.

Viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „ídrægar hreinlætisvörur“ og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

5. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „047“ notað fyrir vöruflokkinn „ídrægar hreinlætisvörur“.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

KRÖFUR VEGNA MATS OG SANNPRÓFUNAR

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, skjöl, greiningar, prófunarskýrslur eða önnur gögn til að sýna fram á að viðmiðanirnar hafi verið uppfylltar mega þau gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans.

Þar til bærir aðilar skulu helst viðurkenna prófanir sem eru vottaðar samkvæmt ISO 17025 og sannprófanir sem eru framkvæmdar af aðilum sem eru vottaðir samkvæmt EN 45011 eða jafngildum alþjóðlegum staðli.

Heimilt er að nota, þar sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í hverri viðmiðun ef þar til bæri aðilinn, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Ef við á geta þar til bærir aðilar krafist fylgiskjala og framkvæmt óháðar sannprófanir.

Skilyrði er að varan uppfylli öll viðkomandi lagaskilyrði landsins (landanna) þar sem er fyrirhugað er að setja hana á markað. Umsækjandi skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessa kröfu.

VIÐMIÐANIR VEGNA UMHVERFISMERKIS ESB

Viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir ídrægar hreinlætisvörur:

1. Vörulýsing
2. Kuskmauk (e. *fluff pulp*)
3. Tilbúnar beðmistrefjar (þ.m.t. viskósa, módal, lýósell, kúpró og tríasetat)
4. Baðmull og aðrar náttúrlegar beðmistrefjar úr fræi
5. Plastefni og ofurídrægar fjölliður
6. Annar efniviður og efnisþættir
7. Undanskilin eða takmörkuð efni og blöndur
8. Efnisnýtni við framleiðsluna
9. Leiðbeiningar varðandi förgun vörunnar
10. Notagildi og gæði vörunnar
11. Félagslegir þættir
12. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

Viðmiðanirnar fyrir umhverfismerki ESB skulu endurspegla þær vörur á markaði ídrægra hreinlætisvara sem sýna mestan árangur í umhverfismálum.

Viðmiðun 1. Vörulýsing

Leggja skal fram lýsingu á vörunni og umbúðum hennar (vöruheiti, flokkun, virkni) auk upplýsinga um alla eftirfarandi eiginleika:

— heildarþyngd vörunnar og umbúða,

— efnisþætti, efnivið og aukefni sem eru notuð í vöruna og þyngd þeirra, eftir því sem við á, og viðkomandi CAS-númer þeirra, ef við á.

Upplýsingar um þyngd vörunnar skal einnig koma fram á umbúðunum.

Mat og sannprófun:

Umsækjandinn skal leggja fram sýnishorn af vörunni og skýrslu sem inniheldur tæknilýsingu og þyngd vörunnar og allra efnisþátta, efniviðar og aukefna sem notuð eru.

Viðmiðun 2. Kuskmauk

2.1. *Uppruni*

Allar maukstrefjar skulu hafa gild vottorð vegna aðfangakeðju sem eru gefin út með óháðum vottunarkerfum þriðja aðila á borð við FSC, PEFC eða sambærilegum.

Að lágmarki 25% maukstrefja skulu hafa gild vottorð vegna sjálfbærrar skógarstjórnunar sem eru gefin út með óháðum vottunarkerfum þriðja aðila á borð við FSC, PEFC eða sambærilegum.

Afgangur maukstrefjanna skal falla undir sannprófunarkerfi sem tryggir að uppruni þeirra sé löglegur og að allar aðrar kröfur vottunarkerfisins séu uppfylltar að því er varðar óvottaðan efnivið.

Vottunaraðilarnir sem gefa út vottorð fyrir skóga og/eða fyrir aðfangakeðju skulu faggiltir/viðurkenndir með þessu vottunarkerfi.

Mat og sannprófun:

Umsækjandinn skal útvega gild aðfangakeðjuvottorð frá framleiðanda eða framleiðendum mauksins, vottuð af óháðum aðilum, sem sýna fram á að viðartrefjarnar séu ræktaðar samkvæmt meginreglum sjálfbærrar skógvörslu og/eða hafi löglegan uppruna sem eftirlit er haft með. FSC, PEFC eða sambærileg kerfi skulu tekin gild sem óháð vottun þriðja aðila.

2.2. *Bleiking*

Maukið sem er notað í vöruna skal ekki bleikja með klórgasi. Heildarmagn losunar áseygra, lífrænna halógensambanda frá framleiðslu mauksins skal ekki fara fyrir 0,170 kg á hvert loftþurrkað tonn.

Mat og sannprófun:

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda mauksins þess efnis að klórgas hafi ekki verið notað og prófunarskýrslu sem sýnir að viðmiðunarmörk fyrir áseyg, lífræn halógensambönd séu virt. ISO 9562 eða samsvarandi staðall EPA 1650C skulu samþykktir sem prófunaraðferðir, ásamt ítarlegum útreikningum þar sem sýnt er fram á að farið sé að þessum kröfum, ásamt viðeigandi fylgiskjölum.

Í fylgiskjölunum skulu vera upplýsingar um tíðni mælinga. Áseyg, lífræn halógensambönd skulu aðeins mæld þegar um er að ræða vinnslu þar sem klórsambönd eru notuð til að bleikja maukið.

Mælingar skulu gerðar með ósíuðum sýnum sem hafa ekki botnfallið, annað hvort eftir meðhöndlun í verksmiðjunni eða eftir meðhöndlun í opinberri hreinsistöð.

Mælingatímabilið skal vera 12 mánaða framleiðslutímabil. Mælingar skulu gerðar mánaðarlega á dæmigerðum samsettum sýnum (samsetning úr 24 klst.).

Ef um er að ræða nýja eða endurbyggða verksmiðju eða breytingu á framleiðsluferlinu skulu mælingar gerðar vikulega í samtals átta samfelldar vikur eftir að verksmiðjan er komin í stöðugan rekstur. Mælingin verður að vera dæmigerð fyrir viðkomandi tímabil.

2.3. *Ljósvirk bleikiefni og litunarefni*

Ljósvirkum bleikiefnum og litunarefnum, þ.m.t. flúrhvítunarefni, skal ekki bætt í maukið af ásetningi.

Mat og sannprófun:

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá birgi þess efnis að kröfurnar hafi verið uppfylltar.

2.4. *Losun sem svarar til efnafræðilegrar súrefnisþarfar (COD) og losun á fosfór í vatn og brennisteinssambanda og nituroxíða í loft frá framleiðslu*

Losun í loft og vatn frá framleiðslu mauksins skal gefin upp í stigum, P (P_{COD}, P_P, P_S, P_{NOx}). Stig eru reiknuð með því að deila raunverulegri losun með viðmiðunargildunum sem eru tilgreind í töflu 1.

— Stig, sem eru gefin fyrir P_{COD}, P_P, P_S, P_{NOx}, mega ekki vera yfir 1,5.

— Heildarfjöldi stiga ($P_{heildar} = P_{COD} + P_P + P_S + P_{NOx}$) má ekki vera yfir 4,0.

Fyrir hvert aðfengið mauk „i“ skal tilheyrandi mæld losun (gefin upp í kg/loftþurrkað tonn – ADT), vegin samkvæmt hlutfalli aðfengins mauks (mauk „i“ í hlutfalli við loftþurrkað tonn mauks) og það lagt saman. Viðmiðunargildin fyrir hverja gerð mauks, sem er notað, og fyrir pappírsframleiðsluna eru gefin upp í töflu 1. Að síðustu skal deila heildarlosun með heildarviðmiðunargildinu eins og sýnt er í eftirfarandi formúlu fyrir efnafræðilega súrefnisþörf:

$$P_{COD} = \frac{COD_{total}}{COD_{ref,total}} = \frac{\sum_{i=1}^{n} [pulp_i \times COD_{pulp,i}]}{\sum_{i=1}^{n} [pulp_i \times COD_{ref,pulp,i}]}$$

Tafla 1

Viðmiðunargildi fyrir losun frá mismunandi gerðum mauks

Tegund mauks	Viðmiðunargildi (kg/loftþurrkað tonn)			
	$COD_{viðmiðunargildi}$	$P_{viðmiðunargildi}$	$S_{viðmiðunargildi}$	$NOx_{viðmiðunargildi}$
Bleikt, efnafræðilega unnið mauk (annað en súlfítmauk)	18,0	0,045(*)	0,6	1,6
Bleikt, efnafræðilega unnið mauk (súlfítmauk)	25,0	0.045	0,6	1,6
Mauk unnið með efna- og hitameðhöndlun og vélrænum aðferðum (CTMP-mauk)	15,0	0,01	0,2	0,3

(*) Við útreikninginn er tekið tillit til nettólosunar fosfórs. Fosfórinn sem kemur fyrir frá náttúrunnar hendi í hráefnum úr viði og í vatni má draga frá heildarlosun fosfórs. Frádráttur sem nemur allt að 0,010 kg/loftþurrkað tonn skal samþykktur.

Ef um er að ræða samframleiðslu varma og raforku í sömu stöð skal draga losun brennisteins (S) og köfnunarefnisoxíða (NOx) sem til fellur við raforkuframleiðslu frá heildarmagninu. Nota skal eftirfarandi jöfnu til að reikna út hlutfall losunar sem verður við varmaframleiðslu: [MWh(varmi) — $MWh(varmi)_{seldur}$]/[MWh(varmi) + 2 × MWh(raforka)]

Þar sem:

— MWh(raforka) er raforkan sem er framleidd í samframleiðslustöðinni,

— MWh(varmi) er notvarminn sem myndast við samvinnslu raf- og varmaorku,

— $MWh(varmi)_{seldur}$ er notvarminn sem er notaður utan framleiðslustaðar mauksins.

Mat og sannprófun:

Umsækjandi skal leggja fram ítarlega útreikninga sem sýna fram á að þessi viðmiðun sé uppfyllt, ásamt tilheyrandi fylgiskjölum, þ.m.t. prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferðum:

— COD: ISO 6060, EPA SM 5220D eða HACH 8000,

— P: ISO 6878, SM4500, APAT IRSA CNR 4110 eða Dr Lange LCK 349,

— S (oxað): EPA 8 eða jafngild aðferð,

— S (afoxað): EPA 8, EPA 16A eða jafngildar aðferðir,

— Brennisteinsinnihald í olíu: ISO 8754 eða EPA 8,

— Brennisteinsinnihald í kolum: ISO 351 eða EPA 8,

— NOx: ISO 11564 eða EPA 7E.

Fylgiskjölunum skulu fylgja upplýsingar um tíðni mælinga og útreikninga á stigum varðandi eða í tengslum við efnafræðilega súrefnisþörf (COD), fosfór (P), brennistein (S) og köfnunarefnisoxíð (NOx). Í þeim skal koma fram öll losun brennisteins (S) og köfnunarefnisoxíða (NOx) sem á sér stað við framleiðslu á mauki, þ.m.t. gufa sem myndast fyrir utan framleiðslustaðinn, að undanskilinni losun sem tengist rafmagnsframleiðslu.

Mælingarnar skulu ná til endurnýtingarsuðukatla, kalkofna, gufukatla og ofna til að eyða daunillum lofttegundum. Taka skal tillit til dreifðrar losunar.

Tilkynnt losunargildi fyrir brennistein út í andrúmsloftið skulu ná bæði til losunar oxaðra og afoxaðra brennisteinssambanda (dímetýlsúlfíðs, metýlmerkaptana, brennisteinsvetnis og svipaðrar losunar). Í stað þess að mæla brennisteinslosun, sem tengist varmaorkumyndun með olíu, kolum eða öðrum utanaðkomandi eldsneytistegundum með þekkt innihald brennisteins, má reikna hana út og skal tillit tekið til hennar.

Mælingar á efnum, sem eru losuð í vatn, skulu gerðar með ósíuðum sýnum sem hafa ekki botnfallið, annað hvort eftir meðhöndlun í verksmiðjunni eða eftir meðhöndlun í opinberri hreinsistöð.

Mælingatímabilið skal vera 12 mánaða framleiðslutímabil. Mælingar í tengslum við efnafræðilega súrefnisþörf og fosfór skulu gerðar mánaðarlega og árlega fyrir brennistein og köfnunarefnisoxíð. Að öðrum kosti má samþykkja samfelldar mælingar ef þær eru sannprófaðar af þriðja aðila eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Ef um er að ræða nýja eða endurbyggða verksmiðju eða breytingu á framleiðsluferlinu skulu mælingar gerðar vikulega í samtals átta samfelldar vikur eftir að verksmiðjan er komin í stöðugan rekstur. Mælingin verður að vera dæmigerð fyrir viðkomandi tímabil.

2.5. *Losun koltvísýrings frá framleiðslu*

Losun koltvísýrings frá óendurnýjanlegum orkugjöfum skal ekki vera yfir 450 kg á hvert tonn af framleiddu mauki, þ.m.t. losun vegna rafmagnsframleiðslu (hvort sem hún fer fram á staðnum eða annars staðar). Við útreikning á losun koltvísýrings frá eldsneyti skal nota viðmiðunargildin fyrir losun í töflu 2.

Tafla 2

Viðmiðunargildi fyrir losun koltvísýrings frá mismunandi orkugjöfum.

Eldsneyti	Koltvísýringslosun jarðefnaeldsneytis	Eining
Kol	95	g $CO_{2\ jarðefnaeldsneyti}$/MJ
Jarðolía	73	g $CO_{2\ jarðefnaeldsneyti}$/MJ
Brennsluolía 1	74	g $CO_{2\ jarðefnaeldsneyti}$/MJ
Brennsluolía 2–5	77	g $CO_{2\ jarðefnaeldsneyti}$/MJ
Fljótandi jarðolíugas (LPG)	69	g $CO_{2\ jarðefnaeldsneyti}$/MJ
Jarðgas	56	g $CO_{2\ jarðefnaeldsneyti}$/MJ
Rafmagn frá dreifikerfi	400	g $CO_{2\ jarðefnaeldsneyti}$/kWh

Mat og sannprófun:

Umsækjandinn skal leggja fram ítarlega útreikninga sem sýna að farið sé að þessari kröfu, ásamt viðeigandi fylgiskjölum.

Umsækjandinn skal leggja fram gögn yfir alla losun koltvísýrings í andrúmsloftið. Þau skulu taka til alls óendurnýjanlegs eldsneytis sem notað er við framleiðslu á mauki, þ.m.t. losun vegna rafmagnsframleiðslu (hvort sem hún fer fram á staðnum eða annars staðar).

Mælingatímabilið skal vera 12 mánaða framleiðslutímabil. Mælingar skulu gerðar árlega.

Ef um er að ræða nýja eða endurbyggða verksmiðju eða breytingu á framleiðsluferlinu skulu mælingar gerðar vikulega í samtals átta samfelldar vikur eftir að verksmiðjan er komin í stöðugan rekstur. Auk þess skulu niðurstöður birtar eftir 12 mánaða framleiðslutímabil. Mælingin verður að vera dæmigerð fyrir viðkomandi tímabil.

Það magn orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum([3]) sem er keypt og notað í framleiðsluferlið mun ekki teljast með við útreikning á losun koltvísýrings: umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi gögn þess efnis að orka af þessu tagi sé í raun notuð í verksmiðjunni eða aðkeypt.

Viðmiðun 3. Tilbúnar beðmistrefjar (þ.m.t. viskósa, módal, lýósell, kúpró og tríasetat)

3.1. *Uppruni*

a) Allar maukstrefjar skulu hafa gild vottorð vegna aðfangakeðju sem eru gefin út með óháðum vottunarkerfum þriðja aðila á borð við FSC, PEFC eða sambærilegum.

Að lágmarki 25% maukstrefja skulu hafa gild vottorð vegna sjálfbærrar skógarstjórnunar sem eru gefin út með óháðum vottunarkerfum þriðja aðila á borð við FSC, PEFC eða sambærilegum.

Afgangur maukstrefjanna skal falla undir sannprófunarkerfi sem tryggir að uppruni þeirra sé löglegur og að allar aðrar kröfur vottunarkerfisins séu uppfylltar að því er varðar óvottaðan efnivið.

Vottunaraðilarnir sem gefa út vottorð fyrir skóga og/eða fyrir aðfangakeðju skulu faggiltir/viðurkenndir með þessu vottunarkerfi.

b) Sellulósamauk framleitt úr baðmullardúni skal uppfylla viðmiðun 4.1 fyrir baðmull (uppruni og rekjanleiki).

Mat og sannprófun:

a) Umsækjandinn skal útvega gild aðfangakeðjuvottorð frá framleiðanda eða framleiðendum mauksins, vottuð af óháðum aðilum, sem sýna fram á að viðartrefjarnar séu ræktaðar samkvæmt meginreglum sjálfbærrar skógvörslu og/eða hafi löglegan uppruna sem eftirlit er haft með. FSC, PEFC eða sambærileg kerfi skulu tekin gild sem óháð vottun þriðja aðila.

b) Umsóknin skal fela í sér gögn þess efnis að farið sé að viðmiðun 4.1 fyrir baðmull (uppruni og rekjanleiki).

3.2. *Bleiking*

Maukið sem er notað við framleiðslu trefjanna skal ekki bleikja með klórgasi. Heildarmagn áseygra, lífrænna halógensambanda (AOX) og lífrænna klórsambanda (OCl) skal ekki fara yfir eftirfarandi:

— 0,170 kg/loftþurrkað tonn, ef mælingin er gerð á skólpi frá framleiðslu mauks (AOX), né

— 150 milljónarhlutar, ef mælt í tilbúnu trefjunum (OCl).

Mat og sannprófun:

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá birgi mauksins þess efnis að klórgas sé ekki notað og prófunarskýrslu sem sýnir að kröfur varðandi áseyg, lífræn halógensambönd eða lífræn klórsambönd séu uppfylltar, með viðeigandi prófunaraðferðum:

— ISO 9562 eða jafngildi hennar EPA 1650C fyrir áseyg, lífræn halógensambönd,

— ISO 11480 fyrir lífræn klórsambönd.

Tíðni mælinga fyrir áseyg, lífræn halógensambönd skal ákveðin í samræmi við viðmiðun 2.2 fyrir kuskmauk.

3.3. *Ljósvirk bleikiefni og litunarefni*

Ljósvirkum bleikiefnum og litunarefnum, þ.m.t. flúrhvítunarefni, skal ekki bætt í trefjarnar af ásetningi.

Mat og sannprófun:

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá birgi þess efnis að kröfurnar hafi verið uppfylltar.

([3]) Eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB (Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16).

3.4. *Framleiðsla á trefjum*

a) Yfir 50% mauksins sem er notað við framleiðslu á trefjum skal fengið frá sellúlósaverksmiðjum sem endurheimta verðmæti úr vökva sem fellur til við vinnslu annað hvort með:

— framleiðslu raforku og gufu á staðnum, eða

— framleiðslu aukaafurða í formi íðefna.

b) Við framleiðslu viskósa og módaltrefja skal virða eftirfarandi viðmiðunarmörk fyrir losun brennisteinssambanda í loft:

Tafla 3

Losunargildi brennisteins fyrir viskósa- og módaltrefjar

Trefjagerð	Losun brennisteins í loft — Viðmiðunarmörk (g/kg)
Stutttrefja	30
Heilþráður	
— Þvottur í lotum	40
— Samþættur þvottur	170
Athugasemd: Viðmiðunarmörk eru gefin upp sem ársmeðaltal.	

Mat og sannprófun:

a) Umsækjandinn skal fá framleiðendur trefjanna til að leggja fram skrá yfir birgja mauksins sem er notað við framleiðslu trefjanna og hlutfallið sem þeir útvega. Leggja skal fram fylgiskjöl og staðfestingu þess efnis að sá hluti birgja sem krafist er búi yfir viðeigandi búnaði til orkuframleiðslu eða uppsettum kerfum fyrir endurheimt og framleiðslu aukaafurða við viðkomandi framleiðslustaði.

b) Umsækjandi skal leggja fram ítarleg skjöl og prófunarskýrslur, sem sýna fram á samræmi við þessa viðmiðun, ásamt samræmisyfirlýsingu.

Viðmiðun 4. Baðmull og aðrar náttúrlegar beðmistrefjar úr fræi

4.1. *Uppruni og rekjanleiki*

a) Baðmull skal ræktuð samkvæmt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([4]), landsáætlun Bandaríkjanna um lífræna ræktun (US National Organic Programme (NOP)) eða sambærilegum lagalegum skuldbindingum sem eru fastsettar af viðskiptaaðilum í Sambandinu. Innihald af lífrænni baðmull getur verið lífrænt ræktuð baðmull eða baðmull ræktuð á umbreytingartímabili.

b) Baðmull sem er ræktuð skv. a-lið í viðmiðun 4.1 og notuð við framleiðslu á ídrægum hreinlætisvörum skal vera rekjanleg frá sannprófun framleiðslustaðalsins.

Mat og sannprófun:

a) Óháður eftirlitsaðili skal votta að lífræn baðmull í innihaldinu hafi verið framleidd í samræmi við framleiðslu- og eftirlitskröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007, landsáætlun Bandaríkjanna um lífræna ræktun eða þær kröfur sem eru fastsettar af öðrum viðskiptaaðilum. Sannprófun fyrir hvert upprunaland skal lögð fram árlega.

b) Umsækjandinn skal sýna fram á að farið sé að kröfum um baðmullarinnihald að því er varðar magnið af baðmull sem er keypt árlega til notkunar við framleiðslu fullunnu vörunnar, eða varanna, og samkvæmt hverri vörulínu á ársgrundvelli: Leggja skal fram viðskiptaskrár eða reikninga sem skjalfesta magn baðmullar sem er keypt árlega frá bændum eða framleiðendahópum og heildarþyngd vottaðra balla.

4.2. *Bleiking*

Pappírsmaukið skal ekki bleikja með klórgasi.

([4]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

Mat og sannprófun:

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá birgi þess efnis að klórgas sé ekki notað.

4.3. *Ljósvirk bleikiefni og litunarefni*

Ljósvirkum bleikiefnum og litunarefnum, þ.m.t. flúrhvítunarefni, skal ekki bætt í baðmullina af ásetningi.

Mat og sannprófun:

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá birgi þess efnis að kröfurnar hafi verið uppfylltar.

Viðmiðun 5. Plastefni og ofurídrægar fjölliður

5.1. *Framleiðsla á tilbúnum fjölliðum og plastefnum*

Allar verksmiðjur sem framleiða tilbúnar fjölliður og plastefni sem eru notuð í vöruna skulu hafa komið á kerfum fyrir:

— vatnssparnað (t.d. vöktun á flæði vatns í starfsstöð og vatnshringrás í lokuðum kerfum),

— samþætta áætlun um meðhöndlun úrgangs í því skyni að hámarka forvarnir, endurnotkun, endurvinnslu, endurheimt og endanlega förgun úrgangs (t.d. aðskilnaður mismunandi þátta úrgangs),

— hámörkun orkunýtni og orkustjórnunar (t.d. endurnotkun á gufunni sem verður til við framleiðslu á ofurídrægum fjölliðum).

Mat og sannprófun:

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá birgjum þess efnis að krafan sé uppfyllt. Yfirlýsingin skal studd skýrslu með ítarlegri lýsingu á verklagsreglunum sem birgjar hafa samþykkt í því skyni að uppfylla kröfuna fyrir hvern viðkomandi stað.

5.2. *Aukefni í plastefnum*

a) Innihald blýs, kadmíums, sexgilds króms og skyldra efnasambanda skal vera innan við 0,01% (100 milljónarhlutar) af þyngd hvers plastefnis og tilbúinnar fjölliðu sem notuð er í vörunni.

b) Aukefni sem eru notuð í plasti í styrkleika yfir 0,10% miðað við þyngd skulu ekki fá flokkun með neinni af neðangreindum hættusetningum, í samræmi við flokkunarreglurnar í reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1272/2008([5]):

— krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafi eiturhrif á æxlun, undirflokkar 1a, 1b og 2 (H340, H350, H350i, H360F, H360D, H360FD, H360Fd, H360Df),

— bráð eiturhrif, 1. og 2. undirflokkur (H300, H310, H330, H304),

— sértæk eiturhrif á marklíffæri, 1. undirflokkur: (H370, H372),

— hættulegt fyrir vatnsumhverfi, 1. og 2. undirflokkur (H400, H410, H411).

Mat og sannprófun:

a), b) Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá birgjum þess efnis að krafan sé uppfyllt. Einnig skal leggja fram skrá yfir viðbætt efni, þ.m.t. styrkleiki og tengdar hættusetningar, studda öryggisblöðum.

Í því skyni að greiða fyrir eftirfylgni og eftirliti með framlögðum gögnum má taka slembiúrtak birgja til rannsóknar. Birgirinn skal veita aðgang að framleiðslustöðum, vörugeymslum og svipaðri aðstöðu. Trúnaðarkvöð gildir um öll gögn og upplýsingar sem eru lögð fram og þeim deilt.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

5.3. *Ofurídrægar fjölliður*

a) Akrýlamíði (CAS-nr. 79-06-1) skal ekki bætt í vöruna af ásetningi.

b) Ofurídrægar fjölliður sem eru notaðar í vöruna mega að hámarki innihalda 1000 milljónarhluta af einliðuleifum sem eru flokkaðar með hættusetningunum sem eru tilgreindar í viðmiðun 7 um undanskilin eða takmörkuð efni og blöndur. Þegar um er að ræða natríumpólýakrýlat á þetta við um óhvarfaða akrýlsýru, og óhvarfaðar sameindir sem mynda víxltengi, í heild sinni.

c) Ofurídrægar fjölliður sem eru notaðar í vöruna mega, að hámarki, innihalda 10% vatnsleysanlegan útdrátt (miðað við þyngd) og þær skulu vera í samræmi við viðmiðun 7 um undanskilin eða takmörkuð efni og blöndur. Þegar um er að ræða natríumpólýakrýlat eru þetta einliður og fáliður akrýlsýru sem eru með minni mólþyngd en ofurídræga fjölliðan samkvæmt ISO 17190.

Mat og sannprófun:

a) Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að efnið sé ekki notað.

b) Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá birgi með skjalfestri efnasamsetningu ofurídrægu fjölliðunnar eða fjölliðanna sem eru notaðar í vöruna. Þetta skal gert með öryggisblöðum fyrir vöruna þar sem tilgreint er fullt heiti og CAS-númer auk einliðuleifanna í vörunni, flokkaðar í samræmi við kröfuna, og magn þeirra . Ráðlagðar prófunaraðferðir eru ISO 17190 og WSP 210. Lýsa skal aðferðunum sem notaðar eru við greiningarnar og tilgreina nöfn rannsóknarstofanna sem annast þær.

c) Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá birgi þar sem tilgreint er magn vatnsleysanlegra útdrátta í ofurídrægu fjölliðunni, eða fjölliðunum. Prófunaraðferðirnar sem er mælt með eru ISO 17190 og WSP 270. Lýsa skal aðferðunum sem notaðar eru við greiningarnar og tilgreina rannsóknarstofurnar sem annast þær.

Viðmiðun 6. Annar efniviður og efnisþættir

6.1. *Límefni*

Límefni skulu ekki innihalda nein af eftirfarandi efnum:

— kólófanresín (CAS-númer 8050-09-7, 8052-10-6, 73138-82-6),

— díísóbútýlþalat (CAS-númer 84-69-5),

— díísónónýlþalat (CAS-númer 28553-12-0),

— formaldehýð (CAS-númer 50-00-0).

Þessi krafa gildir ekki ef þessum efnum er ekki bætt í efnið eða fullunna vöruna af ásetningi og eru til staðar í límefninu í styrkleika sem er undir 100 milljónarhlutum (0,010% miðað við þyngd).

Hámarksgildi fyrir innihald af formaldehýði sem myndast við framleiðslu á límí skal vera 250 milljónarhlutar, mælt í nýrri framleiðslu fjölliðuvatnsþeytu. Innihald óbundins formaldehýðs í hörðnuðu límí skal ekki fara yfir 10 milljónarhluta. Bræðslulím skulu undanþegin þessari kröfu.

Mat og sannprófun:

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá birgi þess efnis að kröfurnar hafi verið uppfylltar. Öryggisblöð má nota sem sönnunargagn. Leggja skal fram niðurstöður úr prófun fyrir formaldehýð, að undanskildu bræðslulími.

6.2. *Prentlitir og leysislitir*

Varan og einsleitir hlutar hennar skulu ekki lituð með leysislitum. Undanþágur frá þessari kröfu gilda um:

— bönd í tíðatöppum, umbúðaefni og límband,

— títandíoxíð í fjölliðum og viskósa,

— efnivið sem er ekki í beinni snertingu við húð má lita með leysilitum ef leysiliturinn þjónar tilteknu hlutverki (t.d. að draga úr sýnileika vörunnar í gegnum hvítan eða ljósan fatnað, til að sýna snertiflöt fyrir límband eða til að gefa til kynna bleytu).

Blek og leysislitir sem eru notaðir skulu einnig uppfylla viðmiðun 7 um undanskilin eða takmörkuð efni eða blöndur.

Mat og sannprófun:

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að kröfurnar hafi verið uppfylltar og fá birgja til að gera slíkt hið sama. Ef leysislitir eru notaðir skal færa rök fyrir notkun þeirra með því að tilgreina hið sértæka hlutverk þeirra.

6.3. *Ilmefni*

a) Vörur sem eru settar á markað, hannaðar og ætlaðar börnum, sem og tíðatappar og brjóstainnlegg, skulu vera án ilmefna.

b) Öll innihaldsefni eða blöndur, sem bætt er við vöruna sem ilmefni, skulu hafa verið framleidd og meðhöndluð samkvæmt reglum Alþjóðlegu ilmefnasamtakanna (International Fragrance Association) um starfsvenjur. Reglurnar má finna á vefsetri Alþjóðlegu ilmefnasamtakanna: http://www.ifraorg.org. Framleiðandinn skal fylgja tilmælum í stöðlum Alþjóðlegu ilmefnasamtakanna varðandi bann eða takmörkun á notkun efniviðar og sértæk hreinleikaskilyrði.

c) Að auki skulu öll ilmefni sem eru notuð vera í samræmi við viðmiðun 7 um undanskilin eða takmörkuð efni eða blöndur, án tillits til styrks þeirra í fullunnu vörunni.

d) Ilmefnin og innihaldsefni ilmefnablandnanna sem vísindanefndin um öryggi neytenda tilgreinir sem viðurkennda snertiofnæmisvalda sem eru sérstakt áhyggjuefni ([6]), auk ilmefnanna sem kveðið er á um að skuli tilgreind í skránni yfir innihaldsefni samkvæmt ákvæðum III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 ([7]), skulu ekki notuð. Þar að auki er notkun nítrómoskusefna og fjölhringa moskusefna ekki leyfileg.

e) Tilgreina skal notkun ilmefna á umbúðum vörunnar. Enn fremur skal greina frá ilmefnum og/eða innihaldsefnum ilmefnablandnanna sem vísindanefndin um öryggi neytenda tilgreinir sem viðurkennda snertiofnæmisvalda sem eru sérstakt áhyggjuefni og sem eru ekki háð takmörkunum á grundvelli viðmiðunar 6.3 c og d.

Mat og sannprófun:

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við allar kröfurnar í a- til e-lið, studda yfirlýsingu frá framleiðanda ilmefnisins, ef við á. Ef ilmefni eru notuð skal einnig leggja fram skrá yfir ilmefnin og gögn í formi mynda um að þær upplýsingar hafi verið settar á umbúðirnar.

6.4. *Fljótandi krem*

a) Ekki skal nota fljótandi krem í dömubindi, tíðatappa og brjóstainnlegg. Vegna annarra vara skal tilgreina notkun fljótandi krems á umbúðunum.

b) Fljótandi krem sem eru notuð í vörur, aðrar en dömubindi, tíðatappa og brjóstainnlegg, skulu vera í samræmi við viðmiðun 6.3 um ilmefni og viðmiðun 7 um undanskilin eða takmörkuð efni eða blöndur, án tillits til styrks þeirra í fullunnu vörunni.

c) Eftirfarandi efni skulu ekki notuð: tríklósan, paraben, formaldehýð og efni sem losa formaldehýð.

Mat og sannprófun:

Umsækjandinn skal leggja fram samræmisyfirlýsingu studda yfirlýsingu frá framleiðanda fljótandi kremsins, ef við á. Ef fljótandi krem er notað skal einnig leggja fram gögn í formi mynda um að þær upplýsingar hafi verið settar á umbúðirnar.

6.5. *Sílíkon*

a) Ef efnisþættir vörunnar eru meðhöndlaðir með sílíkoni skal framleiðandinn tryggja öryggi starfsfólks vegna leysiefnanna.

b) Hvorki oktametýlsýklótetrasíloxan D4 (CAS-nr. 556-67-2) né dekametýlsýklópentasíloxan D5 (CAS-nr. 541-02-6) skulu vera fyrir hendi í íðefnum sem eru notuð við meðhöndlun með sílíkoni á efnisþáttum. Þessi krafa gildir ekki ef D4 and D5 er ekki bætt í efniviðinn eða fullunna vöruna af ásetningi og ef D4 og D5 eru til staðar í sílíkoninu í styrkleika sem er undir 100 milljónarhlutum (0,010% miðað við þyngd).

([6]) Álit vísindanefndarinnar um öryggi neytenda um lyktarofnæmisvalda í snyrtivörum, samþykkt í júní 2012 http://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_102.pdf

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur (Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59).

Mat og sannprófun:

a) Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar um aðferðina sem er notuð við sílíkonmeðhöndlunina og gögn sem staðfesta öryggi starfsfólks.

b) Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá birgi þess efnis að þessi krafa hafi verið uppfyllt.

6.6. *Nanósilfuragnir*

Nanósilfurögnum skal ekki bætt í vöruna, eða einsleita hluta hennar eða efnivið í henni, af ásetningi.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi krafa hafi verið uppfyllt og fá birgja til að gera slíkt hið sama.

Viðmiðun 7. Undanskilin eða takmörkuð efni eða blöndur

7.1. *Hættuleg efni og blöndur*

Umhverfismerki ESB má ekki veita, án sérstakrar undanþágu, ef varan eða einhver hlutur í henni, eins og skilgreint er í 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins, (EB) nr. 1907/2006 ([8]), eða einhver einsleitur hluti hennar, inniheldur efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun með hættusetningum sem eru tilgreindar í töflu 4, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 eða tilskipun ráðsins 67/548/EBE ([9]) eða inniheldur efni eða blöndu sem um getur í 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

Nýjustu flokkunarreglurnar sem Sambandið hefur samþykkt skulu ganga framar skráðu hættuflokkununum og hættusetningunum. Umsækjendur skulu því tryggja að allar flokkanir séu byggðar á nýjustu flokkunarreglunum.

Hættusetningarnar í töflu 4 eiga almennt við um efni. Ef ekki er hægt að fá upplýsingar um efni skulu þó flokkunarreglurnar fyrir blöndur gilda.

Efni eða blöndur, sem breyta eiginleikum sínum við vinnsluna og verða þ.a.l. ekki lengur lífaðgengilegar eða verða fyrir efnabreytingum þannig að áður tilgreind hætta hverfur, eru undanskildar viðmiðun 7.1. Þar á meðal eru t.d. umbreyttar fjölliður og einliður eða aukefni sem fá samgild tengi við plast.

Styrkleikamörk fyrir efni eða blöndur, sem kunna að hafa fengið eða hafa fengið úthlutað hættusetningunum sem eru tilgreindar í töflu 4, sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun í hættuflokka eða hættuundirflokka, og fyrir efni sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í a-, b- eða c-lið 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, skulu ekki fara yfir almennu eða sértæku styrkleikamörkin sem eru ákvörðuð í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008. Ef sértæk styrkleikamörk eru ákvörðuð skulu þau ganga framar almennum styrkleikamörkum.

Tafla 4

Hættusetningar

Hættusetning ([a])	Hættusetning ([b])
H300 Banvænt við inntöku	H28
H301 Eitrað við inntöku	H25
H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	H65
H310 Banvænt í snertingu við húð	H27
H311 Eitrað í snertingu við húð	H24

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

([9]) Tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1).

Hættusetning ([a])	Hættusetning ([b])
H330 Banvænt við innöndun	H23/26
H331 Eitrað við innöndun	H23
H340 Getur valdið erfðagöllum	H46
H341 Grunað um að valda erfðagöllum	H68
H350 Getur valdið krabbameini	H45
H350i Getur valdið krabbameini við innöndun	H49
H351 Grunað um að valda krabbameini	H40
H360F Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi	H60
H360D Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H61
H360FD Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H60/61/60–61
H360Fd Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H60/63
H360Df Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	H61/62
H361f Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	H62
H361d Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H63
H361fd Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði.	H62-63
H362 Getur skaðað börn á brjósti	H64
H370 Skaðar líffæri	H39/23/24/25/26/27/28
H371 Getur skaðað líffæri	H68/20/21/22
H372 Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	H48/25/24/23
H373 Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	H48/20/21/22
H400 Mjög eitrað lífi í vatni	H50
H410 Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H50–53
H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H51–53
H412 Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52–53

Hættusetning ([a])	Hættusetning ([b])
H413 Getur valdið langvinnum áhrifum á líf í vatni	H53
ESB-H059 Hættulegt ósonlaginu	H59
ESB-H029 Myndar eitraða lofttegund í snertingu við vatn	H29
ESB-H031 Myndar eitraða lofttegund í snertingu við sýru	H31
ESB-H032 Myndar mjög eitraða lofttegund í snertingu við sýru	H32
ESB-H070 Eitrað í snertingu við augu	H39–41
H317 (undirflokkur 1A): Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð (styrkleiki sem ræður flokkun ≥ 0,1% miðað við þyngd) ([c])	H43
H317 (undirflokkur 1B): Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð (styrkleiki sem ræður flokkun ≥ 1,0 % miðað við þyngd) ([c])	
H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42

([a]) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
([b]) Í samræmi við við tilskipun 67/548/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna (Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1).
([c]) Í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 286/2011 frá 10. mars 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að tækniframförum (Stjtíð. ESB L 83, 30.3.2011, bls. 1).

Mat og sannprófun:

Umsækjandinn skal leggja fram lista yfir efnivið vörunnar, þ.m.t. skrá yfir alla hluti í henni og einsleita hluta hennar.

Umsækjandinn skal skima fyrir efnum og blöndum sem gætu fengið flokkun með hættusetningunum sem eru tilgreindar í þessari viðmiðun. Að því er varðar vöruna, alla hluti í henni eða alla einsleita hluta hennar, skal umsækjandinn leggja fram yfirlýsingu þess efnis að farið sé að þessari viðmiðun.

Umsækjendur skulu velja viðeigandi form sannprófunar. Helstu form sannprófunar eru sett fram hér á eftir:

— einsleitir hlutar og öll meðhöndlun eða óhreinindi sem tengjast þeim (t.d. lag af ofurídrægri fjölliðu): leggja skal fram öryggisblöð fyrir efniviðinn sem sá hluti vörunnar er samsettur úr og fyrir efni og blöndur sem eru notuð við samsetningu og meðhöndlun efniviðarins og verða eftir í fullunna hlutanum yfir þröskuldsgildinu 0,10% miðað við þyngd nema lægri almenn eða sértæk styrkleikamörk séu í gildi í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008,

— íðefni sem eru notuð til að gefa vörunni eða hlutum hennar tiltekna eiginleika (t.d. lím og límefni, leysislitir): öryggisblöð skulu lögð fram fyrir efni og blöndur sem eru notuð við samsetningu fullunnu vörunnar eða fyrir efni og blöndur sem eru notuð á og verða eftir á efnisþáttum vörunnar.

Yfirlýsingin skal fela í sér skyld skjöl, s.s. samræmisyfirlýsingu, undirritaða af birgjunum, um að efnin, blöndurnar eða efniviðurinn séu ekki flokkuð í neinn þeirra hættuflokka sem tengjast hættusetningunum sem um getur töflu 4 í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, að því marki sem unnt er að ákvarða slíkt, að lágmarki, með þeim upplýsingum sem uppfylla kröfurnar sem eru tilgreindar í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

Þær upplýsingar sem lagðar eru fram skulu tengjast formi eða eðlisástandi efnanna eða blandnanna eins og þær eru notaðar í fullunnu vörunni.

Eftirfarandi tæknilegar upplýsingar skulu lagðar fram fyrir hvert efni og blöndu til stuðnings yfirlýsingunni um hvort þau fái flokkun eða ekki:

i. þegar um er að ræða efni sem hafa ekki verið skráð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eða hafa ekki enn hlotið samræmda flokkun samkvæmt reglugerðinni um flokkun, merkingu og pökkun: upplýsingar sem uppfylla kröfurnar sem eru tilgreindar í VII. viðauka við þá reglugerð,

ii. þegar um er að ræða efni sem hafa verið skráð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og uppfylla ekki kröfur varðandi flokkun samkvæmt reglugerðinni um flokkun, merkingu og pökkun: upplýsingar byggðar á skráningarskjölum efnareglnanna (REACH) sem staðfesta að efnið fái ekki flokkun,

iii. þegar um er að ræða efni með samræmda flokkun eða sjálfsflokkun: öryggisblöð, ef þau liggja fyrir. Ef þau liggja ekki fyrir, eða ef efnið hefur verið sjálfsflokkað, skal leggja fram upplýsingar sem skipta máli vegna hættuflokkunar efnanna samkvæmt ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006,

iv. Ef um er að ræða blöndur: öryggisblöð, ef þau liggja fyrir. Ef þau liggja ekki fyrir skal leggja fram útreikninga sem voru notaðir við flokkun blöndunnar samkvæmt reglunum í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 ásamt viðeigandi upplýsingum um hættuflokkun blöndunnar samkvæmt II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006

Öryggisblöð skulu fyllt út í samræmi við leiðbeiningarnar sem eru settar fram í 2., 3., 9., 10., 11. og 12. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (kröfur um samantekt öryggisblaða). Öryggisblöðum sem eru ekki fyllt út að fullu skulu fylgja upplýsingar úr yfirlýsingum frá íðefnabirgjum.

Upplýsingar um eðliseiginleika efna má fá fram á annan hátt en með prófunum, t.d. með notkun staðgönguaðferða á borð við aðferðir í glasi, með líkönum af megindlegum tengslum byggingar og virkni eða með notkun ályktunar út frá efnaflokkum eða ályktunar út frá byggingarlega hliðstæðum efnum í samræmi við XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Eindregið er mælt með því að viðeigandi gögnum sé miðlað í allri aðfangakeðjunni.

7.2. *Efni sem eru skráð í samræmi við 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006*

Ekki skal veita neina undanþágu frá útilokuninni í 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010 að því er varðar efni, sem eru tilgreind sem sérlega varasöm efni og eru í skránni sem kveðið er á um í 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, sem eru fyrir hendi í blöndum í einhverjum hlut í vörunni eða í einhverjum einsleitum hluta hennar, í styrkleika sem er > 0,10%, miðað við þyngd.

Mat og sannprófun

Vísun í nýjustu skrána yfir sérlega varasöm efni skal vera frá umsóknardeginum. Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við viðmiðun 7.2 ásamt skyldum skjölum, þ.m.t. yfirlýsingar um samræmi sem efnabirgjar undirrita, og afrit af viðeigandi öryggisblöðum fyrir efni eða blöndur í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 fyrir efni eða blöndur. Tilgreina skal styrkleikamörk fyrir efni og blöndur í öryggisblöðunum í samræmi við 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

Viðmiðun 8. Efnisnýtni við framleiðsluna

Magn úrgangs sem fellur til við framleiðslu og pökkun varanna, að frádregnum þeim hluta sem er endurnýttur eða umbreytt í nothæfan efnivið og/eða orku, skal ekki vera yfir:

— fyrir tíðatappa, 10% miðað við þyngd fullunnu vörunnar,

— fyrir allar hinar vörurnar, 5% miðað við þyngd fullunnu vörunnar.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram gögn um það magn úrgangs sem er ekki endurnýtt innan framleiðsluferlisins eða er ekki umbreytt í efnivið og/eða orku.

Útreikningar skulu sýndir í samræmi við ISO 14025 og umsækjandinn skal tilgreina alla eftirfarandi mæliþætti að því er varðar:

— þyngd vöru og umbúða,

— alla úrgangsstrauma sem myndast við framleiðsluna, og

— viðkomandi meðhöndlunarferli (t.d. endurvinnsla, brennsla), þ.m.t. sá hluti úrgangs sem er endurheimtur og sá sem er fargað.

Nettóúrgangurinn skal reiknaður út sem mismunurinn á magni úrgangs sem fellur til við framleiðslu og magninu sem er endurheimt.

Viðmiðun 9. Leiðbeiningar varðandi förgun vörunnar

Framleiðendurnir skulu koma eftirfarandi til skila á umbúðunum, skriflega eða með sjónrænum merkjum:

— að vörunni skuli ekki skolað niður í klósett,

— hvernig vörunni skuli fargað á réttan hátt.

Mat og sannprófun:

Umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af umbúðunum.

Viðmiðun 10. Notagildi og gæði vörunnar

Skilvirkni/gæði vörunnar skulu vera fullnægjandi og að lágmarki jafngild miðað við þær vörur sem eru nú þegar á markaðnum. Notagildi skal prófað með tilliti til þeirra eiginleika og mæliþátta sem tilgreindir eru í töflu 5. Viðmiðunarmörkum nothæfis skal náð, ef þau eru tilgreind.

Tafla 5

Eiginleikar og mæliþættir sem lýsa notagildi vörunnar sem er til prófunar

Eiginleikar		Nauðsynlegar prófunaraðferðir (viðmiðunarmörk nothæfis)			
		Barnableyjur	Dömubindi	Tíðatappar	Brjóstainnlegg
Notkunar-prófanir	U1. Ídrægni og vörn gegn leka(*)	Prófun neytendahóps (Leki á sér stað í innan við 5% tilvika notkunar á vörunni)			
	U2. Þurrkur í húð	Prófun neytendahóps (80% neytenda sem prófa vöruna skulu meta nothæfi hennar sem fullnægjandi)		Á ekki við	Sömu og fyrir barnableyjur
	U3. Snið og þægindi	Prófun neytendahóps (80% neytenda sem prófa vöruna skulu meta nothæfi hennar sem fullnægjandi)			
	U4. Heildarframmistaða	Prófun neytendahóps (80% neytenda sem prófa vöruna skulu meta nothæfi hennar sem fullnægjandi)			
Tæknilegar prófanir	T1. Ídrægni og vörn gegn leka	Ídrægni og ídrægni áður en leki á sér stað		Prófun í gervileggöngum	Engin ráðlögð aðferð
	T2. Þurrkur í húð	Vatnstap um húð (TEWL), endurvæting eða mæling á rakastigi húðar		Á ekki við	Engin ráðlögð aðferð

(*) Innlegg án kjarna sem er ætlað að vernda kvenundirföt (þunn innlegg) eru undanþegin frá þessari kröfu.

Mat og sannprófun:

Leggja skal fram prófunarskýrslu varðandi prófanir við notkun og tæknilegar prófanir þar sem aðferðum og niðurstöðum úr prófunum er lýst ásamt því hvaða gögn voru notuð. Prófanir skulu framkvæmdar á rannsóknarstofum sem vottað er að framfylgi gæðastjórnunarkerfi, hvort sem er innra eða ytra.

Prófanir skulu gerðar fyrir þær tilteknu gerðir og stærðir vöru sem sótt er um umhverfismerki ESB fyrir. Ef unnt er að sýna fram á að vörur hafi sama nothæfi nægir þó að gera prófun á einni stærð eingöngu eða dæmigerðri blöndu af stærðum fyrir hverja vöruhönnun. Í því skyni að tryggja samanburðarnákvæmar niðurstöður skal gæta sérstakrar varúðar við sýnatöku, flutning og geymslu varanna. Mælt er með því að „blinda“ ekki vörur eða endurpakka þeim í hlutlausar umbúðir vegna hættu á að það breyti nothæfi varanna og/eða umbúða.

Upplýsingar um prófanir skulu gerðar aðgengilegar þar til bærum aðilum, að hafðri hliðsjón af trúnaðarkvöðum. Gera skal grein fyrir niðurstöðum úr prófunum með skýrum hætti og þær settar fram á tungumáli og með einingum og táknum sem eru gagnanotandanum skiljanleg. Tilgreina skal eftirfarandi þætti: stað og dagsetningu prófana, viðmiðanir sem eru notaðar til að velja vörur til prófunar og hversu dæmigerðar þær eru, hvaða eiginleikar voru valdir til prófunar og, ef við á, ástæður þess að sumar vörurnar voru ekki teknar með, prófunaraðferðir sem notaðar voru og takmarkanir þeirra, ef einhverjar eru. Leggja skal fram skýrar leiðbeiningar um notkun niðurstaða úr prófun.

Frekari leiðbeiningar vegna notendaprófana.

— Sýnataka, tilhögun prófunar, samsetning neytendahóps og greining niðurstaða úr prófunum skulu uppfylla staðlaðar tölfræðilegar vinnsluaðferðir (AFNOR Q 34-019, ASTM E1958-07e1 eða jafngildar).

— Meta skal hverja vöru á grundvelli spurningalista. Prófið skal a.m.k. standa yfir í 72 klukkustundir, í heila viku ef unnt er, við venjuleg notkunarskilyrði vörunnar.

— Fjöldi prófenda skal vera a.m.k. 30. Allir þátttakendur í rannsókninni skulu vera núverandi notendur þeirra tilteknu gerðar/stærðar vöru sem er til prófunar.

— Ef varan er ekki sérstaklega hönnuð fyrir eitt kyn skal hlutfall karla á móti konum vera 1:1.

— Þátttakendur í rannsókninni skulu vera hlutfallsleg blanda fulltrúa mismunandi neytendahópa á markaðnum. Aldur, land og kyn skulu koma skýrt fram.

— Sjúklingar og einstaklingar með langvinna húðsjúkdóma skulu ekki taka þátt í prófuninni. Það skal tekið fram á spurningalistanum ef einstaklingar veikjast meðan á notendaprófununum stendur og svörin skulu ekki tekin til greina við matið.

— Að því er varðar þurrk í húð, snið og þægindi og heildarnothæfi skal 80% neytenda sem prófa vöruna meta nothæfi hennar sem fullnægjandi, sem gæti t.d. þýtt að mat neytandans er yfir 60 (á megindlegum skala frá 1 til 100) eða að varan er metin góð eða mjög góð (miðað við fimm eigindlega valkosti: afar léleg, léleg, miðlungsgóð, góð, mjög góð). Að því er varðar ídrægni og vörn gegn leka má leki eingöngu verða í innan við 5% þeirra vara sem eru prófaðar.

— Að loknum notendaprófunum skulu niðurstöðurnar metnar tölfræðilega.

— Gera skal grein fyrir ytri þáttum á borð við vörumerkingu, markaðshlutdeild og auglýsingar sem kunna að hafa áhrif á matið á nothæfi varanna.

Viðbótarkröfur fyrir tæknilegar prófanir.

— Prófunaraðferðir skulu byggja, að svo miklu leyti sem unnt er, á aðferðum sem varða viðkomandi vöru og skulu vera samanburðarnákvæmar og nákvæmar.

— Prófa skal a.m.k. fimm sýni. Greina skal frá meðaltali niðurstaðna ásamt því að tilgreina staðalfrávik.

Lýsa skal þyngd, stærð og hönnunareinkennum vörunnar og þær upplýsingar lagðar fram í samræmi við viðmiðun 1.

Viðmiðun 11. Félagslegir þættir

Umsækjendur skulu tryggja að allir framleiðslustaðir í aðfangakeðjunni þar sem varan eða vörurnar, sem leyfið nær yfir, eru framleiddar virði þær grundvallarreglur og réttindi við vinnu sem lýst er í grunnstöðlum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á sviði vinnumála, hnattrænu samkomulagi SÞ um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki. Að því er varðar sannprófun skal vísa í eftirfarandi grunnstaðla Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á sviði vinnumála:

029 Nauðungarvinna eða skylduvinna

087 Félagafrelsi og verndun þess

098 Beiting grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega

100 Jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf

105 Afnám nauðungarvinnu

111 Misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs

138 Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu

155 Vinnu- og heilsuvernd

182 Bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana

Þessir staðlar skulu sendir á framleiðslustaði í aðfangakeðjunni sem framleiða fullunnu vöruna.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal sýna fram á sannprófun þriðja aðila á reglufylgni með notkun óháðrar sannprófunar eða skriflegra sönnunargagna, þ.m.t. vettvangsheimsóknir úttektaraðila á framleiðslustaði í aðfangakeðju leyfðu varanna meðan á sannprófunarferlinu fyrir umhverfismerkið stendur. Þetta skal fara fram við umsókn og síðan meðan leyfið er í gildi ef nýir framleiðslustaðir bætast við.

Viðmiðun 12. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

Kennimerki umhverfismerkis ESB skal setja á umbúðir vörunnar. Eftirfarandi texti skal standa í 2. reit á umhverfismerki ESB:

— „Takmörkuð áhrif af völdum notkunar á auðlindum“,

— „Notkun hættulegra efna takmörkuð“,

— „Uppfyllir nothæfis- og gæðapróf“.

Eftirfarandi texti skal enn fremur koma fram á umbúðunum: „Frekari upplýsingar um það hvers vegna þessari vöru hefur verið veitt umhverfismerki ESB fást á vefsetrinu: http://ec.europa.eu/environment/ecolabel“.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um að krafan sé uppfyllt og gögn í formi mynda.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2016/EES/52/04

frá 19. júlí 2011

um viðurkenningu á áætluninni Roundtable of Sustainable Biofuels EU RED til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB og 2009/30/EB hafi verið fylgt

(2011/435/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB ([1]), einkum 6. mgr. 18. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og dísileldsneytis ([2]), eins og henni var breytt með tilskipun 2009/30/EB ([3]), einkum 6. mgr. 7. gr. c,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina sem komið var á fót með 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2009/28/EB,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Mælt er fyrir um viðmiðanir um sjálfbærni fyrir lífeldsneyti bæði í tilskipun 2009/28/EB og 2009/30/EB. Þegar vísað er til ákvæða 17. og 18. gr. í tilskipun 2009/28/EB og V. viðauka við hana ber einnig að líta á það sem tilvísanir til svipaðra ákvæða í 7. gr. a, 7. gr. b og 7. gr. c í tilskipun 2009/30/EB og í IV. viðauka við hana.

2) Þegar telja skal lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti með, að því er a-, b- og c-lið 1. mgr. 17. gr. varðar, skulu aðildarríkin krefjast þess að rekstraraðilar sýni að viðmiðanirnar um sjálfbærni fyrir lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti, sem settar eru fram í 2.–5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB, hafi verið uppfylltar.

3) Í 76. forsendu tilskipunar 2009/28/EB segir að koma skuli í veg fyrir að ósanngjörn byrði sé lögð á iðnaðinn og að valfrjálsar áætlanir geti stuðlað að framsetningu skilvirkra lausna til að sýna fram á að þessar viðmiðanir um sjálfbærni séu uppfylltar.

4) Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að valfrjáls landsbundin eða alþjóðleg áætlun skuli sýna að lífeldsneytissendingar uppfylli viðmiðanir um sjálfbærni, sem eru settar fram í 3.–5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB, eða að valfrjáls landsbundin eða alþjóðleg áætlun um mælingar á minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda innihaldi nákvæm gögn að því er 2. mgr. 17. gr. þessarar tilskipunar varðar.

5) Framkvæmdastjórnin getur viðurkennt slíka valfrjálsa áætlun til fimm ára.

6) Þegar rekstraraðili leggur fram sannanir eða gögn, sem aflað er í samræmi við áætlun sem framkvæmdastjórnin hefur viðurkennt, að því marki sem þau falla undir þá ákvörðun um viðurkenningu, skal aðildarríki ekki krefjast þess að birgir leggi fram frekari gögn sem sýna fram á að viðmiðanirnar um sjálfbærni hafi verið uppfylltar.

7) Áætlunin um „Roundtable of Sustainable Biofuels EU RED“ (hér á eftir nefnd RSB EU RED-áætlunin) var lögð fram til framkvæmdastjórnarinnar 10. maí 2011 ásamt beiðni um viðurkenningu. Umfang áætlunarinnar er hnattrænt og hún getur náð yfir breitt svið mismunandi lífeldsneytis. Viðurkennda áætlunin verður gerð aðgengileg á gagnsæisvettvangnum sem var komið á fót samkvæmt tilskipun 2009/28/EB. Framkvæmdastjórnin tekur tillit til þátta sem eru viðkvæmir í viðskiptalegu tilliti og getur ákveðið að birta einungis hluta áætlunarinnar.

8) Mat á RSB EU RED-áætluninni sýndi að hún tekur með fullnægjandi hætti tillit til viðmiðana um sjálfbærni í tilskipun 2009/28/EB, auk þess sem beitt er massajöfnuðaraðferð í samræmi við kröfur í 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB.

9) Í matinu á RSB EU RED-áætluninni kom fram að hún uppfyllir með fullnægjandi hætti kröfur um áreiðanleika, gagnsæi og óháða endurskoðun og uppfyllir einnig aðferðafræðilegar kröfur í V. viðauka við tilskipun 2009/28/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 73. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 350, 28.12.1998, bls. 58.

([3]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 88.

10) Aðrir viðbótarþættir um sjálfbærni sem RSB EU RED-áætlunin nær til eru ekki hluti af umfjöllunarefni þessarar ákvörðunar. Þessar viðbótarviðmiðanir um sjálfbærni eru ekki skyldubundnar til að sýna fram á að farið sé að kröfum um sjálfbærni sem settar eru í tilskipun 2009/28/EB. Á síðara stigi getur framkvæmdastjórnin tekið afstöðu til þess hvort áætlunin inniheldur nákvæm gögn, sem varða upplýsingar um ráðstafanir, sem gerðar eru vegna málefna, sem um getur í annarri undirgrein, öðrum málslið 4. mgr. 18. gr. í tilskipun 2009/28/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Valfrjálsa áætlunin „Roundtable of Sustainable Biofuels EU RED“, en beiðni um viðurkenningu hennar var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 10. maí 2011, sýnir að lífeldsneytissendingar uppfylla viðmiðanir um sjálfbærni eins og mælt er fyrir um í a-, b- og c-lið 3. mgr. og 4. og 5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB og a-, b- og c-lið 3. mgr. og 4. og 5. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB. Áætlunin inniheldur einnig nákvæm gögn að því er varðar 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB og 2. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB.

Enn fremur má nota hana til að sýna fram á að ákvæði 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB og 1. mgr. 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB hafi verið uppfyllt.

2. gr.

1. Ákvörðunin gildir í fimm ár eftir að hún öðlast gildi. Ef gerðar eru breytingar á efni áætlunarinnar, eftir samþykkt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, sem kunna að hafa áhrif á grundvöll þessarar ákvörðunar, skal tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingarnar án tafar. Framkvæmdastjórnin leggur mat á tilkynntar breytingar með það fyrir augum að ákvarða hvort áætlunin taki enn með fullnægjandi hætti til viðmiðana um sjálfbærni sem liggja að baki viðurkenningu hennar.

2. Ef sýnt hefur verið fram á það með skýrum hætti að áætlunin hafi ekki komið til framkvæmda þáttum sem hafa afgerandi þýðingu fyrir þessa ákvörðun og ef alvarlegt rof hefur orðið í uppbyggingu þessara þátta áskilur framkvæmdastjórnin sér þann rétt að afturkalla ákvörðunina.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 19. júlí 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/364 **2016/EES/52/05**

frá 1. júlí 2015

um flokkun byggingarvara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE([1]), einkum 1. mgr. 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Kerfi fyrir flokkun eftir nothæfi byggingarvara með tilliti til viðbragða við bruna var samþykkt í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB([2]). Kerfið byggir á samhæfðri lausn við mat á þessu nothæfi og flokkun niðurstaða þessa mats.

2) Í ákvörðun 2000/147/EB eru settir fram nokkrir flokkar nothæfis með tilliti til viðbragða við bruna. Að auki inniheldur hún flokkana F, F_{FL}, F_L og F_{ca}, sem hafa hlotið skilgreininguna „ekkert nothæfisstig ákvarðað“.

3) Í samræmi við 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 305/2011 er flokkur skilgreindur sem stig yfir nothæfi byggingarvöru sem eru afmörkuð með lágmarksgildi og hámarksgildi. Flokkar með skilgreininguna „ekkert nothæfisstig ákvarðað“ samsvara ekki þessari skilgreiningu og því er ekki hægt að fella þá inn í flokkunarkerfi samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 305/2011.

4) Kveðið er á um notkun á skilgreiningunni „ekkert nothæfisstig ákvarðað“ í sambandi við samningu yfirlýsingar um nothæfi í f-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 305/2011.

5) Í því skyni að gera framleiðendum kleift að tilgreina minna nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna en það sem fellur undir flokka E, E_{FL}, E_L og E_{ca}, er nauðsynlegt að breyta flokkunarviðmiðunum fyrir flokka F, F_{FL}, F_L and F_{ca} til samræmis við það.

6) Því er nauðsynlegt að skipta út flokkum F, F_{FL}, F_L og F_{ca} sem settir eru fram í ákvörðun 2000/147/EB með nýjum flokkum fyrir vörur sem uppfylla ekki lágmarksnothæfi með tilliti til viðbragða við bruna í flokkum E, E_{FL}, E_L and E_{ca}.

7) Ákvörðun 2000/147/EB hefur verið breytt nokkrum sinnum og frekari breytingar á þeirri ákvörðun eru nauðsynlegar. Til glöggvunar og hagræðingar ætti því að fella hana úr gildi og ný ákvörðun að koma í stað hennar,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Þegar fyrirhuguð notkun byggingarvöru er með þeim hætti að hún getur stuðlað að myndun og útbreiðslu elds og reyks á upptakastað eða svæði er nothæfi vörunnar flokkað á grundvelli nothæfis með tilliti til viðbragða við bruna í samræmi við flokkunarkerfið sem er sett fram í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 68, 15.3.2016, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB frá 8. febrúar 2000 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar flokkun byggingavara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna (Stjtíð. ESB L 50, 23.2.2000, bls. 14).

2. gr.

Ákvörðun 2000/147/EB er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðunina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Flokkar nothæfis með tilliti til viðbragða við bruna

1.1. Að því er varðar töflur 1 til 4 gilda eftirfarandi tákn([1]) :

1) „ΔT“ — hitahækkun,

2) „Δm“ — massatap,

3) „t_f“ — hve lengi logi varir,

4) „PCS“ — heildarvarmagildi,

5) „LFS“ — lárétt eldsútbreiðslumark til hliða,

6) „SMOGRA“ — útbreiðsluhraði reyks.

1.2. Að því er varðar töflur 1, 2 og 3 gilda eftirfarandi tákn([1]) :

1) „FIGRA“ — útbreiðsluhraði bruna,

2) „THR“ — heildarvarmalosun,

3) „TSP“ — heildarreykmyndun,

4) „Fs“ — eldsútbreiðslumark.

1.3. Að því er varðar töflu 4 gilda eftirfarandi tákn og prófunarmæliþættir:

1) „HRR_{sm30}, kW“ — meðalhraði varmalosunar miðað við 30 s hlaupandi meðaltal,

2) „SPR_{sm60}, m^2/s“ — meðalhraði reykmyndunar miðað við 60 s hlaupandi meðaltal,

3) „Toppgildi HRR, kW“ — hámarksgildi HRR_{sm30} á milli upphafs og loka prófunar að undanskilinni hlutdeild frá kveikjugjafa,

4) „Toppgildi SPR, m^2/s“ — hámarksgildi SPR_{sm60} á milli upphafs og loka prófunar,

5) „THR_{1200}, MJ“ — heildarvarmalosun (HRR_{sm30}) frá upphafi til loka prófunar að undanskilinni hlutdeild frá kveikjugjafa,

6) „TSP_{1200}, m^2“ — heildarreykmyndun (HRR_{sm60}) frá upphafi til loka prófunar,

7) „FIGRA, W/s“ — stuðull fyrir útbreiðsluhraða bruna sem skilgreindur er sem hæsta gildi hlutfallsins á milli HRR_{sm30} að undanskilinni hlutdeild frá kveikjugjafa og tíma. Markgildi HRR_{sm30} = 3 kW og THR = 0,4 MJ,

8) „FS“ — eldsútbreiðslumark (lengd skemmda),

9) „H“ — eldsútbreiðslumark.

2. Að því er varðar töflur 1 til 4 gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1) „efni“: eitt grunnefni eða jöfn blanda af efnum,

2) „ósamsett byggingarvara“: byggingarvara úr einu efni með jafnan þéttleika og samsetningu í allri vörunni,

3) „samsett byggingarvara“: vara sem uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru til ósamsettrar byggingarvöru og er gerð úr einum eða fleiri íhlutum, mikilvægum og/eða ekki mikilvægum,

([1]) Eiginleikarnir eru skilgreindir með tilliti til viðeigandi prófunaraðferðar.

4) „mikilvægur íhlutur“: efni sem er umtalsverður hluti af samsettri byggingarvöru. Lag með massa á flatareiningu > 1,0 kg/m^2 eða þykkt > 1,0 mm telst vera mikilvægur íhlutur,

5) „íhlutur sem er ekki mikilvægur“: efni sem er ekki umtalsverður hluti af samsettri byggingarvöru. Lag með massa á flatareiningu < 1,0 kg/m^2 eða þykkt < 1,0 mm telst vera íhlutur sem er ekki mikilvægur,

6) „innri íhlutur sem ekki er mikilvægur“: íhlutur sem er ekki mikilvægur þar sem báðar hliðar eru þaktar með a.m.k. einum mikilvægum íhlut,

7) „ytri íhlutur sem ekki er mikilvægur“: íhlutur sem er ekki mikilvægur þar sem önnur hliðin er ekki þakin með mikilvægum íhlut.

Tvö eða fleiri aðliggjandi lög, þar sem ekki eru mikilvægir íhlutir milli laganna, sem ekki eru mikilvæg, skulu teljast vera einn íhlutur sem ekki er mikilvægur og því verður hann að flokkast í samræmi við viðmiðanirnar fyrir lög sem ekki eru mikilvægir íhlutir.

Tafla 1

Flokkar byggingarvara, að undanskildu gólfefni, vörum til að hitaeinangra rör og rafmagnsköplum eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna

Flokkur	Prófunaraðferð(-ir)	Flokkunarviðmiðanir	Viðbótarflokkun
A1	EN ISO 1182([1]), *og*	$\Delta T \leq 30$ °C, *og* $\Delta m \leq 50\%$, *og* $t_f = 0$ (þ.e. ekki viðvarandi logi)	
	EN ISO 1716	PCS ≤ 2,0 MJkg^{-1}([1]), *og* PCS ≤ 2,0 MJkg^{-1}([2]) ([2a]), *og* PCS ≤ 1,4 MJm^{-2}([3]), *og* PCS ≤ 2,0 MJkg^{-1} ([4])	
A2	EN ISO 1182([1]), *eða*	$\Delta T \leq 50$ °C, *og* $\Delta m \leq 50\%$, *og* $t_f \leq 20$ s	
	EN ISO 1716; *og*	PCS ≤ 3,0 MJkg^{-1} ([1]), *og* PCS ≤ 4,0 MJm^{-2} ([2]), *og* PCS ≤ 4,0 MJm^{-2} ([3]), *og* PCS ≤ 3,0 MJkg^{-1} ([4])	
	EN 13823 (SBI)	FIGRA ≤ 120 Ws^{-1}, *og* LFS < jaðar sýnis, *og* $THR_{600s} \leq 7,5$ MJ	Reykmyndun ([5]), *og* Logandi dropar/agnir ([6])
B	EN 13823 (SBI); *og*	FIGRA ≤ 120 Ws^{-1}, *og* LFS < jaðar sýnis, *og* $THR_{600s} \leq 7,5$ MJ	Reykmyndun ([5]), *og* Logandi dropar/agnir ([6])
	EN ISO 11925-2 ([8]): *Brunaáraun = 30* s	Fs ≤ 150 mm innan 60 s	

Flokkur	Prófunaraðferð(-ir)	Flokkunarviðmiðanir	Viðbótarflokkun
C	EN 13823 (SBI); *og*	FIGRA ≤ 250 Ws^{-1}, *og* LFS < jaðar sýnis, *og* THR_{600s} ≤ 15 MJ	Reykmyndun ([5]), *og* Logandi dropar/agnir ([6])
	EN ISO 11925-2 ([8]): *Brunaáraun = 30* s	Fs ≤ 150 mm innan 60 s	
D	EN 13823 (SBI), *og*	FIGRA ≤ 750 Ws^{-1}	Reykmyndun ([5]), *og* Logandi dropar/agnir ([6])
	EN ISO 11925-2 ([8]): *Brunaáraun = 30* s	Fs ≤ 150 mm innan 60 s	
E	EN ISO 11925-2 ([8]): *Brunaáraun = 15* s	Fs ≤ 150 mm innan 20 s	Logandi dropar/agnir ([7])
F	EN ISO 11925-2 ([8]): *Brunaáraun = 15* s	Fs ≤ 150 mm innan 20 s	

([1]) Fyrir ósamsettar byggingarvörur og mikilvæga íhluti samsettra byggingarvara.
([2]) Fyrir ytri og ekki mikilvæga íhluti samsettra byggingarvara.
([2a]) Einnig allir ytri íhlutir sem ekki eru mikilvægir og hafa PCS ≤ 2,0 MJ.m–2, að því tilskildu að byggingarvaran uppfylli eftirfarandi viðmiðanir EN 13823 (SBI): FIGRA ≤ 20 Ws–1, og LFS < jaðar sýnis og THR600s ≤ 4,0 MJ, og s1 og d0.
([3]) Fyrir innri og ekki mikilvæga íhluti samsettra byggingarvara.
([4]) Fyrir byggingarvöruna í heild.
([5]) **s1** = SMOGRA ≤ 30m2s–2 *og* TSP600s ≤ 50m2, **s2** = SMOGRA ≤ 180m2s–2 og TSP600s ≤ 200m2, **s3** = ekki s1 eða s2.
([6]) **d0** = Engir logandi dropar/agnir í EN13823 (SBI) innan 600s, **d1** = engir logandi dropar/agnir sem loga lengur en 10s í EN13823 (SBI) innan 600s, **d2** = engin d0 eða d1, íkviknun pappírs í EN ISO 11925-2 leiðir til flokkunar í d2.
([7]) Ekki kviknar í pappírnum = engin viðbótarflokkun. Íkviknun í pappírnum = flokkun í **d2**.
([8]) Við skilyrði þar sem hætta er á yfirborðsbruna og, ef við á, við fyrirhugaða notkun byggingarvörunnar, hætta á jaðarbruna.

Tafla 2

Flokkar gólfefnis eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna

Flokkur	Prófunaraðferð(-ir)	Flokkunarviðmiðanir	Viðbótarflokkun
$A1_{FL}$	EN ISO 1182 ([1]), *og*	ΔT ≤ 30 °C, *og* Δm ≤ 50%, *og* t_f = 0 (þ.e. ekki viðvarandi logi)	
	EN ISO 1716	PCS ≤ 2,0 $MJkg^{-1}$ ([1]), *og* PCS ≤ 2,0 $MJkg^{-1}$ ([2]), *og* PCS ≤ 1,4 MJm^{-2} ([3]), *og* PCS ≤ 2,0 $MJkg^{-1}$ ([4])	
$A2_{FL}$	EN ISO 1182 ([1]), *eða*	ΔT ≤ 50 °C, *og* Δm ≤ 50%, *og* t_f ≤ 20 s	
	EN ISO 1716, *og*	PCS ≤ 3,0 $MJkg^{-1}$ ([1]), *og* PCS ≤ 4,0 MJm^{-2} ([2]), *og* PCS ≤ 4,0 MJm^{-2} ([3]), *og* PCS ≤ 3,0 $MJkg^{-1}$ ([4])	
	EN ISO 9239-1 ([5])	Hætið varmaflæði ([6]) ≥ 8,0 kWm^{-2}	Reykmyndun ([7])

Flokkur	Prófunaraðferð(-ir)	Flokkunarviðmiðanir	Viðbótarflokkun
$\mathbf{B_{FL}}$	EN ISO 9239-1 (3) *og*	Hætið varmaflæði (6) ≥ 8,0 kWm^{-2}	Reykmyndun (7)
	EN ISO 11925-2 (8): *Brunaáraun = 15* s	Fs ≤ 150 mm innan 20 s	
$\mathbf{C_{FL}}$	EN ISO 9239-1 (5) *og*	Hætið varmaflæði (6) ≥ 4,5 kWm^{-2}	Reykmyndun (7)
	EN ISO 11925-2 (8): *Brunaáraun = 15* s	Fs ≤ 150 mm innan 20 s	
$\mathbf{D_{FL}}$	EN ISO 9239-1 (5) *og*	Hætið varmaflæði (6) ≥ 3,0 kWm^{-2}	Reykmyndun (7)
	EN ISO 11925-2 (8): *Brunaáraun = 15* s	Fs ≤ 150 mm innan 20 s	
$\mathbf{E_{FL}}$	EN ISO 11925-2 (8): *Brunaáraun = 15* s	Fs ≤ 150 mm innan 20 s	
$\mathbf{F_{FL}}$	EN ISO 11925-2 (8): *Brunaáraun = 15* s	Fs ≤ 150 mm innan 20 s	

(1) Fyrir ósamsettar byggingarvörur og mikilvæga íhluti samsettra byggingarvara.
(2) Fyrir ytri og ekki mikilvæga íhluti samsettra byggingarvara.
(3) Fyrir innri og ekki mikilvæga íhluti samsettra byggingarvara.
(4) Fyrir byggingarvöruna í heild.
(5) Prófunartími = 30 mínútur.
(6) Hætið varmaflæði er skilgreint sem geislunarflæðið sem loginn slokknar við eða geislunarflæði eftir 30 mínútna prófunartíma, eftir því hvort er minna (þ.e. leiðnin sem samsvarar ystu eldsútbreiðslumörkum).
(7) **s1** = Reykur ≤ 750 %.lágm.; **s2** = ekki s1.
(8) Við skilyrði þar sem hætta er á yfirborðsbruna og, ef við á, við fyrirhugaða notkun byggingarvörunnar, hætta á jaðarbruna.

Tafla 3

Flokkar vara til að einangra rör eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna

Flokkur	Prófunaraðferð(-ir)	Flokkunarviðmiðanir	Viðbótarflokkun
$\mathbf{A1_L}$	EN ISO 1182 (1), *og*	ΔT ≤ 30 °C, *og* Δm ≤ 50%, *og* t_f = 0 (þ.e. ekki viðvarandi logi)	
	EN ISO 1716	PCS ≤ 2,0 MJkg^{-1} (1), *og* PCS ≤ 2,0 MJkg^{-1} (2), *og* PCS ≤ 1,4 MJm^{-2} (3), *og* PCS ≤ 2,0 MJkg^{-1} (4)	

Flokkur	Prófunaraðferð(-ir)	Flokkunarviðmiðanir	Viðbótarflokkun
$A2_L$	EN ISO 1182 (1), *eða*	$\Delta T \leq 50$ °C, *og* $\Delta m \leq 50$ %, *og* $t_f \leq 20$ s	
	EN ISO 1716; *og*	PCS ≤ 3,0 $MJkg^{-1}$ (1), *og* PCS ≤ 4,0 MJm^{-2} (2), *og* PCS ≤ 4,0 MJm^{-2} (3), *og* PCS ≤ 3,0 $MJkg^{-1}$ (4)	
	EN 13823 (SBI)	FIGRA ≤ 270 Ws^{-1}, *og* LFS < jaðar sýnis, *og* $THR_{600s} \leq 7,5$ MJ	Reykmyndun (5), *og* Logandi dropar/agnir (6)
B_L	EN 13823 (SBI), *og*	FIGRA ≤ 270 Ws^{-1}, *og* LFS < jaðar sýnis, *og* $THR_{600s} \leq 7,5$ MJ	Reykmyndun (5), *og* Logandi dropar/agnir (6)
	EN ISO 11925-2 (8): *Brunaáraun = 30* s	Fs ≤ 150 mm innan 60 s	
C_L	EN 13823 (SBI), *og*	FIGRA ≤ 460 Ws^{-1}, *og* LFS < jaðar sýnis, *og* $THR_{600s} \leq 15$ MJ	Reykmyndun (5), *og* Logandi dropar/agnir (6)
	EN ISO 11925-2 (8): *Brunaáraun = 30* s	Fs ≤ 150 mm innan 60 s	
D_L	EN 13823 (SBI), *og*	FIGRA ≤ 2100 Ws^{-1} $THR_{600s} \leq 100$ MJ	Reykmyndun (5), *og* Logandi dropar/agnir (6)
	EN ISO 11925-2 (8): *Brunaáraun = 30* s	Fs ≤ 150 mm innan 60 s	
E_L	EN ISO 11925-2 (8): *Brunaáraun = 15* s	Fs ≤ 150 mm innan 20 s	Logandi dropar/agnir (7)
F_L	EN ISO 11925-2 (8): *Brunaáraun = 15* s	Fs ≤ 150 mm innan 20 s	

(1) Fyrir ósamsettar byggingarvörur og mikilvæga íhluti samsettra byggingarvara.
(2) Fyrir ytri og ekki mikilvæga íhluti samsettra byggingarvara.
(3) Fyrir innri og ekki mikilvæga íhluti samsettra byggingarvara.
(4) Fyrir byggingarvöruna í heild.
(5) **s1** = SMOGRA ≤ 105 m2s– 2*og* TSP600s ≤ 250 m2, ***s2*** = SMOGRA ≤ 580 m2s–2 *og* TSP600s ≤ 1600 m2, ***s3*** = ekki s1 eða s2.
(6) **d0** = Engir logandi dropar/agnir í EN13823 (SBI) innan 600s, **d1** = Engir logandi dropar/agnir sem loga lengur en 10 s í EN13823 (SBI) innan 600 s, **d2** = ekki d0 eða d1. Íkviknun pappírs í EN ISO 11925-2 leiðir til flokkunar í d2.
(7) Ekki kviknar í pappírnum = engin viðbótarflokun. Íkviknun í pappírnum = flokkun í d2
(8) Við skilyrði þar sem hætta er á yfirborðsbruna og, ef við á, við fyrirhugaða notkun byggingarvörunnar, hætta á jaðarbruna.

Tafla 4

Flokkar rafmagnskapla eftir nothæfi með tilliti til við bragða við bruna

Flokkur	Prófunaraðferð(-ir)	Flokkunarviðmiðanir	Viðbótarflokkun
A_{ca}	EN ISO 1716	PCS ≤ 2,0 MJ/kg (1)	
$B1_{ca}$	EN 50399 (30 kW logagjafi) *og*	FS ≤ 1,75 m *og* THR_{1200s} ≤ 10 MJ *og* Toppgildi HRR ≤ 20 kW *og* FIGRA ≤ 120 Ws^{-1}	Reykmyndun (2)(5), logandi dropar/agnir (3) og sýrustig (pH-stig og leiðni)(4)
	EN 60332-1-2	H ≤ 425 mm	
$B2_{ca}$	EN 50399 (20,5 kW logagjafi) *og*	FS ≤ 1,5 m *og* THR_{1200s} ≤ 15 MJ *og* Toppgildi HRR ≤ 30 kW, *og* FIGRA ≤ 150 Ws^{-1}	Reykmyndun (2)(6), logandi dropar/agnir (3) og sýrustig (pH-stig og leiðni)(4)
	EN 60332-1-2	H ≤ 425 mm	
C_{ca}	EN 50399 (20,5 kW logagjafi) *og*	FS ≤ 2,0 m *og* THR_{1200s} ≤ 30 MJ *og* Toppgildi HRR ≤ 60 kW, *og* FIGRA ≤ 300 Ws^{-1}	Reykmyndun (2)(6), logandi dropar/agnir (3) og sýrustig (pH-stig og leiðni)(4)
	EN 60332-1-2	H ≤ 425 mm	
D_{ca}	EN 50399 (20,5 kW logagjafi) *og*	THR_{1200s} ≤ 70 MJ *og* Toppgildi HRR ≤ 400 kW, *og* FIGRA ≤ 1300 Ws^{-1}	Reykmyndun (2)(6), logandi dropar/agnir (3) og sýrustig (pH-stig og leiðni)(4)
	EN 60332-1-2	H ≤ 425 mm	
E_{ca}	EN 60332-1-2	H ≤ 425 mm	
F_{ca}	EN 60332-1-2	H > 425 mm	

(1) Fyrir vöruna í heild, að undanskildum málmum, og fyrir alla ytri íhluti vörunnar (þ.e. slíður).
(2) **s1** = TSP_{1200} 200 ≤ 50 m^2 og toppgildi SPR ≤ 0,25 m^2/s
s1a = **s1** og gegnhleypni í samræmi við EN 61034-2 ≥ 80%
s1b = **s1** og gegnhleypni í samræmi við EN 61034-2 ≥ 60% < 80%
s2 = TSP_{1200} ≤ 400 m^2 og toppgildi SPR ≤ 1,5 m^2/s
s3 = hvorki s1 né s2
(3) **d0** = Engir logandi dropar/agnir innan 1 200s, **d1** = Engir logandi dropar/agnir sem loga lengur en 10 s innan 1200s
d2 = hvorki **d0** né **d1**
(4) EN 60754-2:**a1** = leiðni < 2,5 µS/mm og pH > 4,3, **a2** = leiðni < 10 µS/mm *og* pH > 4,3, **a3** = hvorki **a1** né **a2**.
(5) Reykflokkurinn sem settur er fram fyrir kapla í flokki $B1_{ca}$ verður að vera upprunninn í prófunum samkvæmt aðstæðum EN 50399 (30 kW logagjafi).
(6) Reykflokkurinn sem settur er fram fyrir kapla í flokki $B2_{ca}C_{ca}$, Dca verður að vera upprunninn í prófunum samkvæmt aðstæðum EN 50399 (20,5 kW logagjafi).

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2003 2016/EES/52/06

frá 10. nóvember 2015

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 frá 21. apríl 2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 808/2004 var settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna evrópska hagskýrslugerð um upplýsingasamfélagið.

2) Framkvæmdarráðstafanir eru nauðsynlegar til að ákvarða gögnin sem láta á í té til undirbúnings hagskýrslna í Einingu 1: „Fyrirtæki og upplýsingasamfélagið“ og í Einingu 2: „Einstaklingar, heimili og upplýsingasamfélagið“ og til að ákvarða fresti á sendingu þeirra.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gögnin, sem senda skal fyrir evrópska hagskýrslugerð um upplýsingasamfélagið, eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. og 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, skulu vera eins og tilgreint er í Einingu 1: „Fyrirtæki og upplýsingasamfélagið“ í I. viðauka og Einingu 2: „Einstaklingar, heimili og upplýsingasamfélagið“ í II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 294, 11.11.2015, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 49.

I. VIÐAUKI

Eining 1: Fyrirtæki og upplýsingasamfélagið

A. **Viðfangsefni og skráningaratriði þeirra**

1) Viðfangsefnin, sem fjallað verður um varðandi viðmiðunarárið 2016 úr skránni í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 808/2004, skulu vera eftirfarandi:

a) upplýsinga- og samskiptatæknikerfi og notkun þeirra í fyrirtækjum,

b) notkun fyrirtækja á Netinu og öðrum rafrænum netkerfum,

c) rafræn verslun,

d) rafrænir ferlar í viðskiptum og skipulagsþættir,

e) upplýsinga- og fjarskiptatæknihæfni hjá fyrirtækjaeiningunni og þörfin á upplýsinga- og fjarskiptatæknifærni,

f) hindranir við notkun á upplýsinga- og fjarskiptatækni, Netinu og öðrum rafrænum netkerfum ásamt rafrænum ferlum í verslun og viðskiptum,

g) aðgangur að og notkun á tækni sem gefur færi á að tengjast Netinu eða öðrum netkerfum hvar og hvenær sem er (gegnumsmeygur tengjanleiki).

2) Safna skal eftirfarandi könnunaratriðum varðandi fyrirtæki:

a) **Upplýsinga- og samskiptatæknikerfi og notkun þeirra í fyrirtækjum**

i. fyrir öll fyrirtæki:

— tölvunotkun,

ii. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:

— (valkvætt) starfsmenn eða hlutfall heildarfjölda starfsmanna sem nota tölvur í atvinnuskyni.

b) **Notkun fyrirtækja á Netinu og öðrum rafrænum netkerfum**

i. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:

— aðgangur að Netinu,

— gefa út eða senda reikninga,

ii. fyrir fyrirtæki sem hafa aðgang að Netinu:

— starfsmenn eða hlutfall heildarfjölda starfsmanna sem nota tölvur er hafa aðgang að Netinu í atvinnuskyni,

— tenging við Netið: DSL-tengitækni eða aðrar tegundir fastrar breiðbandstengingar,

— nettenging: færanleg breiðbandstenging um færanlegan búnað sem notar dreifikerfi farsíma („3G“ eða „4G“),

— (valkvætt) nettenging: færanleg breiðbandstenging um fartölvu sem notar dreifikerfi farsíma („3G“ eða „4G“),

— (valkvætt) nettenging: færanleg breiðbandstenging um annan færanlegan búnað, á borð við snjallsíma, sem notar dreifikerfi farsíma („3G“ eða „4G“),

— starfsmenn eða hlutfall heildarfjölda starfsmanna sem nota í atvinnuskyni færanlegan búnað sem fyrirtækið veitir og gerir ráð fyrir nettengingu um dreifikerfi farsíma,

— aðgangur að færanlegum búnaði sem veitir starfsfólki aðgang að nettengingu, í atvinnuskyni,

— eru með vefsetur,

— notkun samfélagsmiðla, ekki aðeins til að birta greiddar auglýsingar,

— notkun bloggs eða örbloggs fyrirtækja, ekki aðeins til að birta greiddar auglýsingar,

— notkun vefsetra sem miðla margmiðlunarefni, ekki aðeins til að birta greiddar auglýsingar,

— notkun wiki-tengdra tækja til þekkingarmiðlunar, ekki aðeins til að birta greiddar auglýsingar,

iii. fyrir fyrirtæki sem hafa DSL-tengitækni eða aðrar tegundir fastrar breiðbandstengingar að Netinu:

— mældur hámarkshraði niðurhals á hröðustu nettengingu í megabætum á sek: [0,< 2], [2,< 10], [10,< 30], [30,< 100], [≥100],

iv. fyrir fyrirtæki sem eru með vefsetur, upplýsingar um framboð á eftirfarandi þjónustu:

— lýsingu á vörum eða þjónustu, verðlistar,

— pöntun eða bókun á Netinu,

— gestum er gert kleift að sérsníða eða sérhanna vörur eða þjónustu á Netinu,

— fylgni við eða staða innlagðra pantana,

— efni, sem er miðað að þörfum hvers og eins, á vefsetrinu fyrir fasta- eða reglulega gesti,

— tengla eða vísanir til lýsinga á fyrirtækinu í samfélagsmiðlum,

— (valkvætt) auglýsingu um lausar stöður eða atvinnuumsókn á Netinu,

v. fyrir fyrirtæki sem bjóða starfsfólki sínu færanlegan búnað sem veitir aðgang að nettengingu í atvinnuskyni:

— aðgangur að færanlegum búnaði til að fá aðgang að tölvupóstkerfi fyrirtækisins,

— aðgangur að færanlegum búnaði til að fá aðgang að og breyta skjölum fyrirtækisins,

— aðgangur að færanlegum búnaði til að nota tiltekinn notkunarhugbúnað fyrir viðskipti.

c) **Rafræn verslun**

i. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:

— móttaka pantana sem lagðar voru fram á fyrra almanaksári á vörum og þjónustu um vefsetur eða „smáforrit“ (vefsölur),

— móttaka pantana á vörum og þjónustu á fyrra almanaksári með boðskiptum með rafrænum gagnaskiptum, (sala með rafrænum gagnaskiptum),

— (valkvætt) pantanir lagðar inn á vörum og þjónustu á fyrra almanaksári um vefsetur, „smáforrit“ eða með boðskiptum með rafrænum gagnaskiptum,

ii. fyrir fyrirtæki sem hafa tekið á móti pöntunum um vefsetur eða „smáforrit“ á fyrra almanaksári:

— verðgildi eða hlutfall af heildarveltu sölu í rafrænni verslun sem leiðir af pöntunum sem lagðar voru inn um vefsetur eða smáforrit, á fyrra almanaksári,

— hlutfall af sölu í rafrænni verslun (velta) til einkaneytenda (rafræn samskipti fyrirtækis við neytanda: B2C-samskipti) vegna pantana um vefsetur eða „smáforrit“ á fyrra almanaksári,

— hlutfall af sölu í rafrænni verslun (velta) til annarra fyrirtækja (rafræn samskipti fyrirtækis við fyrirtæki: B2B-samskipti) og sölur í rafrænni verslun til opinberra yfirvalda (rafræn samskipti fyrirtækis við stjórnsýslu: B2G-samskipti) vegna pantana um vefsetur eða „smáforrit“ á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) notkun greiðslukerfa á Netinu til sölu um vefsetur eða „smáforrit“ þ.e. greiðsla sem er samþætt pöntunarfærslunni,

— (valkvætt) notkun greiðslukerfa utan Nets til sölu um vefsetur eða „smáforrit“, þ.e. greiðsla sem er ekki samþætt pöntunarfærslunni.

iii. fyrir fyrirtæki sem hafa tekið á móti pöntunum á vörum eða þjónustu með boðskiptum með rafrænum gagnaskiptum:

— virði eða hlutfall af heildarveltu sölu í rafrænni verslun sem leiðir af pöntunum sem tekið var við með boðskiptum með rafrænum gagnaskiptum, á fyrra almanaksári,

iv. fyrir fyrirtæki sem hafa pantað vörur um vefsetur, smáforrit eða með boðskiptum með rafrænum gagnaskiptum eru eftirfarandi upplýsingar valkvæðar:

— innlagðar pantanir á vörum eða þjónustu um vefsetur eða „smáforrit“ á fyrra almanaksári,

— innlagðar pantanir á vörum eða þjónustu um boðskipti með rafrænum gagnaskiptum á fyrra almanaksári,

— innlagðar pantanir á vörum eða þjónustu um vefsetur, „smáforrit“ eða með boðskiptum með rafrænum gagnaskiptum, að virði allt að 1% af virði heildarkaupa á fyrra almanaksári.

d) **Rafrænir ferlar í viðskiptum og skipulagsþættir**

i. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:

— (valkvætt) greining á stórgögnum (*e*. Big Data), með því að nota eigin gögn fyrirtækisins frá snjalltækjum eða skynugum skynjurum sem gagnalindir, á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) greining á stórgögnum, með því að nota eigin landfræðileg staðsetningargögn fyrirtækisins sem gagnalind, á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) greining á stórgögnum, með því að nota eigin gögn fyrirtækisins af samfélagsmiðlum sem gagnalind, á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) greining á stórgögnum, með því að nota önnur eigin gögn fyrirtækisins, sem hafa enn ekki verið skilgreind, sem gagnalindir á fyrra almanaksári,

ii. fyrir fyrirtæki sem greina stórgögn:

— (valkvætt) starfsmenn fyrirtækisins eru nýttir til að framkvæma greiningu á stórgögnum,

— (valkvætt) utanaðkomandi þjónustuaðilar eru nýttir til að framkvæma greiningu á stórgögnum,

iii. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:

— gefa út/senda allar tegundir af reikningum á fyrra almanaksári til annarra fyrirtækja, með rafrænum hætti eða á pappír,

— gefa út/senda allar tegundir af reikningum á fyrra almanaksári til opinberra yfirvalda, með rafrænum hætti eða á pappír,

— gefa út/senda allar tegundir af reikningum á fyrra almanaksári til einkaneytenda, með rafrænum hætti eða á pappír,

— hlutfall allra reikninga sem tekið var á móti á fyrra almanaksári sem rafrænum reikningum í stöðluðu fyrirkomulagi sem henta sjálfvirkri vinnslu (*e*. eInvoices),

— hlutfall allra reikninga sem tekið var á móti á fyrra almanaksári á pappír eða með rafrænum hætti í stöðluðu fyrirkomulagi og henta ekki sjálfvirkri vinnslu,

iv. fyrir fyrirtæki sem gefa út/senda reikninga til annarra fyrirtækja eða opinberra yfirvalda á fyrra almanaksári,

— hlutfall allra reikninga sem voru gefnir út/sendir á fyrra almanaksári til annarra fyrirtækja eða opinberra yfirvalda sem rafrænir reikningar í stöðluðu fyrirkomulagi sem hentar sjálfvirkri vinnslu,

— hlutfall allra reikninga sem voru gefnir út/sendir á fyrra almanaksári til annarra fyrirtækja eða opinberra yfirvalda með rafrænum hætti í stöðluðu fyrirkomulagi sem hentar ekki sjálfvirkri vinnslu,

— hlutfall allra reikninga sem voru á fyrra almanaksári einungis gefnir út/sendir til annarra fyrirtækja eða opinberra yfirvalda á pappír.

e) **Upplýsinga- og fjarskiptatæknihæfni hjá fyrirtækjaeiningunni og þörfin á upplýsinga- og fjarskiptatæknifærni**

i. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:

— ráðning sérfræðinga á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni,

— hvers konar aðgangur að tegund þjálfunar til að þróa færni sem tengist upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir sérfræðinga á því sviði á fyrra almanaksári,

— hvers konar aðgangur að tegund þjálfunar til að þróa færni sem tengist upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir aðra starfsmenn á fyrra almanaksári,

— ráðning eða tilraun til ráðningar sérfræðinga í upplýsinga- og fjarskiptatækni á fyrra almanaksári,

— framkvæmd á eftirfarandi störfum á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni á fyrra almanaksári, skipt niður í „Einkum af eigin starfsfólki, þ.m.t. þeim sem ráðnir hafa verið hjá móðurfélögum eða eignatengdum fyrirtækjum“, „Einkum af utanaðkomandi birgjum“, eða „Á ekki við“:

— viðhald á innviðum upplýsinga- og fjarskiptatækni (netþjónum, tölvum, prenturum, netkerfum),

— stuðningur við skrifstofuhugbúnað,

— þróun stjórnunarhugbúnaðs viðskiptakerfa,

— stuðningur við stjórnunarhugbúnað viðskiptakerfa,

— þróun vefforrita,

— stuðningur við vefforrit,

— vernd og gagnaöryggi,

ii. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur og hafa ráðið eða reynt að ráða sérfræðinga í upplýsinga- og fjarskiptatækni á fyrra almanaksári:

— lausar stöður fyrir sérfræðinga í upplýsinga- og fjarskiptatækni sem var erfitt að ráða í.

f) **Hindranir við notkun á upplýsinga- og fjarskiptatækni, Netinu og öðrum rafrænum netkerfum ásamt rafrænum ferlum í verslun og viðskiptum**

i. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:

— (valkvætt) hindranir sem takmarka eða koma í veg fyrir sölu um vefsetur eða „smáforrit“, vegna vara eða þjónustu sem henta ekki til vefsölu,

— (valkvætt) hindranir sem takmarka eða koma í veg fyrir sölu um vefsetur eða „smáforrit“, vegna vandamála sem tengjast birgðastjórnun,

— (valkvætt) hindranir sem takmarka eða koma í veg fyrir sölu um vefsetur eða „smáforrit“, vegna vandamála sem tengjast greiðslu,

— (valkvætt) hindranir sem takmarka eða koma í veg fyrir sölu um vefsetur eða „smáforrit“, vegna vandamála sem tengjast öryggisstefnu í upplýsinga- og fjarskiptatækni eða gagnavernd,

— (valkvætt) hindranir sem takmarka eða koma í veg fyrir sölu um vefsetur eða „smáforrit“, vegna vandamála sem tengjast lagarammanum,

— (valkvætt) hindranir sem takmarka eða koma í veg fyrir sölu um vefsetur eða „smáforrit“, vegna óhóflega hás fjárfestingarkostnaðar í samanburði við áætlaðan ávinning.

g) **Aðgangur að og notkun á tækni sem gefur færi á að tengjast Netinu eða öðrum netkerfum hvar og hvenær sem er (gegnumsmeygur tengjanleiki)**

i. fyrir fyrirtæki sem hafa aðgang að Netinu:

— fjaraðgangur að tölvupóstkerfi, gögnum og hugbúnaði fyrirtækisins,

— greiðsla auglýsinga á Netinu,

— notkun skýjavinnsluþjónustu, að undanskilinni ókeypis þjónustu,

ii. fyrir fyrirtæki sem greiða fyrir auglýsingar á Netinu með því að nota eina af eftirfarandi aðferðum við markmiðaðar auglýsingar:

— auglýsingaaðferð sem er byggð á efni vefseturs eða lykilorðum við leit notenda,

— auglýsingaaðferð sem er byggð á því að rekja fyrri netnotkun eða prófíl notenda,

— auglýsingaaðferð sem er byggð á landfræðilegri staðsetningu notenda Netsins,

— aðrar aðferðir við markmiðaðar auglýsingar á Netinu sem eru ekki tilgreindar hér að ofan,

iii. fyrir fyrirtæki sem hafa aðgang að Netinu og kaupa skýjavinnsluþjónustu:

— notkun tölvupósts sem skýjavinnsluþjónustu,

— notkun skrifstofuhugbúnaðar sem skýjavinnsluþjónustu,

— hýsing á gagnagrunni eða gagnagrunnum fyrirtækisins sem skýjavinnsluþjónustu,

— geymsla skjala sem skýjavinnsluþjónustu,

— notkun fjármála- eða bókhaldshugbúnaðar sem skýjavinnsluþjónustu,

— notkun hugbúnaðar fyrir stjórnun viðskiptatengsla (CRM) sem skýjavinnsluþjónustu,

— notkun tölvuaflgjafa til að knýja eigin hugbúnað fyrirtækisins sem skýjavinnsluþjónustu,

— notkun skýjavinnsluþjónustu, sem fengin er frá sameiginlegum netþjónum þjónustuveitenda,

— notkun skýjavinnsluþjónustu, sem afhent er frá netþjónum þjónustuveitanda sem eru algjörlega fráteknir fyrir fyrirtækið.

3) Safna skal, fyrir öll fyrirtæki, eftirfarandi bakgrunnsatriðum um fyrirtæki eða nálgast þau eftir öðrum leiðum:

— aðalatvinnustarfsemi fyrirtækisins á fyrra almanaksári,

— meðalfjölda starfsmanna á fyrra almanaksári,

— heildarvirði veltu, að undanskildum virðisaukaskatti, á fyrra almanaksári.

B. **Umfang**

Safna skal skráningaratriðum sem tilgreind eru í 2. og 3. lið A-hluta fyrir eftirfarandi flokka fyrirtækja:

1) Atvinnustarfsemi: fyrirtæki sem falla undir eftirfarandi flokka í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, endursk. 2):

Flokkur í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna	**Lýsing**
Bálkur C	„Framleiðsla“
Bálkur D, E	„Rafmagns-, gas- og hitaveitur, vatnsveita, fráveita og meðhöndlun úrgangs“
Bálkur F	„Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð“
Bálkur G	„Heild- og smásöluverslun; viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum“
Bálkur H	„Flutningar og geymsla“
Bálkur I	„Rekstur gististaða og veitingarekstur“
Bálkur J	„Upplýsingar og fjarskipti“

Flokkur í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna	Lýsing
Bálkur L	„Fasteignaviðskipti“
Deildir 69–74	„Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi“
Bálkur N	„Stjórnunar og stoðstarfsemi“
Flokkur 95.1	„Viðgerðir á tölvum og fjarskiptabúnaði“

2) Stærð fyrirtækis: fyrirtæki með 10 starfsmenn eða fleiri. Valfrjálst er hvort fjallað er um fyrirtæki með færri en 10 starfsmenn.

3) Landfræðilegt gildissvið: fyrirtæki sem eru staðsett á yfirráðasvæði aðildarríkisins.

C. **Viðmiðunartímabil**

Viðmiðunartímabilið er árið 2015 fyrir skráningaratriðin sem vísa til fyrra almanaksárs. Viðmiðunartímabilið er árið 2016 fyrir hin skráningaratriðin.

D. **Sundurliðanir á gögnum**

Afhenda á eftirtalin bakgrunnsatriði að því er varðar viðfangsefni og skráningaratriði þeirra sem talin eru upp í 2. lið í A-hluta:

1) Sundurliðun eftir atvinnustarfsemi: samkvæmt eftirfarandi samtölum í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.):

Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, samtala (NACE, 2. endursk.) fyrir hugsanlegan útreikning á landbundnum samtölum
10–18
19–23
24–25
26–33
35–39
41–43
45–47
47
49–53
55
58–63
68
69–74
77–82
26.1–26.4, 26.8, 46.5, 58.2, 61, 62, 63.1, 95.1

Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, samtala (NACE, 2. endursk.) fyrir hugsanlegan útreikning á landbundnum samtölum
10–12
13–15
16–18
26
27–28
29–30
31–33
45
46
55–56
58–60
61
62–63
77–78 + 80–82
79
95.1

2) Sundurliðun eftir stærðarflokkum: sundurliða skal gögn í eftirfarandi stærðarflokka eftir fjölda starfsmanna:

Stærðarflokkur
10 starfsmenn eða fleiri
10–49 starfsmenn
50–249 starfsmenn
250 starfsmenn eða fleiri

afhenda skal sundurliðun á gögnunum í samræmi við eftirfarandi töflur, þegar við á:

Stærðarflokkur
Færri en 10 starfsmenn (valkvætt)
Færri en 5 starfsmenn (valkvætt)
5–9 starfsmenn (valkvætt)

E. **Tíðni**

Leggja skal fram gögnin, sem krafist er í þessum viðauka, einu sinni fyrir árið 2016.

F. **Frestur sem veittur er til að senda niðurstöður**

1) Senda skal gagnasöfnin, sem um getur í 6. gr. og 6. mgr. I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) fyrir 5. október 2016, merkt með trúnaðarmerki eða óáreiðanleikamerki þegar nauðsyn krefur. Þann dag skal gagnasafnið vera fullgert, fullgilt og samþykkt.

2) Senda skal lýsigögnin, sem vísað er til í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópubandalaganna fyrir 31. maí 2016.

3) Senda skal gæðaskýrsluna, sem um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópusambandsins fyrir 5. nóvember 2016.

4) Afhenda skal Hagstofu Evrópusambandsins gögnin og lýsigögnin í samræmi við skiptistaðalinn sem Hagstofa Evrópusambandsins tilgreindi, með því að nota miðlæga gagnagrunnsþjónustu. Afhenda skal lýsigögnin og gæðaskýrsluna á stöðluðu lýsigagnaskipulagi sem Hagstofa Evrópusambandsins hefur skilgreint.

II. VIÐAUKI

2. eining: Einstaklingar, heimili og upplýsingasamfélagið

A. **Viðfangsefni og skráningaratriði þeirra**

1) Viðfangsefnin, sem fjallað verður um að því er varðar viðmiðunarárið 2016, eru valin úr skránni í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 808/2004 og eru eftirfarandi:

a) aðgangur að og notkun einstaklinga og/eða heimila á upplýsinga- og samskiptatækni,

b) notkun einstaklinga og/eða heimila á Netinu og öðrum rafrænum kerfum í mismunandi tilgangi,

c) öryggi og traust í upplýsinga- og fjarskiptatækni,

d) hæfni og færni í upplýsinga- og fjarskiptatækni,

e) hindranir við notkun á upplýsinga- og fjarskiptatækni og Netinu,

f) notkun einstaklinga á upplýsinga- og fjarskiptatækni til að skiptast á upplýsingum og þjónustu við hið opinbera og opinbera stjórnsýslu (rafræn stjórnsýsla),

g) aðgangur að og notkun tækni sem gefur færi á að tengjast Netinu eða öðrum netkerfum hvar og hvenær sem er (gegnumsmeygur tengjanleiki).

2) Safna skal eftirfarandi könnunaratriðum sem eru:

a) **Aðgangur að og notkun einstaklinga og/eða heimila á upplýsinga- og fjarskiptatækni**

i. fyrir öll heimili:

— aðgangur að Netinu á heimilinu (með hvaða búnaði sem er),

ii. fyrir heimili með netaðgang:

— nettenging: föst breiðbandstenging, s.s. DSL-tengitækni, ADSL-tenging, VDSL-tenging, kapall, ljósleiðarakapall, gervihnattasamband, almennar WiFi-tengingar (þráðlaust staðarnet),

— nettenging: færanleg breiðbandstenging (um dreifikerfi farsíma, sem er að minnsta kosti 3G, t.d. altæka farsímakerfið með því að nota SIM-kort eða USB-lykil, farsíma eða snjallsíma sem mótald),

— (valkvætt) nettenging: hringiaðgangur með hefðbundinni símalínu eða ISDN-tengingu,

— (valkvætt) nettenging: farsímatenging um mjóband (um dreifikerfi farsíma, neðar en 3G, t.d. 2G+/GPRS, með því að nota SIM-kort eða USB-lykil, farsíma eða snjallsíma sem mótald),

b) **Netnotkun einstaklinga og/eða heimila í mismunandi tilgangi**

i. fyrir alla einstaklinga:

— Netið síðast notað (á undanförnum 3 mánuðum, á bilinu 3 mánuðir til eitt ár, fyrir meira en einu ári, hefur aldrei notað Netið),

ii. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið:

— Netið síðast notað til netviðskipta í eigin þágu (á undanförnum 3 mánuðum, á bilinu 3 mánuðir til eitt ár, fyrir meira en einu ári, hefur aldrei keypt neitt eða pantað á Netinu),

iii. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförnum 3 mánuðum:

— meðaltíðni Netnotkunar á undanförnum 3 mánuðum (daglega eða nær daglega, a.m.k. vikulega (en ekki daglega), sjaldnar en vikulega),

— notkun á borðtölvu til að nota Netið á undanförnum 3 mánuðum,

— notkun á fartölvu eða fistölvu til að nota Netið á undanförnum 3 mánuðum,

— notkun á spjaldtölvu til að nota Netið á undanförnum 3 mánuðum,

— notkun á farsíma eða snjallsíma til að nota Netið á undanförnum 3 mánuðum,

— notkun á öðrum fartækjum (t.d. margmiðlunar- eða leikjaspilara, lestölvu, snjallúri) til að nota Netið á undanförnum 3 mánuðum,

— notkun snjallsjónvarps (beintengt við Netið, t.d. í gegnum WiFi-tengingar (þráðlaust staðnet), ekki í gegnum annað tæki til að nota sem stærri skjá) til að nota Netið á undanförnum 3 mánuðum,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 3 mánuðum til að senda og taka á móti tölvupósti,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 3 mánuðum fyrir talsímtöl um Netið, myndsímtöl (með vefmyndavél) um Netið (með því að nota hugbúnað),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 3 mánuðum til að taka þátt í samfélagsmiðlum (búa til notendalýsingu, senda inn skilaboð eða með annars konar framlagi),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 3 mánuðum til að lesa fréttir, dagblöð eða fréttatímarit á netinu,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 3 mánuðum til upplýsingaöflunar varðandi vörur eða þjónustu,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 3 mánuðum til að spila eða hlaða niður leikjum,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 3 mánuðum til að hlusta á tónlist (t.d. vefútvarp, tónlistarstreymi),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 3 mánuðum til að horfa á sjónvarpsstreymi í gegnum netið (beint eða tímaflakk) í gegnum sjónvarpsstöðvar,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 3 mánuðum til að horfa á pöntunarsjónvarp frá viðskiptaþjónustu,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 3 mánuðum til að horfa á myndbandsefni frá samnýtingarþjónustu,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 3 mánuðum til að hlaða upp eigið efni (s.s. texta, myndir, myndbönd, tónlist, hugbúnað) til miðlunar á vefsetri,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 3 mánuðum til að búa til vefsetur eða blogg,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 3 mánuðum til að leita upplýsinga er varða heilsu,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 3 mánuðum til að koma á fundi við sérfræðinga fyrir milligöngu vefseturs (t.d. vefsetur sjúkrahúsa eða heilsugæslustöðva),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 3 mánuðum til notkunar á þjónustu í tengslum við ferðir eða ferðatengda gistingu,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 3 mánuðum til sölu á vörum eða þjónustu (t.d. með uppboðum á Netinu),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 3 mánuðum til bankaviðskipta á Netinu,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 3 mánuðum til að nota greiðslureikninga til að borga fyrir vörur eða þjónustu sem keypt er á Netinu,

— notkun á geymslusvæði á Netinu í eigin þágu á undanförnum 3 mánuðum til að vista gögn, myndir, tónlist, myndbönd eða aðrar skrár (t.d. Google Drive, Dropbox, Windows OneDrive, iCloud, Amazon Cloud Drive),

— Netið notað á undanförnum 3 mánuðum til að stunda nám í menntunarskyni, atvinnuskyni eða í eigin þágu með því að sækja námskeið á Netinu,

— Netið notað á undanförnum 3 mánuðum til að stunda nám í menntunarskyni, atvinnuskyni eða í eigin þágu til að nota annað efni á Netinu en heilt námskeið (t.d. hljóð- og myndmiðlunarefni, námsforrit á netinu, rafrænar kennslubækur),

— Netið notað á undanförnum 3 mánuðum til að stunda nám í menntunarskyni, atvinnuskyni eða í eigin þágu með því að eiga samskipti við leiðbeinendur eða nema með því að nota vefsetur eða vefgáttir ætlaðar til náms,

— (valkvætt) Netið notað á undanförnum 3 mánuðum til að stunda annað nám í menntunarskyni, atvinnuskyni eða í eigin þágu,

iv. fyrir einstaklinga sem hafa notað snjallsjónvarp á undanförnum 3 mánuðum til að nota Netið:

— snjallsjónvarp notað á undanförnum 3 mánuðum til að horfa á sjónvarpsstreymi í gegnum netið (beint eða tímaflakk),

— snjallsjónvarp notað á undanförnum 3 mánuðum til að horfa á annað myndbandsefni (í gegnum pöntunarsjónvarp eða frá samnýtingarþjónustu),

— snjallsjónvarp notað á undanförnum 3 mánuðum til netskoðunar í gegnum smáforrit fyrir vafra,

— snjallsjónvarp notað á undanförnum 3 mánuðum til að nota önnur smáforrit (t.d. Skype, Facebook, leiki, verslun á Netinu),

v. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum:

— Netið notað til að kaupa eða selja hlutabréf, skuldabréf, fjármagn eða aðra fjárfestingarþjónustu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða endurnýja fyrirliggjandi vátryggingarsamninga, þ.m.t. þá sem boðið er upp á sem hluta af pakka með annarri þjónustu (t.d. ferðatrygging sem boðið er upp á með flugmiða) á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að taka lán eða semja um lánsfrest hjá bönkum eða öðrum veitendum fjármálaþjónustu á undanförnum 12 mánuðum,

vi. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið í eigin þágu til netviðskipta á undanförnum 12 mánuðum:

— Netið notað til að panta matvæli eða matvörur á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta muni til heimilisnota á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta lyf á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta fatnað eða íþróttavörur á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta tölvuvélbúnað á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta rafeindabúnað (þ.m.t. myndavélar) á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta fjarskiptaþjónustu (t.d. sjónvarp, breiðbandsáskriftir, fastlínu- eða farsímaáskriftir, upphal fjármuna á fyrirframgreidd símakort) á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta orlofsgistingu (s.s. hótel) á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta annars konar ferðatilhögun (s.s farseðla, bílaleigu) á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta aðgangsmiða á viðburði á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta kvikmyndir eða tónlist á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta bækur, tímarit eða dagblöð (þ.m.t. rafbækur) á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta rafrænt námsefni á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta skjáleikshugbúnað, annan tölvuhugbúnað eða hugbúnaðaruppfærslur á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að panta aðrar vörur eða þjónustu á undanförnum 12 mánuðum,

— vörur eða þjónusta keypt eða pöntuð á undanförnum 12 mánuðum frá innlendum seljendum,

— vörur eða þjónusta keypt eða pöntuð á undanförnum 12 mánuðum frá seljendum í öðrum ESB-löndum,

— vörur eða þjónusta keypt eða pöntuð á undanförnum 12 mánuðum frá seljendum sem eru þriðju aðilar,

— vörur eða þjónusta keypt eða pöntuð á undanförnum 12 mánuðum þar sem upprunaland seljenda er óþekkt,

— fjöldi pantana eða magn vöru eða þjónustu sem keypt er á Netinu á undanförnum 3 mánuðum (fjöldi pantana/kaupa eða í flokkunum: 1–2 pantanir/kaup; á milli > 2 og 5 pantanir/kaup; á milli > 5 og 10 pantanir/kaup, > 10 pantanir/kaup),

— heildarvirði vöru eða þjónustu (að undanskildum hlutabréfum eða annarri fjármálaþjónustu) sem keypt er á Netinu á undanförnum 3 mánuðum (fjárhæð í evrum eða í flokkunum: minna en 50 evrur, frá 50 evrum til minna en 100 evra, frá 100 evrum til 500 evra, frá 500 evrum til minna en 1000 evra, 1000 evrur eða meira, óþekkt),

— (valkvætt) vandi sem tengist netviðskiptum í formi bilunar í tækjabúnaði vefseturs við pöntun eða greiðslu,

— (valkvætt) vandi sem tengist netviðskiptum í formi vandkvæða við að finna upplýsingar um ábyrgðir og annan lagalegan rétt,

— (valkvætt) vandi sem tengist netviðskiptum þegar afhending tekur lengri tíma en tilgreint var,

— (valkvætt) vandi sem tengist netviðskiptum þegar endanlegur kostnaður er hærri en tilgreint var (t.d. hærri afhendingarkostnaður, óvænt millifærslugjald),

— (valkvætt) vandi sem tengist netviðskiptum þegar rangar vörur eða skemmdar vörur eru afhentar,

— (valkvætt) vandi sem tengist netviðskiptum þegar vandkvæði verða vegna svika (t.d. engin vara eða þjónusta hefur verið móttekin, misnotkun á kreditkortaupplýsingum),

— (valkvætt) vandi sem tengist netviðskiptum þegar upp koma erfiðleikar varðandi kvartanir og lagfæringar eða þegar ekki fást viðunandi svör við kvörtunum,

— (valkvætt) vandi sem tengist netviðskiptum þegar erlendur smásali selur ekki til ríkis svaranda,

— (valkvætt) annar vandi sem tengist netviðskiptum,

— (valkvætt) engin vandamál sem tengjast netviðskiptum,

— tíðni þess hversu oft upplýsingar eru notaðar frá vefsetrum ýmissa smásala, framleiðenda eða þjónustuveitenda áður en verslað er á Netinu á undanförnum 12 mánuðum, tilgreina skal hvort þær voru notaðar í hvert skipti, næstum hvert skipti, stundum, sjaldan eða aldrei,

— tíðni þess hversu oft upplýsingar eru notaðar um verð eða vörur frá samanburðarvefsetrum eða smáforritum áður en verslað er á Netinu á undanförnum 12 mánuðum, tilgreina skal hvort þær voru notaðar í hvert skipti, næstum hvert skipti, stundum, sjaldan eða aldrei,

— tíðni þess hversu oft upplýsingar eru notaðar frá rýni viðskiptavina á vefsetrum eða bloggi áður en verslað er á Netinu á undanförnum 12 mánuðum, tilgreina skal hvort þær voru notaðar í hvert skipti, næstum hvert skipti, stundum, sjaldan eða aldrei,

— vörur eða þjónusta sem er keypt eða pöntuð með því að smella á/kaupa beint í gegnum auglýsingu á vefsetri samfélagsmiðils eða smáforrits á undanförnum 12 mánuðum.

c) **Öryggi og traust í upplýsinga- og fjarskiptatækni**

i. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförnum 12 mánuðum:

— uppgefnar persónuupplýsingar á Netinu á undanförnum 12 mánuðum í formi persónulegra upplýsinga (t.d. nafn, fæðingardagur og -ár, kennitala),

— uppgefnar persónuupplýsingar á Netinu á undanförnum 12 mánuðum í formi samskiptaupplýsinga (t.d. heimilisfang, símanúmer, tölvupóstur),

— uppgefnar persónuupplýsingar á Netinu á undanförnum 12 mánuðum í formi greiðsluupplýsinga (t.d. kredit- eða debetkortanúmer, númer bankareiknings),

— aðrar uppgefnar persónuupplýsingar á Netinu á undanförnum 12 mánuðum, t.d. myndir, núverandi dvalarstaður, upplýsingar um heilsu, atvinnu, laun,

— engar persónuupplýsingar gefnar upp á Netinu á undanförnum 12 mánuðum,

— lásu stefnu varðandi friðhelgi einkalífsins áður en þeir gáfu upp persónuupplýsingar á Netinu á undanförnum 12 mánuðum,

— takmarkaður aðgangur að landfræðilegri staðsetningu á undanförnum 12 mánuðum,

— takmarkaður aðgangur að prófíl eða efni á vefsetrum samfélagsmiðla á undanförnum 12 mánuðum,

— höfnuðu að heimila notkun persónuupplýsinga í auglýsingaskyni á undanförnum 12 mánuðum,

— gengu úr skugga um á undanförnum 12 mánuðum að vefsetur, þar sem krafist var persónuupplýsinga, væri öruggt (t.d. https vefsetur, öryggiskennimerki eða öryggisskírteini),

— óskuðu eftir því að vefsetur eða leitarvélar nálguðust upplýsingar sem þær geyma um svaranda, í þeim tilgangi að uppfæra þær eða eyða þeim, á undanförnum 12 mánuðum,

— vitund um að hægt sé að nýta smygildi til að rekja ferðir fólks á Netinu, til að gera snið af hverjum notanda og sérsníða auglýsingar á þjónustu að notendum,

— (valkvætt) áhyggjur af því að athafnir á Netinu séu skráðar til að búa til sérsniðnar auglýsingar, tilgreina skal stig áhyggna sem miklar áhyggjur, nokkrar áhyggjur eða engar áhyggjur,

— hafa jafnvel breytt öryggisstillingum á netvafra til að koma í veg fyrir eða takmarka fjölda smygilda sem vistuð eru á tölvunni,

— notkun hugbúnaðar sem vinnur gegn því að rekja feril notanda.

d) **Hæfni og færni í upplýsinga- og fjarskiptatækni**

i. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförnum 12 mánuðum:

— færni í að millifæra skrár á milli tölva og annars búnaðar,

— færni í að setja upp hugbúnað eða forrit (smáforrit),

— færni í að breyta stillingum hugbúnaðar, þ.m.t. stýrikerfa eða öryggisforrita,

— færni til að afrita eða færa til skrár eða möppur,

— færni í að nota ritvinnsluhugbúnað,

— færni í að búa til kynningar eða skjöl með texta, myndum, töflum eða línurit,

— færni í að nota töflureiknishugbúnað,

— færni í að breyta myndum, myndböndum eða hljóðskrám,

— færni í að skrifa kóða á forritunarmáli,

ii. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið og töflureiknishugbúnað á undanförnum 12 mánuðum:

— færni í að nota sérhæfðar aðgerðir í töflureiknishugbúnaði til að skipuleggja og greina gögn, s.s. flokka, sía, nota reiknireglur og búa til línurit.

e) **Hindranir við notkun á upplýsinga- og fjarskiptatækni og Netinu**

i. fyrir heimili sem eru ekki með aðgang að Netinu, tilgreina skal ástæðu þess að ekki er aðgangur að Netinu heima fyrir:

— hafa aðgang að Netinu annars staðar,

— hafa ekki þörf fyrir Netið þar sem það nýtist ekki eða er ekki áhugavert,

— of hár kostnaður við búnaðinn,

— of hár kostnaður vegna aðgangsins (t.d. síma- og stafræn áskrifendatækni),

— færni er ekki fyrir hendi,

— áhyggjur af friðhelgi eða öryggi einkalífs,

— ekki aðgangur að breiðbandstengingu á svæðinu,

— ástæða eða ástæður af öðrum toga.

f) **Notkun einstaklinga á upplýsinga- og fjarskiptatækni til að skiptast á upplýsingum og þjónustu við hið opinbera og opinbera stjórnsýslu (rafræn stjórnsýsla)**

i. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförnum 12 mánuðum:

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum til að afla upplýsinga af vefsetrum opinberra yfirvalda eða opinberra þjónustuaðila,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum til að hala niður opinberum eyðublöðum af vefsetrum opinberra yfirvalda eða opinberra þjónustuaðila,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum til að skila útfylltum vefeyðublöðum til opinberra yfirvalda eða opinberra þjónustuaðila.

ii. fyrir einstaklinga sem skiluðu ekki útfylltum eyðublöðum á vefsetrum opinberra yfirvalda í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum og skiluðu þeim ekki inn af eftirfarandi ástæðum:

— framlagning opinberra eyðublaða var ónauðsynleg,

iii. fyrir einstaklinga sem skiluðu ekki útfylltum eyðublöðum á vefsetrum opinberra yfirvalda í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum og skiluðu þeim ekki inn, þrátt fyrir að framlagning opinberra eyðublaða væri nauðsynleg, af einni af eftirfarandi ástæðum:

— engin slík vefsetursþjónusta var tiltæk,

— skortur á færni eða þekkingu (vissi t.d. ekki hvernig nota skyldi vefsetur eða notkunin var of flókin),

— áhyggjur af vernd og öryggi persónuupplýsinga,

— (valkvætt) skortur eða vandkvæði varðandi rafræna undirskrift eða rafræn auðkenni/rafrænt vottorð sem krafist er til auðkenningar eða til að geta notað þjónustuna,

— annar aðili gerði það fyrir hönd svaranda (t.d. ráðgjafi, skattaráðgjafi, skyldmenni eða aðstandandi),

— önnur ástæða þess að leggja ekki fram útfyllt eyðublöð til opinberra yfirvalda á Netinu.

g) **Aðgangur að og notkun tækni sem gefur færi á að tengjast Netinu eða öðrum netkerfum hvar og hvenær sem er (gegnumsmeygur tengjanleiki)**

i. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförnum 3 mánuðum:

— notkun farsíma eða snjallsíma til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförnum 3 mánuðum,

— notkun farsíma (eða snjallsíma) um dreifikerfi farsíma til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförnum 3 mánuðum,

— notkun farsíma (eða snjallsíma) um þráðlaust netkerfi (t.d. WiFi-tengingar) til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförnum 3 mánuðum,

— notkun fartölvu (t.d. fartölvu, spjaldtölvu) til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförnum 3 mánuðum,

— notkun fartölvu (t.d. fartölvu eða spjaldtölvu) um dreifikerfi farsíma, með því að nota minnislykil eða SIM-kort eða farsíma eða snjallsíma fyrir mótald, til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförnum 3 mánuðum,

— notkun fartölvu (t.d. fartölvu eða spjaldtölvu) um þráðlaust netkerfi (t.d. WiFi-tengingar) til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförnum 3 mánuðum,

— notkun á öðrum fartækjum (t.d. margmiðlunar- eða leikjaspilurum, lestölvum eða snjallúrum) til að nota Netið utan heimilis eða vinnustaðar, á undanförnum 3 mánuðum,

— engin fartæki voru notuð til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförnum 3 mánuðum.

B. **Umfang**

1) Hagskýrslueiningarnar fyrir skráningaratriðin sem skráð eru í 2. lið A-hluta þessa viðauka og er varða heimili eru: heimili þar sem a.m.k. einn aðili er í aldurshópnum 16 – 74 ára.

2) Hagskýrslueiningarnar fyrir skráningaratriðin sem skráð eru í 2. lið A-hluta þessa viðauka og er varða heimili eru aðilar á aldrinum 16 – 74 ára.

3) Landfræðilegt gildissvið samanstendur af heimilum eða einstaklingum, eða hvoru tveggja, sem búa einhvers staðar á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis.

C. **Viðmiðunartímabil**

Aðalviðmiðunartímabilið fyrir söfnun hagskýrslna er fyrsti ársfjórðungur 2016.

D. **Félagsleg- og hagræn bakgrunnsatriði**

1) Safna á eftirtöldum bakgrunnsatriðum varðandi viðfangsefnin og þau skráningaratriði þeirra sem talin eru upp í 2. lið A-hluta þessa viðauka er varða heimili:

a) búsetusvæði, tilgreint samkvæmt flokkun svæða í flokkun hagskýrslusvæða 1 (NUTS1),

b) (valkvætt) búsetusvæði, tilgreint samkvæmt flokkun hagskýrslusvæða 2 (NUTS2),

c) landfræðileg staðsetning, þ.e. hvort búseta er á landsvæðum sem eru á eftir í þróun, búseta á svæðum í umbreytingarferli eða á þróaðri landsvæðum,

d) stig þéttbýlismyndunar, þ.e. hvort búseta er á þéttbýlu svæði, búseta á meðalþéttbýlu svæði eða á strjálbýlum svæðum,

e) fjölskyldugerð, tilgreina skal fjölda heimilismanna, (valkvætt) fjöldi einstaklinga 16–24 ára, (valkvætt), fjöldi nema 16–24 ára, (valkvætt) fjöldi einstaklinga 25–64 ára, (valkvætt) fjöldi einstaklinga 65 ára eða eldri, safna skal sérstaklega fjölda barna undir 16 ára aldri, (valkvætt) fjöldi barna 14 og 15 ára, (valkvætt) fjöldi barna 5–13 ára, (valkvætt) fjöldi barna 4 ára og yngri,

f) (valkvætt) mánaðarlegar hreinar tekjur heimilis, sem taka skal saman sem gildi eða í stærðarflokkum sem eru samrýmanlegir tekjufjórðungum,

g) (valkvætt) jafngildar mánaðarlegar hreinar tekjur heimilis, gefnar upp í fimmtungsmörkum,

2) safna á eftirtöldum bakgrunnsatriðum varðandi viðfangsefnin og þau skráningaratriði þeirra sem talin eru upp í 2. lið í A-hluta þessa viðauka og tengjast einstaklingum:

a) kyn,

b) fæðingarland, tilgreina skal hvort einstaklingur er innfæddur eða fæddur utanlands, í því tilviki skal einnig tilgreina hvort einstaklingurinn er fæddur í öðru aðildarríki ESB eða fæddur í landi utan ESB,

c) ríkisfangsland, hvort sem einstaklingur er ríkisborgari eða ekki, tilgreina skal hvort einstaklingur er ríkisborgari annars aðildarríkis ESB eða ríkisborgari lands utan ESB,

d) aldur í heilum árum, (valkvætt) yngri en 16 ára eða eldri en 74 ára eða bæði,

e) (valkvætt) hjúskaparstaða í reynd, hvort sem búið er í óvígðri sambúð eða ekki,

f) menntunarstig, tilgreina skal hæsta stig menntunar sem lokið er með árangursríkum hætti samkvæmt Alþjóðlegu menntunarflokkuninni (ISCED 2011), hvort sem það er á lægsta framhaldsskólastigi (ISCED 0, 1 eða 2), eða efra framhaldsskólastigi og viðbótarstigi háskólastigs (ISCED 3 eða 4), eða háskólastigi (ISCED 5, 6, 7 eða 8), eða minna en barnaskólamenntun (ISCED 0), eða barnaskólamenntun (ISCED 1), eða unglingastigi (ISCED 2), eða framhaldsskólamenntun (ISCED 3), eða viðbótarmenntun eftir framhaldsskóla (ISCED 4), eða fyrrihlutanámi á háskólastigi (ISCED 5), eða bakkalársstigi (BA/BS-próf) eða sambærilegu (ISCED 6), eða meistarastigi eða sambærilegu (ISCED 7), doktorsstigi eða sambærilegu (ISCED 8),

g) atvinnustaða, tilgreina skal hvort einstaklingurinn er starfsmaður eða sjálfstætt starfandi, þ.m.t. einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu (valkvætt: starfsmaður eða sjálfstætt starfandi í fullu starfi, starfsmaður eða sjálfstætt starfandi í hlutastarfi, starfsmaður, starfsmaður í föstu starfi eða með ótilgreindan ráðningartíma, starfsmaður í tímabundnu starfi eða með starfssamning í takmarkaðan tíma, sjálfstætt starfandi þ.m.t. einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu),

h) (valkvætt) tilgreinið atvinnuveg á vinnumarkaði:

Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE 2. endursk.), bálkar	Lýsing
A	Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar
B, C, D og E	Framleiðsla, námugröftur, vinnsla hráefna úr jörðu og aðrar atvinnugreinar
F	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
G, H og I	Heild- og smásöluverslanir, flutningar, rekstur gististaða og veitingarekstur
J	Upplýsingar og fjarskipti
K	Fjármála- og vátryggingastarfsemi
L	Fasteignaviðskipti
M og N	Viðskiptaþjónusta
O, P og Q	Opinber stjórnsýsla og varnarmál, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta
R, S, T og U	Önnur þjónusta

i) atvinnustaða, tilgreina skal hvort einstaklingur er atvinnulaus eða nemi sem er ekki á vinnumarkaði eða á annan hátt ekki á vinnumarkaði, valkvætt er að tilgreina hvort einstaklingur er á eftirlaunum eða snemmteknum eftirlaunum eða er hættur atvinnustarfsemi, varanlega fatlaður, í skyldubundinni herþjónustu eða samfélagsþjónustu, heimavinnandi eða utan vinnumarkaðar af annarri ástæðu,

j) starfsgrein samkvæmt alþjóðlegu starfaflokkuninni (ISCO-08), tilgreina skal hvort einstaklingur er verkamaður, ekki verkamaður, starfsmenn í upplýsinga- og fjarskiptatækni, annað starfsfólk en starfsmenn í upplýsinga- og fjarskiptatækni, og valkvætt, allar starfsgreinar samkvæmt alþjóðlegu starfaflokkuninni (ISCO-08), kóðaðar í tveggja tölustafa þrepi.

E. **Tíðni**

Leggja á gögnin fram einu sinni fyrir árið 2016.

F. **Frestur sem veittur er til að senda niðurstöður**

1) Senda skal stöku gagnaskrárnar til Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) fyrir 5. október 2016, þegar bein auðkenning viðkomandi hagskýrslueininga, sem um getur í 6. gr. og 6. lið II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 808/2004, er ekki möguleg. Þann dag skal gagnasafnið verða fullgert, fullgilt og samþykkt.

2) Senda skal lýsigögnin, sem vísað er til í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) fyrir 31. maí 2016.

3) Senda skal gæðaskýrsluna, sem um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) fyrir 5. nóvember 2016.

4) Afhenda skal Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) gögnin og lýsigögnin í samræmi við skiptistaðalinn sem Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat) tilgreindi, með því að nota miðlæga gagnagrunnsþjónustu. Afhenda skal lýsigögnin og gæðaskýrsluna á stöðluðu lýsigagnaskipulagi sem Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat) hefur skilgreint.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/348 **2016/EES/52/07**

frá 10. mars 2016

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 98/2012 að því er varðar lágmarksinnihald blöndu með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (DSM 23036), sem fóðuraukefni fyrir eldissvín (leyfishafi er Huvepharma EOOD) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og breytingar á slíku leyfi.

2) Notkun blöndu með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (DSM 23036), áður *Pichia pastoris*, var leyfð til 28. febrúar 2022 fyrir eldiskjúklinga og eldiskalkúna, kjúklinga sem aldir eru til að verða varphænur, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, varphænur, aðrar fuglategundir til eldis og varps, fráfærugrísi, eldissvín og gyltur með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 98/2012 ([2]), í kjölfar umsóknar þar að lútandi í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 hefur leyfishafinn lagt fram tillögu um breytingu á skilmálum leyfisins fyrir blöndunni sem fóðuraukefni fyrir eldissvín, með því að lækka ráðlagt lágmarksinnihald úr 250 OTU/kg í 125 OTU/kg. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings. Framkvæmdastjórnin framsendi umsóknina til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).

4) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 9. júlí 2015 ([3]) að við ný, tillögð notkunarskilyrði geti blanda með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (DSM 23036) verið áhrifarík í þeim lágmarksskammti sem farið er fram á, sem er 125 OTU/kg heilfóðurs, að því er varðar eldissvín. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktunaráætlun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (DSM 23036), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.

6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 98/2012 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 65, 11.3.2016, bls. 56. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 98/2012 frá 7. febrúar 2012 um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem framleiddur er með *Pichia pastoris* (DSM 23036), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og eldiskalkúna, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, varphænur, aðrar fuglategundir til eldis og varps, fráfærugrísi, eldissvín og gyltur (leyfishafi er Huvepharma AD) (Stjtíð. ESB L 35, 8.2.2012, bls. 6).

([3]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(7), 4200.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 98/2012 komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a16	Huvepharma EOOD	6-fýtasi (EC 3.1.3.26)	*Samsetning aukefnis* Blanda með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (DSM 23036), með virkni að lágmarki: 4 000 OTU([1])/g í föstu formi 8 000 OTU/g í fljótandi formi *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* 6-fýtasi (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (DSM 23036) *Greiningaraðferð* ([2]) Litmæling byggð á magnákvörðun á ólífrænu fosfati, sem ensímið leysir úr natríumfýtati.	Eldiskjúklingar, kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur, varphænur, aðrar fuglategundir aðrar en eldiskalkúnar og kalkúnar sem eru aldir til undaneldis, eldissvín, gyltur.	—	125 OTU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Ráðlagður hámarksskammtur fyrir allar leyfilegar tegundir: 500 OTU/kg heilfóðurs. 3. Til nota í fóður sem inniheldur yfir 0,23% fýtínbundinn fosfór. 4. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	28. febrúar 2022
				Eldiskalkúnar, kalkúnar sem eru aldir til undaneldis, fráfærugrísir		250 OTU			

([1]) 1 OTU er magn þess ensíms sem hvatar losun 1 míkrómóls af ólífrænu fosfati á mínútu úr 5,1 mM natríumfýtati í sítratjafnalausn við pH-gildið 5,5 og hitastigið 37 °C, mælt sem blár litur í P-mólýbdatflóka við 820 nm.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/329 **2016/EES/52/08**

frá 8. mars 2016

um leyfi fyrir 6-fýtasa sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir og fyrir fráfærugrísi, eldissvín, gyltur og aukategundir svína (leyfishafi er Lohmann Animal Nutrition GmbH) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir 6-fýtasa. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir 6-fýtasa, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir fugla- og svínategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 17. júní 2015 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi 6-fýtasi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Einnig var komist að þeirri niðurstöðu að aukefni geti mögulega bætt meltanleika fosfórs, nýtingu á fosfór eða bindingu steinefna í beinum hjá varphænum, eldiskjúklingum, öllum flokkum svína og eldiskalkúnum. Matvælaöryggisstofnunin taldi að þessar niðurstöður geti átt við um kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og kalkúna sem eru aldir til undaneldis. Hún ákvarðaði enn fremur að niðurstöðurnar megi yfirfæra á allar aukategundir alifugla og aðrar fuglategundir fram að því að þær fara að verpa og tegundir til varps. Að sama skapi má yfirfæra niðurstöðurnar, sem komist var að varðandi svín, yfir á aukategundir svína. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á 6-fýtasa sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun aukefnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 62, 9.3.2016, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(7), 4159.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a23	Lohmann Animal Nutrition GmbH	6-fýtasi EC 3.1.3.26	*Samsetning aukefnis* Blanda með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (DSM 25375), með virkni að lágmarki: 40 000 U ([1])/g Fljótandi og fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* 6-fýtasi (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Komagataella pastoris* (DSM 25375) *Greiningaraðferð* ([2]) Til að magnákvarða 6-fýtasavirkni í fóðuraukefninu: litmæling byggð á ensýmefnahvarfi 6-fýtasa við fýtat — VDLUFA Method Book, III. bindi, 27.1.1 Til að magnákvarða 6-fýtasavirkni í forblöndum og steinefnafóðri: litmæling byggð á ensýmefnahvarfi 6-fýtasa við fýtat — VDLUFA Method Book, III. bindi, 27.1.3	Eldiskjúklingar og kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur, allar fuglategundir til eldis og þær sem eru aldar til varps, aðrar en eldiskalkúnar og kalkúnar sem eru aldir til undaneldis	—	250 U	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	29. mars 2026
				Allar fuglategundir til varps		125 U			
				Eldiskalkúnar og kalkúnar sem eru aldir til undaneldis		500 U			
				Fráfærugrísir, eldissvín, gyltur og aukategundir svína		250 U			

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Til að magnákvarða 6-fýtasavirkni í fóðri: litmæling byggð á ensýmefnahvarfi fýtasa við fýtat — EN ISO 30024.						

([1]) 1 U er það magn ensíms sem leysir 1 míkrómól ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtathvarfefni við pH-gildið 5,5 og 37 °C.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1 **2016/EES/52/09**

frá 3. desember 2015

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bífenasat, boskalíð, sýasófamíð, sýrómasín, dasómet, díþíókarbamöt, flúasífóp-P, mepanípýrím, metrafenón, píklóram, própamókarb, pýridaben, pýríófenón, súlfoxaflór, tebúkónasól, tebúfenpýrað og þíram í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir bífenasat, sýasófamíð, sýrómasín, mepanípýrím, metrafenón, própamókarb og tebúkónasól. Í II. viðauka og B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir díþíókarbamöt og þíram. Í A-hluta III. viðauka við þá reglugerð voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir boskalíð, dasómet, flúasífóp-P, píklóram, pýridaben, pýríófenón og tebúfenpýrað. Að því er varðar súlfoxaflór voru ekki fastsett sértæk hámarksgildi leifa, né heldur var efnið skráð í IV. viðauka við þá reglugerð og því gildir staðalgildi, sem er 0,01 mg/kg, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 18. gr.

2) Í tengslum við málsmeðferð sem varðaði leyfi fyrir plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið bífenasat til notkunar á bláber, trönuber, stikilsber og eplaþyrniber var sótt um, skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, að fá að breyta gildandi hámarksgildum leifa.

3) Að því er varðar boskalíð var slík umsókn lögð fram varðandi baunir og ertur (með fræbelg). Að því er varðar sýasófamíð var slík umsókn lögð fram varðandi eggaldin. Að því er varðar sýrómasín var slík umsókn lögð fram varðandi „salat og salatplöntur“, „spínat og áþekk blöð“ og „kryddjurtir og æt blóm“. Að því er varðar dasómet var slík umsókn lögð fram varðandi aldin með kenninúmerið 0100000, gulrætur, hreðkur, aldingrænmeti (að undanskildum sykurmaís), blaðkál, „salat og salatplöntur“ og „spínat og áþekk blöð“. Að því er varðar flúasífóp-P var slík umsókn lögð fram varðandi hnúðsillu, ætihnúða, ertur (án fræbelgs), ætiþistla, þurrkaðar baunir, linsubaunir, lúpínubaunir,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 2, 5.1.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

hörfræ, valmúafræ, litunarþistilsfræ, jurtate (þurrkaðar rætur) og krydd (rætur eða jarðstönglar). Að því er varðar mepanípýrím var slík umsókn lögð fram varðandi jarðarber, tómata, eggaldin og gúrkur. Að því er varðar metrafenón var slík umsókn lögð fram varðandi humla. Að því er varðar píklóram var slík umsókn lögð fram varðandi hjólkrónur. Að því er varðar própamókarb var slík umsókn lögð fram varðandi hvítlauk, lauka og skalottlauka. Að því er varðar pýridaben var slík umsókn lögð fram varðandi aldin plantna af graskersætt (ætt hýði). Að því er varðar pýríófenón var slík umsókn lögð fram varðandi vínber til neyslu. Að því er varðar tebúkónasól var slík umsókn lögð fram varðandi gúrkur og dvergbíta. Að því er varðar tebúfenpýrað var slík umsókn lögð fram varðandi sítrusávexti, plómur, jarðarber, tómata, paprikur, eggaldin, smágúrkur, melónur og vatnsmelónur.

4) Í samræmi við 2. og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 var lögð fram umsókn varðandi þíram til notkunar á lárperur. Umsækjandinn fullyrðir að leyfð notkun efnisins á slíkar nytjaplöntur í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi leiði til þess að styrkur leifa verður meiri en hámarksgildi leifa í reglugerð (EB) nr. 396/2005 segir til um og að nauðsynlegt sé að setja hærra hámarksgildi leifa til að komast hjá viðskiptahindrunum við innflutning á þessari nytjaplöntu.

5) Viðkomandi aðildarríki mátu þessar umsóknir í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslurnar voru sendar framkvæmdastjórninni.

6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, lagði mat á umsóknirnar og matsskýrslurnar og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr og skilaði rökstuddum álitum um tillögð hámarksgildi leifa ([2]). Matvælaöryggisstofnunin sendi þessi álit til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði þau aðgengileg almenningi.

7) Að því er varðar notkun sýrómasíns á breiðblaða salatfífla og notkun tebúfenpýraðs á paprikur komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu í rökstuddum álitum sínum að ekki væri hægt að útiloka áhættu fyrir neytendur. Gildandi hámarksgildi leifa ættu því að haldast óbreytt.

8) Að því er varðar notkun sýrómasíns á vorsalat og ferskar kryddjurtir, notkun dasómets á aldin og notkun tebúfenpýraðs á plómur, smágúrkur, melónur og vatnsmelónur styðja fyrirliggjandi gögn lægri hámarksgildi leifa en þau sem eru í gildi. Þar eð staðfesta þarf hvort þessi lægri hámarksgildi leifa endurspegla á fullnægjandi hátt mikilvægar góðar starfsvenjur í landbúnaði, sem notaðar eru í Sambandinu, og þar eð gildandi hámarksgili leifa eru örugg fyrir neytendur er þó rétt að lækka ekki gildandi lágmarksgildi leifa með þessari reglugerð heldur nota upplýsingarnar, sem fást úr framlögðum gögnum, við endurskoðun á öllum gildandi hámarksgildum leifa fyrir þessi efni.

([2]) Vísindaskýrslur Matvælaöryggisstofnunar Evrópu eru aðgengilegar á Netinu á: http://www.efsa.europa.eu
„Reasoned opinion on the modification of the existing maximum residue levels (MRLs) for bifenazate in blueberries, cranberries, gooseberries and azaroles (kiwiberries).“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(3), 4047 (20 bls.).
„Reasoned opinion on the modification of the existing maximum residue level (MRL) for boscalid in beans and peas with pods.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(3), 4045 (19 bls.).
„Reasoned opinion on the modification of the existing MRLs for cyazofamid in aubergines.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(1), 3993 (19 bls.).
„Reasoned opinion on the modification of the existing MRLs for cyromazine in various leaf vegetables and fresh herbs.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(1), 4004 (22 bls.),
Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(3), 4049 (23 bls.),
Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(3), 4049 (28 bls.).
„Reasoned opinion on the modification of the existing maximum residue levels (MRLs) for mepanipyrim in tomato, aubergine, strawberry and cucumber.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(3), 4037 (24 bls.).
„Reasoned opinion on the setting of a new maximum residues level (MRL) for metrafenone in hop cones.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(4), 4078 (19 bls.).
„Reasoned opinion on the modification of the existing maximum residue level (MRL) for picloram in borage and corn gromwell seeds.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(3), 4062 (20 bls.).
„Reasoned opinion on the modification of the existing maximum residue levels for propamocarb in onions, garlic, shallots and leeks.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(4), 4048 (20 bls.).
„Reasoned opinion on the modification of the existing maximum residue level (MRL) for pyridaben in cucurbits — edible peel.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(3), 4041 (21 bls.).
„Reasoned opinion on the modification of the existing maximum residue level (MRL) for pyriofenone in table grapes.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(3), 4071 (16 bls.).
„Reasoned opinion on the modification of the existing MRLs for tebuconazole in cucumbers and courgettes.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(1), 4000 (24 bls.).
„Reasoned opinion on the modification of the existing MRLs for tebufenpyrad in various crops.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(4), 4091 (29 bls.).
„Reasoned opinion on the modification of the existing MRL for thiram in avocados.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(1), 4003 (21 bls.).

9) Að því er varðar díþíókarbamöt komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að fastsetja þurfi nýtt hámarksgildi leifa, sem nemur 7 mg/kg, fyrir lárperur til að taka á fullnægjandi hátt á notkun þírams á slíkar nytjaplöntur. Tillagt hámarksgildi leifa telst öruggt fyrir neytendur.

10) Að því er varðar allar aðrar umsóknir komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að allar kröfur um gögn hefðu verið uppfylltar og að breytingarnar, sem umsækjendurnir óskuðu eftir að yrðu gerðar á hámarksgildunum, væru viðunandi að því er varðar öryggi neytenda, á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Hún tók tillit til nýjustu upplýsinga um eiturefnafræðilega eiginleika efnanna. Hvorki þótti sýnt að ævilöng váhrif af völdum þessara efna vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið þau, né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi nytjaplöntum og afurðum sköpuðu hættu á að farið yrði yfir ásættanlega, daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.

11) Að því er varðar súlfoxaflór lagði Matvælaöryggisstofnunin fram niðurstöðu um ritrýni á áhættumati á varnarefnum með virka efninu súlfoxaflóri ([3]). Í því samhengi lagði hún til að fastsett yrðu hámarksgildi leifa sem ná bæði yfir dæmigerða notkun samkvæmt góðum starfsvenjum í landbúnaði í Sambandinu og beiðnir um innflutningsvikmörk frá nokkrum þriðju löndum. Framkvæmdastjórnin hafði samráð við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins varðandi viðeigandi magngreiningarmörk.

12) Á grundvelli rökstuddra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

13) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([3]) „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance sulfoxaflor.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(5), 3692 (170 bls.).

VIÐAUKI

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dálkanna fyrir bífenasat, sýasófamíð, sýrómasín, díþíókarbamöt, mepanípýrím, metrafenón, própamókarb, tebúkónasól og þíram í II. viðauka komi eftirfarandi:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (a)	Bífenasat (summa bífenasats og bífenasatdíasens, gefin upp sem bífenasat (F)	Sýasófamíð	Sýrómasín	Díþíókarbamöt, (díþíókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram).	Mepanípýrím	Metrafenón (F)	Própamókarb (summa própamókarbs og salta þess, gefin upp sem própamókarb) (R)	Tebúkónasól (R)	Þíram (gefið upp sem þíram)
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
0100000	**NÝ EÐA FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR**			0,05(*)				0,01(*)		
0110000	**Sítrusávextir**	0,9	0,01(*)		**5** (+)	0,01(*)	0,01(*)			0,1(*)
0110010	Greipaldin								5	
0110020	Appelsínur								0,9	
0110030	Sítrónur								5	
0110040	Súraldin								5	
0110050	Mandarínur								5	
0110990	Annað								5	

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
0120000	**Trjáhnetur**	0,2	0,02(*)			0,02(*)	0,01(*)		0,05	0,1(*)
0120010	Möndlur				0,05(*)					
0120020	Parahnetur				0,05(*)					
0120030	Kasúhnetur				0,05(*)					
0120040	Hestakastaníuhnetur				0,05(*)					
0120050	Kókoshnetur				0,05(*)					
0120060	Heslihnetur				0,05(*)					
0120070	Goðahnetur				0,05(*)					
0120080	Pekanhnetur				0,05(*)					
0120090	Furuhnetukjarnar				0,05(*)					
0120100	Pistasíuhnetur				0,05(*)					
0120110	Valhnetur				**0,1** (+)					
0120990	Annað				0,05(*)					
0130000	**Kjarnaávextir**	0,7 (+)	0,01(*)		**5** (+)	0,01(*)	0,01(*)			
0130010	Epli								0,3	5
0130020	Perur								0,3	5
0130030	Kveði								0,5	0,1(*)
0130040	Trjámispilsaldin				(**)		(**)		0,5	(**)
0130050	Dúnepli/japansplómur				(**)		(**)		0,5	(**)
0130990	Annað								0,5	0,1(*)
0140000	**Steinaldin**	2	0,01(*)			0,01(*)	0,01(*)			
0140010	Apríkósur				2 (+)				0,6	3
0140020	Kirsuber (sæt)				2 (+)				1 (+)	3
0140030	Ferskjur				2 (+)				0,6	3
0140040	Plómur				2 (+)				1	2
0140990	Annað				0,05(*)				0,02(*)	0,1(*)

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
0150000	**Ber og smá aldin**									
0151000	a) *Þrúgur*	0,7	**2**		5 (+)	2	7			
0151010	Vínber til neyslu								0,5	0,1(*)
0151020	Vínþrúgur								1 (+)	3
0152000	b) *Jarðarber*	3	0,01(*)		10 (+)	**3**	0,6		0,02(*)	10
0153000	c) *Klungurber*	7	0,01(*)		0,05(*)	0,01(*)	0,01(*)		0,5	0,1(*)
0153010	Brómber									
0153020	Daggarber								(+)	
0153030	Hindber (rauð og gul)									
0153990	Annað								(+)	
0154000	d) *Önnur smá aldin og ber*		0,01(*)			0,01(*)	0,01(*)		1,5	0,1(*)
0154010	Bláber	**0,7**			**5** (+)					
0154020	Trönuber	**0,7**			**5** (+)					
0154030	Rifsber (rauð og hvít) og sólber	0,7			5 (+)					
0154040	Stikilsber (græn, rauð og gul)	**0,7**			**5** (+)					
0154050	Rósaldin	0,01(*)			(**)		(**)			(**)
0154060	Mórber (svört og hvít)	0,01(*)			(**)		(**)			(**)
0154070	Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin	**0,7**			(**)		(**)			(**)
0154080	Ylliber	0,01(*)			(**)		(**)			(**)
0154990	Annað	0,01(*)			5					
0160000	**Ýmis aldin með**	0,01(*)	0,01(*)			0,01(*)	0,01(*)			
0161000	a) *Ætu hýði*									0,1(*)
0161010	Döðlur				0,05(*)				0,02(*)	
0161020	Fíkjur				0,05(*)				0,02(*)	

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
0161030	Ólífur til átu				5 (+)				0,05	
0161040	Gullappelsínur				0,05(*)				0,02(*)	
0161050	Stjörnualdin				(**)		(**)		0,02(*)	(**)
0161060	Gallaldin				(**)		(**)		0,02(*)	(**)
0161070	Jövuplómur				(**)		(**)		0,02(*)	(**)
0161990	Annað				0,05(*)				0,02(*)	
0162000	b) *Ócetu hýði, lítil*				0,05(*)					0,1(*)
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)								0,02(*)	
0162020	Litkaber								0,02(*)	
0162030	Píslaraldin								1	
0162040	Kaktusfíkjur				(**)		(**)		0,02(*)	(**)
0162050	Stjörnuepli				(**)		(**)		0,02(*)	(**)
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí				(**)		(**)		0,02(*)	(**)
0162990	Annað								0,02(*)	
0163000	c) *Ócetu hýði, stór*									
0163010	Lárperur				**7** (+)				0,02(*)	**10**
0163020	Bananar				2 (+)				0,05	0,2
0163030	Mangó				2 (+)				0,1	0,1(*)
0163040	Papæjualdin				7 (+)				2	0,1(*)
0163050	Granatepli				0,05(*)				0,02(*)	0,1(*)
0163060	Morgunberkjur				(**)		(**)		0,02(*)	(**)
0163070	Gvövur				(**)		(**)		0,02(*)	(**)
0163080	Ananas				0,05(*)				0,02(*)	0,1(*)
0163090	Brauðaldin				(**)		(**)		0,02(*)	(**)
0163100	Dáraaldin				(**)		(**)		0,02(*)	(**)

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
0163110	Nónberkjur				(**)		(**)		0,02(*)	(**)
0163990	Annað				0,05(*)				0,02(*)	0,1(*)
0200000	**NÝTT EÐA FRYST GRÆNMETI**									
0210000	**Rótarávextir og hnýði**	0,01(*)		0,05(*)		0,01(*)	0,01(*)			0,1(*)
0211000	a) *Kartöflur*		0,01(*) (+)		0,3 (+)			0,3	0,02(*)	
0212000	b) *Hitabeltisrótarávextir og -hnýði*		0,01(*)		0,05(*)			0,01(*)	0,02(*)	
0212010	Kassavarætur									
0212020	Sætar kartöflur									
0212030	Mjölrótarhnýði									
0212040	Örvarrætur				(**)		(**)			(**)
0212990	Annað									
0213000	c) *Aðrir rótarávextir og hnýði, að sykurrófum undanskildum*									
0213010	Rauðrófur		0,01(*)		0,5 (+)			0,01(*)	0,02(*)	
0213020	Gulrætur		0,01(*)		0,2 (+)			0,01(*)	0,4	
0213030	Hnúðsillur/hnúðsellerí		0,01(*)		0,3 (+)			0,01(*)	0,5	
0213040	Piparrót		0,1		0,2 (+)			0,01(*)	0,4	
0213050	Ætihnúðar		0,01(*)		0,05(*)			0,01(*)	0,02(*)	
0213060	Nípur		0,01(*)		0,2 (+)			0,01(*)	0,4	
0213070	Steinseljurætur		0,01(*)		0,2 (+)			0,01(*)	0,4	
0213080	Hreðkur		0,01(*)		2 (+)			3	0,02(*)	
0213090	Hafursrætur		0,01(*)		0,2 (+)			0,01(*)	0,4 (+)	
0213100	Gulrófur		0,01(*)		0,05(*)			0,01(*)	0,3	
0213110	Næpur		0,01(*)		0,05(*)			0,01(*)	0,3	
0213990	Annað		0,01(*)		0,05(*)			0,01(*)	0,02(*)	

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
0220000	**Laukar**	0,01(*)	0,01(*)	0,05(*)		0,01(*)	0,01(*)			0,1(*)
0220010	Hvítlaukur				0,6 (+)			**2**	0,1	
0220020	Laukar				1 (+)			2	0,1	
0220030	Skalottlaukar				1 (+)			**2**	0,05	
0220040	Vorlaukar og pípulaukar				1 (+)			30	0,6	
0220990	Annað				0,05(*)			0,01(*)	0,02(*)	
0230000	**Aldingrænmeti**									0,1(*)
0231000	a) *Náttskuggaætt*									
0231010	Tómatar	0,5	0,6 (+)	0,6	3 (+)	**1,5**	0,4	4	0,9	
0231020	Paprikur	3	0,01(*)	1,5	5 (+)	0,01(*)	2	3	0,6	
0231030	Eggaldin	0,5	**0,3**	0,6	3 (+)	**1,5**	0,3	4	0,4 (+)	
0231040	Okrur	0,01(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,5 (+)	0,01(*)	0,01(*)	0,01(*)	0,02(*)	
0231990	Annað	0,01(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,01(*)	0,01(*)	0,02(*)	
0232000	b) *Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði*	0,5	0,2 (+)	2	2 (+)		0,15	5		
0232010	Gúrkur					**0,5**			**0,6**	
0232020	Smágúrkur					0,01(*)			0,02(*)	
0232030	Dvergbítar					0,6			**0,6**	
0232990	Annað					0,01(*)			0,02(*)	
0233000	c) *Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði*	0,5	0,15 (+)	0,4	1,5 (+)	0,01(*)	0,1	5		
0233010	Melónur								0,2 (+)	
0233020	Risagrasker								0,15	
0233030	Vatnsmelónur								0,15	
0233990	Annað								0,15	

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
0234000	d) *Sykurmais*	0,01(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,01(*)	0,01(*)	0,6	
0239000	e) *Annað aldingrænmeti*	0,01(*)	0,01(*)	0,05(*)	0,05(*)	0,01(*)	0,01(*)	0,01(*)	0,02(*)	
0240000	**Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni *Brassica*)**	0,01(*)	0,01(*)	0,05(*)		0,01(*)	0,01(*)			0,1(*)
0241000	a) *Blómstrandi kál*				1 (+)					
0241010	Spergilkál							3	0,15	
0241020	Blómkál							10 (+)	0,05	
0241990	Annað							0,01(*)	0,02(*)	
0242000	b) *Kálhöfuð*								0,7	
0242010	Rósakál				2 (+)			2		
0242020	Höfuðkál				3 (+)			0,7		
0242990	Annað				0,05(*)			0,01(*)		
0243000	c) *Blaðkál*				0,5 (+)				0,02(*)	
0243010	Kínakál							20		
0270030	Sellerí	
0270040	Hnúðfennikur	
0270050	Ætiþistlar	
0270060	Blaðlaukar	
0270070	Rabarbarar	
0270080	Bambussprotar	
0270090	Pálmakjarnar	
0270990	Annað	
0280000	**Sveppir, mosar og skófir**	**0,01**(*)
0280010	Ræktaðir sveppir	
0280020	Villtir sveppir	
0280990	**Mosar og skófir**	
0290000	**Þörungar og dreifkjörnungslífverur**	**0,01**(*)
0300000	**BELGÁVEXTIR**	**0,01**(*)
0300010	Baunir	
0300020	Linsubaunir	
0300030	Ertur	
0300040	Lúpínur/lúpínubaunir	
0300990	Annað	
0400000	**OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN**	
0401000	**Olíufræ**	
0401010	Hörfræ	**0,02**(*)
0401020	Jarðhnetur	**0,02**(*)
0401030	Valmúafræ	**0,02**(*)
0401040	Sesamfræ	**0,02**(*)
0401050	Sólblómafræ	**0,02**(*)
0401060	Repjufræ	**0,1**
0401070	Sojabaunir	**0,2**
0401080	Mustarðsfræ	**0,02**(*)
0401090	Baðmullarfræ	**0,02**(*)
0401100	Risagraskersfræ	**0,02**(*)
0401110	Litunarþistilsfræ	**0,02**(*)
0401120	Hjólkrónufræ	**0,02**(*)
0401130	Akurdoðrufræ	**0,02**(*)
0401140	Hampfræ	**0,02**(*)
0401150	Kristpálmafræ	**0,02**(*)
0401990	Annað	**0,02**(*)
0402000	**Olíurík aldin**	**0,02**(*)
0402010	Ólífur til olíuframleiðslu	
0402020	Olíupálmakjarnar	
0402030	Olíupálmaaldin	
0402040	Dúnviðaraldin	
0402990	Annað	

1	2	3
0500000	**KORNTEGUNDIR**	
0500010	Bygg	**0,04**
0500020	Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir	**0,01**(*)
0500030	Maís	**0,01**(*)
0500040	Hirsi	**0,01**(*)
0500050	Hafrar	**0,04**
0500060	Hrísgrjón	**0,01**(*)
0500070	Rúgur	**0,01**(*)
0500080	Dúrra	**0,01**(*)
0500090	Hveiti	**0,09**
0500990	Annað	**0,01**(*)
0600000	**TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ**	**0,05**(*)
0610000	**Te**	
0620000	**Kaffibaunir**	
0630000	**Jurtate úr:**	
0631000	a) *Blómum*	
0631010	Gæsajurt	
0631020	Læknakólfur	
0631030	Rósir	
0631040	Jasmína	
0631050	Lindiblóm	
0631990	Annað	
0632000	b) *Blöðum og kryddjurtum*	
0632010	Jarðarber	
0632020	Rauðrunnalauf	
0632030	Indíánaþyrnislauf	
0632990	Annað	
0633000	c) *Rótum*	
0633010	Garðabrúða	
0633020	Ginseng	
0633990	Annað	
0639000	d) *Öðrum plöntuhlutum*	
0640000	**Kakóbaunir**	
0650000	**Jóhannesarbrauð**	
0700000	**HUMLAR**	**0,05**(*)
0800000	**KRYDD**	
0810000	**Krydd úr fræjum**	**0,05**(*)
0810010	Anís/anísfræ	
0810020	Ilmfrú	

1	2	3
0810030	Sellerí	
0810040	Kóríander	
0810050	Kúmín	
0810060	Dill	
0810070	Fennikur	
0810080	Grikkjasmári	
0810090	Múskat	
0810990	Annað	
0820000	**Aldinkrydd**	**0,05**(*)
0820010	Allrahanda	
0820020	Kínapipar	
0820030	Kúmen	
0820040	Kardimommur	
0820050	Einiber	
0820060	Pipar (svartur, grænn og hvítur)	
0820070	Vanilla	
0820080	Tamarind	
0820990	Annað	
0830000	**Barkarkrydd**	**0,05**(*)
0830010	Kanill	
0830990	Annað	
0840000	**Krydd úr rótum og jarðstönglum**	
0840010	Lakkrís	**0,05**(*)
0840020	Engifer	**0,05**(*)
0840030	Túrmerik/gullinrót	**0,05**(*)
0840040	Piparrót	**(+)**
0840990	Annað	**0,05**(*)
0850000	**Blómhnappakrydd**	**0,05**(*)
0850010	Negull	
0850020	Kapers	
0850990	Annað	
0860000	**Frævukrydd**	**0,05**(*)
0860010	Saffran	
0860990	Annað	
0870000	**Frækápukrydd**	**0,05**(*)
0870010	Múskatblóm	
0870990	Annað	
0900000	**SYKURPLÖNTUR**	**0,01**(*)
0900010	Sykurrófurætur	
0900020	Sykurreyr	
0900030	Kaffififilsrætur	
0900990	Annað	

1	2	3
1000000	**AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR**	
1010000	**Vefir:**	
1011000	a) *Svín*	
1011010	Vöðvi	**0,01**(*)
1011020	Fituvefur	**0,01**(*)
1011030	Lifur	**0.015**
1011040	Nýru	**0,01**
1011050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	**0,01**(*)
1011990	Annað	**0,01**(*)
1012000	b) *Nautgripir*	
1012010	Vöðvi	**0,07**
1012020	Fituvefur	**0,04**
1012030	Lifur	**0,2**
1012040	Nýru	**0,1**
1012050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	**0,01**(*)
1012990	Annað	**0,01**(*)
1013000	c) *Sauðfé*	
1013010	Vöðvi	**0,07**
1013020	Fituvefur	**0,04**
1013030	Lifur	**0,2**
1013040	Nýru	**0,1**
1013050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	**0,01**(*)
1013990	Annað	**0,01**(*)
1014000	d) *Geitur*	
1014010	Vöðvi	**0,07**
1014020	Fituvefur	**0,04**
1014030	Lifur	**0,2**
1014040	Nýru	**0,1**
1014050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	**0,01**(*)
1014990	Annað	**0,01**(*)
1015000	e) *Hestar*	
1015010	Vöðvi	**0,07**
1015020	Fituvefur	**0,04**
1015030	Lifur	**0,2**
1015040	Nýru	**0,1**
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	**0,01**(*)
1015990	Annað	**0,01**(*)
1016000	f) *Alifuglar*	**0,01**(*)
1016010	Vöðvi	
1016020	Fituvefur	

1	2	3
1016030	Lifur	
1016040	Nýru	
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1016990	Annað	
1017000	g) *Önnur alin landdýr*	
1017010	Vöðvi	**0,07**
1017020	Fituvefur	**0,04**
1017030	Lifur	**0,2**
1017040	Nýru	**0,1**
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	**0,01**(*)
1017990	Annað	**0,01**(*)
1020000	**Mjólk**	**0,03**
1020010	Nautgripir	
1020020	Sauðfé	
1020030	Geitur	
1020040	Hestar	
1020990	Annað	
1030000	**Fuglsegg**	**0,01**(*)
1030010	Hænsni	
1030020	Endur	
1030030	Gæsir	
1030040	Kornhænur	
1030990	Annað	
1040000	**Hunang og aðrar býræktarafurðir**	**0,05**(*)
1050000	**Froskdýr og skriðdýr**	**0,01**(*)
1060000	**Landhryggleysingjar**	**0,01**(*)
1070000	**Villt landhryggdýr**	**0,01**(*)

(*) Neðri greiningarmörk

([a]) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

Súlfoxaflór

(+) Gildandi hámarksgildi leifa fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í flokknum krydd (kenninúmer 0840040) er það sem fastsett hefur verið fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í grænmetisflokki, rótar- og hýðisgrænmetisflokki (kenninúmer 0213040) að teknu tilliti til breytinga á gildum eftir vinnslu (þurrkun) skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

0840040 Piparrót“

c) Í stað dálkanna fyrir díþíókarbamöt og þíram í B-hluta komi eftirfarandi:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um [a]	Díþíókarbamöt, (díþíókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram).	Þíram (gefið upp sem þíram)
1	2	3	4
0130040	Trjámispilsaldin	**5**(+)	0,1(*)
0130050	Dúnepli/japansplómur	**5**(+)	0,1(*)
0154050	Rósaldin	0,05(*)	0,1(*)
0154060	Mórber (svört og hvít)	0,05(*)	0,1(*)
0154070	Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin	0,05(*)	0,1(*)
0154080	Ylliber	0,05(*)	0,1(*)
0161050	Stjörnualdin	0,05(*)	0,1(*)
0161060	Gallaldin	0,05(*)	0,1(*)
0161070	Jövuplómur	0,05(*)	0,1(*)
0162040	Kaktusfíkjur	0,05(*)	0,1(*)
0162050	Stjörnuepli	0,05(*)	0,1(*)
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí	0,05(*)	0,1(*)
0163060	Morgunberkjur	0,05(*)	0,1(*)
0163070	Gvövur	0,05(*)	0,1(*)
0163090	Brauðaldin	0,05(*)	0,1(*)
0163100	Dáraaldin	0,05(*)	0,1(*)
0163110	Nónberkjur	0,05(*)	0,1(*)
0212040	Örvarrætur	0,05(*)	0,1(*)
0251050	Vetrarkarsi	**5**(+)	0,1(*)
0251070	Sinnepskál	**5**(+)	0,1(*)
0252020	Súpugull	**5**(+)	0,1(*)
0253000	c) *Vínviðarlauf og áþekkar tegundir*	0,05(*)	0,1(*)
0256050	Salvía	**5**(+)	0,1(*)
0256060	Rósmarín	**5**(+)	0,1(*)
0256070	Garðablóðberg	**5**(+)	0,1(*)
0256080	Basilíka og æt blóm	**5**(+)	0,1(*)
0256090	Lárviðarlauf	**5**(+)	0,1(*)
0256100	Fáfnisgras	**5**(+)	0,1(*)

1	2	3	4
0270080	Bambussprotar	0,05(*)	0,1(*)
0270090	Pálmakjarnar	0,05(*)	0,1(*)
0290000	Þörungar og dreifkjörnungslífverur	0,05(*)	0,1(*)
0401110	Litunarþistilsfræ	0,1(*)	0,1(*)
0401120	Hjólkrónufræ	0,1(*)	0,1(*)
0401130	Akurdoðrufræ	0,1(*)	0,1(*)
0401150	Kristpálmafræ	0,1(*)	0,1(*)
0402020	Olíupálmakjarnar	0,1(*)	0,1(*)
0402030	Olíupálmaaldin	0,1(*)	0,1(*)
0402040	Dúnviðaraldin	0,1(*)	0,1(*)
0620000	**Kaffibaunir**	0,1(*)	0,2(*)
0630000	**Jurtate úr:**	0,1(*)	0,2(*)
0631000	a) *Blómum*	0,1(*)	0,2(*)
0631010	Gæsajurt	0,1(*)	0,2(*)
0631020	Læknakólfur	0,1(*)	0,2(*)
0631030	Rósir	0,1(*)	0,2(*)
0631040	Jasmína	0,1(*)	0,2(*)
0631050	Lindiblóm	0,1(*)	0,2(*)
0631990	Annað	0,1(*)	0,2(*)
0632000	b) *Blöðum og kryddjurtum*	0,1(*)	0,2(*)
0632010	Jarðarber	0,1(*)	0,2(*)
0632020	Rauðrunnalauf	0,1(*)	0,2(*)
0632030	Indíánaþyrnislauf	0,1(*)	0,2(*)
0632990	Annað	0,1(*)	0,2(*)
0633000	c) *Rótum*	0,1(*)	0,2(*)
0633010	Garðabrúða	0,1(*)	0,2(*)
0633020	Ginseng	0,1(*)	0,2(*)
0633990	Annað	0,1(*)	0,2(*)
0639000	d) *Öðrum plöntuhlutum*	0,1(*)	0,2(*)
0640000	**Kakóbaunir**	0,1(*)	0,2(*)
0650000	**Jóhannesarbrauð**	0,1(*)	0,2(*)
0800000	**KRYDD**		
0810000	**Krydd úr fræjum**	0,1(*)	0,2(*)
0810010	Anís/anísfræ	0,1(*)	0,2(*)
0810020	Ilmfrú	0,1(*)	0,2(*)
0810030	Sellerí	0,1(*)	0,2(*)
0810040	Kóríander	0,1(*)	0,2(*)

1	2	3	4
0810050	Kúmín	0,1(*)	0,2(*)
0810060	Dill	0,1(*)	0,2(*)
0810070	Fennikur	0,1(*)	0,2(*)
0810080	Grikkjasmári	0,1(*)	0,2(*)
0810090	Múskat	0,1(*)	0,2(*)
0810990	Annað	0,1(*)	0,2(*)
0820000	**Aldinkrydd**	0,1(*)	0,2(*)
0820010	Allrahanda	0,1(*)	0,2(*)
0820020	Kínapipar	0,1(*)	0,2(*)
0820030	Kúmen	0,1(*)	0,2(*)
0820040	Kardimommur	0,1(*)	0,2(*)
0820050	Einiber	0,1(*)	0,2(*)
0820060	Pipar (svartur, grænn og hvítur)	0,1(*)	0,2(*)
0820070	Vanilla	0,1(*)	0,2(*)
0820080	Tamarind	0,1(*)	0,2(*)
0820990	Annað	0,1(*)	0,2(*)
0830000	**Barkarkrydd**	0,1(*)	0,2(*)
0830010	Kanill	0,1(*)	0,2(*)
0830990	Annað	0,1(*)	0,2(*)
0840000	**Krydd úr rótum og jarðstönglum**		
0840010	Lakkrís	0,1(*)	0,2(*)
0840020	Engifer	0,1(*)	0,2(*)
0840030	Túrmerik/gullinrót	0,1(*)	0,2(*)
0840040	Piparrót	(+)	(+)
0840990	Annað	0,1(*)	0,2(*)
0850000	**Blómhnappakrydd**		0,2(*)
0850010	Negull	0,1(*)	0,2(*)
0850020	Kapers	25	0,2(*)
0850990	Annað	0,1(*)	0,2(*)
0860000	**Frævukrydd**	0,1(*)	0,2(*)
0860010	Saffran	0,1(*)	0,2(*)
0860990	Annað	0,1(*)	0,2(*)
0870000	**Frækápukrydd**	0,1(*)	0,2(*)
0870010	Múskatblóm	0,1(*)	0,2(*)
0870990	Annað	0,1(*)	0,2(*)
0900000	**SYKURPLÖNTUR**		0,1(*)
0900010	Sykurrófurætur	2	0,1(*)
0900020	Sykurreyr	0,05(*)	0,1(*)
0900030	Kaffifífilsrætur	0,05(*)	0,1(*)
0900990	Annað	0,05(*)	0,1(*)

1	2	3	4
1015000	e) *Hestar*	0,05(*)	
1015010	Vöðvi	0,05(*)	
1015020	Fituvefur	0,05(*)	
1015030	Lifur	0,05(*)	
1015040	Nýru	0,05(*)	
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,05(*)	
1015990	Annað	0,05(*)	
1017000	g) *Önnur alin landdýr*	0,05(*)	
1017010	Vöðvi	0,05(*)	
1017020	Fituvefur	0,05(*)	
1017030	Lifur	0,05(*)	
1017040	Nýru	0,05(*)	
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,05(*)	
1017990	Annað	0,05(*)	
1030020	Endur	0,05(*)	
1030030	Gæsir	0,05(*)	
1030040	Kornhænur	0,05(*)	
1030990	Annað	0,05(*)	
1040000	**Hunang og aðrar býræktarafurðir**	0,05(*)	
1050000	**Froskdýr og skriðdýr**	0,05(*)	
1060000	**Landhryggleysingjar**	0,05(*)	
1070000	**Villt landhryggdýr**	0,05(*)	

(*) Neðri greiningarmörk

([a]) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

Díþíókarbamöt, (díþíókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram).

Uppspretta efnaleifanna er tilgreind innan sviga (ma: maneb, ms: mankóseb, me: metíram, pr: própíneb, þ: þíram, s: síram).

Hámarksgildi leifa, sem gefin eru upp sem CS2, geta stafað af mismunandi díþíókarbamötum og endurspegla því ekki tilteknar, góðar starfsvenjur í landbúnaði. Því þykir ekki rétt að nota þessi hámarksgildi leifa til að kanna samræmi við tiltekna, góða starfsvenju í landbúnaði.

(+) (ma., ms., me., pr., þ., s.)

0130040 Trjámispilsaldin

0130050 Dúnepli/japansplómur

(+) (ms., me., þ.)

0251050 Vetrarkarsi

0251070 Sinnepskál

0252020 Súpugull

(+) (ms., me.)

0256050 Salvía

0256060 Rósmarín

0256070 Garðablóðberg

0256080 Basilíka og æt blóm

0256090 Lárviðarlauf

0256100 Fáfnisgras

(+) Gildandi hámarksgildi leifa fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í flokknum krydd (kenninúmer 0840040) er það sem fastsett hefur verið fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í grænmetisflokki, rótar- og hýðisgrænmetisflokki (kenninúmer 0213040) að teknu tilliti til breytinga á gildum eftir vinnslu (þurrkun) skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

0840040 Piparrót

Þíram (gefið upp sem þíram)

Þar eð öll díþíókarbamöt koma fram í endanlegri CS2-leif er almennt ekki unnt að greina milli þeirra. Þó eru til aðferðir til að greina efnaleifar própínebs, sírams og þírams hverja fyrir sig. Þessum aðferðum skal beita í hverju tilviki fyrir sig þegar þörf er á sérstakri magngreiningu própínebs, sírams og/eða þírams.

(+) Gildandi hámarksgildi leifa fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í flokknum krydd (kenninúmer 0840040) er það sem fastsett hefur verið fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í grænmetisflokki, rótar- og hýðisgrænmetisflokki (kenninúmer 0213040) að teknu tilliti til breytinga á gildum eftir vinnslu (þurrkun) skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

0840040 Piparrót“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/704 **2016/EES/52/10**

frá 30. apríl 2015

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir ódíoxínlík PCB-efni í villtum háfi (*Squalus acanthias*) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 ([2]) eru fastsett hámarksgildi fyrir díoxín, fjölklóruð díoxínlík bífenýl (PCB-efni) og ódíoxínlík PCB-efni í fiski og lagarafurðum.

2) Samtök hagsmunaaðila lögðu fram gögn um tilvist ódíoxínlíkra PCB-efna í villtum háfi *(Squalus acanthias)*. Af þeim gögnum má sjá að í mörgum tilvikum nást ekki núverandi hámarksgildi, 75 ng/g blautvigt, með því að fylgja góðum starfsvenjum í sjávarútvegi við venjulegar aðstæður við veiðar og eldi. Framlögðu gögnin sýna fram á að núverandi hámarksgildi eru ekki í samræmi við þá meginreglu að hámarksgildi aðskotaefna séu fastsett við eins lágt gildi og raunhæft er að ætlast til að megi ná. Því er rétt að hækka núverandi hámarksgildi ódíoxínlíkra PCB-efna í villtum háfi (*Squalus acanthias*) án þess að það stofni lýðheilsu í hættu.

3) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1881/2006 til samræmis við það.

4) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 113, 1.5.2015, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 5.3. komi eftirfarandi:

„5.3	Fiskhold og fiskafurðir og afurðir úr þeim ([25]) ([34]) að eftirfarandi undanskildu: — villtum ál — villtum háfi (*Squalus acanthias)* — villtum ferskvatnsfiski, að undanskildum tegundum sjó- og vatnagöngufiska sem eru veiddar í fersku vatni — fisklifur og afleiddum afurðum — olíu úr sjávardýrum Hámarksgildið fyrir krabbadýr gildir fyrir fiskhold af útlimum og afturbol ([44]). Ef um er að ræða krabba og krabbadýr sem líkjast kröbbum (stutthali (*Brachyura*) og krabbar af ættinni *Anomura*) gildir hámarksgildið fyrir fiskhold af útlimum.	3,5 pg/g blautvigt	6,5 pg/g blautvigt	75 ng/g blautvigt“

2) Eftirfarandi liður 5.4a bætist við á eftir lið 5.4:

„5.4a	Fiskhold af villtum háfi (*Squalus acanthias)* og afurðir úr því ([34])	3,5 pg/g blautvigt	6,5 pg/g blautvigt	200 ng/g blautvigt“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/705 **2016/EES/52/11**

frá 30. apríl 2015

um aðferðir við sýnatöku og nothæfisviðmiðanir fyrir greiningaraðferðir vegna opinbers eftirlits með magni erúkasýru í matvælum og um niðurfellingu tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 80/891/EBE (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([1]), einkum 4. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 ([2]) eru tilgreind hámarksgildi erúkasýru í jurtaolíu og fitu til manneldis, matvælum sem innihalda viðbætta jurtaolíu og fitu, ungbarnablöndum og stoðblöndum.

2) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/891/EBE ([3]) er komið á greiningaraðferð fyrir innihald erúkasýru í olíu og fitu til manneldis og í matvælum sem innihalda viðbætta olíu og fitu. Sú greiningaraðferð er orðin úrelt og þarf að skipta henni út.

3) Rétt þykir að koma á nothæfisviðmiðunum, sem greiningaraðferðin sem notuð er vegna opinbers eftirlits þarf að samræmast, frekar en sértækri greiningaraðferð. Enn fremur ætti að mæla fyrir um reglur varðandi sýnatökuaðferð.

4) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Sýnataka og greining vegna opinbers eftirlits með magni erúkasýru, sem sett er í 8. lið viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1881/2006, skal fara fram í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda með fyrirvara um ákvæði reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

2. gr.

Tilskipun 80/891/EBE er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 113, 1.5.2015, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/891/EBE frá 25. júlí 1980 um greiningaraðferð innan Bandalagsins á magni erucic-sýru í olíu og fitu til manneldis og matvælum sem innihalda viðbætta olíu eða fitu (Stjtíð EB L 254, 27.9.1980, bls. 35).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

A-HLUTI: SKILGREININGAR

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„Framleiðslueining“:	sanngreinanlegt magn matvöru, afhent í einu lagi, sem opinber aðili staðfestir að hafi sameiginleg einkenni, [s.s. að því er varðar uppruna, afbrigði, gerð umbúða, pakkanda, sendanda eða merkingar].
„Framleiðsluhluti“:	tiltekinn hluti stórrar framleiðslueiningar sem valinn er þannig að það samræmist sýnatökuaðferðinni sem notuð er við þennan tiltekna hluta. Hver framleiðsluhluti skal vera skilinn frá öðrum og sanngreinanlegur.
„Hlutasýni“:	magn efnis tekið á sama stað í framleiðslueiningunni eða framleiðsluhlutanum.
„Safnsýni“:	sameinuð heild allra hlutasýna sem tekin eru úr framleiðslueiningunni eða framleiðsluhlutanum; safnsýni skulu talin dæmigerð fyrir framleiðslueiningarnar eða framleiðsluhlutana sem þau eru tekin úr,
„Rannsóknarsýni“:	sýni ætlað til rannsókna á rannsóknarstofu.

B-hluti: SÝNATÖKUAÐFERÐIR

B.1. **ALMENN ÁKVÆÐI**

B.1.1. **STARFSFÓLK**

Viðurkenndur aðili, sem aðildarríkin hafa tilnefnt, skal annast sýnatöku.

B.1.2. **EFNI TIL SÝNATÖKU**

Taka ber sýni úr hverri framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta, sem á að rannsaka, fyrir sig.

B.1.3. **VARÚÐARRÁÐSTAFANIR**

Gera þarf varúðarráðstafanir þegar sýni eru tekin og undirbúin til þess að forðast breytingar sem myndu hafa áhrif á innihald erúkasýru, hafa slæm áhrif á niðurstöðu greiningarinnar eða gera safnsýnin ódæmigerð.

B.1.4. **HLUTASÝNI**

Hlutasýni skulu, eftir því sem kostur er, tekin sem víðast úr framleiðslueiningunni eða framleiðsluhlutanum. Sé þessari aðferð ekki fylgt verður að færa það í skrána sem kveðið er á um í lið B.1.8 í þessum viðauka

B.1.5. **UNDIRBÚNINGUR SAFNSÝNIS**

Safnsýnið skal myndað með því að sameina hlutasýnin.

B.1.6. **SÝNI VEGNA FULLNUSTU ÁKVÆÐA, VERSLUNARVERNDAR EÐA VEGNA ÚRSKURÐARMÁLA**

Taka ber sýni, vegna fullnustu ákvæða, ágreinings eða vegna úrskurðarmála, úr einsleitu safnsýni, svo fremi það stangist ekki á við reglur aðildarríkjanna að því er varðar réttindi stjórnenda matvælafyrirtækja.

B.1.7. **PÖKKUN OG FLUTNINGUR Á SÝNUM**

Hvert sýni skal sett í hreint, hvarftregt ílát sem ver það nægilega gegn aðskotaefnum, tapi greiniefna vegna ásogs á innri vegg ílátsins og skemmdum í flutningi. Gera skal allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir hvers kyns breytingu á samsetningu sýnisins sem gæti átt sér stað meðan á flutningi eða geymslu stendur.

B.1.8. **INNSIGLUN OG MERKING SÝNA**

Hvert sýni, sem tekið er til opinberra nota, skal innsiglað á sýnatökustað og auðkennt í samræmi við reglur aðildarríkjanna.

Halda skal skrá yfir hverja sýnatöku þannig að hver framleiðslueining eða framleiðsluhluti, sem sýnið er tekið úr, verði ótvírætt sanngreinanleg(ur). Í skránni skal eftirfarandi koma fram:

i. vísun í númer framleiðslueiningar sem sýnið hefur verið tekið úr,

ii. sýnatökudagur og sýnatökustaður,

iii. aðrar viðbótarupplýsingar sem gætu komið greinandanum að notum.

B.2. **SÝNATÖKUÁÆTLANIR**

B.2.1. **SKIPTING FRAMLEIÐSLUEININGA Í FRAMLEIÐSLUHLUTA**

Stórum framleiðslueiningum skal skipta upp í framleiðsluhluta svo fremi að skilja megi framleiðsluhlutana í sundur. Þyngd eða fjöldi framleiðsluhluta af afurðum sem seldar eru í sendingum í lausu er tilgreindur í töflu 1. Þyngd eða fjöldi framleiðsluhluta af öðrum afurðum er tilgreindur í töflu 2. Þyngd framleiðslueiningarinnar er ekki alltaf heilt margfeldi af þyngd framleiðsluhlutanna og með hliðsjón af því má þyngd framleiðsluhlutanna sem tilgreind er í töflu 1 og 2 mest vera 20% yfir þeirri þyngd.

B.2.2. **FJÖLDI, ÞYNGD OG RÚMMÁL HLUTASÝNA**

Safnsýnið skal vera minnst 1 kg eða 1 lítri nema það sé ekki gerlegt, t.d. þegar sýnið er einn pakki eða ein eining.

Lágmarksfjöldi hlutasýna, sem taka skal úr framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta, er tilgreindur í töflu 3.

Þegar um er að ræða fljótandi farm í lausu máli skal blanda framleiðslueininguna eða framleiðsluhlutann eins vandlega og unnt er, annaðhvort handvirkt eða vélvirkt, rétt áður en sýni er tekið. Í slíku tilviki er gert ráð fyrir einsleitri dreifingu aðskotaefna í tiltekinni framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta. Það nægir því að taka þrjú hlutasýni úr framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta til að mynda safnsýni.

Hlutasýnin skulu vera af svipaðri þyngd eða svipuðu rúmmáli. Hlutasýni skal vera minnst 100 g eða 100 ml þannig að safnsýnið verði minnst u.þ.b. 1 kg eða 1 lítri. Sé þessari aðferð ekki fylgt verður að færa það í skrána sem kveðið er á um í lið B.1.8 í þessum viðauka.

Tafla 1

Skipting framleiðslueininga í framleiðsluhluta fyrir afurðir sem seldar eru í sendingum í lausu

Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Þyngd eða fjöldi framleiðsluhluta
≥ 1 500	500 tonn
> 300 og < 1 500	3 framleiðsluhlutar
≥ 100 og ≤ 300	100 tonn
< 100	-

Tafla 2

Skipting framleiðslueininga í framleiðsluhluta fyrir aðrar afurðir

Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Þyngd eða fjöldi framleiðsluhluta
≥ 15	15–30 tonn
< 15	-

Tafla 3

Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka skal úr framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta

Þyngd eða rúmmál framleiðslueiningar/framleiðsluhluta (í kg eða lítrum)	Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka skal
< 50	3
≥ 50 og ≤ 500	5
> 500	10

Í töflu 4 er tilgreindur fjöldi þeirra pakkninga eða eininga sem þarf í safnsýnið þegar framleiðslueiningin eða framleiðsluhlutinn samanstendur af einstökum pakkningum eða einingum.

Tafla 4

Fjöldi pakkninga eða eininga (hlutasýni) sem þarf í safnsýnið þegar framleiðslueiningin eða framleiðsluhlutinn samanstendur af einstökum pakkningum eða einingum

Fjöldi pakkninga eða eininga í framleiðslueiningunni/framleiðsluhlutanum	Fjöldi pakkninga eða eininga sem til þarf
≤ 25	a.m.k. 1 pakki eða eining
26–100	u.þ.b. 5%, a.m.k. 2 pakkningar eða einingar
> 100	u.þ.b. 5%, að hámarki 10 pakkningar eða einingar

Ef sýnatökuaðferðin sem sett er fram í þessum kafla B.2 leiðir til óviðunandi viðskiptalegra afleiðinga (t.d. vegna tegundar umbúða, skemmda á framleiðslueiningunni o.s.frv.) eða ef það er nánast ómögulegt að beita henni er heimilt að beita staðgönguaðferð við sýnatöku, að því tilskildu að hún sé nægilega dæmigerð fyrir framleiðslueininguna eða framleiðsluhlutann, sem sýnin eru tekin úr, og að aðferðin sé skjalfest að fullu í skýrslunni sem kveðið er á um í lið B.1.8.

B.3. SÝNATAKA Á SMÁSÖLUSTIGI

Taka sýna úr matvælum á smásölustigi skal fara fram, verði því við komið, í samræmi við ákvæðin um sýnatöku sem eru sett fram í lið B.2.2.

Ef sýnatökuaðferðin sem sett er fram í lið B.2.2. leiðir til óviðunandi viðskiptalegra afleiðinga (t.d. vegna tegundar umbúða, skemmda á framleiðslueiningunni o.s.frv.) eða ef það er nánast ómögulegt að beita henni er heimilt að beita staðgönguaðferð við sýnatöku, að því tilskildu að hún sé nægilega dæmigerð fyrir framleiðslueininguna eða framleiðsluhlutann, sem sýnin eru tekin úr, og að aðferðin sé skjalfest að fullu í skýrslunni sem kveðið er á um í lið B.1.8.

C-HLUTI: UNDIRBÚNINGUR SÝNA OG GREINING

C.1. GÆÐAVIÐMIÐANIR FYRIR RANNSÓKNARSTOFUR

Rannsóknarstofur verða að fara að ákvæðum 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

Rannsóknarstofur verða að vera aðilar að viðeigandi hæfnisprófunarkerfum, sem eru í samræmi við „International Harmonised Protocol for the Proficiency Testing of (Chemical) Analytical Laboratories“ ([4]), sem er byggt upp á vegum IUPAC/ISO/AOAC.

Rannsóknarstofur verða að geta sýnt fram á að þær hafi tekið upp tilteknar aðferðir fyrir gæðaeftirlit. Í „ISO/AOAC/IUPAC Guidelines on Internal Quality Control in Analytical Chemistry Laboratories“ ([5]) eru dæmi um slíkar aðferðir.

([4]) „The international harmonized protocol for the proficiency testing of analytical chemistry laboratories“, eftir M. Thompson, S.L.R. Ellison og R. Wood, Pure Appl. Chem. 2006, 78, 145–196.

([5]) Ritstj. M. Thompson og R. Wood, Pure Appl. Chem., 1995, 67, 649–666.

Þar sem þess er nokkur kostur skal meta réttleika greiningarinnar með því að nota viðeigandi, vottuð viðmiðunarefni í greiningunni.

C.2. **UNDIRBÚNINGUR SÝNIS**

C.2.1. **VARÚÐARRÁÐSTAFANIR OG ALMENN UMFJÖLLUNARATRIÐI**

Grunnkrafan er að ná dæmigerðu og einsleitu rannsóknarsýni án þess að það verði fyrir utanaðkomandi mengun.

Nota skal allt efni sýnisins, sem rannsóknarstofan tekur á móti, við undirbúning rannsóknarsýnisins.

Ákvarðað skal á grundvelli þess innihalds, sem finnst í rannsóknarsýnum, hvort farið er að ákvæðum um hámarksgildin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1881/2006.

C.2.2. **MEÐHÖNDLUN SÝNISINS VIÐ MÓTTÖKU Á RANNSÓKNARSTOFUNNI**

Allt safnsýnið skal fínmalað (þar sem við á) og blandað vandlega saman með aðferð sem sannað þykir að tryggi fullkomna einsleitni.

C.3. **NOTHÆFISVIÐMIÐANIR VIÐ GREININGARAÐFERÐIR**

C.3.1. **SKILGREININGAR**

Eftirfarandi skilgreiningar skulu gilda:

„r“ = Endurtekningarnákvæmni: gildi sem er af þeirri stærð að sé tölulegur mismunur stakra prófunarniðurstaðna, sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði (þ.e. sama sýni, sami starfsmaður, sami tækjabúnaður, sama rannsóknarstofa og með skömmu millibili), undir þessu gildi má vænta að hann liggi innan tiltekinna öryggismarka (venjulega 95%) og því er $r = 2{,}8 \times s_r$.

„s_r“ = Staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði .

„RSDr“ = Hlutfallslegt staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði $[(s_r/\bar{x}) \times 100]$.

„R“ = Samanburðarnákvæmni: gildi sem er af þeirri stærð að sé tölulegur mismunur stakra prófniðurstaðna, sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði (þ.e. sem starfsmenn á mismunandi rannsóknarstofum fá með staðlaðri prófunaraðferð á sams konar efni), undir þessu gildi má vænta þess að hann liggi innan tiltekinna öryggismarka (venjulega 95%); $R = 2{,}8 \times s_R$.

„s_R“ = Staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði.

„RSD_R“ = Hlutfallslegt staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði.

„LOD“ = Greiningarmörk, minnsta, mælda innihald sem hægt er að sanna með viðunandi, tölfræðilegri vissu að inniheldur greiniefnið. Tölulega svara greiningarmörkin til þrefalds staðalfráviks meðalgildisins fyrir núllprófunina ($n > 20$).

„LOQ“ = Magngreiningarmörk, minnsta innihald greiniefnis sem hægt er að mæla með viðunandi, tölfræðilegri vissu. Ef bæði nákvæmni og samkvæmni eru stöðug á styrkleikabili í kringum greiningarmörkin eru magngreiningarmörkin tölulega sex- eða tífalt staðalfrávik meðalgildisins við núllprófun ($n > 20$).

„u“ = Samsett staðalmælióvissa fæst með því að nota hverja staðalmælióvissu í tengslum við ílagsmagn í mælingalíkani ([6]).

„U“ = Útvíkkuð mælióvissa með þekjustuðulinn 2 sem gefur öryggisstig sem er u.þ.b. 95% ($U = 2u$).

„Uf“ = Hámarksstaðalóvissa við mælingar.

([6]) International vocabulary of metrology – Basic and general concepts and associated terms (VIM), JCGM 200:2008.

C.3.2. **ALMENNAR KRÖFUR**

Greiningaraðferðir, sem notaðar eru við matvælaeftirlit, skulu samrýmast ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004.

C.3.3. **SÉRTÆKAR KRÖFUR**

C.3.3.1. Nothæfisviðmiðanir

Hafi ekki verið mælt fyrir um neinar sérstakar aðferðir á vettvangi Evrópusambandsins til að ákvarða aðskotaefni í matvælum er rannsóknarstofum heimilt að velja hverja þá fullgiltu aðferð til greiningar á viðkomandi efniviði sem samrýmist þeim sértæku nothæfisviðmiðunum sem eru tilgreindar í töflu 5.

Mælt er með að fullgiltar aðferðir (þ.e. aðferðir sem hafa verið fullgiltar með samstarfsprófun fyrir viðkomandi efnivið) séu notaðar eftir því sem við á og ef þær eru fyrir hendi. Einnig má nota aðrar hentugar, fullgiltar aðferðir (t.d. innri fullgildingaraðferðir fyrir viðkomandi efnivið) að því tilskildu að þær uppfylli nothæfisviðmiðanirnar sem settar eru fram í töflu 5.

Frekari upplýsingar koma fram í athugasemdum við nothæfisviðmiðanirnar eins og sett er fram í þessum lið.

Við fullgildingu á innri fullgildingaraðferðum skal, verði því við komið, nota staðfest viðmiðunarefni.

Tafla 5

Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir fyrir erúkasýru

Mæliþáttur	Viðmiðun
Gildissvið	Matvæli sem tilgreind eru í reglugerð (EB) nr. 1881/2006
Sértæki	Laus við truflanir frá efniviði eða litrófstruflanir
Endurtekningarnákvæmni (RSD_r)	0,66 sinnum RSDR samkvæmt (breyttri) Horwitz-jöfnunni
Samanburðarnákvæmni (RSD_R)	2 × gildið sem leitt er af (breyttri) Horwitz-jöfnunni
Endurheimt	95–105%
LOD	≤ 1 g/kg
LOQ	≤ 5 g/kg

Athugasemdir varðandi nothæfisviðmiðanir:

Horwitz-jafnan ([7]) (fyrir styrk $1,2 \times 10^{-7} \leq C \leq 0,138$) og breytta Horwitz-jafnan ([8]) (fyrir styrk $C < 1,2 \times 10^{-7}$) eru almennar samkvæmnisjöfnur sem eru óháðar greiniefni og efniviði en eru einungis háðar styrkleikanum að því er varðar flestar venjubundnar greiningaraðferðir.

Breytt Horwitz -jafna fyrir styrk $C < 1,2 \times 10^{-7}$:

$$RSD_R = 22\%$$

þar sem:

– RSD_R er hlutfallslegt staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði $[(s_R/\bar{x}) \times 100]$

– C er styrkhlutfallið (þ.e. 1 = 100g/100g, 0,001 = 1000 mg/kg). Breytta Horwitz-jafnan á við um styrk $C < 1,2 \times 10^{-7}$.

([7]) W. Horwitz, L.R. Kamps, K.W. Boyer, J.Assoc.Off.Analy.Chem.,1980, 63, 1344.
([8]) M. Thompson, Analyst, 2000, 125, bls. 385–386.

Horwitz-jafnan fyrir styrk $1{,}2 \times 10^{-7} \leq C \leq 0{,}138$:

$$RSD_R = 2C^{(-0{,}15)}$$

þar sem:

– RSD_R er hlutfallslegt staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði $[(s_R/\bar{x}) \times 100]$

– C er styrkhlutfallið (þ.e. 1 = 100g/100g, 0,001 = 1000 mg/kg). Horwitz-jafnan á við um styrk $1{,}2 \times 10^{-7} \leq C \leq 0{,}138$.

C.3.3.2. MARKMIÐSHÆFISNÁLGUN

Að því er varðar innri fullgildingaraðferðir má nota markmiðshæfisnálgun ([9]) sem staðgönguaðferð til að meta heppileika þeirra við opinbert eftirlit. Með aðferðum, sem henta við opinbert eftirlit, skulu fást niðurstöður þar sem samsett staðalmælióvissa (u) er minni en hámarksstaðalóvissa við mælingar, reiknuð með eftirfarandi jöfnu:

$$Uf = \sqrt{(LOD/2)^2 + (\alpha C)^2}$$

þar sem:

– Uf er hámarksstaðalóvissan við mælingar (µg/kg),

– LOD eru greiningarmörk aðferðarinnar (µg/kg). LOD skal uppfylla nothæfisviðmiðunina, sem eru sett fram í lið C.3.3.1, fyrir styrkinn sem um er að ræða,

– C er styrkurinn sem um er að ræða (µg/kg),

– α er tölulegur stuðull sem nota skal með hliðsjón af gildi C. Gildin sem nota skal eru tilgreind í töflu 6.

Tafla 6

Töluleg gildi, sem nota skal fyrir α sem fasta í formúlu sem er sett fram í þessum lið, út frá þeim styrk sem um er að ræða

C (µg/kg)	α
≤ 50	0,2
51–500	0,18
501–1 000	0,15
1 001–10 000	0,12
> 10 000	0,1

D-HLUTI: SKÝRSLUGJÖF OG TÚLKUN Á NIÐURSTÖÐUM

D.1. SKÝRSLUGJÖF

D.1.1. FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Niðurstöðurnar skulu gefnar upp í sömu einingum og með sama fjölda marktækra tölustafa og hámarksgildin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1881/2006.

([9]) M. Thompson and R. Wood, Accred. Qual. Assur., 2006, 10, bls. 471-478.

D.1.2. **ÚTREIKNINGAR Á ENDURHEIMT**

Ef útdráttur er notaður í greiningaraðferðinni skulu niðurstöður greininga leiðréttar fyrir endurheimt. Í þessu tilviki skal greina frá hlutfalli endurheimtar.

„Ef ekki er notaður útdráttur í greiningaraðferðinni er heimilt að gera grein fyrir niðurstöðum óleiðréttum fyrir endurheimt ef sannað er, helst með því að nota vottað viðmiðunarefni, að staðfestur styrkur, að teknu tilliti til mælióvissu, hefur náðst (þ.e. mikil nákvæmni mælinganna) og þar með að aðferðin sé ekki bjöguð. Ef greint er frá niðurstöðunum óleiðréttum fyrir endurheimt skal gera grein fyrir því.

D.1.3. **MÆLIÓVISSA**

Greina skal frá niðurstöðum úr greiningunum sem x +/– U þar sem x er niðurstaða greiningarinnar og U er útvíkkaða mælióvissan með þekjustuðlinum 2 sem gefur 95% öryggisstig (U = 2u).

Greinandinn skal hafa hliðsjón af skýrslu um tengsl milli niðurstaðna úr greiningum, mælióvissu, endurheimtarstuðla og ákvæða í matvæla- og fóðurlöggjöf Evrópusambandsins („Report on the relationship between analytical results, measurement uncertainty, recovery factors and the provisions in EU food and feed legislation“ ([10]).

D.2. **TÚLKUN NIÐURSTAÐNA**

D.2.1. **SAMÞYKKI FYRIR FRAMLEIÐSLUEININGU EÐA FRAMLEIÐSLUHLUTA**

Framleiðslueiningin eða framleiðsluhlutinn er samþykkt(ur) ef niðurstöður greininga á rannsóknarsýninu eru ekki hærri en samsvarandi hámarksgildi, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1881/2006, að teknu tilliti til útvíkkaðrar mælióvissu og leiðréttingar á niðurstöðum fyrir endurheimt ef útdráttur hefur verið notaður í greiningaraðferðinni.

D.2.2. **SYNJUN FRAMLEIÐSLUEININGAR EÐA FRAMLEIÐSLUHLUTA**

Framleiðslueiningunni eða framleiðsluhlutanum er synjað ef niðurstöður greininga á rannsóknarsýninu eru hærri en viðkomandi hámarksgildi sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1881/2006, að teknu tilliti til útvíkkaðrar mælióvissu og leiðréttingar á niðurstöðum fyrir endurheimt ef útdráttur hefur verið notaður í greiningaraðferðinni.

D.2.3. **GILDISSVIÐ**

Túlkunarreglurnar sem settar eru fram í lið D.2.1. og D.2.2 gilda um niðurstöður greiningar á sýnum sem tekin eru vegna fullnustu ákvæða. Landsreglur gilda um greiningu sem er gerð vegna ágreinings eða úrskurðarmála.

([10]) http://ec.europa.eu/food/food/chemicalsafety/contaminants/report-sampling_analysis_2004_en.pdf

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/324 **2016/EES/52/12**

frá 7. mars 2016

um breytingu og leiðréttingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun tiltekinna matvælaaukefna sem eru leyfð í öllum matvælaflokkum (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Þessa skrá má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

3) Skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum var tekin saman á grundvelli matvælaaukefna sem voru leyfð til notkunar í matvæli í samræmi við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB ([3]), 94/36/EB ([4]) og 95/2/EB ([5]) og eftir yfirferð á því hvort þau samræmdust 6., 7., 8 og 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008. Skrá Evrópusambandsins inniheldur matvælaaukefni á grundvelli þeirra flokka matvæla sem heimilt er að bæta þeim aukefnum í.

4) Vegna erfiðleika sem upp hafa komið við flutning matvælaaukefna í nýja flokkunarkerfið, sem kveðið er á um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, voru matvæli fyrir ungbörn og smábörn ekki færð frá b-lið 3. mgr. 2. gr. í tilskipun 95/2/EB yfir í töflu 1 í A-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr 1333/2008. Tryggja ætti að meginreglan um yfirfærslu gildi ekki um þessi matvæli. Því ætti að leiðrétta þá töflu þannig að hún nái yfir matvæli fyrir ungbörn

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 61, 8.3.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.
([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.
([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.
([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB frá 30. júní 1994 um sætuefni til notkunar í matvælum (Stjtíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 3).
([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB frá 30. júní 1994 um litarefni til notkunar í matvælum (Stjtíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13).
([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/2/EB frá 20. febrúar 1995 um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni (Stjtíð. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1).

og smábörn sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB ([6]), eins og henni var skipt út með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ([7]).

5) Í ljósi 16. gr., um notkun matvælaaukefna í matvæli fyrir ungbörn og smábörn, í reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er mikilvægt að gera skýra grein fyrir skilyrðum fyrir notkun á matvælaaukefnunum sem skráð eru í matvælaflokk 0. „Matvælaaukefni sem eru leyfð í öllum matvælaflokkum“ í E-hluta II. viðauka við þá reglugerð og breyta fyrirsögn þess matvælaflokks.

6) Því ætti að gera skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni skýrari þannig að hún endurspegli alla notkun í samræmi við 6, 7., 8. og 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008.

7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð skrá Sambandsins er breytt til að gera notkun, sem þegar er í samræmi við tilskipanir 94/35/EB, 94/36/EB og 95/2/EB, skýrari telst það vera uppfærsla á þeirri skrá sem ólíklegt er talið að hafi áhrif á heilbrigði manna. Af þessum sökum er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

8) Því ætti að breyta og leiðrétta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB frá 6. maí 2009 um matvæli sem eru ætluð til sérstakra næringarlegra nota (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 21).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi 13. færsla bætist við í töflu 1 í A-hluta á eftir færslunni fyrir „12. Þurrkað pasta, að undanskildu glútenlausu pasta og/eða pasta sem ætlað er fyrir prótínsnautt sérfæði í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB“:

„13	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn, eins og um getur í reglugerð (ESB) nr. 609/2013 ([1]), þ.m.t. matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi fyrir ungbörn og smábörn.“

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtið. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

2. Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnar matvælaflokks „0. Matvælaaukefni sem eru leyfð í öllum matvælaflokkum“ komi eftirfarandi:

„0	Matvælaaukefni sem eru leyfð í öllum matvælaflokkum að undanskildum matvælum fyrir ungbörn og smábörn, nema sérstaklega sé kveðið á um það.“

b) Í stað færslnanna fyrir aukefnin í matvælaflokki „0. Matvælaaukefni sem eru leyfð í öllum matvælaflokkum“ komi eftirfarandi:

	„E 290	Koltvísýringur	eftir þörfum		Má nota í matvæli fyrir ungbörn og smábörn.
	E 338–452	Fosfórsýra — fosföt — dí-, trí- og fjölfosföt	10 000	(1) (4) (57)	Einungis þurrkuð matvæli í duftformi (þ.e. matvæli, sem eru þurrkuð í framleiðsluferlinu, og blöndur þeirra), að undanskildum matvælum sem skráð eru í töflu 1 í A-hluta þessa viðauka.
	E 459	Beta-sýklódextrín	eftir þörfum		Einungis matvæli í formi taflna og húðaðra taflna, að undanskildum matvælum sem skráð eru í töflu 1 í A-hluta þessa viðauka.
	E 551–553	Kísildíoxíð — sílíköt	10 000	(1) (57)	Einungis þurrkuð matvæli í duftformi (þ.e. matvæli, sem eru þurrkuð í framleiðsluferlinu, og blöndur þeirra), að undanskildum matvælum sem skráð eru í töflu 1 í A-hluta þessa viðauka.
	E 551–553	Kísildíoxíð — sílíköt	eftir þörfum	(1)	Einungis matvæli í formi taflna og húðaðra taflna, að undanskildum matvælum sem skráð eru í töflu 1 í A-hluta þessa viðauka.

	E 938	Argon	eftir þörfum		Má nota í matvæli fyrir ungbörn og smábörn.
	E 939	Helíum	eftir þörfum		Má nota í matvæli fyrir ungbörn og smábörn.
	E 941	Köfnunarefni	eftir þörfum		Má nota í matvæli fyrir ungbörn og smábörn.
	E 942	Nituroxíð	eftir þörfum		Má nota í matvæli fyrir ungbörn og smábörn.
	E 948	Súrefni	eftir þörfum		Má nota í matvæli fyrir ungbörn og smábörn.
	E 949	Vetni	eftir þörfum		Má nota í matvæli fyrir ungbörn og smábörn.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/683 2016/EES/52/13

frá 2. maí 2016

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á própíónsýru — própíónötum (E 280-283) í tortillur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Uppfæra má skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ([2]), annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

3) Hinn 14. júlí 2015 var lögð fram umsókn um framlengingu á notkun á kalsíumprópíónati (E 282) sem rotvarnarefni til að lengja geymsluþol tortillna. Umsóknin var gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

4) Notkun á própíónsýru — própíónötum er nauðsynleg til að lengja geymsluþol tortillna þar eð varan skemmist mjög hratt vegna mikils rakainnihalds og samsetningar sem er næm fyrir vexti örvera.

5) Própíónsýra — própíónöt eru mikið notuð til að koma í veg fyrir vöxt myglusveppa í brauðvörum úr gerdeigi vegna þess að þau hafa óveruleg áhrif á ger og lykt eða bragð lokaafurðarinnar.

6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu varðandi endurmat á própíónsýru (E 280), natríumprópíónati (E 281), kalsíumprópíónati (E 282) og kalíumprópíónati (E 283) sem matvælaaukefni ([3]) að hámarksstyrkur þessara efna sem matvælaaukefna skapi ekki öryggisvanda við þá notkun og notkunarmagn sem nú eru leyfð. Leyfi fyrir notkun á própíónötum í tortillur er rýmkun sem leiðir ekki til viðbótarvanda þar eð váhrifamat Matvælaöryggisstofnunarinnar náði yfir matvælaflokk 07.1 „Brauð og smábrauð“.

7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að slík uppfærsla hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð rýmkun á notkun á própíónsýru — própíónötum (E 280–283) sem rotvarnarefni í tortillur telst uppfærsla á þeirri skrá, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

8) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 117, 3.5.2016, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(7), 3779.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. maí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslnanna fyrir própíónsýru — própíónöt í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, í matvælaflokknum 07.1 „Brauð og smábrauð“ komi eftirfarandi:

	„E 280–283	Própíónsýra — própíónöt	3000	(1) (6)	Einungis forpakkað brauð í sneiðum og rúgbrauð
	E 280–283	Própíónsýra — própíónöt	2000	(1) (6)	Einungis orkuskert brauð, hálfbakað forpakkað brauð, forpökkuð rúnnstykki, tortillur og pítubrauð, forpökkuð pylsubrauð, bollur og dönsk snittubrauð
	E 280–283	Própíónsýra — própíónöt	1000	(1) (6)	Einungis forpakkað brauð“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2314 2016/EES/52/14

frá 7. desember 2015

um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum 4. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um að heilsufullyrðingar er varða matvæli séu bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.

2) Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 var samþykkt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012 ([2]) um að taka saman lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna.

3) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja skuli senda lögbærum landsyfirvöldum aðildarríkis umsóknir um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbær landsyfirvöld skulu framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“, til vísindalegs mats og einnig til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna til upplýsingar.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5) Til að hvetja til nýsköpunar ætti enn fremur að flýta fyrir málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir þær heilsufullyrðingar sem byggjast á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða fela í sér kröfu um vernd gagna sem njóta einkaleyfisverndar.

6) Í kjölfar umsóknar frá BENEO-Orafti S.A., sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 og felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á vísindalegum sönnunum fyrir heilsufullyrðingu sem varðar náttúrulegt kaffifífilsinúlín og viðhald eðlilegra hægða með því að auka tíðni þeirra (spurning nr. EFSA-Q-2014-00403 ([3])). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var m.a. svohljóðandi: „Orafti®Inulin bætir starfsemi þarma“.

7) Hinn 9. janúar 2015 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að sýnt hefði verið fram á orsakatengsl milli neyslu á náttúrulegu kaffifífilsinúlíni, óþættri blöndu af einsykrum (< 10%), tvísykrum, inúlínfrúktönum og inúlíni, sem er fengið með útdrætti úr kaffifíflum þar sem meðalhlutfall fjölliðunar er ≥ 9, og viðhalds eðlilegra hægða með því að auka tíðni þeirra. Því ætti heilsufullyrðing, sem samrýmist þeirri niðurstöðu, að teljast uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og ætti að bæta henni við á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 432/2012.

8) Matvælaöryggisstofnunin tók fram í áliti sínu að þörf hefði verið á rannsókninni, sem umsækjandinn fullyrðir að njóti einkaleyfaverndar ([4]), til að setja skilyrði fyrir notkun á þessari tilteknu fullyrðingu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 328, 12.12.2015, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, birður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012 frá 16. maí 2012 um samantekt lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtíð. ESB L 136, 25.5.2012, bls. 1).

([3]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(1), 3951.

([4]) Schulz A and Schön C, 2012. „Effect of consumption of inulin on bowel motor function in subjects with constipation“ (óbirt rannsóknarskýrsla).

9) Framkvæmdastjórnin hefur metið allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram til rökstuðnings og litið er svo á að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, séu uppfylltar að því er varðar rannsóknina sem fullyrt er að njóti einkaleyfaverndar. Til samræmis við það má ekki nota vísindagögnin og aðrar upplýsingar í þessari rannsókn í þágu umsækjanda, sem leggur síðar fram umsókn, í fimm ár eftir gildistöku þessarar reglugerðar í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

10) Eitt af markmiðum reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er að tryggja að heilsufullyrðingar séu sannar, skýrar, áreiðanlegar og gagnlegar fyrir neytendur og að tekið sé tillit til orðalags og framsetningarinnar að því er þetta varðar. Ef orðalag fullyrðinga sem umsækjandi notar felur í sér sömu merkingu fyrir neytendur og leyfð heilsufullyrðing vegna þess að þær staðfesta sömu tengsl og eru fyrir hendi milli matvælaflokks, matvæla eða eins af innihaldsefnum þeirra annars vegar og heilbrigðis hins vegar ættu þessar fullyrðingar því að lúta sömu skilyrðum fyrir notkun og eru tilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð.

11) Í samræmi við 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 ætti að uppfæra fullyrðingaskrána yfir næringar- og heilsufullyrðingar, sem inniheldur allar leyfðar heilsufullyrðingar, til þess að taka tillit til þessarar reglugerðar.

12) Þar eð umsækjandinn ber fyrir sig vernd einkaleyfisverndaðra gagna telst rétt að takmarka notkun þessarar fullyrðingar við umsækjandann í fimm ár. Leyfið fyrir þessari fullyrðingu, sem er takmarkað til notkunar fyrir einstakan rekstraraðila, ætti þó ekki að koma í veg fyrir að aðrir umsækjendur geti sótt um leyfi til að nota sömu fullyrðingu ef umsóknin er byggð á öðrum gögnum og rannsóknum en þeim sem njóta verndar skv. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

13) Tekið hefur verið tillit til athugasemda frá umsækjenda sem bárust framkvæmdastjórninni í tengslum við 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 við ákvörðun þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

14) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 432/2012 til samræmis við það.

15) Samráð var haft við aðildarríkin.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Heilsufullyrðinguna, sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skal færa á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

2. Notkun heilsufullyrðingarinnar sem um getur í fyrstu málsgrein skal takmörkuð við umsækjandann í fimm ár frá gildistöku þessarar reglugerðar. Eftir að það tímabil rennur út er öllum stjórnendum matvælafyrirtækja heimilt að nota þessa heilsufullyrðingu í samræmi við skilyrðin sem gilda um hana.

2. gr.

Notkun vísindagagna og annarra upplýsinga sem fylgja umsókninni, sem umsækjandi fullyrðir að njóti einkaleyfaverndar og sem varð að leggja fram til að unnt væri að leyfa heilsufullyrðinguna, er takmörkuð í þágu umsækjandans í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

3. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 432/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi færsla bætist við í stafrófsröð í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 432/2012:

Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvælanna og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörun	Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu nr.	Númer viðeigandi færslu í samsteypta listanum sem er lagður fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til mats
„Náttúrulegt kaffifífilsinúlín	Kaffifífilsinúlín stuðlar að eðlilegri starfsemi þarma með því að auka tíðni hægða ([1])	Veita skal neytendum upplýsingar þess efnis að dagleg inntaka á kaffifífilsinúlíni þurfi að vera 12 g til að fá fram jákvæðu áhrifin. Fullyrðinguna er aðeins heimilt að nota fyrir matvæli sem veita a.m.k. 12 g dagskammt af náttúrulegu kaffifífilsinúlíni, óþættri blöndu af einsykrum (< 10%), tvísykrum, inúlínfrúktönum og inúlíni, sem er fengið með útdrætti úr kaffifíflum þar sem meðalhlutfall fjölliðunar er ≥ 9.		2015 13(1), 3951	

([1]) Leyfi veitt 1. janúar 2016 og notkun er takmörkuð við BENEO-Orafti S.A., Rue L. Maréchal 1, B-4360 Oreye, Belgíu, í fimm ár.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/128 **2016/EES/52/15**

frá 25. september 2015

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 ([1]), einkum 1. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB ([2]) er mælt fyrir um samræmdar reglur um sérfæði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi innan ramma tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB ([3]).

2) Tilskipanir 2009/39/EB og 1999/21/EB eru felldar úr gildi með reglugerð (ESB) nr. 609/2013. Í þeirri reglugerð er mælt fyrir um almennar kröfur varðandi samsetningu mismunandi flokka matvæla og upplýsingar um þá, m.a. matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi. Framkvæmdastjórnin verður að samþykkja sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi með tilliti til ákvæða tilskipunar 1999/21/EB.

3) Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eru þróuð í nánu samstarfi við faglærða heilbrigðisstarfsmenn sem fæði handa sjúklingum sem hafa orðið fyrir áhrifum af tilteknum sjúkdómi, röskun eða heilsufarsástandi, sem þeir hafa verið greindir með eða eru vannærðir af völdum þeirra, sem gerir þessum sjúklingum ómögulegt eða mjög örðugt að uppfylla næringarþarfir sínar með neyslu annarra matvæla. Af þessum sökum ber að nota matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi samkvæmt læknisráði og hugsanlega með aðstoð annars hæfs fagfólks í heilbrigðisþjónustu.

4) Samsetning matvæla, sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, getur verið mjög breytileg og fer m.a. eftir því hver sjúkdómurinn, röskunin eða heilsufarsástandið, sem sérfæðismeðferðin, sem varan er ætluð fyrir, er, aldri sjúklinganna og hvar þeir fá heilbrigðisþjónustu sem og fyrirhugaðri notkun vörunnar. Einkum er unnt að flokka matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi í mismunandi flokka eftir því hvort samsetningin er stöðluð eða sérstaklega aðlöguð að því er varðar næringarefni vegna sjúkdóms, röskunar eða heilsufarsástands og eftir því hvort þau eru eini næringargjafinn fyrir þá einstaklinga sem þau eru ætluð eða ekki.

5) Vegna hinnar miklu fjölbreytni matvæla sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, hinnar hröðu þróunar í vísindaþekkingu sem þau byggjast á og nauðsynjar þess að tryggja viðunandi sveigjanleika til að þróa nýjungar í vörum þykir ekki rétt að mæla fyrir um reglur um samsetningu slíkra matvæla í smáatriðum. Hins vegar er mikilvægt að setja meginreglur og kröfur sem eiga sérstaklega við um þau til að tryggja að þau séu örugg, holl og árangursrík fyrir þá einstaklinga sem þau eru ætluð á grundvelli almennt viðurkenndra vísindagagna.

6) Einkum ætti næringarfræðileg samsetning matvæla, sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og eru þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna, að byggjast á samsetningu fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur í því skyni að taka tillit til sérstakra næringarþarfa ungbarna. Að teknu tilliti til þess að ungbarnablöndur og stoðblöndur eru ætlaðar heilbrigðum ungbörnum ætti þó að kveða á um undanþágur fyrir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, sem eru þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna, ef slíkt er nauðsynlegt vegna fyrirhugaðrar notkunar á vörunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB frá 25. mars 1999 um sérfæði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi (Stjtíð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 29).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB frá 6. maí 2009 um matvæli sem eru ætluð til sérstakra næringarlegra nota (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 21).

7) Mikilvægt er að setja grundvallarreglur um magn vítamíns og steinefna í matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi til að tryggja frjálst flæði vara, sem eru mismunandi að samsetningu til, sem og neytendavernd. Slíkar reglur ættu að byggjast á reglunum í tilskipun 1999/21/EB að því gefnu að hingað til hafi þær tryggt fullnægjandi ramma að því er varðar matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi. Í reglunum ætti að koma fram lágmarks- og hámarksmagn ef um er að ræða vörur sem teljast fullnægja öllum næringarþörfum og ná yfir næringarþarfir sjúklingsins og eingöngu hámarksmagn í tilvikum þar sem um er að ræða vörur sem teljast ekki fullnægja öllum næringarþörfum, með fyrirvara um breytingar að því er varðar eitt eða fleiri þessara næringarefna sem teljast nauðsynleg fyrir fyrirhugaða notkun vörunnar.

8) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 609/2013 verður framkvæmdastjórnin að samþykkja ákvæði sem takmarka eða banna notkun varnarefna og um varnarefnaleifar í matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi sem eru þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna og smábarna. Þar ed Matvælaöryggisstofnun Evrópu þarf að framkvæma ítarlegt mat á ýmsum þáttum, þ.m.t. hversu viðeigandi eiturefnafræðilegu viðmiðunargildin eru fyrir ungbörn og smábörn, tekur töluverðan tíma að samþykkja ákvæði sem eru í samræmi við núverandi vísindaþekkingu.

9) Ekki er mælt fyrir um slíkt í tilskipun 1999/21/EB. Í tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB ([4]) og 2006/141/EB ([5]) er þó sem stendur mælt fyrir um sértækar kröfur í þessu tilliti að því er varðar matvæli fyrir heilbrigð ungbörn og smábörn á grundvelli tveggja álita vísindanefndarinnar um matvæli frá 19. september 1997 ([6]) og 4. júní 1998 ([7]).

10) Með tilliti til þess að þessi framselda reglugerð skal samþykkt fyrir 20. júlí 2015, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 609/2013, ætti á þessu stigi að taka viðkomandi fyrirliggjandi kröfur í tilskipunum 2006/125/EB og 2006/141/EB upp í þessa reglugerð. Þó er rétt að nota hugtökin í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ([8]).

11) Á grundvelli varúðarreglunnar eru fastsett afar lág gildi, sem nema 0,01 mg/kg, fyrir leifar allra varnarefna. Að auki eru settar enn strangari takmarkanir fyrir fáein varnarefni eða umbrotsefni varnarefna þar sem hámarksgildi leifa, sem nema 0,01 mg/kg, fyrir leifar efnanna gætu jafnvel, í verstu tilvikum, leitt til váhrifa á ungbörn og smábörn þar sem farið er yfir ásættanlega, daglega inntöku.

12) Bann við notkun tiltekinna varnarefna tryggir ekki endilega að matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, sem eru þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna og smábarna, séu laus við þessi varnarefni þar eð sum varnarefni eru þrávirk í umhverfinu og hægt er að finna leifar þeirra í matvælunum. Af þessum sökum teljast þessi varnarefni ekki hafa verið notuð ef leifarnar eru undir tilteknu gildi.

13) Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi verða að vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 ([9]). Til þess að taka til greina sérstakt eðli matvæla sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um viðbætur og undanþágur að því er varðar þessar almennu reglur, eftir því sem við á.

14) Fyrir þessa tegund matvæla ætti að vera skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja rétta notkun matvæla sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi. Í þessum upplýsingum ættu að vera upplýsingar um eiginleika og sérkenni, m.a. í tengslum við sérstaka vinnslu og samsetningu, næringarfræðilega samsetningu og

([4]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB frá 5. desember 2006 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (Stjtíð. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16).

([5]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB frá 22. desember 2006 um ungbarnablöndur og stoðblöndur og um breytingu á tilskipun 1999/21/EB (Stjtíð. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1).

([6]) „Opinion of the Scientific Committee for Food on a maximum residue limit (MRL) of 0,01 mg/kg for pesticides in foods intended for infants and young children“ (birt 19. september 1997).

([7]) „Further advice on the opinion of the Scientific Committee for Food expressed on the 19 September 1997 on a Maximum Residue Limit (MRL) of 0,01 mg/kg for pesticides in foods intended for infants and young children“ (samþykkt af hálfu vísindanefndarinnar 4. júní 1998).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls.1).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

skynsamlega notkun vörunnar sem stuðlar að því að hún nýtist í þeim sérstaka tilgangi sem hún er ætluð fyrir. Ekki ætti að líta á slíkar upplýsingar sem næringar- og heilsufullyrðingar í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 ([10]).

15) Næringaryfirlýsing fyrir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi er mikilvæg til að tryggja viðeigandi notkun þeirra, bæði fyrir sjúklinga sem neyta matvælanna og faglærða heilbrigðisstarfsmenn sem mæla með neyslu á þeim. Af þeim sökum og til að veita fyllri upplýsingar til sjúklinga og faglærðra heilbrigðisstarfsmanna ætti næringaryfirlýsingin að innihalda nákvæmari upplýsingar en þær sem krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1169/2011. Að auki ætti undanþágan, sem kveðið er á um í 18. lið V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011, ekki að gilda og næringaryfirlýsingin ætti að vera lögboðin fyrir öll matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, án tillits til stærðar umbúðanna eða ílátsins.

16) Þeir sem neyta matvæla sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eru með aðrar næringarþarfir en einstaklingar almennt. Framsetning upplýsinga um næringu, að því er varðar orkugildi og magn næringarefna, í matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi sem hundraðshluta af viðmiðunargildum fyrir daglega inntöku, sem sett eru fram í reglugerð (ESB) nr. 1169/2011, myndi villa um fyrir neytendum og ætti því ekki að vera heimil.

17) Notkun næringar- og heilsufullyrðinga, sem heimilaðar eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006, til að auglýsa matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi væri ekki viðeigandi vegna þess að neytendur slíkra vara eru sjúklingar sem þjást af sjúkdómi, röskun eða ástandi og tilheyra þess vegna ekki hópi heilbrigðs almennings. Auk þess er ætlast til að matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi séu notuð undir eftirliti læknis og ekki ætti að hvetja til neyslu þeirra með notkun næringar- og heilsufullyrðinga sem beinast beint að neytendum. Af þessum ástæðum ætti notkun næringar- og heilsufullyrðinga ekki að vera heimil að því er varðar matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi.

18) Undanfarin ár hefur aukinn fjöldi vara verið settur á markað sem matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi sem þróuð eru til að fullnægja næringarþörfum ungbarna. Þessar vörur eru stundum auglýstar með aðferðum sem beinast beint að neytendum sem falla ekki undir takmarkanir samkvæmt löggjöf Sambandsins sem gildir um ungbarnablöndur og stoðblöndur. Til að forðast mögulega misnotkun sem tengist rangflokkun vara, draga úr ruglingi meðal neytenda varðandi eðli mismunandi vara sem þeim eru boðnar og tryggja sanngjörn samkeppnisskilyrði virðist rétt að koma á viðbótartakmörkunum varðandi merkingar, kynningar, auglýsingar og auglýsinga- og viðskiptahætti sem tengjast matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi sem þróuð eru til að fullnægja næringarþörfum ungbarna. Þessar takmarkanir ættu að vera svipaðar þeim sem gilda um ungbarnablöndur og stoðblöndur fyrir heilbrigð ungbörn með breytingum þar sem tekið er tilliti til fyrirhugaðrar notkunar vörunnar og með fyrirvara um hvort þurfi að veita fæðuupplýsingar til sjúklinga og faglærðra heilbrigðisstarfsmanna til að tryggja rétta notkun vörunnar. Þar eð nota á matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi undir eftirliti læknis ættu þessar takmarkanir ekki að gera stjórnendum matvælafyrirtækja erfiðara fyrir að eiga samskipti við faglærða heilbrigðisstarfsmenn og ættu að gera faglærðum heilbrigðisstarfsmönnum kleift að meta hversu vel fallnar mismunandi vörur eru til fyrirhugaðrar notkunar þeirra.

19) Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([11]) skulu aðildarríkin framfylgja lögum um matvæli og vakta og sannprófa að stjórnendur matvæla- og fóðurfyrirtækja uppfylli viðeigandi ákvæði í lögum um matvæli á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar. Í þessu samhengi, til að auðvelda skilvirkt, opinbert eftirlit með matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, ættu stjórnendur matvælafyrirtækja, sem setja matvæli sem notuð eru í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi á markað, að láta lögbærum landsyfirvöldum í té eintak af merkimiðanum sem er notaður og allar viðeigandi upplýsingar sem teljast nauðsynlegar til að sýna fram á að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar nema að í aðildarríkjunum sé fyrir hendi annað skilvirkt eftirlitskerfi.

20) Til að gera stjórnendum matvælafyrirtækja kleift að aðlagast þessum nýju kröfum ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með þeim degi er þrjú ár eru liðin frá því hún öðlast gildi. Með tilliti til fjölda og vægis nýju krafnanna sem gilda um matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, sem þróuð eru til að fullnægja næringarþörfum ungbarna, ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda, að því er varðar slíkar vörur, á þeim degi er fjögur ár eru liðin frá því hún öðlast gildi.

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli (Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9).

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Setning á markað

Einungis má setja matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi á markað ef þau eru í samræmi við þessa reglugerð.

2. gr.

Kröfur varðandi samsetningu

1. Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi skiptast í eftirtalda þrjá flokka:

a) matvæli sem fullnægja öllum næringarþörfum, eru með staðlaða næringarsamsetningu og geta verið eini næringargjafi þeirra einstaklinga sem þau eru ætluð fyrir, svo fremi þau séu notuð í samræmi við fyrirmæli framleiðanda,

b) matvæli sem fullnægja öllum næringarþörfum, eru með samsetningu sem er aðlöguð að því er varðar næringarefni vegna tiltekins sjúkdóms, röskunar eða heilsufarsástands og geta verið eini næringargjafi þeirra einstaklinga sem þau eru ætluð fyrir, svo fremi þau séu notuð í samræmi við fyrirmæli framleiðanda,

c) matvæli sem fullnægja ekki öllum næringarþörfum, eru með staðlaða samsetningu eða samsetningu sem er aðlöguð að því er varðar næringarefni vegna tiltekins sjúkdóms, röskunar eða heilsufarsástands og henta ekki til notkunar sem eini næringargjafinn.

Einnig er hægt að nota matvælin, sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar, að hluta til í stað eða til viðbótar við fæði viðkomandi sjúklings.

2. Samsetning matvæla sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi skal byggjast á áreiðanlegum meginreglum í læknisfræðilegu og næringarlegu tilliti. Notkun þeirra, í samræmi við fyrirmæli framleiðanda, skal vera örugg, gagnleg og árangursrík með tilliti til þess að fullnægja sérstökum næringarþörfum þeirra einstaklinga, sem þau eru ætluð fyrir, eins og sýnt er fram á með almennt viðurkenndum vísindagögnum.

3. Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, sem eru þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna, skulu vera í samræmi við samsetningarkröfurnar sem settar eru fram í A-hluta I. viðauka.

Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, önnur en þau sem eru þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna, skulu vera í samræmi við samsetningarkröfurnar sem settar eru fram í B-hluta I. viðauka.

4. Samsetningarkröfurnar, sem settar eru fram í I. viðauka, skulu gilda um matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi sem eru tilbúin til notkunar og eru markaðssett sem slík eða sem tilbúin til notkunar eftir tilreiðslu, í samræmi við fyrirmæli framleiðandans.

3. gr.

Kröfur um varnarefni í matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi sem eru þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna og smábarna

1. Að því er varðar þessa grein merkir „leif“ leif af virku efni, eins og um getur í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, sem er notað í plöntuverndarvöru, eins og um getur í 1. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar, þ.m.t. umbrotsefni og efni sem myndast við niðurbrot eða efnahvörf virka efnisins.

2. Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, sem þróuð eru til að fullnægja næringarþörfum ungbarna og smábarna, skulu ekki innihalda leifar með gildum sem fara yfir 0,01 mg/kg miðað við hvert virkt efni.

Þetta magn skal ákvarðað með almennt viðurkenndum greiningaraðferðum.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. gilda þau hámarksgildi leifa, sem eru tilgreind í II. viðauka, um virku efnin sem eru skráð í þann viðauka.

4. Matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi, sem þróuð eru til að fullnægja næringarþörfum ungbarna og smábarna, skulu einungis framleidd úr landbúnaðarafurðum þar sem plöntuverndarvörur, sem innihalda virku efnin sem tilgreind eru í III. viðauka, hafa ekki verið notaðar.

Að því er varðar eftirlit skulu plöntuverndarvörur, sem innihalda virku efnin sem tilgreind eru í III. viðauka, þó ekki teljast hafa verið notuð ef leifar þeirra fara ekki yfir gildið 0,003 mg/kg.

5. Gildin, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr., skulu gilda um matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi sem eru tilbúin til notkunar og markaðssett sem slík eða sem tilbúin til notkunar eftir tilreiðslu, í samræmi við fyrirmæli framleiðandans.

4. gr.

Heiti matvælanna

Heiti matvæla sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi skal vera eins og sett er fram í IV. viðauka.

5. gr.

Sértækar kröfur varðandi upplýsingar um matvæli

1. Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi skulu uppfylla kröfur reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð.

2. Auk þeirra lögboðnu upplýsinga sem tilgreindar eru í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 skulu eftirfarandi viðbótarupplýsingar vera lögboðnar fyrir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi:

a) yfirlýsing um að vöruna verði að nota undir eftirliti læknis,

b) yfirlýsing um hvort varan hentar til notkunar sem eini næringargjafinn,

c) yfirlýsing um að varan sé ætluð sérstökum aldurshópi, eftir því sem við á,

d) yfirlýsing um að varan hafi í för með sér heilbrigðishættu fyrir einstaklinga, sem neyta hennar, sem eru ekki með sjúkdóm, röskun eða í því heilsufarsástandi sem varan er ætluð fyrir, eftir því sem við á,

e) yfirlýsingin „Sérfæðismeðferð vegna ...“ og fylla skal í eyðuna með heiti sjúkdóms, röskun eða heilsufarsástandi sem varan er ætluð fyrir,

f) yfirlýsing sem varðar fullnægjandi varúðarráðstafanir og frábendingar, eftir því sem við á,

g) lýsing á þeim eiginleikum og/eða einkennum sem gera vöruna gagnlega að því er varðar sjúkdóminn, röskunina eða heilsufarsástandið, sem sérfæðismeðferðin er ætluð fyrir, einkum í tengslum við sérstaka vinnslu og samsetningu, næringarefni sem hafa verið aukin, dregið úr, fjarlægð eða breytt á annan hátt og rök fyrir notkun vörunnar, eftir því sem við á,

h) viðvörun um að varan sé ekki ætluð til stungu- eða innrennslisnotkunar, eftir því sem við á,

i) fyrirmæli um viðeigandi tilreiðslu, notkun og geymslu vörunnar eftir að umbúðirnar hafa verið rofnar, eftir því sem við á.

Á undan upplýsingunum, sem um getur í a- til d-lið, skulu koma orðin „áríðandi tilkynning” eða orð sömu merkingar.

3. Ákvæði 2. og 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 gilda einnig um lögboðnar viðbótarupplýsingar sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

6. gr.

Sértækar kröfur varðandi næringaryfirlýsinguna

1. Til viðbótar upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 skal eftirfarandi koma fram í lögboðnu næringaryfirlýsingunni um matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi:

a) magn hvers steinefnis og vítamíns sem tilgreind eru í I. viðauka við þessa reglugerð og koma fyrir í vörunni,

b) magn efnisþátta prótíns, kolvetnis og fitu og/eða annarra næringarefna og efnisþátta þeirra ef yfirlýsing þess efnis reynist nauðsynleg vegna fyrirhugaðrar notkunar vörunnar,

c) upplýsingar um osmólalstyrk eða osmólstyrk vörunnar, eftir því sem við á,

d) upplýsingar um gjafa prótína og/eða vatnsrofsmyndefna prótína sem eru í vörunni og eðli þeirra.

2. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 skal ekki endurtaka upplýsingarnar í lögboðnu næringaryfirlýsingunni fyrir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi á merkingunni.

3. Næringaryfirlýsingin skal vera lögboðin fyrir öll matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi án tillits til stærðar stærsta yfirborðsflatarins á umbúðunum eða ílátinu.

4. Ákvæði 31. til 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 gilda um öll næringarefni í næringaryfirlýsingunni fyrir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi.

5. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 skal orkugildi og magn næringarefna í matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi gefið upp fyrir matvælin eins og þau eru seld og, eftir því sem við á, matvælin eins og þau þegar þau eru tilbúin til notkunar eftir tilreiðslu, í samræmi við fyrirmæli framleiðandans.

6. Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 skal orkugildi og magn næringarefna í matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi ekki gefið upp sem hundraðshluti af þeirri viðmiðunarneyslu sem sett er fram í XIII. viðauka við þá reglugerð.

7. Upplýsingarnar í næringaryfirlýsingunni fyrir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, sem eru ekki tilgreindar í XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011, skulu gefnar upp á eftir þeirri færslu í viðaukanum, sem á best við, sem þær tilheyra eða eru hluti af.

Upplýsingar, sem eru ekki tilgreindar í XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 sem tilheyra ekki eða eru ekki hluti af neinum færslum í þeim viðauka skulu gefnar upp í næringaryfirlýsingunni á eftir síðustu færslu í þeim viðauka.

Tilgreiningin um natríummagn skal koma fram ásamt öðrum steinefnum og má endurtaka hana við hlið tilgreiningarinnar um saltmagn eins og hér er sýnt: „Salt: X g (þar af natríum: Y mg)“.

7. gr.

Næringar- og heilsufullyrðingar

Næringar- og heilsufullyrðingar skulu ekki koma fram á matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi.

8. gr.

Sértækar kröfur um matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi sem eru þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna og smábarna

1. Allar lögboðnar upplýsingar um matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, sem eru þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna, skulu koma fram á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir neytendur.

2. Merking, kynning og auglýsing á matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, sem eru þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna, skulu ekki innihalda myndir af ungbörnum eða aðrar myndir eða texta sem kunna að fegra notkun vörunnar.

Samt sem áður skal heimila myndræna framsetningu til að auðvelt sé að bera kennsl á vöruna og til að sýna tilreiðsluaðferðir.

3. Merkingar, kynningar og auglýsingar á matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna skulu hannaðar þannig að þær geri neytendum kleift að gera skýran greinarmun á slíkum vörum og ungbarnablöndum og stoðblöndum, einkum að því er varðar texta, myndir og liti sem notuð eru, til að forðast alla áhættu á ruglingi.

4. Auglýsing á matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, sem eru þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna, skal takmarkast við sérrit um umönnun ungbarna og vísindarit.

Aðildarríkjum er heimilt að takmarka eða banna slíkar auglýsingar enn frekar. Slíkar auglýsingar skulu eingöngu innihalda vísindalegar upplýsingar og upplýsingar byggðar á staðreyndum.

Ákvæði fyrstu og annarrar undirgreinar skulu ekki koma í veg fyrir miðlun upplýsinga sem eru einungis ætlaðar faglærðum heilbrigðisstarfsmönnum.

5. Óheimilt er að auglýsa á sölustöðum, afhenda sýnishorn eða beita öðrum söluhvetjandi aðferðum, sem beinast að neytandanum á smásölustigi, til að glæða sölu á matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna, t.d. með sérútstillingum, afsláttarmiðum, verðlaunum, söluherferðum, sölu undir kostnaðarverði og pakkatilboðum.

6. Framleiðendur og dreifingaraðilar matvæla sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna skulu ekki með beinum hætti útdeila vörum, sem eru ókeypis eða á niðursettu verði, eða sýnishornum eða hvers konar öðrum gjöfum til kynningar til almennings eða barnshafandi kvenna, mæðra eða fjölskyldna þeirra.

9. gr.

Tilkynning

Þegar matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eru sett á markað skal stjórnandi matvælafyrirtækisins tilkynna lögbæru yfirvaldi í hverju aðildarríki, þar sem varan er sett á markað, um upplýsingarnar sem birtast á merkimiðanum með því að senda því eintak af merkimiðanum sem notaður er á vöruna og allar aðrar upplýsingar sem eðlilegt er að lögbært yfirvald fari fram á til að staðfesta að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar, nema aðildarríki veiti stjórnanda matvælafyrirtækis undanþágu frá þeirri skyldu samkvæmt landsbundnu kerfi sem tryggir skilvirkt, opinbert eftirlit með viðkomandi vöru.

10. gr.

Tilskipun 1999/21/EB

Í samræmi við 4. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 609/2013 er tilskipun 1999/21/EB felld úr gildi frá og með 22. febrúar 2019. Tilskipun 1999/21/EB skal þó gilda áfram til 21. febrúar 2020 um matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna.

Líta ber á tilvísanir í tilskipun 1999/21/EB í öðrum gerðum sem tilvísanir í þessa reglugerð í samræmi við áætlunina sem sett er fram í fyrstu málsgrein.

11. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal koma til framkvæmda frá og með 22. febrúar 2019 nema að því er varðar matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna en að því er þau varðar skal hún koma til framkvæmda frá og með 22. febrúar 2020.

Að því er varðar aðra undirgrein 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 609/2013, að því er varðar matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna, skal síðari dagsetningin, sem um getur í annarri málsgrein þessarar greinar, teljast vera dagsetningin þegar gerðin kemur til framkvæmda.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

KRÖFUR VARÐANDI SAMSETNINGU SEM UM GETUR Í 3. MGR. 2. GR.

A-HLUTI

Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi sem eru þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna

1. Vörur, sem um getur í a-lið 1. mgr. 2. gr., sem eru þróaðar til að fullnægja næringarþörfum ungbarna, skulu innihalda þau vítamín og steinefni sem eru tilgreind í töflu 1.

2. Vörur, sem um getur í b-lið 1. mgr. 2. gr., sem eru þróaðar til að fullnægja næringarþörfum ungbarna skulu innihalda þau vítamín og steinefni sem eru tilgreind í töflu 1, með fyrirvara um breytingar á einu eða fleiri þessara næringarefna sem teljast nauðsynlegar vegna fyrirhugaðrar notkunar á vörunni.

3. Hámarksmagn vítamína og steinefna í vörum, sem um getur í c-lið 1. mgr. 2. gr., sem þróaðar eru til að fullnægja næringarþörfum ungbarna, skal ekki vera yfir því hámarksmagni sem er tilgreint í töflu 1, með fyrirvara um breytingar á einu eða fleiri þessara næringarefna sem teljast nauðsynlegar vegna fyrirhugaðrar notkunar á vörunni.

4. Stríði það ekki gegn kröfunum sem fyrirhuguð notkun felur í sér skulu matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna uppfylla ákvæði sem varða önnur næringarefni, sem gilda um ungbarnablöndur og stoðblöndur, eftir því sem við á, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127([12]).

Tafla 1

Gildi fyrir vítamín og steinefni í matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna

	Í 100 kJ		Í 100 kkal	
	Lágmark	Hámark	Lágmark	Hámark
Vítamín				
A-vítamín (µg-RJ) ([1])	16,7	43	70	180
D-vítamín (µg)	0,48	0,72	2	3
K-vítamín (µg)	0,24	6	1	25
C-vítamín (mg)	0,96	7,2	4	30
Þíamín (µg)	9,6	72	40	300
Ríbóflavín (µg)	14,3	107	60	450
B_6-vítamín (µg)	4,8	72	20	300
Níasín (mg) ([2])	0,1	0,72	0,4	3
Fólat (µg-DFE) ([3])	3,6	11,4	15	47,6

([12]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127 frá 25. september 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur og að því er varðar kröfur um upplýsingar sem varða ungbarna- og smábarnafæði (Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls 1.)

	Í 100 kJ		Í 100 kkal	
	Lágmark	Hámark	Lágmark	Hámark
B_{12}-vítamín (µg)	0,02	0,12	0,1	0,5
Pantóþensýra (mg)	0,1	0,48	0,4	2
Bíótín (µg)	0,24	4,8	1	20
E-vítamín (mg α-tókóferól) ([4])	0,14	1,2	0,6	5
Steinefni				
Natríum (mg)	6	14,3	25	60
Klóríð (mg)	14,3	38,2	60	160
Kalíum (mg)	19,1	38,2	80	160
Kalsíum (mg) ([5])	12	60	50	250
Fosfór (mg) ([6])	6	24	25	100
Magnesíum (mg)	1,2	3,6	5	15
Járn (mg)	0,07	0,6	0,3	2,5
Sink (mg)	0,12	0,6	0,5	2,4
Kopar (µg)	14,3	29	60	120
Joð (µg)	3,6	8,4	15	35
Selen (µg)	0,72	2	3	8,6
Mangan (µg)	0,24	24	1	100
Króm (µg)	—	2,4	—	10
Mólýbden (µg)	—	3,3	—	14
Flúoríð (µg)	—	47,8	—	200

([1]) Tilbúið A-vítamín; RJ = altransretínóljafngildi.
([2]) Tilbúið níasín.
([3]) Fólatjafngildi úr fæðu (e. *dietary folate equivalent*, DFE): 1 µg DFE = 1 µg fólat úr matvælum = 0,6 µg fólínsýra úr matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi
([4]) Byggt á virkni E-vítamíns í RRR-α-tókóferóli.
([5]) Mólhlutfall kalsíums og aðgengilegs fosfórs skal ekki vera minna en 1 eða hærra en 2.
([6]) Heildarfosfór.

B-HLUTI

Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi önnur en þau sem eru þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna

1. Vörur, sem um getur í a-lið 1. mgr. 2. gr., aðrar en þær sem eru þróaðar til að fullnægja næringarþörfum ungbarna skulu innihalda þau vítamín og steinefni sem eru tilgreind í töflu 2.

2. Vörur, sem um getur í b-lið 1. mgr. 2. gr., aðrar en þær sem eru þróaðar til að fullnægja næringarþörfum ungbarna, skulu innihalda þau vítamín og steinefni sem eru tilgreind í töflu 2, með fyrirvara um breytingar á einu eða fleiri þessara næringarefna sem teljast nauðsynlegar vegna fyrirhugaðrar notkunar á vörunni.

3. Hámarksmagn vítamína og steinefna í vörum, sem um getur í c-lið 1. mgr. 2. gr., öðrum en þeim sem eru þróaðar til að fullnægja næringarþörfum ungbarna, skal ekki vera yfir því hámarksmagni sem er tilgreint í töflu 2, með fyrirvara um breytingar á einu eða fleiri þessara næringarefna sem teljast nauðsynlegar vegna fyrirhugaðrar notkunar á vörunni.

Tafla 2

Gildi fyrir vítamín og steinefni í matvælum sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, öðrum en þeim sem eru þróuð til að fullnægja næringarþörfum ungbarna

	Í 100 kJ		Í 100 kkal	
	Lágmark	Hámark	Lágmark	Hámark
Vítamín				
A-vítamín (µg RJ)	8,4	43	35	180
D-vítamín (µg)	0,12	0,65/0,75([1])	0,5	2,5/3 ([1])
K-vítamín (µg)	0,85	5	3,5	20
C-vítamín (mg)	0,54	5,25	2,25	22
Þíamín (mg)	0,015	0,12	0,06	0,5
Ríbóflavín (mg)	0,02	0,12	0,08	0,5
B_6-vítamín (mg)	0,02	0,12	0,08	0,5
Níasín (mg NE)	0,22	0,75	0,9	3
Fólínsýra (µg)	2,5	12,5	10	50
B_{12}-vítamín (µg)	0,017	0,17	0,07	0,7
Pantóþensýra (mg)	0,035	0,35	0,15	1,5
Bíótín (µg)	0,18	1,8	0,75	7,5
E-vítamín (mg α-TE)	0,5/g af fjölómettuðum fitusýrum, gefnar upp sem línólsýra, en aldrei minna en 0,1 mg fyrir hver 100 aðgengileg kJ	0,75	0,5/g af fjölómettuðum fitusýrum, gefnar upp sem línólsýra, en aldrei minna en 0,5 mg fyrir hverjar 100 aðgengilegar kkal	3

	Í 100 kJ		Í 100 kkal	
	Lágmark	Hámark	Lágmark	Hámark
Steinefni				
Natríum (mg)	7,2	42	30	175
Klóríð (mg)	7,2	42	30	175
Kalíum (mg)	19	70	80	295
Kalsíum (mg)	8,4/12([1])	42/60([1])	35/50([1])	175/250([1])
Fosfór (mg)	7,2	19	30	80
Magnesíum (mg)	1,8	6	7,5	25
Járn (mg)	0,12	0,5	0,5	2
Sink (mg)	0,12	0,36	0,5	1,5
Kopar (µg)	15	125	60	500
Joð (µg)	1,55	8,4	6,5	35
Selen (µg)	0,6	2,5	2,5	10
Mangan (mg)	0,012	0,12	0,05	0,5
Króm (µg)	0,3	3,6	1,25	15
Mólýbden (µg)	0,84	4,3	3,5	18
Flúoríð (mg)	—	0,05	—	0,2

([1]) Í vörur ætlaðar börnum á aldrinum 1 til 10 ára.

II. VIÐAUKI

VIRK EFNI SEM UM GETUR Í 3. MGR. 3. GR.

Efnaheiti	Hámarksgildi leifa (mg/kg)
Kadúsafos	0,006
Demetón-S-metýl/demetón-S-metýlsúlfón/oxýdemetónmetýl (hvert um sig eða í samsetningu, gefið upp sem demetón-S-metýl)	0,006
Etóprófos	0,008
Fípróníl (summan af fípróníli og fípróníldesúlfínýli, gefin upp sem fípróníl)	0,004
Própíneb/própýlenþíóúrea (summan af própínebi og própýlenþíóúrea)	0,006

III. VIÐAUKI

VIRK EFNI SEM UM GETUR Í 4. MGR. 3. GR.

Efnaheiti (skilgreining leifar)
Aldrín og díeldrín, gefið upp sem díeldrín
Dísúlfótón (summan af dísúlfótóni, dísúlfótónsúlfoxíði og dísúlfótónsúlfóni, gefin upp sem dísúlfótón)
Endrín
Fensúlfóþíón (summan af fensúlfóþíóni, súrefnishliðstæðu þess og súlfónum þeirra, gefin upp sem fensúlfóþíón)
Fentín, gefið upp sem plúsjón trífenýltins
Haloxýfóp (summan af haloxýfópi, söltum þess og esterum, þ.m.t. tilsvarandi afleiður, gefin upp sem haloxýfóp)
Heptaklór og trans-heptaklórepoxíð, gefið upp sem heptaklór
Hexaklórbensen
Nítrófen
Ómetóat
Terbúfos (summan af terbúfosi og súlfoxíði og súlfóni þess, gefin upp sem terbúfos)

IV. VIÐAUKI

HEITI SEM UM GETUR Í 4. GR.

Heiti matvæla sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi skulu vera sem hér segir:

— á búlgörsku: „Храни за специални медицински цели“,

— á spænsku: „Alimento para usos médicos especiales“

— á tékknesku: „Potravina pro zvláštní lékařské účely“,

— á dönsku: „Fødevare til særlige medicinske formål“,

— á þýsku: „Lebensmittel für besondere medizinische Zwecke (bilanzierte Diät)“,

— á eistnesku: „Meditsiinilisel näidustusel kasutamiseks ettenähtud toit“,

— á grísku: „τρόφιμα για ειδικούς ιατρικούς σκοπούς“,

— á ensku: „Food for special medical purposes“,

— á frönsku: „Denrée alimentaire destinée à des fins médicales spéciales“,

— á króatísku: „Hrana za posebne medicinske potrebe“,

— á ítölsku: „Alimento a fini medici speciali“,

— á lettnesku: „Īpašiem medicīniskiem nolūkiem paredzēta pārtika“,

— á litháísku: „Specialios medicininės paskirties maisto produktai“,

— á ungversku: „Speciális gyógyászati célra szánt élelmiszer“,

— á maltnesku: „Ikel għal skopijiet mediċi speċjali“,

— á hollensku: „Voeding voor medisch gebruik“,

— á pólsku: „Żywność specjalnego przeznaczenia medycznego“,

— á portúgölsku: „Alimento para fins medicinais específicos“,

— á rúmensku: „Alimente destinate unor scopuri medicale speciale“,

— á slóvakísku: „Potraviny na osobitné lekárske účely“,

— á slóvensku: „Živila za posebne zdravstvene namene“,

— á finnsku: „Erityisiin lääkinnällisiin tarkoituksiin tarkoitettu elintarvike (kliininen ravintovalmiste)“,

— á sænsku: „Livsmedel för speciella medicinska ändamål“.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/371 2016/EES/52/16

frá 15. mars 2016

um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum fyrstu undirgrein 5. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja geti sent lögbæru landsyfirvaldi aðildarríkis umsóknir um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbær landsyfirvöld skulu framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“, til vísindalegs mats og einnig til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna til upplýsingar.

3) Matvælaöryggisstofnunin skal skila áliti á viðkomandi heilsufullyrðingu.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5) Í kjölfar umsóknar frá InQpharm Europe Ltd, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar staðlaðan, vatnskenndan kjarna úr hvítum nýrnabaunum (*Phaseolus vulgaris* L.) og minnkun á líkamsþyngd (spurning nr. EFSA-Q-2013-00973 ([2])). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Stuðlar að því að minnka líkamsþyngd“.

6) Hinn 16. júlí 2014 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að framlögð gögn nægðu ekki til að sýna fram á orsakatengsl milli neyslu á stöðluðum, vatnskenndum kjarna úr hvítum nýrnabaunum (*Phaseolus vulgaris* L.) og minnkunar á líkamsþyngd. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

7) Í kjölfar umsóknar frá Natural Alternative International Inc. (NAI), sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar beta-alanín og bætta, líkamlega frammistöðu við mjög krefjandi æfingar í stuttan tíma (spurning nr. EFSA-Q-2013-00974 ([3])). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Beta-alanín bætir frammistöðu við mjög krefjandi æfingar í stuttan tíma“.

8) Hinn 16. júlí 2014 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á beta-alaníni og bættrar, líkamlegrar frammistöðu við mjög krefjandi æfingar í stuttan tíma. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2016, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 144/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(7), 3754.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(7), 3755.

9) Í kjölfar umsóknar frá Federación Nacional de Industrias Lácteas (FeNIL), sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar fitulaus jógúrt og gerjaða mjólk, sem er í samræmi við forskriftirnar „fitulaus“, „lítið sykurinnihald“, „prótínrík“, „kalsíumgjafi“ og „D-vítamíngjafi“ fyrir næringarfullyrðingar, og minnkun líkamsfitu og iðrafitu meðan líkamsþyngd án fituvefs (e. *lean body mass*) er viðhaldið í tengslum við orkusnautt fæði (spurning nr. EFSA-Q-2014-00126([4])). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Fitulaus jógúrt og gerjuð mjólk með lifandi jógúrtgerlum, með viðbættu D-vítamíni og án viðbætts sykurs, stuðla að því að minnka líkamsfitu og iðrafitu í tengslum við orkusnautt fæði“.

10) Hinn 7. janúar 2015 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á fitulausu jógúrti og gerjaðri mjólk með lifandi jógúrtræktum, sem eru í samræmi við forskriftirnar „fitulaus“, „lítið sykurinnihald“, „prótínrík“, „kalsíumgjafi“ og „D-vítamíngjafi“ fyrir næringarfullyrðingar, og minnkun líkamsfitu og iðrafitu meðan líkamsþyngd án fituvefs er viðhaldið í tengslum við orkusnautt fæði. Í því áliti tók Matvælaöryggisstofnunin einnig fram að umsækjandinn hefði ekki lagt fram neinar rannsóknir á mönnum sem hægt væri að draga ályktanir af sem vísindalegar sannanir fyrir fullyrðingunni. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

11) Í kjölfar umsóknar frá Federación Nacional de Industrias Lácteas (FeNIL), sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar fitulaus jógúrt og gerjaða mjólk með lifandi jógúrtgerlum, sem eru í samræmi við forskriftirnar „fitulaus“, „lítið sykurinnihald“, „prótínrík“, „kalsíumgjafi“ og „D-vítamíngjafi“ fyrir næringarfullyrðingar, og viðhald líkamsþyngdar án fituvefs í tengslum við orkusnautt fæði (spurning nr. EFSA-Q-2014-00127([5])). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Fitulaus jógúrt og gerjuð mjólk með lifandi jógúrtgerlum, með viðbættu D-vítamíni og án viðbætts sykurs, stuðla að því að viðhalda líkamsþyngd án fituvefs (vöðvum og beinum) í tengslum við orkusnautt fæði“.

12) Hinn 7. janúar 2015 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á fitulausu jógúrti og gerjaðri mjólk með lifandi jógúrtgerlum, sem eru í samræmi við forskriftirnar „fitulaus“, „lítið sykurinnihald“, „prótínrík“, „kalsíumgjafi“ og „D-vítamíngjafi“ fyrir næringarfullyrðingar, og viðhaldi líkamsþyngdar án fituvefs í tengslum við orkusnautt fæði. Í því áliti tók Matvælaöryggisstofnunin einnig fram að umsækjandinn hefði ekki lagt fram neinar rannsóknir á mönnum sem hægt væri að draga ályktanir af sem vísindalegar sannanir fyrir fullyrðingunni. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

13) Í kjölfar umsóknar frá Avesthagen Limited, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar Teestar™, útdrátt úr fræjum grikkjasmára með staðlað galaktómannaninnihald, og minni aukningu á blóðsykri eftir máltíðir (spurning nr. EFSA-Q-2014-00153)([6]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Teestar™ minnkar glúkósamagn í blóði“.

14) Hinn 8. janúar 2015 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á Teestar™, útdrætti úr fræjum grikkjasmára með staðlað galaktómannaninnihald, og minni aukningu á blóðsykri eftir máltíðir. Í því áliti tók Matvælaöryggisstofnunin einnig fram að rannsóknir á dýrum m.t.t. mögulegrar verkunar styðja ekki vísindaleg rök fyrir fullyrðingunni þar eð sannanir um áhrif Teestar™ á minni aukningu á blóðsykri í mönnum eftir máltíðir eru ekki fyrir hendi. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

15) Tekið hefur verið tillit til athugasemda frá umsækjendum sem bárust framkvæmdastjórninni í tengslum við 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 við ákvörðun þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(1), 3948.
([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(1), 3949.
([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(1), 3952.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heilsufullyrðingarnar, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skal ekki færa á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Heilsufullyrðing sem hefur verið hafnað

Umsókn — viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Tilvísunarnúmer álits Matvælaöryggis-stofnunar Evrópu
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Staðlaður, vatnskenndur kjarni úr hvítum nýrnabaunum (*Phaseolus vulgaris* L.)	Stuðlar að því að minnka líkamsþyngd	Q-2013-00973
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Beta-alanín	Beta-alanín bætir frammistöðu við mjög krefjandi æfingar í stuttan tíma.	Q-2013-00974
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Fitulaus jógúrt og gerjuð mjólk með lifandi jógúrtgerlum sem eru í samræmi við forskriftirnar „fitulaus“, „lítið sykurinnihald“, „prótínrík“, „kalsíumgjafi“ og „D-vítamíngjafi“ fyrir næringarfullyrðingar	Fitulaus jógúrt og gerjuð mjólk með lifandi jógúrtgerlum, með viðbættu D-vítamíni og án viðbætts sykurs, stuðla að því að minnka líkamsfitu og iðrafitu í tengslum við orkusnautt fæði	Q-2014-00126
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Fitulaus jógúrt og gerjuð mjólk með lifandi jógúrtgerlum sem eru í samræmi við forskriftirnar „fitulaus“, „lítið sykurinnihald“, „prótínrík“, „kalsíumgjafi“ og „D-vítamíngjafi“ fyrir næringarfullyrðingar	Fitulaus jógúrt og gerjuð mjólk með lifandi jógúrtgerlum, með viðbættu D-vítamíni og án viðbætts sykurs, stuðla að því að viðhalda líkamsþyngd án fituvefs (vöðvum og beinum) í tengslum við orkusnautt fæði	Q-2014-00127
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Teestar™, útdráttur úr fræjum grikkjasmára með staðlað galaktómannaninnihald	Teestar™ minnkar glúkósamagn í blóði	Q-2014-00153

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/372 **2016/EES/52/17**

frá 15. mars 2016

um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum 3. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja geti sent lögbæru landsyfirvaldi aðildarríkis umsóknir um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbæra landsyfirvaldið skal framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“.

3) Þegar Matvælaöryggisstofnuninni hefur borist umsókn skal hún tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni án tafar og skila áliti á viðkomandi heilsufullyrðingu.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5) Í kjölfar umsóknar frá Lycotec Ltd, sem lögð var fram skv. a-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar L-tug-lýkópen og minnkun á LDL-kólesteróli í blóði (spurning nr. EFSA-Q-2014-00590 ([2])). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Sýnt hefur verið fram á að L-tug-lýkópen lækkar/minnkar kólesteról í blóði. Hátt kólesteról er áhættuþáttur í þróun kransæðasjúkdóms“.

6) Hinn 26. febrúar 2015 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem komist var að þeirri niðurstöðu á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á L-tug-lýkópeni og minnkunar á styrk LDL-kólesteróls í blóði. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heilsufullyrðinguna, sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skal ekki færa á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2016, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 144/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(2), 4025.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Heilsufullyrðing sem hefur verið hafnað

Umsókn — viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Tilvísunarnúmer álits Matvælaöryggis-stofnunar Evrópu
Heilsufullyrðing sem varðar a-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu.	L-tug-lýkópen	Sýnt hefur verið fram á að L-tug-lýkópen lækkar/minnkar kólesteról í blóði. Hátt kólesteról er áhættuþáttur í þróun kransæðasjúkdóms	Q-2014-00590

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/305 **2016/EES/52/18**

frá 3. mars 2016

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið gentamísín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 er þess krafist að hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Sambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, skuli ákvörðuð í reglugerð.

2) Í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]) eru sett fram lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.

3) Gentamísín er þegar tilgreint í þeirri töflu sem leyft efni fyrir nautgripi og svín, sem gildir um vöðva, fitu, lifur og nýru og mjólk úr nautgripum.

4) Framkvæmdastjórnin lagði beiðni fyrir Lyfjastofnun Evrópu, í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009, um að yfirfæra gildandi hámarksgildi leifa fyrir gentamísín á aðrar tegundir eða vefi.

5) Lyfjastofnun Evrópu hefur, á grundvelli álits dýralyfjanefndarinnar, mælt með því að yfirfæra hámarksgildi leifa fyrir gentamísín á allar tegundir spendýra, sem gefa af sér afurðir til manneldis, og fiska.

6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 58, 4.3.2016, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir efnið gentamísín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Gentamísín	Summan af gentamísíni C1, gentamísíni C1a, gentamísíni C2 og gentamísíni C2a	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og fiskar	50 µg/kg 50 µg/kg 200 µg/kg 750 µg/kg 100 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru Mjólk	Fyrir fiska varðar hámarksgildi leifa fyrir vöðva „vöðva og roð í eðlilegum hlutföllum“ Fyrir svín varðar hámarksgildi leifa fyrir fitu „húð og fitu í eðlilegum hlutföllum“	Sýkingalyf/sýklalyf“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/312 **2016/EES/52/19**

frá 4. mars 2016

um leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið týlvalósín

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Athygli framkvæmdastjórnarinnar hefur verið vakin á því að í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]), eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1492 ([3]), að því er varðar efnið týlvalósín, var leifamerkið týlvalósín ranglega tilgreint sem leifamerki fyrir svín.

2) Leiðrétta ætti viðaukann við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 þannig að fram komi að leifamerki fyrir svín og fyrir húð og fitu og lifur úr svínum sé „summa týlvalósíns og 3-0-asetýltýlósíns“ og að leifamerkið týlvalósín gildi eingöngu um egg úr alifuglum.

3) Þessi reglugerð ætti að gilda afturvirkt frá þeim degi sem framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1492 kom til framkvæmda vegna þess að leifamerkið fyrir svín var ranglega tilgreint og því ætti að leiðrétta það. Hún ætti því að öðlast gildi sem fyrst.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað færslunnar fyrir efnið týlvalósín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

„Týlvalósín	Summa týlvalósíns og 3-O-asetýltýlósíns	Svín	50 µg/kg	Vöðvi	ENGIN FÆRSLA	Sýkingalyf/ sýklalyf“
			50 µg/kg	Húð og fita		
			50 µg/kg	Lifur		
			50 µg/kg	Nýru		
		Alifuglar	50 µg/kg	Húð og fita		
			50 µg/kg	Lifur		
	Týlvalósín	Alifuglar	200 µg/kg	Egg		

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 60, 5.3.2016, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1492 frá 3. september 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið týlvalósín (Stjtíð. ESB L 231, 4.9.2015, bls. 10).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. nóvember 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/585 **2016/EES/52/20**

frá 12. febrúar 2016

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý, kadmíum, sexgilt króm og fjölbrómaða dífenýletra í varahlutum sem eru endurnýttir úr lækningatækjum eða rafeindasmásjám og notaðir til viðgerða eða endurbóta á þeim, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs, kadmíums, sexgilts króms og fjölbrómaðra dífenýletra í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað.

2) Til eru aðferðir við endurnýjun á búnaði til myndgerðar, t.d. segulómtækjum (e. *magnetic resonance imaging device*), tölvusneiðmyndatækjum, búnaði til sjúkdómsgreininga í glasi, búnaði til að vakta sjúklinga og rafeindasmásjám. Eitthvað af endurheimtum varahlutum, sem eru endurnýttir til endurnýjunar, innihalda blý, kadmíum, sexgilt króm eða fjölbrómaða dífenýletra (PBDE) í litlu magni.

3) Í undanþágunni, sem sett er fram í 31. lið IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB, er ekki leyfð notkun varahluta sem eru endurheimtir úr notuðum búnaði sem ekki var þegar á markaði í Sambandinu en með því er tiltækileiki endurheimtra varahluta takmarkaður.

4) Samanburður á umhverfisáhrifum af því að nota endurnýjaða hluta í slíkum tilvikum og því að skipta endurnýjuðum hlutum út fyrir nýja færir sönnur á að samanlögð neikvæð áhrif á öryggi umhverfis, heilbrigðis og neytenda af völdum útskiptingar myndu vega þyngra en samanlagður ávinningur af því að nota nýja hluta.

5) Að teknu tilliti til þess að takmörkun varðandi efni mun taka gildi á mismunandi dagsetningum vegna mismunandi búnaðar sem um ræðir, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/65/ESB, ætti að fastsetja mismunandi lokadagsetningu undanþágu fyrir sérhverja tegund búnaðar.

6) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

7) Til að tryggja snurðulaus umskipti fyrir markaðsaðila frá núgildandi ákvæðum yfir í þau sem tilgreind eru í þessari tilskipun og til að koma í veg fyrir að truflanir verði á innri markaðnum þykir rétt að fastsetja dagsetningu fyrir aðildarríkin til að beita ákvæðum landslaga sinna samtímis, sem veitir einnig hæfilegan frest eftir lögleiðingardaginn.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 101, 16.4.2016, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 28. febrúar 2017. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 6. nóvember 2017.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 31. liðar falli brott.

2) Eftirfarandi liður 31a bætist við:

„31a. Blý, kadmíum, sexgilt króm og fjölbrómaðir dífenýletrar í varahlutum, sem eru endurheimtir úr lækningatækjum og notaðir til viðgerða eða endurbóta á þeim, þ.m.t. lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi eða rafeindasmásjár og fylgihlutir þeirra, að því tilskildu að endurnýtingin fari fram í endurskoðunarhæfu, lokuðu skilakerfi fyrir viðskipti milli fyrirtækja og að viðskiptavininum sé tilkynnt um alla endurnotkun á hlutum.

Fellur úr gildi:

a) 21. júlí 2021 vegna notkunar í lækningatæki önnur en lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi.

b) 21. júlí 2023 vegna notkunar í lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi.

c) 21. júlí 2024 vegna notkunar í rafeindasmásjár og fylgihluti þeirra.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/293 2016/EES/52/21

frá 1. mars 2016

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar I. viðauka (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 850/2004 er skuldbindingum Sambandsins samkvæmt Stokkhólmssamningnum um þrávirk lífræn efni (hér á eftir nefndur „Stokkhólmssamningurinn“), sem var samþykktur með ákvörðun ráðsins 2006/507/EB ([2]), og samkvæmt bókuninni við samninginn um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa frá 1979 um þrávirk lífræn mengunarefni (hér á eftir nefnd „bókunin“), sem var samþykkt með ákvörðun ráðsins 2004/259/EB ([3]), komið í framkvæmd.

2) Í viðauka A við Stokkhólmssamninginn (eyðing) er að finna íðefni sem banna ætti framleiðslu, notkun, innflutning og útflutning á og grípa ætti til ráðstafana á sviði laga og stjórnsýslu til að útrýma slíkum íðefnum.

3) Ráðstefna aðila að Stokkhólmssamningnum ákvað, skv. 9. mgr. 8. gr. Stokkhólmssamningsins, á sjötta fundi sínum að breyta viðauka A við Stokkhólmssamninginn til að fella hexabrómsýklódódekan (HBCDD) inn í viðaukann. Þessi breyting felur í sér sérstaka undanþágu fyrir framleiðslu og notkun á hexabrómsýklódódekani í þanið pólýstýren og útpressað pólýstýren í byggingar.

4) Í samræmi við 3. mgr. 22. gr. Stokkhólmssamningsins taka breytingar við viðauka A, B og C við samninginn gildi einu ári eftir þann dag sem vörsluaðili tilkynnir um breytingu sem var, að því er varðar hexabrómsýklódódekan, 26. nóvember 2014.

5) Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 850/2004 ætti að skrá hexabrómsýklódódekan í I. viðauka við þá reglugerð til þess að koma banni við framleiðslu, notkun, innflutningi og útflutningi efnisins til framkvæmda í Sambandinu.

6) Hexabrómsýklódódekan er sem stendur skráð í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([4]) og af því leiðir að einungis má setja hexabrómsýklódódekan á markað eða nota það eftir 21. ágúst 2015 ef slík setning á markað eða notkun hefur verið leyfð í samræmi við VII. bálk reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 eða ef sótt hefur verið um slíkt leyfi fyrir 21. febrúar 2014 og ákvörðun um þá umsókn bíður enn afgreiðslu.

7) Vegna ákvæða VII. bálks reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, sem hafa gilt um hexabrómsýklódódekan frá 21. ágúst 2015, sendi framkvæmdastjórnin vörsluaðila Stokkhólmssamningsins tilkynningu, í samræmi við b-lið 3. mgr. 22. gr. Stokkhólmssamningsins, 25. nóvember 2014 þar sem upplýst var að Sambandið gæti ekki samþykkt breytinguna á viðauka A við Stokkhólmssamninginn fyrir 21. ágúst 2015. Þar eð sú dagsetning er nú liðin ætti að skrá hexabrómsýklódódekan í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 55, 2.3.2016, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7.

([2]) Ákvörðun ráðsins 2006/507/EB frá 14. október 2004 um gerð Stokkhólmssamningsins um þrávirk lífræn efni, fyrir hönd Evrópubandalagsins (Stjtíð. ESB L 209, 31.7.2006, bls. 1).

([3]) Ákvörðun ráðsins 2004/259/EB frá 19. febrúar 2004 um gerð bókunarinnar um þrávirk lífræn mengunarefni, fyrir hönd Evrópubandalagsins, við samninginn frá 1979 um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (Stjtíð. ESB L 81, 19.3.2004, bls. 35).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

8) Öll leyfi sem veitt eru vegna notkunar á hexabrómsýklódódekani eða setningar þess á markað ættu að takmarkast við gildissvið sérstöku undanþágunnar, sem kveðið er á um í breytingunni á viðauka A við Stokkhólmssamninginn, þar sem notkun á hexabrómsýklódódekani er einungis leyfð í þanið pólýstýren og útpressað pólýstýren í byggingar og framleiðsla efnisins einungis leyfð í þessu skyni. Þar eð engin umsókn um leyfi fyrir notkun hexabrómsýklódódekans við gerð útpressaðs pólýstýrens var móttekin í Sambandinu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ætti sú notkun ekki að vera leyfð lengur.

9) Enn fremur er í breytingunni á viðauka A við Stokkhólmssamninginn og þá einkum nýja VII. hlutanum, sem bætt er í viðaukann, gerð sú krafa að auðvelt sé að sanngreina þanið pólýstýren og útpressað pólýstýren, sem innihalda hexabrómsýklódódekan og eru sett á markað, á vistferlinum með merkingum eða með öðrum hætti. Sú krafa ætti að koma til framkvæmda í Sambandinu.

10) Í því skyni að styrkja beitingu bannsins í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 850/2004 í reynd og stöðuga framfylgd þess í Sambandinu ætti að fastsetja viðmiðunargildi fyrir hexabrómsýklódódekan sem kemur fyrir sem óviljandi snefilaðskotaefni í efnum, efnablöndum og hlutum. Í því skyni að taka tillit til tækniþróunar ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða þetta viðmiðunargildi innan þriggja ára frá gildistökudegi þessarar reglugerðar með það fyrir augum að lækka gildið.

11) Breyta ætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 í því skyni að tilgreina, í samræmi við 4. mgr. 4. gr. Stokkhólmssamningsins, að sérstaka undanþágan fyrir hexabrómsýklódódekan fellur úr gildi 26. nóvember 2019, sem er fimm árum eftir gildistökudag Stokkhólmssamningsins að því er varðar hexabrómsýklódódekan, nema Sambandið tilkynni skrifstofunni um styttri gildistíma og það sé skráð í skrána yfir sérstakar undanþágur.

12) Í því skyni að gefa færi á umbreytingartímabili til að aðlagast reglunum í þessari reglugerð ætti bannið í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 850/2004 ekki að gilda um hluti úr þöndu pólýstýreni og hluti úr útpressuðu pólýstýreni, sem innihalda hexabrómsýklódódekan og eru framleiddir fyrir eða á gildistökudegi þessarar reglugerðar, fyrr en þremur mánuðum eftir gildistökudag hennar.

13) Nauðsynlegt er að gera skýra grein fyrir því að hvorki bann við framleiðslu, setningu á markað og notkun, sem mælt er fyrir um í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 850/2004, né sanngreiningarkröfurnar, sem um getur í 9. forsendu, ættu að gilda um hluti sem innihalda hexabrómsýklódódekan og eru þegar í notkun á gildistökudegi þessarar reglugerðar.

14) Ef notkun hexabrómsýklódódekans í hluti úr þöndu pólýstýreni hefur verið leyfð í samræmi við VII. bálk reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 ætti einnig að heimila innflutning og notkun hluta úr þöndu pólýstýreni, sem innihalda hexabrómsýklódódekan, meðan leyfið er í gildi.

15) Nefndin, sem komið var á fót skv. 29. gr. tilskipunar ráðsins 67/548/EBE ([5]), skilaði ekki áliti um ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð og framkvæmdastjórnin lagði því tillögu fyrir ráðið varðandi þessar ráðstafanir og sendi hana til Evrópuþingsins. Ráðið tók ekki ákvörðun innan tveggja mánaða tímabilsins sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun ráðsins 1999/468/EB ([6]) og framkvæmdastjórnin lagði því tillöguna fyrir Evrópuþingið án tafar. Þar eð Evrópuþingið andmælti ekki tillögunni innan fjögurra mánaða frá þeim degi sem hún var fyrst send þinginu ætti framkvæmdastjórnin nú að samþykkja tillöguna.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([5]) Tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1).

([6]) Ákvörðun ráðsins frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið (Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 bætist eftirfarandi færsla við:

Efni	CAS-nr.	EB-nr.	Sérstök undanþága varðandi notkun efnis sem milliefnis eða aðrar athugasemdir
„Hexabrómsýklódódekan „Hexabrómsýklódódekan“: hexabrómsýklódódekan, 1,2,5,6,9,10-hexabrómsýklódódekan og helstu fjölhverfur þess: alfahexabrómsýklódódekan, betahexabrómsýklódódekan og gammahexabrómsýklódódekan	25637-99-4, 3194-55-6, 134237-50-6, 134237-51-7, 134237-52-8	247-148-4, 221-695-9	1. Að því er varðar þessa færslu skal b-liður 1. mgr. 4. gr. gilda um styrk hexabrómsýklódódekans sem nemur 100 mg/kg (0,01% miðað við þyngd) eða minna þegar hann kemur fyrir í efnum, efnablöndum og hlutum eða sem efnisþættir logavarinna hluta þeirra, með fyrirvara um endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en 22. mars 2019. 2. Notkun hexabrómsýklódódekans, sem er notað eitt og sér eða í efnablöndur, við framleiðslu á hlutum úr þöndu pólýstýreni og framleiðsla hexabrómsýklódódekans og setning þess á markað til slíkra nota skal heimiluð að því tilskildu að slík notkun hafi verið leyfð í samræmi við VII. bálk reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 (*) eða ef sótt hefur verið um leyfi fyrir henni, eigi síðar en 21. febrúar 2014, ef ákvörðun um umsóknina hefur enn ekki verið tekin. Setning hexabrómsýklódódekans, sem er notað eitt og sér eða í efnablöndur, á markað og notkun þess, í samræmi við þennan lið, skal einungis heimiluð til 26. nóvember 2019 eða, ef þá dagsetningu ber fyrr að, til þess dags þegar endurskoðunartímabil, sem er tilgreint í ákvörðun um leyfi, rennur út eða þess dags sem leyfið fellur úr gildi skv. VII. bálki reglugerðar (EB) nr. 1907/2006. Setning hluta úr þöndu pólýstýreni, sem innihalda hexabrómsýklódódekan sem efnisþátt og eru framleiddir í samræmi við undanþáguna í þessum lið, á markað og notkun þeirra í byggingar skal heimiluð þar til sex mánuðum eftir að undanþágan fellur úr gildi. Slíka hluti, sem þegar eru í notkun þann dag, má nota áfram. 3. Með fyrirvara um undanþáguna í 2. lið skal setning hluta úr þöndu pólýstýreni og hluta úr útpressuðu pólýstýreni, sem innihalda hexabrómsýklódódekan sem efnisþátt og eru framleiddir fyrir 22. mars 2016 eða þann dag, á markað og notkun þeirra í byggingar heimiluð til 22. júní 2016. Ákvæði 6. liðar skulu gilda ef hlutirnir voru framleiddir samkvæmt undanþágunni í 2. lið. 4. Hluti sem innihalda hexabrómsýklódódekan sem efnisþátt og eru þegar í notkun fyrir 22. mars 2016 eða þann dag má nota áfram og setja á markað og 6. liður gildir ekki. Þriðja og fjórða undirgrein 2. mgr. 4. gr. skulu gilda um slíka hluti.

Efni	CAS-nr.	EB-nr.	Sérstök undanþága varðandi notkun efnis sem milliefnis eða aðrar athugasemdir
			5. Setning innfluttra hluta úr þöndu pólýstýreni, sem innihalda hexabrómsýklódódekan sem efnisþátt, á markað og notkun þeirra í byggingar skal heimiluð þar til undanþágan í 2. lið fellur úr gildi og 6. liður skal gilda ef hlutirnir voru framleiddir samkvæmt undanþágunni í 2. lið. Slíka hluti, sem þegar eru í notkun þann dag, má nota áfram. 6. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Sambandsins um flokkun, merkingar og pökkun efna og blandna skal þanið pólýstýren, sem hexabrómsýklódódekan er notað í samkvæmt undanþágunni í 2. lið, vera sanngreinanlegt með merkingum eða með öðrum hætti á vistferli þess.“

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/138 **2016/EES/52/22**

frá 2. febrúar 2016

um að samþykkja ekki virka efnið 3-deken-2-ón í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Hollandi umsókn frá AMVAC CV (nú AMVAC Netherlands BV) 14. september 2011 um samþykki fyrir virka efninu 3-deken-2-óni.

2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti skýrslugjafaraðildarríkið umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 13. apríl 2012.

3) Áhrif þessa virka efnis á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið hafa verið metin, í samræmi við 2. og 3. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar, með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjandinn fyrirhugar. Skýrslugjafaraðildarríkið lagði drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnunina 26. nóvember 2013.

4) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. þeirrar reglugerðar fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu.

5) Aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni. Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar um áhættumatið á virka efninu 3-deken-2-óni ([2]) fyrir framkvæmdastjórnina 3. desember 2014. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að jákvæðar niðurstöður úr eiturefnafræðilegum prófunum og takmarkaður eiturefnafræðilegur gagnapakki kæmu í veg fyrir að sett væru endanleg eiturefnafræðileg viðmiðunargildi og því var ekki unnt að ljúka áhættumati fyrir notendur, starfsmenn, vegfarendur, íbúa og neytendur. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að ljúka við matið á umsókninni að því er varðar hámarksgildi fyrir leifar með beiðni um að undanskilja 3-deken-2-ón frá setningu hámarksgilda fyrir leifar þar eð fyrirliggjandi upplýsingar væru ófullnægjandi til að komast að niðurstöðu um hvort notkun á 3-deken-2-óni, sem virku efni í plöntuverndarvörur, hafi hvorki bráð né tafin skaðleg áhrif á heilbrigði manna, þ.m.t. viðkvæma hópa, gegnum magn sem er tekið inn með fæðu.

6) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) 1107/2009, drögin að endurskoðunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

7) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var þó ekki hægt að eyða þeim áhyggjuefnum sem um getur í 5. forsendu.

8) Því hefur ekki verið sýnt fram á að búast megi við, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur 3-deken-2-ón, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, séu uppfylltar. Því ætti ekki að samþykkja virka efnið 3-deken-2-ón skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 27, 3.2.2016, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(1):3932. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal

9) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á framlagningu frekari umsókna fyrir 3-deken-2-óni skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Virkt efni ekki samþykkt

Virka efnið 3-deken-2-ón er ekki samþykkt.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/139 **2016/EES/52/23**

frá 2. febrúar 2016

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu metsúlfúrónmetýli sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 24. gr. í tengslum við 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samþykkið fyrir virka efninu metsúlfúrónmetýli, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]), rennur út 30. júní 2016.

2) Umsókn um endurnýjun á skráningu metsúlfúrónmetýls í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]) var lögð fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ([4]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

3) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1141/2010. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

4) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 8. ágúst 2013.

5) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

6) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([5]), að því er varðar hvort búast megi við að metsúlfúrónmetýl uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 5. desember 2014. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurskoðunarskýrslunni um metsúlfúrónmetýl fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 29. maí 2015.

7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar.

8) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir metsúlfúrónmetýli byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda metsúlfúrónmetýl. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem illgresiseyðir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 27, 3.2.2016, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

([5]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(1), 3936. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

9) Framkvæmdastjórnin telur þó að metsúlfúrónmetýl sé efni sem ráðgert sé að skipta út skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Metsúlfúrónmetýl telst vera þrávirkt og eitrað efni í samræmi við liði 3.7.2.1 og 3.7.2.3 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 þar eð helmingunartíminn í ferskvatni er lengri en 40 dagar og styrkur sem hefur engin merkjanleg langtímaáhrif á lífverur í ferskvatni er undir 0,01 mg/L. Metsúlfúrónmetýl uppfyllir því skilyrðin sem sett eru í öðrum undirlið 4. liðar í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

10) Í samræmi við 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

11) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir metsúlfúrónmetýli sem efni sem ráðgert er að skipta út.

12) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

13) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1885 ([6]) var samþykkistímabilið fyrir metsúlfúrónmetýl framlengt til 30. júní 2016 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þessa framlengdu lokadagsetningu skal þessi reglugerð gilda frá 1. apríl 2016.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun samþykkis fyrir virku efni sem efni sem ráðgert er að skipta út

Samþykki fyrir virka efninu metsúlfúrónmetýli, sem efni sem ráðgert er að skipta út, er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. apríl 2016.

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1885 frá 20. október 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 2,4-díklórfenoxýediksýru, asíbensólar-S-metýl, amítról, bentasón, sýhalófopbútýl, díkvat, esfenvalerat, famoxadón, flúmíoxasín, DPX KE 459 (flúpýrsúlfúrón-metýl), glýfosat, ípróvalíkarb, ísóprótúrón, lambda-sýhalótrín, metalaxýl-M, metsúlfúrónmetýl, píkólínafen, prósúlfúrón, pýmetrósín, pýraflúfenetýl, þíabendasól, þífensúlfúrónmetýl og tríasúlfúrón (Stjtíð ESB L 276, 21.10.2015, bls. 48).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Metsúlfúrónmetýl CAS-nr. 74223-64-6 CIPAC-nr. 441.201	Metýl-2-(4-metoxý-6-metýl-1,3,5,-tríasín-2-ýlkarbamóýlsúlfamóýl) bensóat	967 g/kg	1. apríl 2016	31. mars 2023	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um metsúlfúrónmetýl, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — neytendavernd, — vernd grunnvatns, — vernd landplantna sem eru utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina, eigi síðar en 30. september 2016, upplýsingar til staðfestingar varðandi hugsanleg erfðaeiturhrif umbrotsefnisins tríasínamíns (IN-A4098) til að staðfesta að þetta umbrotsefni valdi ekki erfðaeiturhrifum og skipti ekki máli fyrir áhættumat.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færsla 7 um metsúlfúrónmetýl brott.

2) Í E-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„3	Metsúlfúrónmetýl CAS-nr. 74223-64-6 CIPAC-nr. 441.201	Metýl-2-(4-metoxý-6-metýl-1,3,5,-tríasín-2-ýlkarbamóýlsúlfamóýl) bensóat	967 g/kg	1. apríl 2016	31. mars 2023	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um metsúlfúrónmetýl, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — neytendavernd, — vernd grunnvatns, — vernd landplantna sem eru utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina, eigi síðar en 30. september 2016, upplýsingar til staðfestingar varðandi hugsanleg erfðaeiturhrif umbrotsefnisins tríasínamíns (IN-A4098) til að staðfesta að þetta umbrotsefni valdi ekki erfðaeiturhrifum og skipti ekki máli fyrir áhættumat.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/146 **2016/EES/52/24**

frá 4. febrúar 2016

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu lambda-sýhalótríni sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samþykkið fyrir virka efninu lambda-sýhalótríni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]), rennur út 30. júní 2016.

2) Umsókn um endurnýjun á skráningu lambda-sýhalótríns í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]) var lögð fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ([4]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

3) Umsækjendurnir lögðu fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1141/2010. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

4) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 28. febrúar 2013.

5) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

6) Matvælaöryggisstofnunin lagði endurskoðaða útgáfu af niðurstöðum sínum frá 23. apríl 2014 ([5]), að því er varðar hvort búast megi við að lambda-sýhalótrín uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 11. mars 2015. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurskoðunarskýrslunni um lambda-sýhalótrín fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 28. maí 2015.

7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr., eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 30, 5.2.2016, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

([5]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(5), 3677. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

8) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir lambda-sýhalótríni byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda lambda-sýhalótrín. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem skordýraeitur.

9) Framkvæmdastjórnin telur þó að lambda-sýhalótrín sé efni sem ráðgert sé að skipta út skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Viðtekin váhrif á notanda eru umtalsvert minni en af meiri hluta samþykktra virkra efna innan flokks skordýraeiturs. Ennfremur er lambda-sýhalótrín efni sem safnast fyrir í lífverum og er eitrað í samræmi við liði 3.7.2.2 og 3.7.2.3 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 þar eð lífþéttnistuðull er yfir 2000 og styrkur sem hefur engin merkjanleg langtímaáhrif á lífverur í ferskvatni er undir 0,01 mg/L. Lambda-sýhalótrín uppfyllir því skilyrðin sem sett eru í fyrsta og öðrum undirlið 4. liðar í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

10) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

11) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir lambda-sýhalótríni sem efni sem ráðgert er að skipta út.

12) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

13) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1885 ([6]) var samþykkistímabilið fyrir lambda-sýhalótrín framlengt til 30. júní 2016 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir framlengda lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að gilda frá 1. apríl 2016.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun samþykkis fyrir virku efni sem efni sem ráðgert er að skipta út

Samþykki fyrir virka efninu lambda-sýhalótríni, sem efni sem ráðgert er að skipta út, er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1885 frá 20. október 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 2,4-díklórfenoxýediksýru, asíbensólar-S-metýl, amítróli, bentasón, sýhalófopbútýl, díkvat, esfenvalerat, famoxadón, flúmíoxasín, DPX KE 459 (flúpýrsúlfúrón-metýl), glýfosat, ípróvalíkarb, ísóprótúrón, lambda-sýhalótrín, metalaxýl-M, metsúlfúrónmetýl, píkólínafen, prósúlfúrón, pýmetrósín, pýraflúfenetýl, þíabendasól, þífensúlfúrónmetýl og tríasúlfúrón (Stjtíð ESB L 276, 21.10.2015, bls. 48).

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. apríl 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Lambda-sýhalótrín CAS-nr. 91465-08-6 CIPAC-nr. 463	Blanda í hlutföllunum 1:1 af: (R)-α-sýanó-3-fenosýbensýl-(1S,3S)-3-[(Z)-2-klór-3,3,3-tríflúorprópenýl]-2,2-dímetýlsýklópropankarboxýlati og (S)-α-sýanó-3-fenoxýbensýl-(1R,3R)-3-[(Z)-2-klór-3,3,3-tríflúorprópenýl]-2,2-dímetýlsýklópropankarboxýlati eða af (R)-α-sýanó-3-fenoxýbensýl-(1S)-sis-3-[(Z)-2-klór-3,3,3-tríflúorprópenýl]-2,2-dímetýlsýklópropankarboxýlati og (S)-α-sýanó-3-fenoxýbensýl-(1R)-sis-3-[(Z)-2-klór-3,3,3-tríflúorprópenýl]-2,2-dímetýlsýklópropankarboxýlati	900 g/kg	1. apríl 2016	31. mars 2023	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um lambda-sýhalótrín, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) vernd notenda, starfsmanna og vegfarenda, b) umbrotsefnum sem geta myndast í unnum vörum, c) áhættu fyrir lagarlífverur, spendýr og liðdýr utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjendurnir skulu leggja fram upplýsingar til staðfestingar varðandi: 1. kerfisbundna endurskoðun til að meta fyrirliggjandi gögn er varða hugsanleg áhrif á sæði í tengslum við váhrif af völdum lambda-sýhalótríns með hliðsjón af tiltækum leiðbeiningum (t.d. leiðbeiningum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðferðir við kerfisbundna endurskoðun frá 2010 („EFSA GD on Systematic Review methodology“)), 2. eiturefnafræðilegar upplýsingar til að meta eiturefnafræðilega samantekt fyrir umbrotsefni V (PBA) og XXIII (PBA(OH)). Umsækjendurnir skulu leggja þessar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 1. apríl 2018.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færsla 12 um lambda-sýhalótrín brott.

2) Í E-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„5	Lambda-sýhalótrín CAS-nr. 91465-08-6 CIPAC-nr. 463	Blanda í hlutföllunum 1:1 af: (R)-α-sýanó-3-fenosýbensýl-(1S,3S)-3-[(Z)-2-klór-3,3,3-tríflúorprópenýl]-2,2-dímetýlsýklópropankarboxýlati og (S)-α-sýanó-3-fenoxýbensýl-(1R,3R)-3-[(Z)-2-klór-3,3,3-tríflúorprópenýl]-2,2-dímetýlsýklópropankarboxýlati eða af (R)-α-sýanó-3-fenoxýbensýl-(1S)-sis-3-[(Z)-2-klór-3,3,3-tríflúorprópenýl]-2,2-dímetýlsýklópropankarboxýlati og (S)-α-sýanó-3-fenoxýbensýl-(1R)-sis-3-[(Z)-2-klór-3,3,3-tríflúorprópenýl]-2,2-dímetýlsýklópropankarboxýlati	900 g/kg	1. apríl 2016	31. mars 2023	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um lambda-sýhalótrín, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) vernd notenda, starfsmanna og vegfarenda, b) umbrotsefnum sem geta myndast í unnum vörum, c) áhættu fyrir lagarlífverur, spendýr og liðdýr utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjendurnir skulu leggja fram upplýsingar til staðfestingar varðandi: 1. kerfisbundna endurskoðun til að meta fyrirliggjandi gögn er varða hugsanleg áhrif á sæði í tengslum við váhrif af völdum lambda-sýhalótríns með hliðsjón af tiltækum leiðbeiningum (t.d. leiðbeiningum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aðferðir við kerfisbundna endurskoðun frá 2010 („EFSA GD on Systematic Review methodology“)), 2. eiturefnafræðilegar upplýsingar til að meta eiturefnafræðilega samantekt fyrir umbrotsefni V (PBA) og XXIII (PBA(OH)). Umsækjendurnir skulu leggja þessar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 1. apríl 2018.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/147 **2016/EES/52/25**

frá 4. febrúar 2016

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu ípróvalíkarbi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samþykkið fyrir virka efninu ípróvalíkarbi, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]), rennur út 30. júní 2016.

2) Umsókn um endurnýjun á skráningu ípróvalíkarbs í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]) var lögð fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ([4]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

3) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1141/2010. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

4) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 2. september 2013.

5) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

6) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að ípróvalíkarb uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 14. apríl 2015 ([5]). Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurskoðunarskýrslunni um ípróvalíkarb fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 8. október 2015.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 30, 5.2.2016, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(3), 4060. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar.

8) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir ípróvalíkarbi.

9) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

10) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir ípróvalíkarbi byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda ípróvalíkarb. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem sveppaeyðir. Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

11) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1885 ([6]) var samþykkistímabilið fyrir ípróvalíkarbi framlengt svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir framlengda lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að gilda frá 1. apríl 2016.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu ípróvalíkarbi, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1885 frá 20. október 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 2,4-díklórfenoxýediksýru, asíbensólar-S-metýl, amítróli, bentasón, sýhalófopbútýl, díkvat, esfenvalerat, famoxadón, flúmíoxasín, DPX KE 459 (flúpýrsúlfúrón-metýl), glýfosat, ípróvalíkarb, ísóprótúrón, lambda-sýhalótrín, metalaxýl-M, metsúlfúrónmetýl, píkólínafen, prósúlfúrón, pýmetrósín, pýraflúfenetýl, þíabendasól, þífensúlfúrónmetýl og tríasúlfúrón (Stjtíð ESB L 276, 21.10.2015, bls. 48).

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. apríl 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Ípróvalíkarb CAS-nr. 140923-17-7 CIPAC-nr. 620	ísóprópýl[(1S)-2-metýl-1-{[(1RS)-1-p-tólýletýl] karbamóýl}própýl] karbamat	≥ 950 g/kg Óhreinindi: Tólúen: að hámarki 3 g/kg	1. apríl 2016	31. mars 2031	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um ípróvalíkarb, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd grunnvatns fyrir viðkomandi umbrotsefni PMPA (*) í jarðvegi, ef virka efnið er notað á svæðum þar sem jarðvegurinn inniheldur lítið af leir, — öryggi notenda og starfsmanna, — vernd lagarlífvera ef um er að ræða samsettar vörur sem innihalda önnur virk efni. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar, að því er varðar hugsanleg erfðaeiturhrif umbrotsefnisins PMPA í jarðvegi, fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina. Þessar upplýsingar skulu lagðar fram eigi síðar en 30. september 2016.

(*) *p*-metýlfenetýlamín
([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færsla 30 um ípróvalíkarb brott.

2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„96	Ípróvalíkarb CAS-nr. 140923-17-7 CIPAC-nr. 620	ísóprópýl[(1S)-2-metýl-1-{[(1RS)-1-p-tólýletýl] karbamóýl}própýl] karbamat	≥ 950 g/kg Óhreinindi: Tólúen: að hámarki 3 g/kg	1. apríl 2016	31. mars 2031	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um ípróvalíkarb, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd grunnvatns fyrir viðkomandi umbrotsefni PMPA (*) í jarðvegi, ef virka efnið er notað á svæðum þar sem jarðvegurinn inniheldur lítið af leir, — öryggi notenda og starfsmanna, — vernd lagarlífvera ef um er að ræða samsettar vörur sem innihalda önnur virk efni. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar, að því er varðar hugsanleg erfðaeiturhrif umbrotsefnisins PMPA í jarðvegi, fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggis-stofnunina. Þessar upplýsingar skulu lagðar fram eigi síðar en 30. september 2016.

(*) *p*-metýlfenetýlamín“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/177 **2016/EES/52/26**

frá 10. febrúar 2016

um samþykki fyrir virka efninu bensóvindíflúpýri sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 24. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Frakklandi umsókn frá Syngenta Crop Protection AG 20. desember 2012 um samþykki fyrir virka efninu bensóvindíflúpýri.

2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Frakkland, sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 15. febrúar 2013.

3) Hinn 25. mars 2014 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

4) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu í febrúar 2015.

5) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið bensóvindíflúpýr uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ([2]), fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 10. mars 2015. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(3), 4043. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

6) Hinn 13. júlí 2015 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunarskýrslu um bensóvindíflúpýr og drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir bensóvindíflúpýri.

7) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.

8) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar.

9) Framkvæmdastjórnin telur þó að bensóvindíflúpýr sé efni sem ráðgert sé að skipta út skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Bensóvindíflúpýr er þrávirkt og eitrað efni í samræmi við liði 3.7.2.1 og 3.7.2.3 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 þar eð helmingunartíminn í jarðvegi og ferskvatnsseti er lengri en 120 dagar og styrkur sem hefur engin merkjanleg langtímaáhrif á lífverur í ferskvatni er undir 0,01 mg/L. Bensóvindíflúpýr uppfyllir því skilyrðin sem sett eru í öðrum undirlið 4. liðar í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

10) Því er rétt að samþykkja bensóvindíflúpýr sem efni sem ráðgert er að skipta út.

11) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

12) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]) til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni sem efni sem ráðgert er að skipta út

Virka efnið bensóvindíflúpýr er samþykkt, eins og sett er fram í I. viðauka, sem efni sem ráðgert er að skipta út.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Bensóvindíflúpýr CAS-númer: 1072957-71-1 CIPAC-nr.: ekki fyrir hendi	*N*-[(1*RS*,4*SR*)-9-(díklórmetýlen)-1,2,3,4-tetrahýdró-1,4-metanónaftalen-5-ýl]-3-(díflúormetýl)-1-metýlpýrasól-4-karboxamíð	960 g/kg (50/50) jöfn blanda tveggja handhverfna	2.3.2016	2.3.2023	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um bensóvindíflúpýr, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að áhættu fyrir lagarlífverur. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: 1) tækniforskrift fyrir framleitt, virkt efni (byggt á framleiðslu í ábataskyni), þ.m.t. mikilvægi óhreininda, 2) samræmi framleiðslulotanna við staðfestu tækniforskriftirnar að því er varðar eiturhrif og visteiturhrif, 3) áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingarnar í 1. og 2. lið eigi síðar en 2. september 2016 og upplýsingarnar í 3. lið innan tveggja ára eftir samþykki á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í E-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„4	Bensóvindíflúpýr CAS-númer: 1072957-71-1 CIPAC-nr.: ekki fyrir hendi	*N*-[(1*RS*,4*SR*)-9-(díklórmetýlen)-1,2,3,4-tetrahýdró-1,4-metanónaftalen-5-ýl]-3-(díflúormetýl)-1-metýlpýrasól-4-karboxamíð	960 g/kg (50/50) jöfn blanda tveggja handhverfna	2.3.2016	2.3.2023	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um bensóvindíflúpýr, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að áhættu fyrir lagarlífverur. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: 1) tækniforskrift fyrir framleitt, virkt efni (byggt á framleiðslu í ábataskyni), þ.m.t. mikilvægi óhreininda, 2) samræmi framleiðslulotanna við staðfestu tækniforskriftirnar að því er varðar eiturhrif og visteiturhrif, 3) áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvæla-öryggisstofnunina upplýsingarnar í 1. og 2. lið eigi síðar en 2. september 2016 og upplýsingarnar í 3. lið innan tveggja ára eftir samþykki á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/182 **2016/EES/52/27**

frá 11. febrúar 2016

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu pýraflúfenetýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samþykkið fyrir virka efninu pýraflúfenetýli, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]), rennur út 30. júní 2016.

2) Umsókn um endurnýjun á skráningu pýraflúfenetýls í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]) var lögð fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ([4]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

3) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1141/2010. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

4) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 10. janúar 2014.

5) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

6) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að pýraflúfenetýl uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 22. janúar 2015 ([5]). Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurskoðunarskýrslunni um pýraflúfenetýl fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 13. júlí 2015.

7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar.

8) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir pýraflúfenetýli byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda pýraflúfenetýl. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem illgresiseyðir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 37, 12.2.2016, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(2), 4001. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

9) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir pýraflúfenetýli.

10) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

11) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1885 ([6]) var samþykkistímabilið fyrir pýraflúfenetýl framlengt til 30. júní 2016 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þessa framlengdu lokadagsetningu skal þessi reglugerð gilda frá 1. apríl 2016.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykki fyrir virka efninu pýraflúfenetýli er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. febrúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1885 frá 20. október 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 2,4-díklórfenoxýediksýru, asíbensólar-S-metýl, amítról, bentasón, sýhalófopbútýl, díkvat, esfenvalerat, famoxadón, flúmíoxasín, DPX KE 459 (flúpýrsúlfúrón-metýl), glýfosat, ípróvalíkarb, ísóprótúrón, lambda-sýhalótrín, metalaxýl-M, metsúlfúrónmetýl, píkólínafen, prósúlfúrón, pýmetrósín, pýraflúfenetýl, þíabendasól, þífensúlfúrónmetýl og tríasúlfúrón (Stjtíð ESB L 276, 21.10.2015, bls. 48).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Pýraflúfenetýl CAS-nr. 129630-19-9 CIPAC-nr. 605.202	etýl[2-klór-5-(4-klór-5-díflúormetoxý-1-metýlpýrasól-3-ýl)-4-flúorfenoxý]asetat	≥ 956 g/kg	1. apríl 2016	31. mars 2031	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um pýraflúfenetýl, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd lagarlífvera, — vernd landplantna sem eru utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færsla 24 um pýraflúfenetýl brott.

2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„95	Pýraflúfenetýl CAS-nr. 129630-19-9 CIPAC-nr. 605.202	etýl[2-klór-5-(4-klór-5-díflúormetoxý-1-metýlpýrasól-3-ýl)-4-flúorfenoxý]asetat	≥ 956 g/kg	1. apríl 2016	31. mars 2031	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um pýraflúfenetýl, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd lagarlífvera, — vernd landplantna sem eru utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/183 **2016/EES/52/28**

frá 11. febrúar 2016

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virku efnunum, sem samþykki fyrir rennur út eigi síðar en 31. desember 2018, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 ([2]) er úthlutað til aðildarríkjanna mati á virku efnunum, sem samþykki fyrir rennur út eigi síðar en 31. desember 2018, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun þar sem gefið er upp eitt skýrslugjafaraðildarríki og eitt meðskýrslugjafaraðildarríki fyrir hvert virkt efni. Rétt þykir að úthluta mati á virkum efnum sem samþykki fyrir rennur út eigi síðar en 31. desember 2018

2) Úthlutunin ætti að vera með þeim hætti að ábyrgðinni og vinnunni verði dreift jafnt á milli aðildarríkjanna.

3) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað titilsins komi eftirfarandi:

„Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 frá 26. júlí 2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virku efnunum í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun.“

2) Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 37, 12.2.2016, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 frá 26. júlí 2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virku efnunum, sem samþykki fyrir rennur út eigi síðar en 31. desember 2018, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun (Stjtíð. ESB L 200, 27.7.2012. bls. 5).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. febrúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað orðsins „VIÐAUKI“ komi eftirfarandi:

„VIÐAUKI

A-HLUTI

Úthlutun á mati á virkum efnum sem samþykki fyrir rennur út eigi síðar en 31. desember 2018“

2) Eftirfarandi B-hluti bætist við:

„B-HLUTI

Úthlutun á mati á virkum efnum sem samþykki fyrir rennur út eftir 31. desember 2018 en eigi síðar en 31. desember 2021

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
1-dekanól	PL	IT
1-naftýlasetamíð (1-NAD)	HU	FR
1-naftýlediksýra (1-NAA)	HU	FR
2,5-díklórbensósýrumetýlester	FR	AT
2-fenýlfenól (þ.m.t. natríumsaltið ortófenýlfenól)	ES	EL
6-bensýladenín	SE	NL
8-hýdroxýkínólín, þ.m.t. oxýkínólín	ES	NL
Abamektín (einnig þekkt sem avermektín)	AT	MT
Ediksýra	AT	NL
Aklónífen	NL	NO
Akrínatrín	FR	ES
Álammóníumsúlfat	IE	UK
Álfosfíð	AT	EE
Álsílíkat (einnig þekkt sem kaólín)	EL	FR
Álsúlfat	NL	CZ
Asímsúlfúrón	EL	FR
Asoxýstróbín	UK	NO
Bacillus thuringiensis, undirteg. *Aizawai* stofn ABTS-1857	NL	DE
Bacillus thuringiensis, undirteg. *Aizawai* stofn GC-91	NL	DE

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
Bacillus thuringiensis, undirteg. *Israeliensis* (sermigerð H-14) stofn AM65-52	SE	ES
Bacillus thuringiensis, undirteg. *Kurstaki* stofn ABTS 351	DK	NL
Bacillus thuringiensis, undirteg. *Kurstaki* stofn EG 2348	DK	NL
Bacillus thuringiensis, undirteg. *Kurstaki* stofn PB 54	DK	NL
Bacillus thuringiensis, undirteg. *Kurstaki* stofn SA 11	DK	NL
Bacillus thuringiensis, undirteg. *Kurstaki* stofn SA12	DK	NL
Bacillus thuringiensis, undirteg. *Tenebrionis* stofn NB 176 (TM 14 1)	IT	DE
Beauveria bassiana stofn ATCC 74040	DE	NL
Beauveria bassiana stofn GHA	DE	NL
Benflúralín	NO	NL
Bensúlfúrón	IT	ES
Bífentrín	BE	HU
Bispýribak	IT	PT
Blóðmjöl	AT	LT
Brómadíólón	IT	RO
Brómúkónasól	BE	CZ
Búpírímat	NL	UK
Búprófesín	IT	AT
Kalsíumkarbíð	EE	CZ
Kalsíumkarbónat	ES	HU
Kalsíumfosfíð	AT	DE
Karbetamíð	UK	FR
Koltvísýringur	FR	AT
Karboxín	HR	LV
Klórmekvat	UK	IT
Klórsúlfúrón	PL	EL
Kletódím	SE	LT

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
Sýkloxýdím	NL	DK
Cydia pomonella kyrningaveira (CpGV)	DE	NL
Sýflúfenamíð	DE	AT
Sýmoxaníl	LT	FI
Sýprókónasól	IE	EE
Sýrómasín	ES	IT
Dasómet	BG	NL
Denatóníumbensóat	IT	PL
Díklófóp	PT	FR
Díetófenkarb	BE	ES
Dífenakúm	IT	PT
Dímetaklór	HR	AT
Díþíanón	AT	EL
Dódemorf	NL	IT
Dódín	ES	DE
Epoxíkónasól	UK	PL
Etýlen	NL	UK
Etófenprox	SK	IT
Etrídíasól	NL	ES
Kjarni úr teviði	PL	BG
Leifar af eimaðri fitu	CZ	FR
Fitusýrur C7 til C20 (pelargónsýra (CAS 112-05-0)) Fitusýrur C7–C18 og C18, ómettuð kalíumsölt (CAS 67701-09-1), (kaprínsýra (CAS 334-48-5), kaprýlsýra (CAS 124-07-2), lárínsýra (CAS 143-07-7), olíusýra (CAS 112-80-1)) Fitusýrur C8–C10, metýlesterar (CAS 85566-26-3), (metýloktanóat (CAS 111-11-5), metýldekanóat (CAS 110-42-9))	EL	AT
FEN 560 (duft úr fræjum grikkjasmára)	IT	FR
Fenasakín	DE	PL

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
Fenbúkónasól	SI	UK
Fenoxýkarb	NL	EL
Fenpropímorf	LV	SI
Fenpýroxímat	AT	DK
Flónikamíð (IKI-220)	FI	SE
Flúasífóp-P	FR	IT
Flúasínam	AT	DK
Flúómetúrón	EL	BG
Flúópíkólíð	UK	ES
Flúkinkónasól	UK	SK
Flúorklóridón	AT	HR
Flúroxýpýr	SE	SI
Flútólaníl	NL	UK
Flútríafól	SK	UK
Fúberídasól	UK	FI
Hvítlaukskjarni	IE	UK
Gibberellsýra	SI	SK
Gibberellín	SI	SK
Haloxýfóp-P (haloxýfóp-R)	HU	CZ
Heptamaloxýlóglúkan	FR	ES
Hexýþíasox	FI	SE
Vatnsrofin prótín	ES	EL
Hýmexasól	AT	SE
Imasalíl (einnig þekkt sem enílkónasól)	NL	BE
Imídaklópríð	DE	NL
Indólýlsmjörsýra	EL	CY
Járnsúlfat	HU	PL

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
Ísoxaben	AT	FI
Kísilgúr	AT	EL
Kresoxímmetýl	SE	FR
Lecanicillium muscarium (áður *Verticillium lecanii*) stofn Ve6	NL	FR
Brennisteinskalk (kalsíumpólýsúlfíð)	CZ	NL
Kalksteinn	CZ	SK
Lúfenúrón	ES	HU
Magnesíumfosfíð	AT	EE
Malaþíón	CZ	BG
Dísartréskjarni (uppspretta asadíraktíns — Mitsui)	DE	ES
Dísartréskjarni (uppspretta asadíraktíns — SIPCAM)	DE	ES
Dísartréskjarni (uppspretta asadíraktíns — Trifolio)	DE	ES
Mepíkvat	FI	EE
Metalaxýl	EL	PL
Metaldehýð	PL	DE
Metamítrón	DK	LV
Metarhizium anisopliae var. *anisopliae* stofn BIPESCO 5	NL	FR
Metarhizium anisopliae var. *anisopliae* stofn F52	NL	FR
Metasaklór	NL	UK
Metómýl	BG	RO
Metýlnónýlketón	NL	BE
Metósúlam	NO	BE
Mýklóbútaníl	UK	ES
Naprópamíð	SI	HR
Órýsalín	NL	FR
Oxýflúorfen	ES	HU

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
Paklóbútrasól	UK	RO
Paraffínolía/(CAS 64742-46-7)	EL	FR
Paraffínolía/(CAS 72623-86-0)	EL	FR
Paraffínolía/(CAS 8042-47-5)	EL	FR
Paraffínolía/(CAS 97862-82-3)	EL	FR
Penkónasól	NO	DE
Pensýkúrón	LV	PL
Penoxsúlam	IT	PL
Pipar	UK	IE
Phlebiopsis gigantea FOC PG 410.3	EE	FR
Phlebiopsis gigantea FOC PG B20/5	EE	FR
Phlebiopsis gigantea FOC PG B22/SP1190/3.2	EE	FR
Phlebiopsis gigantea FOC PG B22/SP1287/3.1	EE	FR
Phlebiopsis gigantea FOC PG BU 3	EE	FR
Phlebiopsis gigantea FOC PG BU 4	EE	FR
Phlebiopsis gigantea FOC PG SH 1	EE	FR
Phlebiopsis gigantea FOC PG SP log 5	EE	FR
Phlebiopsis gigantea FOC PG SP log 6	EE	FR
Phlebiopsis gigantea FOC PG97/1062/116/1.1	EE	FR
Phlebiopsis gigantea VRA 1835	EE	FR
Phlebiopsis gigantea VRA 1984	EE	FR
Phlebiopsis gigantea VRA 1985	EE	FR
Phlebiopsis gigantea VRA 1986	EE	FR
Plöntuolíur/sítrónelluolía	FR	UK
Plöntuolíur/negulolía	ES	IT
Plöntuolíur/garðmintuolía	SE	NL
Plöntuolíur/repjuolía	NL	FI

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
Kalíumvetniskarbónat	NL	EL
Próklóras	BE	DE
Prófoxýdím	ES	EL
Próhexadíón	FR	IE
Própakvisafóp	UK	EE
Prókínasíð	SE	LT
Pútreskín (1,4-díamínóbútan)	ES	AT
Pýretrín	IT	DE
Pýridaben	CZ	BE
Pythium oligandrum M1	SE	HU
Kvarssandur	LV	RO
Kínmerak	EE	FI
Kvisalófóp-P	HR	UK
Kvisalófóp-P-etýl	FI	UK
Kvisalófóp-P-tefúrýl	HR	UK
Efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/fisklýsi	CZ	FR
Efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör	CZ	FR
Efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/óunnin furuolía	CZ	SK
Efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/furuolíubik	CZ	EL
Kjarni úr sjávarþörungum (áður kjarni úr sjávarþörungum og þang og þari)	BE	IT
Sintófen	CZ	FR
Natríum-5-nítrógvæjakólat	NL	EL
Natríumálsílíkat	HU	AT
Natríumhýpóklórít	IE	UK
Natríum-o-nítrófenólat	NL	EL
Natríum-p-nítrófenólat	NL	EL

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
Spíródíklófen	AT	NL
Spíroxamín	AT	EE
Ógreinótt fiðrildaferómón (e. Lepidopteran Pheromones)	IT	FR
(E)-11-tetradeken-1-ýl-asetat		
(E)-5-deken-1-ól		
(E)-5-deken-1-ýl-asetat		
(E)-8-dódeken-1-ýl-asetat		
(E,E)-7,9-dódekadíen-1-ýl-asetat		
(E,E)-8,10-dódekadíen-1-ól		
(E,Z)-2,13-oktadekadíen-1-ýl-asetat		
(E,Z)-7,9-dódekadíen-1-ýl-asetat		
(E,Z)-8-dódeken-1-ýl-asetat		
(Z)-11-hexadeken-1-ól		
(Z)-11-hexadeken-1-ýl-asetat		
(Z)-11-hexadekenal		
(Z)-11-tetradeken-1-ýl-asetat		
(Z)-13-oktadekenal		
(Z)-7-tetradekenal		
(Z)-8-dódeken-1-ól		
(Z)-8-dódeken-1-ýl-asetat		
(Z)-9-dódeken-1-ýl-asetat		
(Z)-9-hexadekenal		
(Z)-9-tetradeken-1-ýl-asetat		
(Z,E)-7,11-hexadekadíen-1-ýl-asetat		
(Z,E)-9,12-tetradekadíen-1-ýl-asetat		
(Z,Z)-7,11-hexadekadíen-1-ýl-asetat		
Dódekan-1-ól		
Tetradekan-1-ól		
(Z)-8-dódekenýlasetat, dódekan-1-ýl-asetat		
(Z)-9-dódekenýlasetat, dódekan-1-ýl-asetat		
(7E, 9Z)-dódekadíenýlasetat, (7E, 9E)-dódekadíenýlasetat		
(7Z, 11Z)-hexadekadíen-1-ýl-asetat, (7Z, 11E)-hexadekadíen-1-ýl-asetat		
(Z)-9-hexadekenal, (Z)-11-hexadekenal, (Z)-13-oktadekenal		
E-5-deken-1-ýl-asetat, E-5-deken-1-ól		
(E/Z)-8-dódekenýlasetat, (Z)-8-dódekenól		
(Z)-11-hexadekenal, (Z)-11-hexadeken-1-ýl-asetat		
(E/Z)-9-dódeken-1-ýl-asetat		
E8, E10 — dódekadíen-1-ól + tetradekýlasetat		
E7,E/Z9-dódekadíenýlasetat (E7,E/Z9-12Ac) og n-dódekýlasetat (12Ac)		
(E,Z,Z)-3,8,11-tetradekatríen-1-ýl-asetat og (E,Z)-3,8-tetradekadíen-1-ýl-asetat		
(Z,Z,Z,Z)-7,13,16,19-dókósatetraen-1-ýl-ísóbútýrat		

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
Streptomyces K61 (áður *S. griseoviridis*)	EE	FR
Súlkótríón	DE	ES
Súlfúrýlflúoríð	AT	IE
Brennisteinn	FR	SI
Táflúvalínat	DK	DE
Tebúkónasól	UK	DK
Tebúfenósíð	ES	DE
Tebúfenpýrað	FR	BE
Teflúbensúrón	SE	IT
Teflútrín	HU	DK
Terbútýlasín	ES	HR
Tetrakónasól	FR	DE
Tralkoxýdím	ES	PT
Tríadímenól	ES	LV
Tríallat	UK	CZ
Tríasoxíð	DE	SK
Trichoderma asperellum (áður *T. harzianum*) stofn ICC012	SE	FR
Trichoderma asperellum (áður *T. harzianum*) stofn T25	SE	FR
Trichoderma asperellum (áður *T. harzianum*) stofn TV1	SE	FR
Trichoderma atroviride (áður *T. harzianum*) stofn IMI 206040	SE	IT
Trichoderma atroviride (áður *T. harzianum*) stofni T11	SE	IT
Trichoderma gamsii (áður *T. viride*) stofn ICC080	SE	IT
Trichoderma harzianum stofn ITEM 908	SE	NL
Trichoderma harzianum stofn T-22	SE	NL
Trichoderma polysporum stofn IMI 206039	SE	NL

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
Tríflúmísól	NL	BE
Tríflúmúrón	IT	HU
Tríflúsúlfúrón	FR	DK
Trímetýlamínhýdróklóríð	BG	ES
Þvagefni	UK	FI
Verticillium albo-atrum (áður *Verticillium dahliae*) stofn WCS850	SE	NL
Zetasýpermetrín	AT	DE
Sinkfosfíð	AT	DE“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/621 2016/EES/52/29

frá 21. apríl 2016

um breytingu á VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ([1]), einkum 2. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vísindanefndin um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli, en í hennar stað kom vísindanefndin um neysluvörur (SCCP) samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/210/EB ([2]), en í hennar stað kom vísindanefndin um öryggi neytenda (SCCS) samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/721/EB ([3]), skilaði áliti 25. júní 2003 ([4]) þar sem fram kemur að sinkoxíð geti almennt talist óeitrað efni, þ.m.t. þegar það er notað í snyrtivörur. Hins vegar var ekki tekið tillit til möguleikans á upptöku við innöndun og vísindanefndin um neysluvörur lét í ljós áhyggjur varðandi öryggi míkrómalaðs sinkoxíðs vegna skorts á áreiðanlegum öryggismálsskjölum um efnið. Eftir að framkvæmdastjórnin hafði óskað eftir nánari útlistun staðfesti vísindanefndin um neysluvörur ([5]) að notkun sinkoxíðs, sem er ekki í nanóformi, í snyrtivörur væri örugg upp að hámarksstyrknum 25% og að leggja ætti fram fullnægjandi gögn vegna áhættumats á sinkoxíði í nanóformi.

2) Óskað var eftir því að vísindanefndin um öryggi neytenda annaðist öryggismat á sinkoxíði í nanóformi og skilaði hún áliti 18. september 2012 ([6]) sem fylgt var eftir með viðbót frá 23. júlí 2013 ([7]). Vísindanefndin um öryggi neytenda komst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli fyrirliggjandi gagna, að hægt sé að líta svo á að notkun á nanóögnum sinkoxíðs með tilgreindum eiginleikum, sem útblámasíu í sólarvörn í styrk sem nemur allt að 25%, skapi ekki áhættu á skaðlegum áhrifum á menn eftir notkun á húð. Auk þess tilgreindi vísindanefndin um öryggi neytenda að engar sannanir liggi fyrir um upptöku nanóagna sinkoxíðs gegnum húð og með íkomuleið um munn. Við útreikning á öryggismörkum leiðir útreikningur á váhrifum frá nanóögnum sinkoxíðs til þeirrar niðurstöðu að öryggismörk séu viðunandi, bæði varðandi íkomuleið um munn og gegnum húð. Vísindanefndin um öryggi neytenda staðfesti síðar að nota megi sinkoxíð í nanóformi í snyrtivörur, aðrar en sólarvörn sem ætluð er til notkunar á húð.

3) Eiginleikarnir sem vísindanefndin um öryggi neytenda tilgreindi í áliti sínu varða eðlisefnafræðilega eiginleika efnisins (s.s. hreinleika, uppbyggingu og útlit, dreifingu kornastærðar og vatnsleysni) og hvort efnið er óhúðað eða húðað með tilteknum íðefnum. Nota má önnur innihaldsefni snyrtivara sem húðunarefni svo fremi sem vísindanefndinni um öryggi neytenda hefur veriðsýnt fram á að þau séu örugg og hafi engin áhrif á eiginleika agna, sem varða hegðun og/eða eiturefnafræðileg áhrif, samanborið við nanóefni sem fjallað er um í viðkomandi áliti vísindanefndarinnar um öryggi neytenda. Framkvæmdastjórnin telur því að þessir eðlisefnafræðilegu eiginleikar og kröfur varðandi húðunarefni ættu að endurspeglast í reglugerð (EB) nr. 1223/2009.

4) Vísindanefndin um öryggi neytenda taldi einnig, á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, að notkun á nanóögnum sinkoxíðs í úðavörur geti ekki talist örugg. Auk þess benti vísindanefndin um öryggi neytenda á það í frekara áliti frá 23. september 2014, til skýringar á merkingu heitisins „úðanleg notkun/vörur“ (e. *sprayable*) fyrir nanóform kolsvertu (kinroks) CI 77266, títandíoxíðs og sinkoxíðs ([8]), að áhyggjur hennar takmarkist við úðavörur sem gætu

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 106, 22.4.2016, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

([2]) Stjtíð. ESB L 66, 4.3.2004, bls. 45.

([3]) Stjtíð. ESB L 241, 10.9.2008, bls. 21.

([4]) Vísindanefndin um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli/0649/03, http://ec.europa.eu/health/ph_risk/committees/sccp/documents/out222_en.pdf

([5]) Vísindanefndin um neysluvörur/0932/05, http://ec.europa.eu/health/ph_risk/committees/04_sccp/docs/sccp_o_00m.pdf SCCP/1147/07, http://ec.europa.eu/health/ph_risk/committees/04_sccp/docs/sccp_o_123.pdf and SCCP/1215/09, http://ec.europa.eu/health/ph_risk/committees/04_sccp/docs/sccp_o_167.pdf

([6]) Vísindanefndn um öryggi neytenda/1489/2012 Revision of 11 December 2012, http://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_103.pdf

([7]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1518/13 Revision of 22 April 2014, http://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_137.pdf

([8]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1539/14 Revision of 25 June 2015, http://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_163.pdf

leitt til váhrifa frá sinkoxíði á lungu neytenda við innöndun. Vísindanefndin um öryggi neytenda tilgreindi einnig að sinkoxíð, sem er ekki í nanóformi, hafi svipuð eiturhrif og sinkoxíð í nanóformi að því er varðar eiturhrif á lungu eftir innöndun.

5) Í ljósi álita vísindanefndarinnar um öryggi neytenda, sem nefnd eru hér að framan, telur framkvæmdastjórnin að leyfa ætti sinkoxíð, sem er ekki í nanóformi, til notkunar sem útblámasíu í snyrtivörur; leyfa ætti sinkoxíð í nanóformi (samkvæmt nákvæmum skilgreiningum vísindanefndarinnar um öryggi neytenda) til notkunar sem útblámasíu í snyrtivörur. Leyfa ætti bæði form efnisins í hámarksstyrk sem nemur 25%, að undanskildri notkun sem gæti leitt til váhrifa á lungu endanlegs notanda við innöndun.

6) Framkvæmdastjórnin telur að breyta ætti VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 í þeim tilgangi að laga hann að framförum í tækni og vísindum.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. apríl 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi færslur bætast við VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 sem tilvísunarnúmer 30 og 30a:

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efna				Skilyrði			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
„30	Sinkoxíð	Zinc Oxide	1314-13-2	215-222-5		25% (*)	Ekki til notkunar sem gæti leitt til váhrifa á lungu endanlegs notanda við innöndun.	
30a	Sinkoxíð	Zinc Oxide (nano)	1314-13-2	215-222-5		25% (*)	Ekki til notkunar sem gæti leitt til váhrifa á lungu endanlegs notanda við innöndun. Eingöngu nanóefni með eftirfarandi eiginleika eru leyfð: — hreinleiki ≥ 96% með wurtzit-kristallamyndun og í útliti eins og klasar sem eru stangarlagaðir, stjörnulagaðir og/eða teningslaga (e. *isometric shape*), með óhreinindi sem samanstanda eingöngu af koltvísýringi og vatni meðan önnur óhreinindi nema minna en 1% í heild, — þvermálsmiðgildi í dreifingu kornastærðar D50 (50% fjöldans undir þessu þvermáli) > 30 nm og D1 (1% undir þessari stærð) > 20 nm, — vatnsleysni < 50 mg/L — óhúðað, eða húðað með tríetoxýkaprýlýlsílani, dímetíkóni, víxlfjölliðu dímetoxýdífenýlsílane tríetoxýkaprýlýlsílans eða oktýltríetoxýsílani.“	

(*) Í þeim tilvikum þegar sinkoxíð og sinkoxíð í nanóformi eru notuð saman skal samanlagður styrkur ekki fara yfir mörkin í g-dálki.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/622 2016/EES/52/30

frá 21. apríl 2016

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ([1]), einkum 2. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 27. mars 2014 gaf vísindanefndin um öryggi neytenda út vísindalegt álit á kalíumhýdroxíði ([2]) þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að kalíumhýdroxíð, upp að hámarksstyrknum 1,5% miðað við þyngd, sé öruggt til notkunar til að mýkja eða fjarlægja sigg.

2) Vísindanefndin um öryggi neytenda komst einnig að þeirri niðurstöðu að örugg notkun snyrtivara, sem innihalda óbundið kalíumhýdroxíð í styrk frá 0,5% miðað við þyngd, sé háð ábyrgri áhættustjórnun með varnaðarorðum og ítarlegum notkunarleiðbeiningum.

3) Í kjölfar vísindalegs álits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda telur framkvæmdastjórnin að kalíumhýdroxíð, upp að hámarksstyrk við notkun sem nemur 1,5% miðað við þyngd, ætti að teljast öruggt til notkunar til að mýkja eða fjarlægja sigg.

4) Í ljósi niðurstöðu vísindanefndarinnar um öryggi neytenda varðandi ábyrga áhættustjórnun, að því er tekur til vara sem innihalda óbundið kalíumhýdroxíð í styrk frá 0,5% miðað við þyngd, lítur framkvæmdastjórnin svo á að á snyrtivörum, sem innihalda kalíumhýdroxíð, til notkunar til að mýkja eða fjarlægja sigg ættu að vera varnarorð sem vísa í notkunarleiðbeiningar.

5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 106, 22.4.2016, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

([2]) Vísindanefndin um öryggi neytenda/1527/14, http://ec.europa.eu/health/scientific_committees/consumer_safety/docs/sccs_o_154.pdf

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. apríl 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslu 15a komi eftirfarandi færsla:

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efna				Takmarkanir			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
„15a	Kalíum- eða natríumhýdroxíð (*)	Potassium hydroxide/sodium hydroxide	1310-58-3/1310-73-2	215-181-3/215-185-5	a) Naglabandaleysir	a) 5% (**)		a) Inniheldur basa Varist snertingu við augu Getur valdið blindu Geymist þar sem börn ná ekki til
					b) Vara til afliðunar	2 % (**)	Til almennrar notkunar	Inniheldur basa Varist snertingu við augu Getur valdið blindu Geymist þar sem börn ná ekki til
						4,5 % (**)	Notkun í atvinnuskyni	Eingöngu til nota í atvinnuskyni Varist snertingu við augu Getur valdið blindu
					c) Sýrustillir fyrir háreyðingarvörur		c) pH-gildi < 12,7	c) Geymist þar sem börn ná ekki til Varist snertingu við augu
					d) Annars konar notkun sem sýrustillir		d) pH-gildi < 11“	

(*) Að því er varðar aðra notkun kalíumhýdroxíðs, sjá færslu nr. 15d í III. viðauka.
(**) Magn natríum-, kalíum- eða litíumhýdroxíðs er gefið upp sem þyngd natríumhýdroxíðs. Ef um blöndur er að ræða skal samanlagður styrkur ekki fara yfir mörkin í g-dálki.

2) Færsla 15d bætist við:

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efna				Takmarkanir			Orðalag notkunarskilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
„15d	Kalíumhýdroxíð (*)	Potassium hydroxide	1310-58-3	215-181-3	Vara til að mýkja eða fjarlægja sigg	1,5 % (**)		Inniheldur basa Varist snertingu við augu Geymist þar sem börn ná ekki til Lesið notkunarleiðbeiningar vandlega“

(*) Að því er varðar aðra notkun kalíumhýdroxíðs, sjá færslu nr. 15a í III. viðauka.
(**) Magn natríum-, kalíum- eða litíumhýdroxíðs er gefið upp sem þyngd natríumhýdroxíðs. Ef um blöndur er að ræða skal samanlagður styrkur ekki fara yfir mörkin í g-dálki.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 611/2013 **2016/EES/52/31**

frá 24. júní 2013

um ráðstafanir sem gilda um tilkynningar um brot er varða persónuupplýsingar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti ([1]), einkum 5. mgr. 4. gr.,

að höfðu samráði við Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu (ENISA),

að höfðu samráði við starfshóp um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnaður var með 29. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([2]) (starfshópurinn skv. 29. gr.),

að höfðu samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2002/58/EB er kveðið á um samhæfingu landsbundinna ákvæða til að tryggja sambærilega vernd grundvallarréttinda og mannfrelsis, einkum að því er varðar réttinn til friðhelgi einkalífsins og trúnaðarkvaða vegna vinnslu persónuupplýsinga á rafræna fjarskiptasviðinu og til að tryggja frjálsan flutning slíkra gagna og um rafrænan fjarskiptabúnað og -þjónustu í Sambandinu.

2) Samkvæmt 4. gr. tilskipunar 2002/58/EB ber veitendum rafrænnar fjarskiptaþjónustu, sem er aðgengileg öllum, skylda til að tilkynna lögbærum landsyfirvöldum og í vissum tilvikum einnig hlutaðeigandi áskrifendum og einstaklingum um brot er varðar persónuupplýsingar. Brot er varða persónuupplýsingar eru skilgreind í i-lið 2. gr. tilskipunar 2002/58/EB: sem brot á öryggi sem leiða til óviljandi eða ólöglegrar eyðileggingar persónuupplýsinga, sem eru sendar, geymdar eða unnar á einhvern hátt í tengslum við veitingu rafrænnar fjarskiptaþjónustu sem er aðgengileg öllum innan Sambandsins, eða að þær glatist, breytist, verði birtar eða veittur aðgangur að þeim í leyfisleysi.

3) Til að tryggja samræmi í framkvæmd ráðstafananna, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 2002/58/EB, veitir 5. mgr. 4. gr. sömu tilskipunar framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tæknilegar framkvæmdarráðstafanir varðandi málavexti, snið og málsmeðferðarreglur sem eiga við um upplýsinga- og tilkynningarskyldu sem um getur í þeirri grein.

4) Mismunandi landsbundnar kröfur kunna í þessu tilliti að leiða til réttaróvissu, flóknari og þunglamalegri málsmeðferðar og umtalsverðs umsýslukostnaðar veitenda sem starfa yfir landamæri. Framkvæmdastjórnin telur því nauðsynlegt að samþykkja slíkar tæknilegar framkvæmdarráðstafanir.

5) Reglugerð þessi takmarkast við tilkynningu brota er varða persónuupplýsingar og í henni eru þar af leiðandi ekki settar fram tæknilegar framkvæmdarráðstafanir varðandi 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2002/58/EB um að upplýsa áskrifendur um það ef sérstök hætta er á því að netöryggi bregðist.

6) Af fyrstu undirgrein 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 2002/58/EB leiðir að veitendur ættu að tilkynna lögbærum landsyfirvöldum um öll brot er varða persónuupplýsingar. Þar af leiðir að veitandinn ætti ekki að fá að ákveða hvort slíkt er tilkynnt til lögbærs landsyfirvalds. Þetta ætti þó ekki að koma í veg fyrir að hlutaðeigandi lögbært landsyfirvald forgangsraði rannsókn tiltekinna brota á þann hátt sem það telur viðeigandi í samræmi við gildandi lög og geri ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að komast hjá of mikilli eða of lítill skýrslugjöf um brot er varða persónuupplýsingar.

7) Rétt er að taka upp kerfi fyrir tilkynningar um brot er varða persónuupplýsingar til lögbærs landsyfirvalds sem, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, er samsett úr mismunandi stigum með tímamörkum fyrir hvert stig. Kerfinu er ætlað að tryggja að lögbærum landsyfirvöldum sé tilkynnt um brot eins fljótt og eins nákvæmlega og auðið er, þó án þess að hindra veitandann í viðleitni sinni til að rannsaka brotið og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að takmarka það og bæta fyrir afleiðingar þess.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 173, 26.6.2013, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 31.7.2002, bls. 37.

([2]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

8) Hvorki einfaldur grunur um að brot er varðar persónuupplýsingar hafi átt sér stað né að uppvíst hafi orðið um atvik án þess að nægar upplýsingar liggi fyrir, þrátt fyrir að veitandinn hafi gert það sem hann mögulega gat til að afla slíkra upplýsinga, nægir til að telja að uppvíst hafi orðið um brot er varðar persónuupplýsingar hvað þessa reglugerð varðar. Í þessu samhengi ber að taka sérstakt tillit til þess að hve miklu leyti upplýsingarnar, sem um getur í I. viðauka, eru aðgengilegar.

9) Lögbær landsyfirvöld ættu að hafa samstarf um beitingu þessarar reglugerðar í tilvikum þegar brot er varða persónuupplýsingar ná yfir landamæri.

10) Í þessari reglugerð eru engar viðbótarforskriftir fyrir skrána yfir brot er varða persónuupplýsingar, sem veitendum ber að halda, þar eð tæmandi lýsing á innihaldinu er gefin í 4. gr. tilskipunar 2002/58/EB. Veitendur geta þó vísað til þessarar reglugerðar til þess að ákveða snið skrárinnar.

11) Öll lögbær landsyfirvöld ættu að sjá veitendum fyrir öruggri rafrænni aðferð til að þeir geti tilkynnt um brot er varða persónuupplýsingar á sameiginlegu sniði, sem er byggt á staðli á borð við XML, með þeim upplýsingum sem eru tilgreindar í I. viðauka á viðeigandi tungumálum, þannig að allir veitendur í Sambandinu geti fylgt svipaðri málsmeðferð við tilkynningu, burtséð frá því hvar þeir eru staddir eða hvar brotið er varðar persónuupplýsingar átti sér stað. Framkvæmdastjórnin ætti í þessu sambandi að auðvelda framkvæmd á öruggri rafrænni aðferð með því að boða til funda með lögbærum landsyfirvöldum þegar nauðsyn krefur.

12) Við mat á því hvort líkur eru á að brot er varðar persónuupplýsingar hafi skaðleg áhrif á persónuupplýsingarnar eða einkalíf áskrifanda eða einstaklings ætti einkum að taka tillit til eðlis og efnis viðkomandi persónuupplýsinga, sér í lagi ef gögnin varða fjárhagsupplýsingar, s.s. um kreditkort og bankareikning, sérstaka flokka upplýsinga sem um getur í 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 95/46/EB og tilteknar upplýsingar sem sérstaklega varða veitingu talsíma- eða Netþjónustu, þ.e. tölvupóst, staðsetningargögn, gagnadagbækur, vefsíður sem hafa verið skoðaðar og sundurliðaðar skrár yfir upphringingar.

13) Við sérstakar aðstæður ætti veitandi að hafa leyfi til að fresta tilkynningu til áskrifanda eða einstaklings ef slík tilkynning getur stofnað viðeigandi rannsókn á broti er varðar persónuupplýsingar í hættu. Þannig geta sérstakar aðstæður tekið til rannsóknar á sakamáli ásamt öðrum brotum er varða persónuupplýsingar þar sem ekki er um alvarlegt afbrot að ræða en þar sem gæti verið hagkvæmt að fresta tilkynningu. Í öllum kringumstæðum skal það vera lögbærra landsyfirvalda í hverju tilviki fyrir sig og í ljósi aðstæðna að meta hvort samþykkja beri frestun eða fara fram á tilkynningu.

14) Veitendur ættu, í ljósi beinna samningsbundinna tengsla, að hafa samskiptaupplýsingar áskrifenda sinna en ekki er víst að slíkar upplýsingar liggi fyrir um aðra einstaklinga sem verða fyrir skaðlegum áhrifum af broti er varðar persónuupplýsingar. Í því tilviki ætti veitanda að vera heimilt að byrja á því að tilkynna þessum einstaklingum með auglýsingum í helstu landsbundnu eða svæðisbundnu fjölmiðlum, s.s. dagblöðum, og fylgja þeim eftir eins fljótt og unnt er með tilkynningu til hvers einstaklings eins og kveðið er á um í þessari reglugerð. Veitanda er því ekki skylt að setja tilkynningu í fjölmiðla en getur kosið að hafa þann háttinn á þegar því ferli að greina alla einstaklinga, sem hafa orðið fyrir áhrifum, er enn ólokið.

15) Upplýsingar um brotið ættu eingöngu að varða það brot og ekki innihalda upplýsingar um önnur mál. Það ætti t.d. ekki að teljast viðunandi aðferð við að tilkynna brot er varðar persónuupplýsingar að setja upplýsingar um það á venjulegan reikning.

16) Með þessari reglugerð eru ekki tilgreindar neinar sértækar, tæknilegar verndarráðstafanir, sem réttlæta að vikið sé frá skyldunni um að tilkynna brot er varða persónuupplýsingar til áskrifenda eða einstaklinga, þar eð þær geta breyst með tímanum samhliða tækniþróun. Framkvæmdastjórnin ætti þó að geta birt viðmiðunarskrá yfir slíkar sértækar, tæknilegar verndarráðstafanir samkvæmt gildandi venjum.

17) Notkun dulkóðunar eða tætingar (e. hashing) ætti í sjálfu sér ekki að nægja til að veitendur geti fullyrt í víðari skilningi að þeir hafi fullnægt almennri öryggisskyldu, sem sett er fram í 17. gr. tilskipunar 95/46/EB. Hvað þetta snertir ættu veitendur einnig að gera viðunandi skipulags- og tækniráðstafanir til að koma í veg fyrir, greina og stöðva brot er varða persónuupplýsingar. Eftir að hafa gert varnarráðstafanir ættu veitendur að íhuga þá hættu, sem enn kann að vera fyrir hendi, til þess að skilja hvar brot er varða persónuupplýsingar geta hugsanlega átt sér stað.

18) Ef veitandi fær annan veitanda til að taka að sér hluta þjónustunnar, t.d. í tengslum við reikningagerð eða stjórnunarstörf, ætti þessum öðrum veitanda, sem hefur engin bein samningsbundin tengsl við endanlegan notanda, ekki að vera skylt að gefa út tilkynningar þegar brot er varðar persónuupplýsingar á sér stað. Þess í stað ætti hann að gera veitandanum, sem hann er í beinum samningsbundin tengslum við, viðvart og

upplýsa hann. Þetta ætti einnig að gilda í tengslum við veitingu rafrænnar fjarskiptaþjónustu í heildsölu, þar sem heildsalinn hefur alla jafna ekki bein samningsbundin tengsl við endanlegan notanda.

19) Í tilskipun 95/46/EB er skilgreindur almennur rammi fyrir vernd persónuupplýsinga í Evrópusambandinu. Framkvæmdastjórnin hefur lagt fram tillögu að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins í stað tilskipunar 95/46/EB (reglugerðin um gagnavernd). Með fyrirhugaðri reglugerð um gagnavernd verður öllum ábyrgðaraðilum gagna skylt að tilkynna brot er varða persónuupplýsingar, með skírskotun til 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 2002/58/EB. Þessi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar er í fullu samræmi við þessa fyrirhuguðu ráðstöfun.

20) Í fyrirhugaðri reglugerð um gangavernd er einnig gerður takmarkaður fjöldi tæknilegra breytinga á tilskipun 2002/58/EB til að taka tillit til umbreytingar á tilskipun 95/46/EB í reglugerð. Framkvæmdastjórnin mun kanna efnisleg réttaráhrif nýrrar reglugerðar á tilskipun 2002/58/EB.

21) Endurskoða ætti beitingu þessarar reglugerðar þremur árum eftir gildistöku hennar og endurskoða efni hennar í ljósi þágildandi lagaramma, þ.m.t. fyrirhugaðrar reglugerðar um gagnavernd. Endurskoðun þessarar reglugerðar ætti ef unnt er að tengja við síðari endurskoðun tilskipunar 2002/58/EB.

22) Beitingu þessarar reglugerðar má meta m.a. á grundvelli tölfræðilegra upplýsinga frá landsbundnum lögbærum landsyfirvöldum um þau brot er varða persónuupplýsingar sem tilkynnt hafa verið til þeirra. Þessar tölfræðilegu upplýsingar geta m.a. tekið til upplýsinga um fjölda brota er varða persónuupplýsingar sem tilkynnt hafa verið til lögbærs landsyfirvalds, fjölda brota er varða persónuupplýsingar sem tilkynnt hafa verið til áskrifanda eða einstaklings, þess tíma sem það hefur tekið að bæta úr broti er varðar persónuupplýsingar og hvort tæknilegar verndarráðstafanir hafa verið gerðar. Með þessum tölfræðilegu upplýsingum ættu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin að fá samræmd og samanburðarhæf tölfræðileg gögn sem hvorki afhjúpa þann veitanda sem er tilkynnandi né þá áskrifendur eða einstaklinga sem hlut eiga að máli. Framkvæmdastjórnin getur einnig í þessu skyni haldið reglubundna fundi með lögbærum landsyfirvöldum og öðrum hagsmunaaðilum.

23) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fjarskiptanefndarinnar,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um tilkynningar, sem koma frá veitendum rafrænnar fjarskiptaþjónustu sem er aðgengileg öllum („veitandi“), um brot er varða persónuupplýsingar.

2. gr.

Tilkynningar til lögbærs landsyfirvalds

1. Veitandi skal tilkynna öll brot er varða persónuupplýsingar til lögbærs landsyfirvalds.

2. Veitandi skal tilkynna brot er varðar persónuupplýsingar til lögbærs landsyfirvalds eigi síðar en 24 klukkustundum eftir að uppvíst verður um brot er varðar persónuupplýsingar, sé það gerlegt.

Veitandi skal í tilkynningu sinni til lögbærs landsyfirvalds tilgreina þær upplýsingar sem settar eru fram í I. viðauka.

Brot er varðar persónuupplýsingar telst hafa átt sér stað þegar veitandi hefur fengið næga vitneskju um váatvik, sem hefur stefnt öryggi persónuupplýsinganna í hættu, til að geta samið marktæka tilkynningu í samræmi við þessa reglugerð.

3. Ef ekki liggja fyrir allar upplýsingar, sem tilgreindar eru í I. viðauka, og þörf er á frekari rannsókn á broti er varðar persónuupplýsingar skal veitandi hafa leyfi til að skila upphaflegri tilkynningu til lögbærs landsyfirvalds eigi síðar en 24 klukkustundum eftir að uppvíst er um brot er varðar persónuupplýsingar. Þessi upphaflega tilkynning til lögbær landsyfirvalds skal innihalda þær upplýsingar sem settar eru fram í 1. þætti I. viðauka. Veitandi skal skila annarri tilkynningu til lögbær landsyfirvalds eins skjótt og unnt er og innan þriggja daga frá upphaflegu tilkynningunni. Þessi önnur tilkynning verður að innihalda þær upplýsingar sem eru tilgreindar í 2. þætti I. viðauka og, ef nauðsyn krefur, uppfærslu á þeim upplýsingum sem þegar hafa verið veittar.

Ef veitandi, þrátt fyrir rannsóknir sínar, getur ekki veitt allar upplýsingar innan þriggja daga frá upphaflegu tilkynningunni skal hann veita allar þær upplýsingar sem hann hefur tiltækar innan þess tímaramma og skal gefa lögbæra landsyfirvaldinu rökstudda ástæðu fyrir seinkun á tilkynningu á eftirstandandi upplýsingum. Veitandi skal eins skjótt og auðið er leggja eftirstandandi upplýsingar fyrir lögbært landsyfirvald og, ef nauðsyn krefur, uppfæra þær upplýsingar, sem þegar hafa verið veittar.

4. Lögbært landsyfirvald skal sjá öllum veitendum, sem hafa staðfestu í viðkomandi aðildarríki, fyrir öruggri rafrænni aðferð við að tilkynna brot er varða persónuupplýsingar ásamt upplýsingum um aðgang að henni og notkun. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin boða til funda með lögbærum landsyfirvöldum til að auðvelda beitingu þessa ákvæðis.

5. Ef brot er varðar persónuupplýsingar hefur áhrif á áskrifendur eða einstaklinga frá öðrum aðildarríkjum en aðildarríki lögbæra landsyfirvaldsins, sem hefur verið tilkynnt um brotið er varðar persónuupplýsingar, skal lögbæra landsyfirvaldið upplýsa önnur hlutaðeigandi landsyfirvöld.

Til að auðvelda beitingu þessa ákvæðis skal framkvæmdastjórnin semja og viðhalda skrá yfir lögbær landsyfirvöld og viðeigandi tengiliði.

3. gr.

Tilkynningar til áskrifanda eða einstaklings

1. Þegar gera má ráð fyrir að brot er varðar persónuupplýsingar hafi skaðleg áhrif á persónuupplýsingar eða einkalíf áskrifanda eða einstaklings skal veitandi, auk þeirrar tilkynningar sem um getur í 2. gr., einnig tilkynna brotið til áskrifandans eða einstaklingsins.

2. Við mat á því hvort líkur eru á að brot er varðar persónuupplýsingar hafi skaðleg áhrif á persónuupplýsingar eða einkalíf áskrifanda eða einstaklings skal einkum taka tillit til eftirfarandi aðstæðna:

a) eðlis og efnis viðkomandi persónuupplýsinga, sér í lagi ef gögnin varða fjárhagsupplýsingar, sérstaka flokka upplýsinga sem um getur í 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 95/46/EB ásamt staðsetningargögnum, Netgagnadagbókum, vefsíðum sem hafa verið skoðaðar, tölvupóstgögnum og sundurliðuðum skrám yfir upphringingar,

b) líklegra afleiðinga af brotum er varða persónuupplýsingar fyrir viðkomandi áskrifanda eða einstakling, einkum ef brotið getur leitt til auðkennisþjófnaðar eða svika, líkamstjóns, sálarangistar, niðurlægingar eða mannorðstjóns og

c) aðstæðna við brot er varðar persónuupplýsingar, einkum þegar upplýsingunum hefur verið stolið eða veitanda er kunnugt að þriðji aðili hefur upplýsingarnar undir höndum í leyfisleysi.

3. Tilkynning til áskrifanda eða einstaklings skal vera án ótilhlýðilegrar tafar eftir að uppvíst hefur orðið um brot er varðar persónuupplýsingar, eins og tilgreint er í þriðju undirgrein 2. mgr. 2. gr. Þetta skal ekki vera háð tilkynningunni um brot er varðar persónuupplýsingar til lögbærs landsyfirvalds sem um getur í 2. gr.

4. Veitandi skal í tilkynningu sinni til áskrifanda eða einstaklings tilgreina þær upplýsingar sem eru í II. viðauka. Tilkynning til áskrifanda eða einstaklings skal vera á skýru og auðskiljanlegu máli. Veitandi skal ekki nota tilkynninguna sem tækifæri til að kynna eða auglýsa nýja þjónustu eða viðbótarþjónustu.

5. Við sérstakar aðstæður, ef tilkynning til áskrifanda eða einstaklings getur stofnað viðeigandi rannsókn á broti er varðar persónuupplýsingar í hættu, skal veitandi, að fengnu samþykki lögbærs landsyfirvalds, hafa leyfi til að fresta tilkynningu til áskrifanda eða einstaklings þar til lögbært landsyfirvald telur mögulegt að tilkynna brotið er varðar persónuupplýsingar í samræmi við þessa grein.

6. Veitandi skal tilkynna brot er varðar persónuupplýsingar til áskrifanda eða einstaklings með samskiptaaðferð sem tryggir skjóta viðtöku upplýsinganna og þar sem öryggis er gætt samkvæmt nýjustu tækni. Upplýsingar um brot skulu eingöngu varða það brot og ekki innihalda upplýsingar um önnur mál.

7. Ef veitandi, sem hefur bein samningsbundin tengsl við endanlegan notanda, getur ekki þrátt fyrir að hafa lagt sig fram, innan tímarammans sem um getur í 3. mgr., borið kennsl á alla einstaklinga, sem líkur eru á að verði fyrir skaðlegum áhrifum af broti er varðar persónuupplýsingar, getur hann tilkynnt þessum einstaklingum það með auglýsingum í helstu landsbundnu eða svæðisbundnu fjölmiðlum í viðkomandi aðildarríkjum innan þess tímaramma. Þessar auglýsingar skulu innihalda upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í II. viðauka, í styttri útgáfu ef nauðsyn krefur. Í því tilviki skal veitandi áfram af fremsta megni leitast við að bera kennsl á þá einstaklinga og veita þeim upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í II. viðauka, eins skjótt og auðið er.

4. gr.

Tæknilegar verndarráðstafanir

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr. er þess ekki krafist að brot er varðar persónuupplýsingar gegn áskrifanda eða einstaklingi tilkynnist viðkomandi ef veitandinn hefur sýnt lögbæru landsyfirvaldi með fullnægjandi hætti að gerðar hafi verið viðeigandi tæknilegar verndarráðstafanir, og að þær ráðstafanir hafi verið gerðar varðandi þau gögn sem öryggisbrotið snerti. Slíkar tæknilegar verndarráðstafanir skulu gera gögnin óskiljanleg hverjum þeim sem ekki er heimilaður aðgangur að þeim.

2. Upplýsingar teljast óskiljanlegar ef:

a) þær hafa verið dulkóðaðar á öruggan hátt með stöðluðu reikniriti, lyklinum til að dulráða upplýsingarnar hefur ekki verið stefnt í hættu í öryggisbroti og lykillinn til að dulráða upplýsingarnar er þannig gerður að ekki er hægt að lesa hann með tiltækri tækniþekkingu af einstaklingi sem ekki hefur heimild til að fá aðgang að lyklinum eða

b) í hans stað hefur komið tætt gildi hans, reiknað út með stöðluðu dulritunartætifalli, lyklinum sem er notaður til að tæta upplýsingarnar hefur ekki verið stefnt í hættu í öryggisbroti og lykillinn sem notaður er til að tæta upplýsingarnar er þannig gerður að ekki er hægt að lesa hann með tiltækri tækniþekkingu af einstaklingi sem ekki hefur aðgang að lyklinum.

3. Framkvæmdastjórnin getur, að höfðu samráði við lögbær landsyfirvöld fyrir milligöngu starfshópsins skv. 29. gr., Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu og Evrópsku persónuverndarstofnunina, birt viðmiðunarskrá um viðeigandi tæknilegar verndarráðstafanir, sem um getur í 1. mgr., samkvæmt gildandi venju.

5. gr.

Að nota annan veitanda

Ef samið er við annan veitanda um að afhenda hluta rafrænnar fjarskiptaþjónustu, án þess að um bein samningsbundin tengsl við áskrifendur sé að ræða, skal sá veitandi þegar í stað tilkynna samningsbundna veitandanum um brot er varða persónuupplýsingar.

6. gr.

Skýrslugjöf og endurskoðun

Innan þriggja ára frá gildistöku þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar, árangurinn af henni og áhrif á veitendur, áskrifendur og einstaklinga. Á grundvelli þeirrar skýrslu skal framkvæmdastjórnin endurskoða þessa reglugerð.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 25. ágúst 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Efni tilkynningar til lögbærs landsyfirvalds

1. þáttur

Auðkenning veitanda

1. Heiti veitanda

2. Auðkenni og samskiptaupplýsingar gagnaverndarfulltrúa eða annars tengiliðar þar sem hægt er að fá frekari upplýsingar

3. Hvort um er að ræða fyrstu eða aðra tilkynningu

Frumupplýsingar um brot er varðar persónuupplýsingar (fyllist út í síðari tilkynningum eftir atvikum)

4. Dagsetning og tímasetning atviksins (ef þekkt; ef nauðsyn krefur má leggja á það mat) og þegar uppvíst varð um atvikið

5. Aðstæður við brot er varðar persónuupplýsingar (t.d. þær glatast, þjófnaður, afritun)

6. Eðli og efni viðkomandi persónuupplýsinga

7. Tækni- og skipulagsráðstafanir sem gerðar eru (eða verða gerðar) af veitanda þeirra persónuupplýsinga sem um ræðir

8. Viðeigandi notkun annarra veitenda (eftir atvikum)

2. þáttur

Nánari upplýsingar um brotið er varðar persónuupplýsingar

9. Samantekt um atvikið sem olli broti er varðar persónuupplýsingar (þ.m.t. staðinn þar sem brotið á sér stað og geymslumiðil sem um ræðir)

10. Fjöldi áskrifenda eða einstaklinga sem um ræðir

11. Mögulegar afleiðingar og möguleg skaðleg áhrif á áskrifendur eða einstaklinga

12. Tækni- og skipulagsráðstafanir sem veitandi gerir til að milda möguleg, skaðleg áhrif

Mögulegar viðbótartilkynningar til áskrifenda eða einstaklinga

13. Efni tilkynningar

14. Samskiptaaðferðir sem notaðar eru

15. Fjöldi áskrifenda eða einstaklinga sem um ræðir

Möguleg mál sem ná yfir landamæri

16. Brot er varða persónuupplýsingar sem varða áskrifendur eða einstaklinga í öðrum aðildarríkum

17. Tilkynningar til annarra lögbærra landsyfirvalda

———

II. VIÐAUKI

Efni tilkynningar til áskrifanda eða einstaklings

1. Heiti veitanda
2. Auðkenni og samskiptaupplýsingar gagnaverndarfulltrúa eða annars tengiliðar þar sem hægt er að fá frekari upplýsingar
3. Samantekt um atvikið sem olli broti er varðar persónuupplýsingar
4. Áætluð dagsetning atviks
5. Eðli og efni viðkomandi persónuupplýsinga eins og um getur í 2. mgr. 3. gr.
6. Líklegar afleiðingar af broti er varðar persónuupplýsingar fyrir áskrifanda eða einstakling sem um ræðir, eins og um getur í 2. mgr. 3. gr.
7. Aðstæður við brot er varðar persónuupplýsingar eins og um getur í 2. mgr. 3. gr.
8. Ráðstafanir sem veitandi gerir til að bæta úr broti er varðar persónuupplýsingar
9. Ráðstafanir, sem veitandi ráðleggur, til að milda möguleg, skaðleg áhrif

_____

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1787 **2016/EES/52/32**

frá 6. október 2015

um breytingu á II. og III. viðauka við tilskipun ráðsins 98/83/EB um gæði neysluvatns (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns ([1]), einkum 2. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. og III. viðauka við tilskipun 98/83/EB er mælt fyrir um lágmarkskröfur vöktunaráætlana vegna alls neysluvatns og um forskriftir fyrir aðferð við greiningu á mismunandi breytum.

2) Uppfæra ætti forskriftirnar í fyrrgreindum II. og III. viðauka með tilliti til framfara á sviði vísinda og tækni og til að tryggja samræmi við löggjöf Sambandsins.

3) Með II. viðauka við tilskipun 98/83/EB er gefinn ákveðinn sveigjanleiki við framkvæmd vöktunar í tengslum við úttekt og reglulegt eftirlit sem gerir kleift að fækka sýnatökum við tilteknar aðstæður. Skýra þarf tilteknu skilyrðin fyrir framkvæmd vöktunar á breytum með viðeigandi tíðni ásamt vöktunaraðferðunum með tilliti til framfara á sviði vísinda.

4) Frá árinu 2004 hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin þróað áætlun, sem byggist á meginreglum fyrir áhættumat og áhættustjórnun, vegna öryggis vatns sem mælt er fyrir um í viðmiðunarreglum fyrir gæði drykkjarvatns ([2]). Þessar viðmiðunarreglur, ásamt staðli EN 15975-2 varðandi öryggi drykkjarvatnsveita, eru alþjóðlega viðurkenndar meginreglur sem framleiðsla, dreifing, vöktun og greining á breytum í drykkjarvatni byggjast á. Því ætti að laga II. viðauka við tilskipun 98/83/EB að nýjustu uppfærslunum á þessum meginreglum.

5) Í því skyni að halda áhættu fyrir heilbrigði manna í skefjum ættu vöktunaráætlanirnar að tryggja að fyrir hendi séu ráðstafanir alla vatnsaðfangakeðjuna og taka mið af upplýsingum um vatnshlot sem notuð eru til töku drykkjarvatns. Almennu skuldbindingarnar er varða vöktunaráætlanirnar ættu að brúa bilið milli vatnstöku og vatnsveitu. Samkvæmt 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ([3]) verða aðildarríkin að tryggja að tekin sé saman skrá eða skrár yfir vernduð svæði. Slík vernduð svæði ná yfir öll vatnshlot sem notuð eru til töku drykkjarvatns, eða ætluð til slíkra nota, skv. 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar. Nota ætti niðurstöður úr vöktun þessara vatnshlota samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 7. gr. og 8. gr. þeirrar tilskipunar til að ákvarða hugsanlega áhættu fyrir drykkjarvatn fyrir og eftir meðhöndlun að því er varðar tilskipun 98/83/EB.

6) Reynslan hefur sýnt að að því er varðar margar breytur (einkum eðlisefnafræðilegar) myndi styrkurinn sem er fyrir hendi sjaldan valda því að farið sé yfir viðmiðunarmörk. Vöktun og skýrslugjöf í tengslum við slíkar breytur án

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 260, 7.10.2015, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32.

([2]) http://www.who.int/water_sanitation_health/publications/2011/dwq_guidelines/en/index.html

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

raunhæfs vægis fela í sér umtalsverðan kostnað, einkum þar sem þarf að taka mið af mörgum breytum. Innleiðing á sveigjanlegri tíðni vöktunar við slíkar aðstæður gefur færi á hugsanlegum sparnaði sem hefði ekki skaðleg áhrif á lýðheilsu eða annan ávinning. Sveigjanleg vöktun dregur einnig úr söfnun gagna sem innihalda litlar eða engar upplýsingar um gæði drykkjarvatns.

7) Aðildarríkjunum ætti því að vera heimilt að víkja frá vöktunaráætlunum sem þau hafa komið á, að því tilskildu að trúverðugt áhættumat fari fram, sem gæti grundvallast á viðmiðunarreglum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir gæði drykkjarvatns og ætti að taka tillit til þeirrar vöktunar sem fer fram skv. 8. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

8) Tafla B2 í II. viðauka við tilskipun 98/83/EB, sem varðar vatn sem sett er á flöskur eða ílát sem ætluð eru til sölu, er orðin úrelt þar eð þessar vörur falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([4]). Þessar vörur falla einnig undir meginregluna um greiningu á hættu og mikilvæga stýristaði (GáHMSS), sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 ([5]), og meginreglur um opinbert eftirlit eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 ([6]). Vegna samþykktar þeirra reglugerða gildir II. viðauki við tilskipun 98/83/EB í reynd ekki lengur um vatn sem sett er á flöskur eða í ílát sem ætluð eru til sölu.

9) Með tilskipun ráðsins 2013/51/KBE ([7]) var komið á sérstöku fyrirkomulagi við vöktun vegna geislavirkra efna. Því ætti einungis að koma á vöktunaráætlunum vegna geislavirkra efna samkvæmt þeirri tilskipun.

10) Rannsóknarstofur, sem nota forskriftirnar til greiningar á breytunum sem mælt er fyrir um í III. viðauka við tilskipun 98/83/EB, ættu að starfa í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar verklagsreglur eða staðla um gæði sem byggðir eru á tilteknum viðmiðunum, og beita greiningaraðferðum sem hafa verið fullgiltar eftir því sem framast er unnt.

11) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/90/EB([8]) er kveðið á um staðal EN ISO/IEC 17025, eða aðra jafngilda staðla sem hafa verið viðurkenndir á alþjóðavettvangi, sem skal nota til fullgilda greiningaraðferðirnar. EN ISO/IEC 17025 er einnig einn af þeim stöðlum sem eru notaðir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 882/2004 til faggildingar rannsóknarstofa sem lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum tilnefna. Því er nauðsynlegt að fastsetja þann staðal, eða aðra jafngilda staðla sem hafa verið viðurkenndir á alþjóðavettvangi, til fullgildingar á greiningaraðferðum í tengslum við tilskipun 98/83/EB. Í því skyni að laga III. viðauka við tilskipun 98/83/EB að tilskipun 2009/90/EB ætti að innleiða magngreiningarmörk og mælióvissu sem nothæfiseiginleika. Aðildarríkjunum ætti þó að vera áfram kleift að heimila notkun réttleika, samkvæmni og greiningarmarka sem nothæfiseiginleika skv. III. viðauka við tilskipun 98/83/EB í takmarkaðan tíma þannig að rannsóknarstofur fái nægan tíma til að laga sig að þessari tækniþróun.

12) Nokkrir ISO-staðlar hafa verið settir til að greina örverufræðilegar breytur. Í EN ISO 9308-1 og EN ISO 9308-2 (til að ákvarða heildarfjölda *E. coli* og kólígerla) og staðli EN ISO 14189 (til að greina *Clostridium perfringens*) eru því gefnar allar nauðsynlegar forskriftir til að framkvæma greininguna. Þessir nýju staðlar og tækniþróun ættu að koma fram í III. viðauka við tilskipun 98/83/EB.

13) Í því skyni að meta jafngildi staðgönguaðferða og þeirra aðferða sem mælt er fyrir um í III. viðauka við tilskipun 98/83/EB ætti aðildarríkjunum að vera heimilt að nota staðal EN ISO 17994, sem þegar hefur verið komið á sem staðlinum fyrir jafngildi örverufræðilegra aðferða í tengslum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/7/EB ([9]) og með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/64/EB ([10]). Að öðrum kosti ætti þeim að vera heimilt að nota

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).
([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).
([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt (Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1).
([7]) Tilskipun ráðsins 2013/51/KBE frá 22. október 2013 um kröfur um heilsuvernd almennings að því er varðar geislavirk efni í neysluvatni (Stjtíð. ESB L 296, 7.11.2013, bls. 12).
([8]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/90/EB frá 31. júlí 2009 um tækniforskriftir fyrir efnagreiningu og vöktun á ástandi vatns samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB (Stjtíð. ESB L 201, 1.8.2009, bls. 36).
([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/7/EB frá 15. febrúar 2006 um stjórnun gæða vatns til baða (Stjtíð. ESB L 64, 4.3.2006, bls. 37).
([10]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/64/EB frá 21. janúar 2009 um að tilgreina, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/7/EB, ISO 17994:2004(E) sem staðal fyrir jafngildi örverufræðilegra aðferða (Stjtíð. ESB L 23, 27.1.2009, bls. 32).

staðal EN ISO 16140 eða einhverjar aðrar sambærilegar alþjóðlega viðurkenndar aðferðarlýsingar, eins og um getur í 5. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 ([11]), til að koma á jafngildi aðferða sem byggjast á öðrum meginreglum en ræktun, sem eru utan gildissviðs EN ISO 17994.

14) Því ætti að breyta II. og III. viðauka við tilskipun 98/83/EB til samræmis við það.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um drykkjarvatn sem komið var á fót skv. 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 98/83/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 98/83/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað II. viðauka komi texti I. viðauka við þessa tilskipun.

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 27. október 2017. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. október 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([11]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli (Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1).

I. VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

EFTIRLIT

A-HLUTI

Almenn markmið og vöktunaráætlanir í tengslum við neysluvatn

1. Vöktunaráætlanir í tengslum við neysluvatn skulu:

   a) staðfesta að ráðstafanir, sem eru fyrir hendi til að halda áhættu fyrir heilbrigði manna í skefjum alla vatnsaðfangakeðjuna, frá vatnasviðinu gegnum vatnstöku, meðhöndlun og geymslu til dreifingar, virki á skilvirkan hátt og að vatnið á þeim stað, þar sem kröfurnar skulu uppfylltar, sé heilnæmt og hreint,

   b) veita upplýsingar um gæði neysluvatnsins til að sýna fram á að skuldbindingarnar, sem eru settar fram í 4. og 5. gr., ásamt gildum breytna, sem mælt er fyrir um í I. viðauka, séu uppfylltar,

   c) greina bestu leiðina til að draga úr áhættu fyrir heilbrigði manna.

2. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skulu lögbær yfirvöld koma á fót vöktunaráætlunum sem eru í samræmi við breyturnar og tíðnina sem settar eru fram í B-hluta þessa viðauka og fela í sér:

   a) söfnun og greiningu á einstökum vatnssýnum eða

   b) mælingar sem eru skráðar í sívöktunarferli.

   Að auki geta vöktunaráætlanir falið í sér:

   a) skoðanir á skráningum á stöðu virkni og viðhalds búnaðar og/eða

   b) skoðanir á vatnasviðinu og grunnvirkjum fyrir vatnstöku, meðhöndlun, geymslu og dreifingu.

3. Vöktunaráætlanir geta byggst á áhættumati eins og sett er fram í C-hluta.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að vöktunaráætlanir séu í stöðugri endurskoðun og uppfærðar eða staðfestar að nýju á a.m.k. fimm ára fresti.

B-HLUTI

Breytur og tíðni

1. **Almennur rammi**

   Vöktunaráætlun verður að taka mið af breytunum sem um getur í 5. gr., þ.m.t. þeim sem eru mikilvægar fyrir mat á áhrifum innlendra dreifikerfa á gæði vatns á þeim stað þar sem kröfurnar skulu uppfylltar, eins og sett er fram í 1. mgr. 6. gr. Þegar viðeigandi breytur er valdar vegna vöktunar verður að taka tillit til staðbundinna aðstæðna að því er varðar hvert vatnsveitukerfi.

   Aðildarríkin skulu sjá til þess að breyturnar, sem eru tilgreindar í 2. lið, séu vaktaðar með viðeigandi tíðni sýnatöku eins og sett er fram í 3. lið.

2. **Skrá yfir breytur**

Breytur í hópi A

Vakta skal eftirfarandi breytur (hópur A) í samræmi við vöktunartíðnina sem sett er fram í töflu 1 í 3. lið:

a) *Escherichia coli* (*E. coli*), kólígerlar, líftala við 22 °C, litur, grugg, bragð, lykt, sýrustig, eðlisleiðni,

b) aðrar breytur sem tilgreindar eru sem breytur sem skipta máli í vöktunaráætluninni í samræmi við 3. mgr. 5. gr. og, ef við á, í samræmi við áhættumat eins og sett er fram í C-hluta.

Við tilteknar aðstæður skal eftirfarandi breytum bætt við breytur í hópi A:

a) ammóníum og nítrít, ef klórun er notuð,

b) ál og járn, ef notuð sem íðefni til vatnsmeðhöndlunar.

Breytur í hópi B

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

([13]) Stjtíð. ESB C 37, 10.2.2012, bls. 6.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

MEGINREGLUR, GILDISSVIÐ OG KRÖFUR

1. gr.

Efni og meginreglur

1. Í þessari reglugerð eru settar fram skyldur og kröfur með tilliti til smíði, uppsetningar, notkunar, prófunar og eftirlits með ökuritum sem notaðir eru í flutningum á vegum, til að staðfesta að farið sé að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 561/2006, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/15/EB ([14]) og tilskipunar ráðsins 92/6/EBE ([15]).

Ökuritar skulu að því er varðar smíði þeirra, uppsetningu, notkun og prófun, uppfylla kröfur þessarar reglugerðar.

2. Í þessari reglugerð eru sett fram skilyrði og kröfur fyrir því hvernig nota má upplýsingar og gögn, önnur en persónuupplýsingar, sem skráð, unnin eða geymd eru í ökuritum í öðrum tilgangi en til að staðfesta reglufylgni við þær gerðir sem um getur í 1. mgr.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem settar eru fram í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006.

2. Til viðbótar við skilgreiningarnar sem um getur í 1. mgr. skulu eftirfarandi skilgreiningar gilda að því er varðar þessa reglugerð:

a) „ökuriti“ eða „skráningarbúnaður“: búnaður sem ætlaður er til uppsetningar í ökutækjum til að sýna, skrá, prenta, geyma og senda sjálfvirkt eða hálfsjálfvirkt upplýsingar um hreyfingu, þ.m.t. hraða, slíkra ökutækja í samræmi við 3. mgr. 4. gr. og ítarlegar upplýsingar um aðgerðir ökumanna þeirra á tilteknum tímabilum,

b) „skráningarhluti ökurita“: ökuriti að undanskildum hreyfinema og köplum sem tengdir eru hreyfinema. Skráningarhluti ökurita getur verið stök eining eða nokkrar einingar dreifðar um ökutækið, að því tilskildu að hann uppfylli kröfur þessarar reglugerðar; skráningarhluti ökurita samanstendur m.a. af vinnslueiningu, gagnaminni, tímamælingaraðgerð, tveimur kortalesurum fyrir snjallkort fyrir ökumann og aðstoðarökumann, prentara, skjá, tengibúnaði og búnaði til að setja inn ílag frá notanda,

([14]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/15/EB frá 11. mars 2002 um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum (Stjtíð. EB L 80, 23.3.2002, bls. 35).

([15]) Tilskipun ráðsins 92/6/EBE frá 10. febrúar 1992 um uppsetningu og notkun búnaðar sem takmarkar hraða í tilteknum flokkum vélknúinna ökutækja innan Bandalagsins (Stjtíð. EB L 57, 2.3.1992, bls. 27).

c) „hreyfinemi“: hluti af ökurita sem gefur frá sér merki sem gefur til kynna hraða ökutækis og/eða ekna vegalengd,

d) „ökuritakort“: snjallkort ætlað til notkunar í ökuritanum sem gerir ökuritanum kleift að auðkenna hlutverk korthafans og að flytja og geyma gögn,

e) „ökuritaskífa“: skífa, hönnuð til að taka við og geyma skráð gögn, sem koma skal fyrir í hliðrænum ökurita og sem ritunaroddar hliðræna ökuritans skrá viðstöðulaust á þær upplýsingar sem skrásetja skal,

f) „ökumannskort“: ökuritakort sem yfirvöld aðildarríkis gefa út handa tilteknum ökumanni sem auðkennir ökumanninn og gerir kleift að geyma gögn um starfsathafnir hans,

g) „hliðrænn ökuriti“: ökuriti sem notar ökuritaskífu í samræmi við þessa reglugerð,

h) „stafrænn ökuriti“: ökuriti sem notar ökuritakort í samræmi við þessa reglugerð,

i) „eftirlitskort“: ökuritakort sem yfirvöld aðildarríkis gefa út handa lögbæru, landsbundnu eftirlitsyfirvaldi sem auðkennir eftirlitsaðilann, og einnig eftirlitsmanninn sé þess óskað, og sem veitir aðgang að gögnum sem eru geymd í gagnaminninu eða á ökumannskortunum, og á verkstæðiskortunum sé þess óskað, til aflestrar, prentunar og/eða niðurhals,

j) „fyrirtækiskort“: ökuritakort sem yfirvöld aðildarríkis gefa út handa flutningafyrirtæki sem þarf að starfrækja ökutæki með ökurita sem auðkennir flutningafyrirtækið og gerir kleift að birta, hala niður og prenta gögnin sem eru geymd í ökuritanum sem þetta flutningafyrirtæki hefur læst,

k) „verkstæðiskort“: ökuritakort sem yfirvöld aðildarríkis gefa út handa starfsfólki ökuritaframleiðanda, ísetningarstofu, ökutækjaframleiðanda eða verkstæðis með tilskildar heimildir, sem aðildarríkið hefur viðurkennt, sem auðkennir korthafa og gerir kleift að prófa, kvarða og virkja ökurita og/eða hala niður úr þeim,

l) „virkjun“: sá fasi þegar ökuriti verður að fullu starfhæfur og framkvæmir allir aðgerðir, þ.m.t. öryggisaðgerðir, með notkun verkstæðiskorts,

m) „kvörðun“: uppfærsla eða staðfesting breyta ökutækis í stafrænum ökurita, þ.m.t. auðkenni ökutækis og eiginleikar ökutækis, sem geyma skal í gagnaminni með notkun verkstæðiskorts,

n) „niðurhal“: niðurhal úr stafrænum ökurita er afritun, ásamt stafrænni undirskrift, af gagnaskrám, í heild eða að hluta, sem geymdar eru í gagnaminni skráningarhluta ökurita eða í minni ökuritakorts að því tilskildu að þetta ferli breyti ekki eða eyði neinum geymdum gögnum,

o) „sértilvik“: óeðlileg aðgerð sem stafræni ökuritinn greinir og gæti stafað af tilraun til svika,

p) „bilun“: óeðlileg aðgerð sem stafræni ökuritinn greinir og gæti stafað af ólagi eða bilun í búnaði,

q) „uppsetning“: uppsetning ökurita í ökutæki,

r) „ógilt kort“: kort sem reynist bilað eða upprunaleg sannvottun hefur brugðist, fyrsti gildisdagur hefur ekki runnið upp eða fyrningardagsetning er liðin,

s) „reglubundin skoðun“: röð aðgerða sem framkvæmd er til að kanna að ökuriti starfi eðlilega, að stillingar hans samsvari breytum ökutækisins, og að enginn búnaður til að hagræða gögnum sé tengdur við ökuritann,

t) „viðgerð“: viðgerð á hreyfinema eða skráningarhluta ökurita sem krefst þess að aflgjafi hans sé aftengdur, eða hann sé aftengdur frá öðrum íhlutum ökuritans, eða að hreyfinemi eða skráningarhluti ökurita sé opnaður,

u) „gerðarviðurkenning“: ferli fyrir aðildarríki til að votta, í samræmi við 13. gr., að ökuriti, viðkomandi íhlutir hans eða ökuritakort sem á að setja á markað uppfylli kröfur þessarar reglugerðar,

v) „rekstrarsamhæfi“: geta kerfa og undirliggjandi viðskiptaferla til að skiptast á gögnum og deila upplýsingum,

w) „skilflötur“: búnaður milli kerfa sem hefur að geyma miðilinn sem þau geta tengst og átt samskipti í gegnum,

x) „tímamæling“: varanleg stafræn skráning á alheimstíma (UTC),

y) „tímastilling“: sjálfvirk stilling rauntíma með reglulegu millibili og með einnar mínútu hámarksvikmörkum eða stilling sem framkvæmd er við kvörðun,

z) „opinn staðall“: staðall sem settur er fram í staðalforskriftarskjali, sem fáanlegt er án endurgjalds eða fyrir lágmarksgjald, og sem leyfilegt er að afrita, dreifa eða nota endurgjaldslaust eða fyrir lágmarksgjald.

3. gr.

Gildissvið

1. Ökuritar skulu settir upp og notaðir í ökutækjum, sem eru skráð í aðildarríki og notuð til farþega- eða vöruflutninga á vegum og sem reglugerð (EB) nr. 561/2006 gildir um.

2. Aðildarríkjum er heimilt að veita ökutækjum, sem um getur í 1. og 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006, undanþágu frá beitingu þessarar reglugerðar.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að veita ökutækjum undanþágu frá beitingu þessarar reglugerðar sem notuð eru í flutningastarfsemi sem hefur fengið undanþágu í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006.

Aðildarríkjunum er heimilt að veita ökutækjum undanþágu frá beitingu þessarar reglugerðar sem notuð eru í flutningastarfsemi sem hefur fengið undanþágu í samræmi við 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006, þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það þegar í stað.

4. Fimmtán árum eftir að nýskráð ökutæki verða að hafa ökurita eins og kveðið er á um í 8., 9. og 10. gr., skulu ökutæki, sem starfrækt eru í öðru aðildarríki en skráningaraðildarríki þeirra, búin slíkum ökurita.

5. Ef um er að ræða innanlandsflutninga geta aðildarríkin krafist uppsetningar og notkunar ökurita í samræmi við þessa reglugerð í hverju því ökutæki þar sem uppsetningar og notkunar þeirra er annars ekki krafist skv. 1. mgr.

4. gr.

Kröfur og gögn sem skulu skráð

1. Ökuritar, þ.m.t. ytri íhlutir, ökuritakort og ökuritaskífur skulu uppfylla strangar tæknikröfur og aðrar kröfur til að gera rétta framkvæmd þessarar reglugerðar mögulega.

2. Ökuritar og ökuritakort skulu einnig uppfylla eftirfarandi kröfur:

Þau skulu:

— skrá gögn, sem skulu vera nákvæm og áreiðanleg, tengd ökumanni, starfsathöfnum ökumanns og ökutæki,

— vera örugg, og einkum ábyrgjast heilleika og uppruna þeirra gagnalinda sem skráðar eru og heimtar úr skráningarhlutum ökurita og hreyfinemum,

— vera rekstrarsamhæfð milli mismunandi kynslóða skráningarhluta ökurita og ökuritakorta,

— gera kleift að sannprófa reglufylgni við þessa reglugerð og aðra viðeigandi lagagerninga með skilvirkum hætti,

— vera notendavæn.

3. Stafrænir ökuritar skulu skrá eftirfarandi gögn:

a) ekna vegalengd og hraða ökutækisins,

b) tímamælingu,

c) staðsetningarhnit eins og um getur í 1. mgr. 8. gr.,

d) nafn ökumannsins,

e) starfsathafnir ökumannsins,

f) eftirlits-, kvörðunar- og viðgerðargögn ökuritans, þ.m.t. auðkenni verkstæðisins,

g) sértilvik og bilanir.

4. Hliðrænir ökuritar skulu a.m.k. skrá gögnin sem um getur í a-, b- og e-lið 3. mgr.

5. Aðgang að gögnum sem geymd eru í ökuritanum og á ökuritakortinu má hvenær sem er veita:

a) lögbærum eftirlitsyfirvöldum,

b) viðkomandi flutningafyrirtæki svo það geti uppfyllt lagalegar skuldbindingar sínar, einkum þær sem settar eru fram í 32. og 33. gr.

6. Niðurhal gagna skal fara fram með sem minnstri töf til flutningafyrirtækja eða ökumanna.

7. Gögn sem ökuritinn skráir og kunna að vera send inn eða út úr ökuritanum, hvort sem er þráðlaust eða rafrænt, skulu vera á formi samskiptareglna sem eru aðgengilegar öllum og skilgreindar í opnum stöðlum.

8. Til að tryggja að ökuritar og ökuritakort uppfylli meginreglur og kröfur þessarar reglugerðar, einkum þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin samþykkja á grundvelli framkvæmdargerða ítarleg ákvæði sem nauðsynleg eru fyrir samræmda beitingu þessarar greinar, einkum ákvæði sem kveða á um tæknilegar leiðir til að uppfylla þessar kröfur. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 42. gr.

9. Ítarlegu ákvæðin sem um getur í 8. mgr. skulu eftir því sem við á vera byggð á stöðlum og skulu tryggja rekstrarsamhæfi og samrýmanleika milli mismunandi kynslóða skráningarhluta ökurita og allra ökuritakorta.

5. gr.

Aðgerðir stafræns ökurita

Eftirfarandi aðgerðir skulu tryggðar í stafrænum ökuritum:

— hraða- og vegalengdarmæling,

— vöktun starfsathafna ökumanns og áhafnarstöðu,

— vöktun ísetningar og úrtektar ökuritakorta,

— skráning handvirkra færslna ökumanna,

— kvörðun,

— sjálfvirk skráning staðsetningarhnitanna sem um getur í 1. mgr. 8. gr.,

— vöktun eftirlitsathafna,

— greining og skráning sértilvika og bilana,

— lestur úr gagnaminni og skráning og geymsla í gagnaminni,

— lestur af ökuritakortum og skráning og geymsla á ökuritakortum,

— birting, viðvörun, prentun og niðurhal gagna á ytri búnað,

— tímastilling og -mæling,

— fjarskipti,

— stjórnun fyrirtækislása,

— innbyggðar prófanir og sjálfsprófanir.

6. gr.

Birting og viðvörun

1. Upplýsingar sem geymdar eru í stafrænum ökuritum og ökuritakortum sem tengjast notkun ökutækis og ökumönnum og aðstoðarökumönnum skulu birtar á skýran, ótvíræðan hátt sem tekur mið af vinnuvistfræðilegum þáttum.

2. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram:

a) tími,

b) vinnuhamur,

c) starfsathafnir ökumanns:

— ef yfirstandandi starfsathöfn er akstur, yfirstandandi, samfelldur aksturstími ökumanns og yfirstandandi uppsöfnuð hlé,

— ef yfirstandandi starfsathöfn er tiltækileiki/önnur störf/hvíld eða hlé, yfirstandandi lengd þessarar starfsathafnar (frá því að hún var valin) og yfirstandandi, uppsöfnuð hlé,

d) gögn sem tengjast viðvörunum,

e) gögn sem tengjast aðgangi að valmynd.

Birta má viðbótarupplýsingar að því tilskildu að þær séu skýrt aðgreindar frá upplýsingunum sem krafist er í þessari málsgrein.

3. Stafrænir ökuritar skulu vara ökumenn við þegar þeir greina sértilvik og/eða bilun og áður en og þegar farið er yfir leyfilegan, samfelldan hámarksaksturstíma til að greiða fyrir reglufylgni við viðeigandi löggjöf.

4. Viðvaranir skulu vera sjónrænar og mega einnig vera hljóðmerki. Viðvaranir skulu vara í a.m.k. 30 sekúndur nema notandinn meðtaki þær og slökkvi á þeim með því að styðja á einhvern hnapp á ökuritanum. Ástæða viðvörunar skal birt og vera sýnileg þar til notandinn meðtekur hana með sérstökum kóða eða tiltekinni skipun í ökuritanum.

5. Til að tryggja að ökuritar uppfylli kröfur þessarar greinar varðandi birtingu og viðvaranir skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli framkvæmdargerða, samþykkja ítarleg ákvæði svo beita megi þessari grein á samræmdan hátt. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 42. gr.

7. gr.

Gagnavernd

1. Aðildarríki skulu tryggja að vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við þessa reglugerð fari eingöngu fram í þeim tilgangi að sannreyna að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar og reglugerðar (EB) nr. 561/2006 í samræmi við tilskipanir 95/46/EB og 2002/58/EB og undir eftirliti eftirlitsyfirvalds aðildarríkisins sem um getur í 28. gr. tilskipunar 95/46/EB.

2. Aðildarríki skulu einkum tryggja að persónuupplýsingar séu varðar gegn annarri notkun en þeirri sem tengist beint þessari reglugerð og reglugerð (EB) nr. 561/2006 í samræmi við 1. mgr. í tengslum við:

— notkun hnattræns gervihnattaleiðsögukerfis til skráningar á staðsetningargögnum eins og um getur í 8. gr.,

— notkun fjarskipta til eftirlits eins og um getur í 9. gr.,

— notkun ökurita með skilfleti eins og um getur í 10. gr.,

— rafræn upplýsingaskipti á ökumannskortum eins og um getur í 31. gr. og einkum skipti á slíkum gögnum yfir landamæri við þriðju lönd,

— skráahald flutningafyrirtækja eins og um getur í 33. gr.

3. Stafrænir ökuritar skulu hannaðir þannig að persónuvernd sé tryggð. Aðeins skal vinna gögn sem nauðsynleg eru að því er varðar þessa reglugerð.

4. Eigendur ökutækja, flutningafyrirtæki eða aðrir hlutaðeigandi aðilar skulu eftir atvikum hlíta viðkomandi ákvæðum um vernd persónuupplýsinga.

II. KAFLI

SNJALLÖKURITI

8. gr.

Skráning á staðsetningu ökutækis á tilteknum stöðum meðan á daglegum vinnutíma stendur

1. Til að greiða fyrir sannprófun á því að farið sé að ákvæðum viðkomandi löggjafar skal staðsetning ökutækisins skráð sjálfkrafa á eftirfarandi stöðum eða á þeim stað sem næstur er slíkum stöðum þar sem gervihnattamerki er til staðar:

— upphafsstað daglegs vinnutíma,

— á þriggja klukkustunda fresti í samanlögðum aksturstíma,

— endastað daglegs vinnutíma.

Í þeim tilgangi skulu ökutæki sem skráð eru í fyrsta skipti 36 mánuðum eftir gildistöku ítarlegu ákvæðanna sem um getur í 11. gr. hafa ökurita sem tengdur er staðsetningarþjónustu sem byggir á leiðsögukerfi um gervihnött.

2. Að því er varðar tengingu ökurita við staðsetningarþjónustu sem byggir á leiðsögukerfi um gervihnött, eins og um getur í 1. mgr., skal einungis notast við þjónustutengingar sem nota staðsetningarþjónustu sem er án endurgjalds. Engin staðsetningargögn, önnur en þau sem eru á formi landhnita til að ákvarða staðina sem um getur í 1. mgr., skulu vistuð varanlega í ökuritanum þar sem það er mögulegt. Staðsetningargögn sem þarf að vista tímabundið til að gera sjálfvirka skráningu staðanna sem um getur í 1. mgr. mögulega eða til að staðfesta hreyfinemann skulu ekki vera aðgengileg notanda og skal eytt með sjálfvirkum hætti þegar þeirra er ekki lengur þörf í þeim tilgangi.

9. gr.

Snemmgreining með fjartengingu á hugsanlegri hagræðingu á gögnum eða misnotkun

1. Til að greiða fyrir markvissu vegaeftirliti lögbærra eftirlitsyfirvalda skulu ökuritar sem settir eru upp í ökutækjum sem skráð eru í fyrsta skipti 36 mánuðum eftir gildistöku ítarlegu ákvæðanna sem um getur í 11. gr. geta átt samskipti við þessi yfirvöld þegar ökutækið er á ferð.

2. Fimmtán árum eftir að nýskráð ökutæki verða að hafa ökurita eins og kveðið er á um í þessari grein og í 8. og 10. gr., skulu aðildarríki sjá eftirlitsyfirvöldum sínum að viðeigandi marki fyrir búnaði til snemmgreiningar með fjartengingu sem nauðsynlegur er til að heimila gagnasamskiptin sem um getur í þessari grein með tilliti til sértækra krafna þeirra um framfylgd og markmið. Fram að þeim tíma geta aðildarríki ákveðið hvort þau sjái eftirlitsyfirvöldum sínum fyrir slíkum búnaði til snemmgreiningar með fjartengingu.

3. Samskiptunum sem um getur í 1. mgr. skal aðeins komið á við ökuritann þegar búnaður eftirlitsyfirvalda krefst þess. Þau skulu vera örugg til að tryggja heilleika gagna og sannvottun skráningar- og eftirlitsbúnaðar. Aðgangur að þessum gagnasamskiptum skal takmarkaður við eftirlitsyfirvöld sem hafa heimild til að kanna brot á reglugerð (EB) nr. 561/2006 og þessari reglugerð og verkstæði að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt til að sannprófa að ökuritinn starfi rétt.

4. Gögnin sem skipst er á þegar samskiptin eiga sér stað skulu takmarkast við þau gögn sem nauðsynleg eru að því er varðar markvisst vegaeftirlit með ökutækjum með ökurita þar sem hagræðing gagna eða misnotkun hefur hugsanlega átt sér stað. Slík gögn skulu tengjast eftirfarandi sértilvikum eða gögnum sem skráð eru af ökuritanum:

— síðustu tilraun til öryggisbrots,

— lengsta rofi á straumi,

— bilun í nema,

— villu í hreyfigögnum,

— ósamræmi í hreyfigögnum ökutækis,

— aksturs án gilds korts,

— ísetningu korts við akstur,

— tímastillingargögnum,

— kvörðunargögnum, þ.m.t. dagsetningu tveggja síðustu kvarðana,

— skráningarnúmeri ökutækis,

— hraða sem ökuritinn skráir.

5. Gögnin sem skipst er á skulu einungis notuð í þeim tilgangi að sannreyna að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar. Þau skulu ekki send til annarra aðila en yfirvalda sem stjórna öku- og hvíldartíma og dómsaðila þegar dómsmeðferð er yfirstandandi.

6. Eftirlitsyfirvöld mega aðeins geyma gögnin meðan að á vegaeftirlitinu stendur og skal þeim eytt eigi síðar en þremur klukkustundum eftir að þau eru send, nema að gögnin gefi til kynna að hagræðing gagna eða misnotkun ökuritans hafi hugsanlega átt sér stað. Gögnunum sem send voru skal eytt ef hagræðing eða misnotkun er ekki staðfest við vegaeftirlitið sem fylgir í kjölfarið.

7. Flutningafyrirtæki sem starfrækja ökutæki skulu vera ábyrg fyrir því að upplýsa ökumenn um möguleikann á að fjarskipti muni eiga sér stað svo snemmgreina megi mögulega hagræðingu gagna eða misnotkun ökurita.

8. Ekki skal koma til þess að snemmgreining með fjartengingu af þeirri gerð sem lýst er í þessari grein leiði til þess að ökumaður eða flutningafyrirtæki sé beitt sjálfvirkum sektum eða viðurlögum. Lögbært eftirlitsyfirvald getur ákveðið, á grundvelli gagnaskiptanna, að framkvæma athugun á ökutækinu og ökuritanum. Útkoma fjarskiptanna skal ekki koma í veg fyrir að eftirlitsyfirvöld framkvæmi vegaeftirlit samkvæmt slembiúrtaki byggt á áhættumatskerfinu sem innleitt er með 9. gr. tilskipunar 2006/22/EB.

10. gr.

Skilflötur við skynvædd flutningakerfi

Ökuritar ökutækja sem skráð eru í fyrsta skipti 36 mánuðum eftir gildistöku ítarlegu ákvæðanna sem um getur í 11. gr. mega vera búnir stöðluðum skilflötum sem gera ytri búnaði kleift að nota gögn sem skráð eru eða verða til í ökuritanum í vinnsluham að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) skilflöturinn hefur ekki áhrif á áreiðanleika og heilleika gagna ökuritans,

b) skilflöturinn uppfyllir ítarlegu ákvæðin í 11. gr.,

c) ytri búnaðurinn sem tengdur er við skilflötinn hefur aðeins aðgang að persónuupplýsingum, þ.m.t. staðsetningargögnum, eftir sannanlegt samþykki ökumannsins sem gögnin tengjast.

11. gr.

Ítarleg ákvæði fyrir snjallökurita

Til að tryggja að snjallökuritar uppfylli þær meginreglur og kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð, skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli framkvæmdargerða, samþykkja ítarleg ákvæði sem nauðsynleg eru svo beita megi 8., 9. og 10. gr. á samræmdan hátt að undanskildum ákvæðum sem myndu kveða á um skráningu ökuritans á frekari gögnum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 42. gr.

Ítarlegu ákvæðin sem um getur í fyrstu málsgrein skulu:

a) í tengslum við framkvæmd aðgerða snjallökuritans eins og um getur í þessum kafla, innihalda nauðsynlegar kröfur til að tryggja öryggi, nákvæmni og áreiðanleika gagna sem miðlað er til ökuritans af staðsetningarþjónustu um gervihnött og fjarskiptatækninni sem um getur í 8. og 9. gr.,

b) tilgreina skilyrði og kröfur um að staðsetningarþjónusta um gervihnött og fjarskiptatæknin sem um getur í 8. og 9. gr. sé annað hvort utan við eða innbyggð í ökuritann, og þegar hún er utan við hann, tilgreina skilyrðin fyrir notkun staðsetningarmerkisins um gervihnött sem viðbótarhreyfinema,

c) tilgreina nauðsynlegra staðla fyrir skilflötinn sem um getur í 10. gr. Slíkir staðlar mega innihalda ákvæði um dreifingu aðgangsréttar ökumanna, verkstæða og flutningafyrirtækja og eftirlitshlutverk gagna sem skráð eru af ökuritanum, hvaða eftirlitshlutverk skulu byggð á auðkenningar-/heimildartilhögun sem er skilgreind fyrir skilflötinn, s.s. vottorði fyrir hvert aðgangsstig og með fyrirvara um hvort það sé framkvæmanlegt í tæknilegu tilliti.

III. KAFLI

GERÐARVIÐURKENNING

12. gr.

Umsóknir

1. Framleiðendur eða fulltrúar þeirra skulu leggja fram umsókn um viðurkenningu á gerð skráningarhluta ökurita, hreyfinema, fyrirmyndar að ökuritaskífu eða ökuritakorts til þeirra gerðarviðurkenningaryfirvalda sem tilnefnd hafa verið af sérhverju aðildarríki.

2. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni nafn og samskiptaupplýsingar tilnefndu yfirvaldanna sem um getur í 1. mgr. eigi síðar en 2. mars 2015 og uppfæra eftir það eins og nauðsyn krefur. Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir tilnefnd gerðarviðurkenningaryfirvöld á vefsetri sínu og halda henni uppfærðri.

3. Umsókn um gerðarviðurkenningu skulu fylgja viðeigandi forskriftir, þ.m.t. nauðsynlegar upplýsingar varðandi innsigli, og öryggis-, virkni- og rekstrarsamhæfisvottorð. Öryggisvottorðið skal gefið út af viðurkenndri vottunarstofu sem tilnefnd er af framkvæmdastjórninni.

Virknivottorð skulu gefin út til framleiðanda af gerðarviðurkenningaryfirvaldinu.

Rekstrarsamhæfisvottorðið skal gefið út af einni rannsóknarstofu sem er undir stjórn og á ábyrgð framkvæmdastjórnarinnar.

4. Að því er varðar ökurita, viðeigandi íhluti þeirra og ökuritakort:

a) skal öryggisvottorðið votta eftirfarandi fyrir skráningarhluta ökurita, ökuritakort, hreyfinema og tengingu við móttökubúnað hnattræna gervihnattaleiðsögukerfisins þegar hnattræna gervihnattaleiðsögukerfið er ekki innbyggt í skráningarhluta ökurita:

   i. að þau uppfylli öryggismarkmið,

   ii. að eftirfarandi öryggisaðgerðir hafi verið framkvæmdar: auðkenning og sannvottun, heimild, leynd, rekjanleg ábyrgð, heilleiki, úttekt, nákvæmni og áreiðanleiki þjónustu,

b) skal virknivottorðið votta að prófaði hluturinn uppfylli viðeigandi kröfur að því er varðar aðgerðir sem framkvæmdar eru, umhverfiseiginleika, rafsegulsviðssamhæfiseiginleika, reglufylgni við efnislegar kröfur og reglufylgni við aðra viðeigandi staðla,

c) skal rekstrarsamhæfisvottorðið votta að prófaði hluturinn sé fyllilega rekstrarsamhæfur við nauðsynlega ökurita eða fyrirmyndir að ökuritakortum.

5. Allar breytingar á hugbúnaði eða vélbúnaði ökuritans eða á eðli þeirra efna sem notuð eru til framleiðslu hans skulu tilkynntar til yfirvaldsins sem veitti gerðarviðurkenninguna fyrir búnaðinn áður en þær eru gerðar. Það yfirvald skal staðfesta við framleiðandann rýmkun gerðarviðurkenningarinnar eða kann að fara fram á uppfærslu eða staðfestingu á viðeigandi virkni-, öryggis- og/eða rekstrarsamhæfisvottorðum.

6. Ekki má leggja umsókn að því er varðar hverja gerð skráningarhluta ökurita, hreyfinema, fyrirmyndar að ökuritaskífu eða ökuritakorts fyrir fleiri en eitt aðildarríki.

7. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, samþykkja ítarleg ákvæði svo beita megi þessari grein á samræmdan hátt. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 42. gr.

13. gr.

Veiting gerðarviðurkenningar

Aðildarríki skal veita gerðarviðurkenningu fyrir hverja gerð skráningarhluta ökurita, hreyfinema, fyrirmyndar að ökuritaskífu eða ökuritakorts sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 4. og 11. gr. að því tilskildu að aðildarríkið sé í þeirri aðstöðu að geta kannað að framleidd eintök samræmist viðurkenndu gerðinni.

Sé viðurkenndri gerð breytt eða bætt við hana verður hún að fá viðbótargerðarviðurkenningu frá aðildarríkinu sem veitti upphaflegu gerðarviðurkenninguna.

14. gr.

Gerðarviðurkenningarmerki

Aðildarríki skulu gefa út til handa umsækjanda gerðarviðurkenningarmerki sem samræmist fyrirframákveðinni fyrirmynd fyrir hverja gerð skráningarhluta ökurita, hreyfinema, fyrirmyndar að ökuritaskífu eða ökuritakorti sem þau viðurkenna skv. 13. gr. og II. viðauka. Slíkar fyrirmyndir skulu samþykktar af framkvæmdastjórninni með framkvæmdargerðum í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 42. gr.

15. gr.

Viðurkenning eða synjun

Lögbær yfirvöld aðildarríkis sem umsókn um gerðarviðurkenningu hefur verið lögð fyrir skulu að því er varðar hverja gerð skráningarhluta ökurita, hreyfinema, fyrirmyndar að ökuritaskífu eða ökuritakorti sem þau viðurkenna senda innan eins mánaðar afrit af gerðarviðurkenningarvottorðinu ásamt afritum af viðeigandi forskriftum, þ.m.t. þeim sem tengjast innsiglunum, til yfirvalda í hinum aðildarríkjunum. Ef lögbær yfirvöld samþykkja ekki umsókn um gerðarviðurkenningu skulu þau tilkynna yfirvöldum hinna aðildarríkjanna að viðurkenningu hafi verið synjað og rökstyðja ákvörðun sína.

16. gr.

Reglufylgni búnaðar við gerðarviðurkenningu

1. Ef aðildarríki sem hefur veitt gerðarviðurkenningu eins og kveðið er á um í 13. gr. kemst að raun um að skráningarhlutar ökurita, hreyfinemar, ökuritaskífur eða ökuritakort sem bera gerðarviðurkenningarmerkið sem það gaf út samrýmist ekki þeirri gerð sem það viðurkenndi, skal það gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleidd eintök séu í samræmi við viðurkennda gerð. Ráðstafanirnar sem gripið er til geta, ef nauðsyn krefur, tekið til afturköllunar á gerðarviðurkenningu.

2. Aðildarríki sem hefur veitt gerðarviðurkenningu skal afturkalla slíka viðurkenningu ef skráningarhluti ökurita, hreyfinemi, ökuritaskífa eða ökuritakort sem hefur verið viðurkennt samræmist ekki þessari reglugerð eða ef galli kemur í ljós við notkun sem gerir það að verkum að það nýtist ekki í þeim tilgangi sem það er ætlað.

3. Ef aðildarríki sem hefur veitt gerðarviðurkenningu berst tilkynning frá öðru aðildarríki um eitt af þeim tilfellum sem um getur í 1. eða 2. mgr. skal það að höfðu samráði við aðildarríkið sem leggur fram tilkynninguna grípa til þeirra ráðstafana sem mælt er fyrir um í þeim málsgreinum, með fyrirvara um 5. mgr.

4. Komist aðildarríki að raun um að eitt af tilfellunum sem um getur í 2. mgr. sé komið upp má það banna að setja á markað og taka í notkun þann skráningarhluta ökurita, hreyfinema, ökuritaskífu eða ökuritakort sem um er að ræða þangað til annað er ákveðið. Sama gildir í tilvikum sem um getur í 1. mgr, að því er varðar skráningarhluta ökurita, hreyfinema, ökuritaskífur eða ökuritakort sem hafa verið undanþegin ESB-frumsannprófun, ef framleiðandi, þrátt fyrir tilhlýðilegar viðvaranir, lagar ekki búnaðinn að gerð sem hefur hlotið viðurkenningu eða að kröfum þessarar reglugerðar.

Í öllum tilvikum skulu lögbær yfirvöld aðildarríkja tilkynna hvert öðru og framkvæmdastjórninni innan eins mánaðar um afturköllun gerðarviðurkenningar eða aðrar ráðstafanir sem gerðar eru skv. 1., 2. eða 3. mgr. og tilgreina ástæður fyrir slíkum aðgerðum.

5. Ef aðildarríki sem hefur veitt gerðarviðurkenningu efast um að tilfellin sem tilgreind eru í 1. eða 2. mgr. og hafa verið tilkynnt til þess séu komin upp, skulu viðkomandi aðildarríki leitast við að leysa úr deilunni og skal framkvæmdastjórnin upplýst um það.

Ef viðræður milli aðildarríkjanna hafa ekki leitt til samkomulags innan fjögurra mánaða frá dagsetningu tilkynningarinnar sem um getur í 3. mgr. skal framkvæmdastjórnin að höfðu samráði við sérfræðinga frá öllum aðildarríkjum og að teknu tilliti til allra viðkomandi þátta, s.s. efnahagslegra og tæknilegra þátta, samþykkja, innan sex mánaða frá því að fjögurra mánaða tímabilinu lýkur, ákvörðun sem skal tilkynnt viðkomandi aðildarríkjum og á sama tíma send til hinna aðildarríkjanna. Framkvæmdastjórnin skal í hverju tilviki mæla fyrir um tímamörk fyrir framkvæmd ákvörðunar sinnar.

17. gr.

Viðurkenning á ökuritaskífum

1. Umsækjandi um gerðarviðurkenningu fyrirmyndar að ökuritaskífu skal taka fram á umsóknareyðublaði á hvaða gerð eða gerðum hliðrænna ökurita ökuritaskífan sem um er að ræða er hönnuð til notkunar og skal útvega viðeigandi búnað af þeirri gerð eða gerðum til að prófa ökuritaskífuna.

2. Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu tilgreina á viðurkenningarvottorði fyrirmyndar að ökuritaskífu á hvaða gerð eða gerðum hliðrænna ökurita nota má fyrirmyndina að ökuritaskífunni.

18. gr.

Rökstuðningur ákvarðana um synjun

Allar ákvarðanir samkvæmt þessari reglugerð sem synja um eða afturkalla viðurkenningu á gerð skráningarhluta ökurita, hreyfinema, fyrirmyndar að ökuritaskífu eða ökuritakorti skulu tilgreina nákvæmlega ástæðurnar sem þær eru byggðar á. Ákvörðun skal tilkynnt hlutaðeigandi aðila sem skal á sama tíma tilkynnt um þau lagaúrræði sem tiltæk eru samkvæmt lögum í hlutaðeigandi aðildarríki og um frestinn til að nýta slík lagaúrræði.

19. gr.

Viðurkenning gerðarviðurkenndra ökurita

Aðildarríki skulu ekki synja um skráningu ökutækis með ökurita eða banna að slíkt ökutæki sé tekið í notkun eða notað af ástæðu sem tengist því að ökutækið er með slíkan búnað, ef búnaðurinn er merktur með gerðarviðurkenningarmerkinu sem um getur í 14. gr. og uppsetningarplötunni sem um getur í 4. mgr. 22. gr.

20. gr.

Öryggi

1. Framleiðendur skulu hanna, prófa og endurskoða skráningarhluta ökurita, hreyfinema og ökuritakort sem sett eru í framleiðslu þannig að hægt sé að greina veikleika á öllum stigum lífsferlis vörunnar og skulu koma í veg fyrir eða draga úr hugsanlegri misnotkun þeirra. Aðildarríkið sem veitti viðurkenningarvottorðið skal mæla fyrir um tíðni prófana innan tímamarka sem ekki skulu vera lengri en tvö ár.

2. Framleiðendur skulu í þessum tilgangi leggja fram þau skjöl sem nauðsynleg eru til að greina veikleika fyrir vottunarstofuna sem um getur í 3. mgr. 12. gr.

3. Að því er varðar 1. mgr. skal vottunarstofan sem um getur í 3. mgr. 12. gr. framkvæma prófanir á skráningarhlutum ökurita, hreyfinemum og ökuritakortum til að staðfesta að einstaklingar sem búa yfir þekkingu sem aðgengileg er öllum geti ekki fært sér þekkta veikleika í nyt.

4. Ef veikleikar koma í ljós í kerfisþáttum (skráningarhlutum ökurita, hreyfinemum og ökuritakortum) á meðan á prófununum sem um getur í 1. mgr. stendur skulu þeir þættir ekki settir á markað. Ef veikleikar koma í ljós í þáttum sem þegar eru á markaði á meðan á prófununum sem um getur í 3. mgr. stendur skal framleiðandi eða vottunarstofa upplýsa lögbær yfirvöld aðildarríkisins sem veitti gerðarviðurkenninguna þar um. Þessi lögbæru yfirvöld skulu grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að tekið sé á vandamálinu, einkum af framleiðandanum, og upplýsa framkvæmdastjórnina án tafar um veikleikana sem komið hafa í ljós og þær ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru eða gripið hefur verið til, þ.m.t. ef nauðsyn krefur afturköllun gerðarviðurkenningar í samræmi við 2. mgr. 16. gr.

21. gr.

Vettvangsprófanir

1. Aðildarríki geta heimilað vettvangsprófanir á ökuritum sem hafa ekki enn verið gerðarviðurkenndir. Aðildarríki skulu viðurkenna slíkar heimildir fyrir vettvangsprófunum með gagnkvæmum hætti.

2. Ökumenn og flutningafyrirtæki sem taka þátt í vettvangsprófun skulu uppfylla kröfur reglugerðar (EB) nr. 561/2006. Til að sýna fram á að farið sé að tilskildum ákvæðum skulu ökumenn fylgja verklagsreglunni sem sett er fram í 2. mgr. 35. gr. þessarar reglugerðar.

3. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um verklagsreglur sem fylgja skal við framkvæmd vettvangsprófana og þau eyðublöð sem nota skal til eftirlits með þessum vettvangsprófunum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 42. gr.

IV. KAFLI

UPPSETNING OG SKOÐUN

22. gr.

Uppsetning og viðgerð

1. Einungis ísetningarstofur, verkstæði eða framleiðendur ökutækja sem hafa verið viðurkenndir af lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna í þeim tilgangi í samræmi við 24. gr. mega setja upp eða gera við ökurita.

2. Viðurkenndar ísetningarstofur, verkstæði eða framleiðendur ökutækja skulu, í samræmi við forskriftirnar í gerðarviðurkenningarvottorðinu sem um getur í 15. gr., innsigla ökuritann eftir að hafa gengið úr skugga um að hann starfi rétt og einkum þannig að tryggt sé að enginn búnaður til að hagræða gögnum geti átt við eða breytt þeim gögnum sem skráð eru.

3. Viðurkennd ísetningarstofa, verkstæði eða framleiðandi ökutækis skal setja sérstakt merki á innsiglin sem hann festir á og auk þess færa inn til viðbótar rafrænu öryggisupplýsingarnar fyrir stafræna ökurita til að framkvæma sannvottunarathuganir. Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni skrá yfir þau merki og þær rafrænu öryggisupplýsingar sem notaðar eru auk nauðsynlegra upplýsinga sem tengjast rafrænu öryggisupplýsingunum sem notaðar eru. Framkvæmdastjórnin skal veita aðildarríkjum aðgang að þeim upplýsingum sé þess óskað.

4. Í þeim tilgangi að votta að uppsetning ökuritans hafi farið fram í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar skal uppsetningarplötu komið fyrir þannig að hún sé auðsjáanleg og aðgengi að henni auðvelt.

5. Íhlutir ökurita skulu innsiglaðir eins og tilgreint er í gerðarviðurkenningarvottorði. Allar tengingar við ökuritann sem eru hugsanlega berskjaldaðar gegn því að átt sé við þær, þ.m.t. tengingin á milli hreyfinemans og gírkassans, og uppsetningarplatan ef við á, skulu innsiglaðar.

Innsigli skal aðeins fjarlægt eða rofið:

— af ísetningarstofum eða verkstæðum sem viðurkennd hafa verið af lögbærum yfirvöldum skv. 24. gr. til viðgerða, viðhalds eða endurkvörðunar ökuritans, eða af eftirlitsmönnum sem hafa fengið tilhlýðilega þjálfun, og þar sem við á heimild, í eftirlitsskyni,

— í þeim tilgangi að gera breytingu eða viðgerð á ökutæki sem hefur áhrif á innsiglið. Í þeim tilvikum skal geyma skriflega yfirlýsingu um borð í ökutækinu þar sem fram kemur dagsetningin og tíminn þegar innsiglið var rofið og ástæðurnar fyrir því að það var fjarlægt. Framkvæmdastjórnin skal þróa staðlað eyðublað fyrir skriflegu yfirlýsinguna með framkvæmdargerðum.

Í öllum tilvikum skal viðurkennd ísetningarstofa eða verkstæði koma fyrir nýjum innsiglum án ótilhlýðilegrar tafar og í síðasta lagi innan sjö daga frá því að þau voru fjarlægð.

Viðurkennt verkstæði skal framkvæma athugun og kvörðun á ökuritanum áður en innsiglum er komið fyrir á ný.

23. gr.

Skoðun ökurita

1. Ökuritar skulu gangast undir reglubundna skoðun af hálfu viðurkenndra verkstæða. Reglubundnar skoðanir skulu að lágmarki fara fram annað hvert ár.

2. Í skoðununum sem um getur í 1. mgr. skal a.m.k. kanna eftirfarandi:

— að ökuritinn sé rétt uppsettur og viðeigandi fyrir ökutækið,

— að ökuritinn starfi rétt,

— að ökuritinn beri gerðarviðurkenningarmerkið,

— að uppsetningarplatan sé áfest,

— að öll innsigli séu heil og rétt fest á,

— að enginn búnaður til að hagræða gögnum sé tengdur við ökuritann eða einhver merki séu um notkun slíks búnaðar,

— stærð hjólbarða og raunverulegt ummál hjólbarðanna.

3. Verkstæði skulu gera skoðunarskýrslu yfir þau tilvik þegar hefur þurft að laga frávik í virkni ökuritans, hvort sem það hefur verið í kjölfar reglubundinnar skoðunar eða skoðunar sem framkvæmd hefur verið að sérstakri beiðni lögbærs landsyfirvalds. Þau skulu halda skrá yfir allar skoðunarskýrslur sem gerðar hafa verið.

4. Skoðunarskýrslur skal geyma í a.m.k. tvö ár frá því að skýrslan var gerð. Aðildarríki skulu ákveða hvort skoðunarskýrslum skuli haldið eftir eða þær sendar lögbæru yfirvaldi á þessu tímabili. Í tilvikum þar sem skoðunarskýrslur eru geymdar af verkstæði, skal verkstæðið veita aðgang að skoðunarskýrslunum og kvörðunum sem framkvæmdar hafa verið á tímabilinu að ósk lögbærs yfirvalds.

24. gr.

Viðurkenning ísetningarstofa, verkstæða og framleiðenda ökutækja

1. Aðildarríki skulu viðurkenna, hafa reglubundið eftirlit með og votta þær ísetningarstofur, verkstæði og ökutækjaframleiðendur sem mega annast uppsetningu, eftirlit, skoðanir og viðgerðir á ökuritum.

2. Aðildarríki skulu tryggja að ísetningarstofur, verkstæði og ökutækjaframleiðendur séu hæfir og áreiðanlegir. Í þeim tilgangi skulu þau koma á og birta skýrar landsbundnar málsmeðferðarreglur og tryggja að eftirfarandi lágmarksviðmiðanir séu uppfylltar:

a) að starfsfólk hafi hlotið tilhlýðilega þjálfun,

b) að búnaður sem nauðsynlegur er til að framkvæma viðeigandi prófanir og verkefni sé tiltækur,

c) að ísetningarstofur, verkstæði og ökutækjaframleiðendur hafi óflekkað mannorð.

3. Úttektir á viðurkenndum ísetningarstofum eða verkstæðum skulu framkvæmdar sem hér segir:

a) viðurkenndar ísetningarstofur eða verkstæði skulu gangast undir úttekt á þeim verklagsreglum sem þau beita við meðhöndlun ökurita að lágmarki annað hvert ár. Úttektin skal einkum beinast að þeim öryggisráðstöfunum sem gerðar eru og meðhöndlun verkstæðiskorta. Aðildarríki geta framkvæmt þessar úttektir án vettvangsheimsóknar,

b) fyrirvaralausar tæknilegar úttektir á viðurkenndum ísetningarstofum skulu einnig fara fram til að kanna þá kvörðun, skoðanir og uppsetningar sem framkvæmda eru. Þessar úttektir skulu taka til a.m.k. 10% viðurkenndra ísetningarstofa og verkstæða á ári.

4. Aðildarríki og lögbær yfirvöld þeirra skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra milli ísetningarstofa eða verkstæða og flutningafyrirtækja. Einkum skal gera frekari sértækar ráðstafanir þar sem mikil hætta er á hagsmunaárekstri til að tryggja að ísetningarstofa eða verkstæði fari að ákvæðum þessarar reglugerðar.

5. Lögbær yfirvöld aðildarríkisins skulu senda til framkvæmdastjórnarinnar árlega, með rafrænum hætti ef unnt er, skrá yfir viðurkenndar ísetningarstofur og verkstæði og kort sem gefin eru út til þeirra. Framkvæmdastjórnin skal birta þessar skrár á vefsetri sínu.

6. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjum skulu afturkalla viðurkenningar, annað hvort tímabundið eða varanlega, frá ísetningarstofum, verkstæðum og ökutækjaframleiðendum sem uppfylla ekki skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð.

25. gr.

Verkstæðiskort

1. Gildistími verkstæðiskorta skal ekki vera lengri en eitt ár. Þegar verkstæðiskort er endurnýjað, skal lögbært yfirvald tryggja að viðmiðanirnar sem taldar eru upp í 2. mgr. 24. gr. séu uppfylltar af ísetningarstofunni, verkstæðinu eða ökutækjaframleiðandanum.

2. Lögbæra yfirvaldið skal endurnýja verkstæðiskort innan 15 virkra daga frá móttöku gildrar beiðni um endurnýjun og allra nauðsynlegra skjala. Ef verkstæðiskort skemmist, bilar, týnist eða er stolið, skal lögbært yfirvald láta í té nýtt kort í staðinn innan fimm virkra daga frá því að hafa tekið við ítarlegri beiðni þar um. Lögbær yfirvöld skulu halda skrá yfir týnd, stolin eða gölluð kort.

3. Ef aðildarríki afturkallar viðurkenningu ísetningarstofu, verkstæðis eða ökutækisframleiðanda eins og kveðið er á um í 24. gr., skal það líka afturkalla verkstæðiskortið sem gefið var út til viðkomandi.

4. Aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að verkstæðiskort sem dreift er til samþykktra ísetningarstofa, verkstæða og ökutækjaframleiðenda séu fölsuð.

V. KAFLI

ÖKUMANNSKORT

26. gr.

Útgáfa ökumannskorta

1. Ökumannskort skulu gefin út að beiðni ökumanns af lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem ökumaðurinn hefur fasta búsetu. Þau skulu gefin út innan eins mánaðar frá því að lögbæra yfirvaldið tekur á móti beiðninni og öllum nauðsynlegum skjölum.

2. Í þessari grein merkir „föst búseta“ staðinn þar sem einstaklingur býr að jafnaði, þ.e.a.s. í a.m.k. 185 daga á hverju almanaksári, vegna persónu- og atvinnutengsla eða, þegar um er að ræða einstakling sem hefur engin atvinnutengsl, vegna persónulegra tengsla sem sýna að einstaklingurinn er nátengdur staðnum þar sem hann býr.

Föst búseta einstaklings sem hefur atvinnutengsl annars staðar en persónutengsl og dvelur þar af leiðandi til skiptis á mismunandi stöðum í tveimur eða fleiri aðildarríkjum telst þó vera þar sem hann hefur persónutengsl, að því tilskildu að hann snúi aftur þangað með reglubundnu millibili. Ekki þarf að uppfylla þetta síðasta skilyrði þegar einstaklingur dvelur í aðildarríki vegna tímabundins verkefnis.

3. Ökumenn skulu sanna fasta búsetu sína með viðeigandi hætti, t.d. persónuskilríkjum eða öðrum gildum skjölum. Ef lögbær yfirvöld í aðildarríkinu sem gefur út ökumannskortin efast um lögmæti yfirlýsingar um fasta búsetu, eða vegna ákveðins sértæks eftirlits, geta þau krafist viðbótarupplýsinga eða sönnunargagna.

4. Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum er aðildarríkjum heimilt að gefa út tímabundið og óendurnýjanlegt ökumannskort sem gildir að hámarki í 185 daga til ökumanns sem hefur ekki fasta búsetu í aðildarríki eða í ríki sem er samningsaðili að AETR-samningnum að því tilskildu að slíkur ökumaður tengist í gegnum vinnulöggjöf fyrirtæki sem hefur staðfestu í aðildarríkinu sem gefur það út og, að því marki sem reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 ([16]) gildir, framvísi ökumannsvottorði eins og um getur í þeirri reglugerð.

Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli gagna sem aðildarríki veita, fylgjast grannt með beitingu þessarar málsgreinar. Hún skal gera skýrslu um niðurstöður sínar annað hvert ár fyrir Evrópuþingið og ráðið, og skal einkum kanna hvort tímabundin ökumannskort hafi neikvæð áhrif á vinnumarkaðinn, og hvort tímabundin kort séu að jafnaði gefin út til nafngreindra ökumanna oftar en einu sinni. Framkvæmdastjórnin getur lagt fram viðeigandi tillögu að nýrri löggjöf til að endurskoða þessa málsgrein.

5. Lögbær yfirvöld aðildarríkisins sem gefur út kortið skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að umsækjandi sé ekki þegar handhafi gilds ökumannskorts og skulu persónutengja ökumannskortið og tryggja að upplýsingarnar séu sýnilegar og öruggar.

6. Ökumannskort skal ekki gilda lengur en í fimm ár.

7. Gilt ökumannskort skal ekki afturkallað eða fellt úr gildi tímabundið nema lögbær yfirvöld aðildarríkis komist að því að kortið hafi verið falsað, eða að kortið tilheyri ekki ökumanninum, eða að kortið hafi verið fengið með röngum upplýsingum og/eða fölsuðum skjölum. Ef ráðstafanir til að fella kort tímabundið úr gildi eða afturkalla það eru gerðar af aðildarríki öðru en útgáfuaðildarríki skal hið fyrrnefnda skila kortinu til yfirvalda aðildarríkisins sem gaf það út eins fljótt og auðið er og tilgreina ástæðurnar fyrir því að það var afturkallað eða fellt tímabundið úr gildi. Ef búist er við að það taki meira en tvær vikur að skila kortinu, skal aðildarríkið sem fellir kortið tímabundið úr gildi eða afturkallar það upplýsa útgáfuaðildarríkið innan þessara tveggja vikna um ástæðurnar fyrir tímabundnu niðurfellingunni eða afturkölluninni.

8. Aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að ökumannskort séu fölsuð.

9. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríki gefi út ökumannskort til ökumanns sem hefur fasta búsetu í einhverjum hluta yfirráðasvæðis þess aðildarríkis þar sem sáttmálinn um Evrópusambandið og sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins gilda ekki að því tilskildu að viðeigandi ákvæðum þessarar reglugerðar sé beitt í slíkum tilvikum.

27. gr.

Notkun ökumannskorta

1. Ökumannskortið er bundið einstaklingi.

2. Ökumaður má aðeins vera handhafi eins gilds ökumannskorts og ökumanni er aðeins heimilt að nota sitt eigið persónutengda ökumannskort. Ökumaður skal ekki nota ökumannskort sem er gallað eða fallið úr gildi.

28. gr.

Endurnýjun ökumannskorta

1. Ef ökumaður óskar þess að endurnýja ökumannskort sitt, skal hann sækja um það til lögbærra yfirvalda aðildarríkisins þar sem hann hefur fasta búsetu eigi síðar en 15 virkum dögum áður en kortið fellur úr gildi.

([16]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa (Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 72).

2. Þegar um er að ræða endurnýjun, og aðildarríkið þar sem ökumaðurinn hefur fasta búsetu er annað en það sem gaf út gildandi kort hans, og yfirvöld í fyrrnefnda aðildarríkinu fá beiðni um að endurnýja ökumannskortið, skulu þau tilkynna yfirvöldunum sem gáfu fyrra kortið út um ástæður endurnýjunarinnar.

3. Ef beiðni berst um endurnýjun korts sem er alveg við að falla úr gildi skal lögbært yfirvald gefa út nýtt kort, að því tilskildu að beiðnin hafi verið send innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

29. gr.

Stolin, týnd eða gölluð ökumannskort

1. Útgáfuyfirvöld skulu halda skrár yfir útgefin, stolin, týnd eða gölluð ökumannskort a.m.k jafnlengi og sem nemur gildistíma þeirra.

2. Ef ökumannskort skemmist eða það bilar skal ökumaður skila því til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem hann hefur fasta búsetu. Þjófnaður ökumannskorts skal tilkynntur með formlegum hætti til lögbærra yfirvalda ríkisins þar sem þjófnaðurinn átti sér stað.

3. Tapist ökumannskort skal það tilkynnt með formlegri yfirlýsingu til lögbærra yfirvalda útgáfuaðildarríkisins og til lögbærra yfirvalda aðildarríkisins þar sem ökumaðurinn hefur fasta búsetu ef það er annað.

4. Ef ökumannskort skemmist, bilar eða týnist eða er stolið skal ökumaðurinn sækja um nýtt innan sjö almanaksdaga til lögbærra yfirvalda aðildarríkisins þar sem hann hefur fasta búsetu. Þessi yfirvöld skulu útvega nýtt kort innan átta virkra daga eftir að hafa móttekið ítarlega beiðni þar um.

5. Við þær aðstæður sem settar eru fram í 4. mgr. er ökumanni heimilt að aka áfram án ökumannskorts í að hámarki 15 almanaksdaga eða í lengri tíma ef það er nauðsynlegt til að ökutækið komist aftur á það athafnasvæði þaðan sem það er starfrækt að því tilskildu að ökumaðurinn geti sannað að ómögulegt sé að reiða fram eða nota kortið á því tímabili.

30. gr.

Gagnkvæm viðurkenning og skipti á ökumannskortum

1. Ökumannskort sem gefin eru út í aðildarríkjunum skulu viðurkennd gagnkvæmt af aðildarríkjunum.

2. Hafi handhafi gilds, landsbundins ökumannskorts, sem er gefið út í aðildarríki, tekið sér fasta búsetu í öðru aðildarríki getur hann farið þess á leit að fá samsvarandi ökumannskort í skiptum fyrir það. Það skal vera á ábyrgð aðildarríkisins sem framkvæmir skiptin að sannreyna hvort kortið sem lagt er fram sé enn gilt.

3. Aðildarríki sem framkvæma skipti skulu skila gamla kortinu til yfirvalda útgáfuaðildarríkisins og tilgreina ástæðurnar fyrir því.

4. Láti aðildarríki ökumannskort koma í stað annars eða skipti út korti ber að skrá slíkt í því sama aðildarríki og ætíð síðar þegar slík umskipti eða endurnýjun fer fram.

31. gr.

Rafræn skipti á upplýsingum á ökumannskortum

1. Til að tryggja að umsækjandi sé ekki þegar handhafi gilds ökumannskorts eins og um getur í 26. gr., skulu aðildarríki halda úti rafrænum landsskrám sem hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar af ökumannskortum, þ.m.t. þær sem um getur í 4. mgr. 26. gr., a.m.k. jafnlengi og sem nemur gildistíma þeirra:

— eftirnafn og skírnarnafn ökumanns,

— fæðingardag, og sé hann tiltækur, fæðingarstað ökumanns,

— gilt ökuskírteinisnúmer og útgáfuland ökuskírteinisins (ef við á),

— stöðu ökumannskorts,

— númer ökumannskorts.

2. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rafrænu skrárnar séu samtengdar og aðgengilegar í öllu Sambandinu með notkun upplýsingamiðlunarkerfisins TACHOnet sem um getur í tilmælum 2010/19/ESB eða samhæfðu kerfi. Ef notað er samhæft kerfi, skal vera mögulegt að skiptast á rafrænum gögnum við öll önnur aðildarríki í gegnum TACHOnet-kerfið.

3. Þegar aðildarríki gefa út, skipta út, eða ef nauðsyn krefur, endurnýja ökumannskort, skulu þau sannprófa með skiptum á rafrænum gögnum að ökumaður sé ekki þegar handhafi annars gilds ökumannskorts. Skipti á gögnum skulu takmarkast við þau gögn sem nauðsynleg eru vegna þessarar sannprófunar.

4. Eftirlitsmenn mega hafa aðgang að rafrænu skránni til að kanna stöðu ökumannskorts.

5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um sameiginlegar verklagsreglur og forskriftir sem nauðsynlegar eru fyrir samtenginguna sem um getur í 2. mgr., þ.m.t. snið gagna sem skipst er á, tæknilegar verklagsreglur við rafræna leit í rafrænum landsskrám, aðgangsreglur og öryggisfyrirkomulag. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 42. gr.

VI. KAFLI

NOTKUN BÚNAÐAR

32. gr.

Rétt notkun ökurita

1. Flutningafyrirtæki og ökumenn skulu tryggja að stafrænir ökuritar og ökumannskort starfi rétt og séu notuð á tilhlýðilegan hátt. Flutningafyrirtæki og ökumenn sem nota hliðræna ökurita skulu tryggja að þeir starfi rétt og að ökuritaskífur séu notaðar á tilhlýðilegan hátt.

2. Stafrænir ökuritar skulu ekki stilltir þannig að þeir skipti sjálfkrafa yfir í tiltekinn flokk starfsathafnar þegar slökkt er á hreyfli eða kveikjurofa ökutækisins nema ökumaður geti áfram valið viðeigandi flokk starfsathafnar handvirkt.

3. Bannað skal vera að falsa, fela, fjarlægja eða eyðileggja gögn sem skráð hafa verið á ökuritaskífu eða geymd í ökurita eða á ökumannskorti eða útprent úr ökuritanum. Einnig skal vera bannað að hagræða ökurita, ökuritaskífu eða ökumannskorti þannig að það geti leitt til þess að gögn og/eða prentaðar upplýsingar séu falsaðar, fjarlægðar eða þær eyðilagðar. Enginn búnaður sem nota mætti í þessum tilgangi skal vera í ökutækinu.

4. Ökutæki skulu ekki útbúin með meira en einum ökurita nema að því er varðar vettvangsprófanirnar sem um getur í 21. gr.

5. Aðildarríki skulu banna framleiðslu, dreifingu, auglýsingu og/eða sölu búnaðar sem er smíðaður og/eða ætlaður til að hagræða gögnum ökurita.

33. gr.

Ábyrgð flutningafyrirtækja

1. Flutningafyrirtæki skulu vera ábyrg fyrir því að tryggja að ökumenn þeirra fái viðeigandi þjálfun og leiðbeiningar að því er varðar rétta virkni ökurita, hvort sem þeir eru stafrænir eða hliðrænir, skulu hafa reglulegt eftirlit til að tryggja að ökumenn þeirra noti þá rétt, og skulu ekki gefa ökumönnum sínum neina beina eða óbeina hvata sem gætu ýtt undir misnotkun ökurita.

Flutningafyrirtæki skulu úthluta ökumönnum ökutækja með hliðræna ökurita nægilegum fjölda ökuritaskífa með tilliti til þess að ökuritaskífur eru bundnar einstaklingum, til lengdar þjónustutíma og þess að mögulega þarf að skipta út ökuritaskífum sem eru skemmdar eða hafa verið fjarlægðar af viðurkenndum eftirlitsmanni. Flutningafyrirtæki skulu aðeins úthluta ökumönnum ökuritaskífum af viðurkenndri gerð til notkunar í þeim búnaði sem uppsettur er í ökutækinu.

Ef ökutæki er búið stafrænum ökurita, skulu flutningafyrirtækið og ökumaðurinn tryggja, með tilliti til lengdar þjónustutíma, að hægt sé að prenta út með réttum hætti gögn úr ökuritanum að beiðni eftirlitsmanns þegar skoðun fer fram.

2. Flutningafyrirtæki skulu varðveita ökuritaskífur og útprent, þegar útprent er gert í samræmi við 35. gr., í tímaröð og á læsilegan hátt í a.m.k. ár eftir að ökuritaskífurnar og útprentið hefur verið notað og skal það láta hlutaðeigandi ökumönnum í té afrit æski þeir þess. Flutningafyrirtæki skulu einnig láta viðkomandi ökumönnum í té afrit af gögnum sem hefur verið halað niður af ökumannskortunum, ásamt útprentuðum afritum, æski þeir þess. Ökuritaskífum, útprenti og niðurhöluðum gögnum skal framvísað eða þau afhent að beiðni viðurkennds eftirlitsmanns.

3. Flutningafyrirtæki skulu vera ábyrg fyrir brotum á þessari reglugerð sem framin eru af ökumönnum þeirra eða ökumönnum sem þau hafa yfir að ráða. Aðildarríki geta þó ákveðið að slík ábyrgð sé háð því að flutningafyrirtæki brjóti gegn fyrstu undirgrein 1. mgr. þessarar greinar og 1. og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006.

34. gr.

Notkun ökumannskorta og ökuritaskífa

1. Ökumenn skulu nota ökuritaskífur eða ökumannskort hvern dag sem þeir eru við akstur allt frá því að þeir taka við ökutækinu. Ökuritaskífa eða ökumannskort skal ekki fjarlægt fyrr en daglegum vinnutíma lýkur nema heimild sé veitt fyrir því að fjarlægja það. Óheimilt er að nota ökuritaskífu eða ökumannskort fyrir lengra tímabil en það var ætlað.

2. Ökumenn skulu verja ökuritaskífur eða ökumannskort á fullnægjandi hátt og skulu ekki nota óhreinar eða skemmdar ökuritaskífur eða ökumannskort.

3. Þegar ökumaður yfirgefur ökutækið og getur þess vegna ekki notað uppsettan ökurita í ökutækinu skulu tímabilin sem um getur í ii., iii. og iv. lið b-liðar 5. mgr.:

a) ef ökutækið er búið hliðrænum ökurita, skráð á ökuritaskífuna, annaðhvort handvirkt, með sjálfvirkri skráningu eða með öðrum hætti, á læsilegan hátt og án þess að ökuritaskífan sé óhreinkuð eða

b) ef ökutækið er búið stafrænum ökurita, skráð á ökumannskortið með því að nota handvirkan færslubúnað í ökuritanum.

Aðildarríki skulu ekki leggja þá kröfu á ökumenn að þeir leggi fram eyðublöð til staðfestingar á starfsathöfnum sínum þegar þeir eru fjarri ökutækinu.

4. Ef fleiri en einn ökumaður er um borð í ökutæki, sem búið er stafrænum ökurita, skal hver ökumaður sjá til þess að viðkomandi ökumannskort sé sett í rétta rauf ökuritans.

Ef fleiri en einn ökumaður er um borð í ökutæki, sem búið er hliðrænum ökurita, skulu ökumennirnir breyta ökuritaskífunum svo sem nauðsynlegt er svo að viðeigandi upplýsingar séu skráðar á ökuritaskífu þess ökumanns sem á hverjum tíma annast aksturinn í raun.

5. Ökumenn skulu:

a) tryggja að sá tími sem skráður er á ökuritaskífuna samsvari opinberum tíma í landinu þar sem ökutækið er skráð,

b) stjórna skiptirofa til að unnt sé að skrá hvert tímabil sérstaklega og greinilega:

i. undir merkinu  : aksturstími,

ii. undir merkinu  : „önnur vinna“: starfsathöfn önnur en akstur, eins og hún er skilgreind í a-lið 3. gr. tilskipunar 2002/15/EB og einnig vinna fyrir sama eða annan vinnuveitanda innan eða utan flutningageirans,

iii. undir merkinu  : „tiltækileiki“: eins og hann er skilgreindur í b-lið 3. gr. tilskipunar 2002/15/EB,

iv. undir merkinu  : hvíld eða hlé.

6. Sérhver ökumaður ökutækis sem búið er hliðrænum ökurita skal færa inn eftirfarandi upplýsingar á ökuritaskífuna:

a) þegar ökuritaskífan er tekin til notkunar — kenninafn og eiginnafn,

b) dagsetningu og stað þegar byrjað er að nota ökuritaskífuna og dagsetningu og stað þegar notkun lýkur,

c) skráningarnúmer ökutækisins sem ökumaðurinn ekur, bæði við upphaf fyrstu ferðar sem skráð er á ökuritaskífuna og síðan ef skipt er um ökutæki, á meðan ökuritaskífan er í notkun,

d) lestur af kílómetramæli:

i. við upphaf fyrstu ferðar sem skráð er á ökuritaskífuna,

ii. í lok síðustu ferðar sem skráð er á ökuritaskífuna,

iii. ef skipt er um ökutæki á vinnudegi, aflestur úr fyrsta ökutækinu sem ökumaðurinn ók og aflestur úr ökutækinu sem hann tekur við,

e) klukkan hvað skipt er um ökutæki.

7. Ökumaður skal færa inn í stafræna ökuritann táknin fyrir löndin þar sem daglegur vinnutími hans hófst og þar sem honum lauk. Aðildarríki getur engu að síður krafist þess að ökumenn ökutækja sem eru í flutningastarfsemi á yfirráðasvæði þess færi auk landstáknsins inn ítarlegri landfræðilega útlistun, að því tilskildu að aðildarríkið hafi tilkynnt þessar ítarlegri landfræðilegu útlistanir til framkvæmdastjórnarinnar fyrir 1. apríl 1998.

Ekki skal vera nauðsynlegt fyrir ökumenn að færa inn upplýsingarnar sem um getur í fyrsta málslið fyrstu undirgreinar ef ökuritinn skráir sjálfkrafa staðsetningargögn í samræmi við 8. gr.

35. gr.

Skemmd ökumannskort og ökuritaskífur

1. Ef ökuritaskífa eða ökumannskort sem skráð hefur verið á skemmist skulu ökumenn geyma skemmdu ökuritaskífuna eða ökumannskortið ásamt varaökuritaskífu sem kemur í stað hennar.

2. Ef ökumannskort skemmist, er í ólagi, tapast eða er stolið, skal ökumaðurinn:

a) í upphafi ferðar, prenta út upplýsingar um ökutækið, sem hann ekur, og á útprentið skal hann skrá:

i. upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á ökumanninn (nafn, númer ökumannskorts eða ökuskírteinis), þ.m.t. undirskrift hans,

ii. tímabilin sem tilgreind eru í ii., iii. og iv. lið b-liðar 5. mgr. 34. gr.

b) við lok ferðar, prenta út upplýsingar um tímabil sem ökuritinn skráði, skrá tíma sem fór í aðra vinnu, tiltækileika og hvíld, sem tekin var eftir að útprentið var gert í upphafi ferðar, ef ökuritinn skráir hann ekki, og skrá upplýsingar á skjalið sem gera kleift að bera kennsl á ökumanninn (nafn, númer ökumannskorts eða ökuskírteinis), þ.m.t. undirskrift ökumannsins.

36. gr.

Skrár sem ökumaður skal hafa undir höndum

1. Ef ökumaður ekur ökutæki sem er búið hliðrænum ökurita, skal hann að beiðni viðurkennds eftirlitsmanns geta framvísað:

i. ökuritaskífum fyrir yfirstandandi dag og þær sem ökumaðurinn notaði næstliðna 28 daga,

ii. ökumannskortinu sé hann handhafi slíks korts og

iii. handskrifuðum skráningum og útprentum yfirstandandi dags og næstliðinna 28 daga eins og krafist er samkvæmt þessari reglugerð og reglugerð (EB) nr. 561/2006.

2. Ef ökumaður ekur ökutæki sem er búið stafrænum ökurita, skal hann að beiðni viðurkennds eftirlitsmanns geta framvísað:

i. ökumannskorti sínu,

ii. handskrifuðum skráningum og útprentum yfirstandandi dags og næstliðinna 28 daga eins og krafist er samkvæmt þessari reglugerð og reglugerð (EB) nr. 561/2006,

iii. ökuritaskífunum frá sama tímabili og því sem um getur í ii. lið, hafi hann á því tímabili ekið ökutæki búnu hliðrænum ökurita.

3. Viðurkenndur eftirlitsmaður getur haft eftirlit með því að ákvæði reglugerðar (EB) nr. 561/2006 séu haldin með því að skoða ökuritaskífurnar, gögnin á skjá, í útprenti eða niðurflutt gögn sem hafa verið skráð af ökuritanum eða ökumannskortinu eða, verði því ekki komið við, með því að skoða önnur fylgiskjöl sem renna stoðum undir að ekki sé farið að tilteknu ákvæði, t.d. 2. mgr. 29. gr. og 3. mgr. 37. gr. þessarar reglugerðar.

37. gr.

Verklagsreglur ef búnaður bilar

1. Ef ökuriti bilar eða virkar ekki rétt skal flutningafyrirtæki láta viðurkennda ísetningarstofu eða verkstæði gera við hann jafnskjótt og aðstæður leyfa.

Ef ekki er mögulegt að koma ökutæki til athafnasvæðis flutningafyrirtækisins innan einnar viku frá þeim degi að telja þegar bilunin átti sér stað eða þegar gallinn uppgötvaðist skal viðgerðin gerð á leiðinni.

Ráðstafanir sem aðildarríkin gera skv. 41. gr. skulu veita lögbærum yfirvöldum rétt til að banna notkun ökutækis ef ekki hefur verið gert við bilunina eða gallann svo sem kveðið er á um í fyrstu og annarri undirgrein þessarar málsgreinar svo fremi að það sé í samræmi við landslöggjöf í hlutaðeigandi aðildarríki.

2. Á meðan ökuritinn er ónothæfur eða bilaður, skal ökumaður merkja upplýsingar sem hægt er að nota til að auðkenna hann (nafn, númer ökumannskorts eða ökuskírteinis) þ.m.t. undirskrift, auk upplýsinga um þau tímabil sem ekki eru lengur rétt skráð eða útprentuð af ökuritanum:

a) á ökuritaskífuna eða -skífurnar eða

b) á varaökuritaskífu sem fest skal við ökuritaskífuna eða geymd ásamt ökumannskortinu.

VII. KAFLI

FRAMFYLGD OG VIÐURLÖG

38. gr.

Eftirlitsmenn

1. Til að tryggja að farið séu að ákvæðum þessarar reglugerðar með skilvirkum hætti, skulu viðurkenndir eftirlitsmenn hafa yfir að ráða fullnægjandi búnaði og viðeigandi lagaheimildum til að gera þeim kleift að sinna skyldum sínum í samræmi við þessa reglugerð. Þessi búnaður skal einkum samanstanda af:

a) eftirlitskortum sem veita aðgang að gögnum sem skráð eru í ökuritum og á ökuritakort, og sem geta veitt valkvæðan aðgang að verkstæðiskortum,

b) þeim verkfærum sem nauðsynleg eru til að hala niður gagnaskrám úr skráningarhluta ökurita og ökuritakortum og greina slíkar gagnaskrár og útprent úr stafrænum ökuritum ásamt ökuritaskífum eða línuritum úr hliðrænum ökuritum.

2. Ef eftirlitsmenn finna, að loknu eftirliti, nægilegar sannanir til að ýta undir réttmætan grun um svik, skulu þeir hafa heimild til að beina ökutækinu á viðurkennt verkstæði til að framkvæma frekari prófanir, einkum til að kanna hvort ökuritinn:

a) starfi á tilhlýðilegan hátt,

b) skrái og geymi gögn rétt, og að kvörðunarbreytur séu réttar.

3. Eftirlitsmenn skulu hafa heimild til að fara fram á að viðurkennd verkstæði framkvæmi prófanirnar sem um getur í 2. mgr. og sértækar prófanir hannaðar til að greina hvort búnaður til að hagræða gögnum sé til staðar. Ef búnaður til að hagræða gögnum finnst, má fjarlægja búnaðinn, þ.m.t. tækið sjálft, skráningarhluta ökurita eða íhluti hans, og ökumannskortið úr ökutækinu og nota sem sönnunargögn í samræmi við þær málsmeðferðarreglur sem gilda í hverju landi fyrir sig um meðhöndlun slíkra sönnunargagna.

4. Eftirlitsmenn skulu, eftir því sem við á, nýta sér möguleikann á því að kanna ökurita og ökumannskort sem eru á staðnum þegar eftirlit fer fram á athafnasvæði fyrirtækja.

39. gr.

Þjálfun eftirlitsmanna

1. Aðildarríki skulu tryggja að eftirlitsmenn hafi hlotið viðeigandi þjálfun í greiningu gagna sem skráð eru og eftirliti með ökuritum til að ná megi fram skilvirku og samræmdu eftirliti og framfylgd.

2. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um þær kröfur um þjálfun sem gerðar eru til eftirlitsmanna þeirra fyrir 2. september 2016.

3. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli framkvæmdargerða, samþykkja ráðstafanir sem tilgreina inntak grunnþjálfunar og símenntunar eftirlitsmanna, þ.m.t. þjálfun í tengslum við tækni við markeftirlit og í að finna búnað til að hagræða gögnum og greina svik. Þessar ráðstafanir skulu taka til leiðbeininga til að auðvelda framkvæmd viðeigandi ákvæða þessarar reglugerðar og reglugerðar (EB) nr. 561/2006. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 42. gr.

4. Aðildarríki skulu hafa efnið sem tilgreint er af framkvæmdastjórninni með í þeirri þjálfun sem eftirlitsmönnum er veitt.

40. gr.

Gagnkvæm aðstoð

Aðildarríkin skulu veita hvert öðru aðstoð við beitingu þessarar reglugerðar og eftirlit með því hvort henni sé fylgt.

Innan ramma þeirrar gagnkvæmu aðstoðar skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna einkum senda sín á milli allar fyrirliggjandi upplýsingar varðandi brot á þessari reglugerð af hálfu ísetningarstofa og verkstæða, hvers kyns hagræðing er stunduð, og viðurlög sem lögð eru á fyrir slík brot.

41. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við stjórnskipulegt fyrirkomulag í hverju landi, mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot, letjandi og án mismununar og skulu vera í samræmi við þá flokka brota sem settir eru fram í tilskipun 2006/22/EB.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir og reglur um viðurlög fyrir 2. mars 2016. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um allar síðari breytingar á þessum ráðstöfunum.

VIII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

42. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og ákvæði þriðju undirgreinar 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 gilda.

Þegar álit nefndarinnar skal fengið með skriflegri málsmeðferð skal þeirri málsmeðferð ljúka án árangurs ef formaður nefndarinnar ákveður það eða einfaldur meirihluti nefndarmanna fer fram á það innan frestsins sem gefinn er til að skila álitinu.

43. gr.

Samstarfsvettvangur um ökurita

1. Koma skal á fót samstarfsvettvangi um ökurita til að efla skoðanaskipti um tæknileg atriði varðandi ökurita meðal sérfræðinga í aðildarríkjunum, fulltrúa í nefndinni sem um getur í 42. gr. og sérfræðinga frá þriðju löndum sem nota ökurita samkvæmt AETR-samningnum.

2. Aðildarríki skulu senda sem sérfræðinga til samstarfsvettvangsins um ökurita sérfræðingana sem þátt taka í nefndinni sem um getur í 42. gr.

3. Sérfræðingar frá þriðju löndum sem eiga hagsmuna að gæta og eru samningsaðilar að AETR-samningnum skulu geta tekið þátt í samstarfsvettvangnum um ökurita.

4. Hagsmunaaðilum, fulltrúum ökutækjaframleiðenda, ökuritaframleiðenda, aðila vinnumarkaðarins og Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar skal boðin þátttaka í samstarfsvettvangnum um ökurita.

5. Samstarfsvettvangurinn um ökurita setur sér starfsreglur.

6. Samstarfsvettvangurinn um ökurita skal koma saman a.m.k. einu sinni á ári.

44. gr.

Tilkynning um ráðstafanir á landsvísu

Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni lög og stjórnsýslufyrirmæli, sem þau samþykkja um málefni sem reglugerð þessi nær til, eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt þeirra og í fyrsta skipti eigi síðar en 2. mars 2015.

45. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 561/2006

Reglugerð (EB) nr. 561/2006 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liður bætist við á eftir a-lið 3. gr.:

„aa) ökutækjum eða samtengdum ökutækjum með leyfilegan hámarksmassa sem er ekki meiri en 7,5 tonn sem eru notuð til að flytja efni, búnað eða vélar sem ökumaður notar við vinnu sína innan 100 km radíuss frá bækistöð fyrirtækisins og með því skilyrði að akstur slíkra ökutækja sé ekki aðalstarf ökumannsins,“

2) Ákvæðum 1. mgr. 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) í d-, f- og p-lið komi „100 km“ í stað „50 kílómetrar“ eða „50 km“,

b) Í stað fyrstu undirgreinar d-liðar komi eftirfarandi:

„d) ökutækjum eða samtengdum ökutækjum með leyfilegan hámarksmassa sem er ekki meiri en 7,5 tonn sem notuð eru af veitendum alþjónustu, eins og þeir eru skilgreindir í 13. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB frá 15. desember 1997 um sameiginlegar reglur varðandi þróun innri markaðar Bandalagsins á sviði póstþjónustu og umbætur á þeirri þjónustu (*), til að afgreiða sendingar sem hluta af alþjónustu.

(*) Stjtíð. EB L 15, 21.1.1998, bls. 14.“

46. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Að svo miklu leyti sem framkvæmdargerðir sem um getur í þessari reglugerð hafa ekki verið samþykktar svo það megi beita þeim þegar þessi reglugerð tekur gildi, gilda ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 3821/85, þ.m.t. I. viðauka B við hana, áfram sem umbreytingarfyrirkomulag fram að gildistökudegi framkvæmdargerðanna sem um getur í þessari reglugerð.

47. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EBE) nr. 3821/85 er hér með felld úr gildi. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

48. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda, með fyrirvara um umbreytingarráðstafanirnar í 46. gr., frá og með 2. mars 2016. Þó koma ákvæði 24., 34. og 45. gr. til framkvæmda 2. mars 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 4. febrúar 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

M. SCHULZ

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

E. VENIZELOS

I. VIÐAUKI

KRÖFUR UM SMÍÐI, PRÓFUN, UPPSETNINGU OG SKOÐUN HLIÐRÆNNA ÖKURITA

I. SKILGREININGAR

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „skráningarbúnaður“ eða „hliðrænn ökuriti“:

búnaður ætlaður til uppsetningar í ökutæki til að sýna og skrá sjálfvirkt eða hálfsjálfvirkt upplýsingar um akstur þessara ökutækja og tiltekin vinnutímabil ökumanna þeirra,

b) „fasti skráningarbúnaðarins“:

tölugildi sem segir til um gildi nauðsynlegs ílagsmerkis til að sýna og skrá ekna vegalengd á einum kílómetra. Þessi fasti skal sýndur annaðhvort sem snúningar á kílómetra (k = ... snún./km), eða púlsar á kílómetra (k = ... púls/km),

c) „einkennisstuðull“:

tölugildi sem segir til um gildi frálagsmerkis frá þeim hluta ökutækisins sem tengdur er við skráningarbúnaðinn (annaðhvort úttaksskaft gírkassans eða ás) á meðan ökutækið fer eins kílómetra mælda vegalengd við eðlileg prófunarskilyrði (sjá 4. lið VI. hluta í þessum viðauka). Einkennisstuðull er sýndur annaðhvort í snúningum á kílómetra (w = ... snún/km) eða púlsum á kílómetra (w =... púls/km),

d) „virkt ummál hjólbarða“:

ekin meðalvegalengd sérhvers hjóls sem knýr ökutækið (drifhjól) á einum heilum snúningi. Þessa vegalengd skal mæla við eðlileg prófunarskilyrði (sjá 4. lið VI. hluta í þessum viðauka) og sýna sem: l = ... mm.

II. ALMENNIR EIGINLEIKAR OG AÐGERÐIR SKRÁNINGARBÚNAÐARINS

Búnaðurinn skal geta skráð eftirfarandi:

1. ekna vegalengd ökutækis,

2. hraða ökutækis,

3. aksturstíma,

4. annan vinnutíma eða tiltækileika,

5. vinnuhlé og daglegan hvíldartíma,

6. þau tilvik þegar kassinn með ökuritaskífunni er opnaður,

7. þegar um er að ræða rafeindaskráningarbúnað sem er stýrt með rafmagnsmerkjum frá vegalengdar- og hraðanema, rof á straumi til skráningarbúnaðarins (að lýsingu undanskilinni) sem er yfir 100 millísekúndur, á straumi til vegalengdar- og hraðanemans og ef boð til vegalengdar- og hraðaskynjara eru rofin.

Ef tveir ökumenn aka ökutækinu verður búnaðurinn að geta skráð samtímis en aðskilið og á tvær aðskildar ökuritaskífur upplýsingarnar sem taldar eru upp í 3., 4. og 5. lið fyrstu málsgreinar.

III. KRÖFUR UM SMÍÐI SKRÁNINGARBÚNAÐAR

a) Almenn atriði

1. Skráningarbúnaður skal hafa eftirfarandi:

1.1. aflestrartæki sem sýna:

— ekna vegalengd (vegmælir),

— hraða (hraðamælir)

— tíma (klukka).

1.2. Skráningartæki sem eru:

— skráningartæki sem mælir ekna vegalengd,

— skráningartæki sem skráir hraða,

— einn tímaskráningarbúnaður eða fleiri sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í c-lið 4. liðar.

1.3. ritunaraðferð sem sýnir á ökuritaskífunni:

— hvert tilvik þegar kassinn með ökuritaskífunni er opnaður,

— fyrir rafeindaskráningarbúnað, eins og hann er skilgreindur í 7. lið fyrstu málsgreinar II. kafla, í hvert sinn er straumrof sem varir lengur en 100 millísekúndur verður á skráningarbúnaðinum (að ljósum undanskildum) og eigi síðar en um leið og aflgjafinn er ræstur aftur,

— fyrir rafeindaskráningarbúnað, eins og hann er skilgreindur í 7. lið fyrstu málsgreinar II. hluta, í hvert sinn er straumrof sem varir lengur en 100 millísekúndur verður á vegalengdar- og hraðaskynjara og ef boð til vegalengdar- og hraðaskynjara eru rofin.

2. Tæki sem komið er fyrir í búnaðinum til viðbótar þeim sem nefnd eru í 1. lið mega ekki koma í veg fyrir að þau tæki sem skylt er að koma fyrir starfi eðlilega eða torveldi aflestur af þeim.

Búnaðurinn skal lagður fram til gerðarviðurkenningar með öllum slíkum aukatækjum.

3. Smíðaefni

3.1. Allir hlutar skráningarbúnaðarins skulu gerðir úr efni sem er nægilega stöðugt, hefur nægilegan vélrænan styrk og er gætt stöðugum rafmagns- og seguleiginleikum.

3.2. Allar breytingar á hluta búnaðarins eða á eðli þeirra smíðaefna sem notuð eru til framleiðslu hans skulu lagðar til viðurkenningar fyrir yfirvaldið sem veitti gerðarviðurkenninguna fyrir búnaðinn áður en þeim er beitt við framleiðsluna.

4. Mæling á ekinni vegalengd

Heimilt er að mæla og skrá vegalengdir annað hvort:

— þannig að þær taki til bæði hreyfingar áfram og afturábak, eða

— þannig að þær taki eingöngu til hreyfingar áfram.

Skráning á akstri afturábak má á engan hátt hafa áhrif á skýrleika og nákvæmni annarra skráninga.

5. Hraðamæling

5.1. Hraðamælingarsvið skal vera eins og kveðið er á um í gerðarviðurkenningarvottorðinu.

5.2. Eigintíðni og dempun mælitækisins skal vera þannig að tækið sem sýnir og skráir hraðann geti innan mælisviðsins fylgt hröðunarbreytingum upp í allt að 2 m/s^2, innan viðurkenndra vikmarka.

6. Tímamæling (klukka)

6.1. Stillibúnaði klukkunnar skal komið fyrir í kassa þar sem ökuritaskífan er geymd. Í hvert sinn sem kassinn er opnaður skal það skráð sjálfkrafa á ökuritaskífuna.

6.2. Ef búnaði ökuritaskífunnar til að hreyfa hana fram á við er stjórnað af klukkunni þá skal sá tími sem hún gengur eðlilega eftir að hún hefur verið trekkt upp að fullu vera minnst 10% lengri en skráningartíminn sem svarar til hámarksskífuhleðslu ritans.

7. Lýsing og vörn

7.1. Aflestrartæki ritans skulu búin hæfilegri lýsingu sem blindar ekki.

7.2. Við eðlileg notkunarskilyrði skulu allir innbyggðir hlutar ritans varðir gegn raka og ryki. Að auki skulu þeir hafðir í hlífðarkössum sem unnt er að innsigla svo ekki sé hægt að hrófla við þeim.

b) Aflestrartæki

1. Mælir fyrir ekna vegalengd (vegmælir),

1.1. Gildi minnstu mælieiningar á tækinu sem sýnir ekna vegalengd skal vera 0,1 kílómetri. Tölur sem sýna hektómetra verða að vera skýrt aðgreindar frá þeim sem sýna heila kílómetra.

1.2. Tölur á vegmælinum skulu vera læsilegar og skal sýnileg stærð þeirra vera minnst 4 mm.

1.3. Skráningargeta vegmælisins skal vera 99 999,9 kílómetrar hið minnsta.

2. Mælir sem sýnir hraða (hraðamælir)

2.1. Innan mælisviðsins skal hraðamælikvarðanum skipt jafnt niður í 1, 2, 5 eða 10 km/klst. bil. Gildi hraðakvarðans (bilið milli tveggja samliggjandi merkja) má ekki vera meira en 10% af hámarkshraðanum sem gefinn er upp á kvarðanum.

2.2. Ekki þarf að tölusetja þann hluta svæðisins sem er fyrir utan það sem mælt er.

2.3. Bilin á kvarðanum sem samsvara hraðabreytingu sem er 10 km/klst. skulu ekki vera styttri en 10 millimetrar.

2.4. Á nálarmæli má bilið á milli nálarinnar og yfirborðs mælisins ekki vera meira en 3 mm.

3. Tímamælir (klukka)

Tímamælirinn skal sýnilegur utan á ritanum og verður að vera unnt að lesa af honum á öruggan, auðveldan og ótvíræðan hátt.

c) Skráningartæki

1. Almenn atriði

1.1. Í öllum ökuritum, óháð því hvernig ökuritaskífan er (strimill eða skífa), skal vera viðmiðunarmerki sem gerir kleift að setja ökuritaskífuna rétt í á þann hátt að tryggt sé að sá tími sem klukkan sýnir samsvari tímamerkingunni á ökuritaskífunni.

1.2. Búnaðurinn sem færir ökuritaskífuna skal vera þannig gerður að skífan færist jafnt og þétt og auðvelt sé að koma henni fyrir og taka hana úr.

1.3. Ef ökuritaskífan er skífulaga þá skal gangverk klukkunnar stjórna hreyfibúnaðinum. Þegar svo háttar verður snúningur ökuritaskífunnar að vera samfelldur og stöðugur með lágmarkshraða sem er 7 millimetrar á klukkustund mælt við innra borð hringsins sem afmarkar hraðaskráningarsvæðið. Í ritum af þeirri gerð sem notar strimil þar sem gangverk klukkunnar stjórnar hreyfibúnaði ökuritaskífanna verður hraðinn í beinni línu fram á við að vera a.m.k. 10 millimetrar á klukkustund.

1.4. Skráning á ekinni vegalengd, hraða ökutækis og opnun kassans þar sem ökuritaskífuna eða -skífurnar er að finna skal vera sjálfvirk.

2. Skráning á ekinni vegalengd

2.1. Hver ekinn kílómetri skal í skráningunni svara til vegalengdar sem er a.m.k. 1 millimetri á samsvarandi hnitás.

2.2. Við hraða sem nálgast efri mörk mælisviðsins skal skráning vegalengdar einnig vera læsileg.

3. Hraðaskráning

3.1. Hvernig svo sem ökuritaskífa er á hnitpenninn að hreyfast í beinni línu og hornrétt á hreyfistefnu ökuritaskífunnar. Þó má hreyfing hnitpennans vera boglínudregin, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

— línan sem hnitpenninn dregur skal vera hornrétt á mitt hringferli (á skífum) eða á snúningsás (á strimlum) þess svæðis sem er fyrir hraðaskráningu,

— hlutfallið milli krappageislans sem hnitpenninn dregur og breiddar svæðisins fyrir hraðaskráningu má ekki vera minna en 2,4 á móti 1, óháð lögun ökuritaskífunnar,

— merkingarnar á tímakvarðanum skulu fara yfir skráningarsvæðið eftir boglínu sem er í sama geisla og hnitpenninn dregur. Bilið milli merkinganna á tímakvarðanum skal samsvara einni klukkustund hið mesta.

3.2. Sérhver hraðabreyting er nemur 10 kílómetrum á klukkustund skal í skráningunni svara til a.m.k. 1,5 millimetrum á samsvarandi hnitás.

4. Tímaskráning

4.1. Skráningarbúnaðurinn skal þannig gerður að hann skrái aksturstímann algjörlega sjálfvirkt og að með notkun skiptirofa, ef þörf krefur, sé hægt að skrá sérstaklega önnur tímabil eins og kemur fram í ii., iii. og iv. lið b-liðar 5. mgr. 34. gr. þessarar reglugerðar.

4.2. Auðvelt skal vera að greina milli mismunandi tímabila út frá einkennum línanna, stöðu þeirra innbyrðis og, ef þörf krefur, merkjanna sem mælt er fyrir um í 34. gr. þessarar reglugerðar. Einstök tímabil ber að aðgreina hvert frá öðru í skráningunni með mismunandi breidd línanna sem við eiga eða á einhvern annan hátt þar sem tryggt er að jafn auðvelt sé að lesa úr og túlka skráninguna.

4.3. Í ökutækjum þar sem fleiri en einn ökumaður annast akstur verða skráningarnar sem kveðið er á um í lið 4.1 að vera á tveimur aðskildum ökuritaskífum, ein skífa fyrir hvern ökumann. Í þessu tilviki verður framvirk færsla á hverri ökuritaskífu að vera tryggð með einum og sama búnaði eða aðskildum samstilltum búnaði.

d) Lokunarbúnaður

1. Kassinn með ökuritaskífunni eða -skífunum og stillibúnaði klukkunnar skal vera með lás.

2. Í hvert sinn sem kassinn sem hefur að geyma ökuritaskífuna eða -skífurnar og stillibúnað klukkunnar er opnaður skal það skráð sjálfkrafa á skífuna eða skífurnar.

e) Merkingar

1. Á kvarða ritans skulu vera eftirfarandi merkingar:

— alveg við töluna sem vegmælirinn sýnir, mælieiningin fyrir vegalengdina tilgreind með skammstöfuninni „km“,

— nálægt hraðakvarðanum, merkingin „km/klst.“,

— mælisvið hraðamælisins með skammstöfuninni „Vmin...km/klst., Vmax...km/klst.“. Þessi merking er ekki nauðsynleg ef hún kemur fram á upplýsingaplötu búnaðarins.

Þessar kröfur gilda þó ekki um skráningarbúnað sem var samþykktur fyrir 10. ágúst 1970.

2. Upplýsingaplatan skal vera innbyggð í búnaðinn og á henni skulu vera eftirfarandi merkingar sem verða að vera sýnilegar á búnaðinum þegar hann er settur upp:

— heiti og heimilisfang framleiðanda búnaðarins,


— númer framleiðanda og smíðaár,

— viðurkenningarmerki fyrir gerð búnaðarins,

— fasti búnaðarins, gefinn upp sem „k = ... snún./km“ eða „k = ... púls/km“,

— hraðamælingarsviðið, valfrjálst, sýnt eins og tilgreint er í 1. lið,

— ef næmi tækisins fyrir hallahorni kann að hafa áhrif á aflestur af ritanum umfram viðurkennd vikmörk er leyfilegt horn sýnt sem:



þar sem α er hornið sem mælt er frá láréttri stöðu framhliðar (snýr upp) ritans sem tækið er stillt fyrir, en β og γ standa fyrir hámarksfrávik upp á við og niður á við miðað við kvörðunarhornið α.

f) Hæstu vikmörk (aflestrar- og skráningartæki)

1. Á prófunarbekk fyrir uppsetningu:

a) ekin vegalengd:

1% til eða frá raunverulegri vegalengd, þegar vegalengdin er a.m.k. 1 km,

b) hraði:

3 km/klst. til eða frá raunverulegum hraða,

c) tími:

± tvær mínútur á dag og í mesta lagi 10 mínútur á sjö dögum ef gangtími klukkunnar, eftir að hún hefur verið dregin upp, er ekki styttri en sjö dagar.

2. Við uppsetningu:

a) ekin vegalengd:

2% til eða frá raunverulegri vegalengd, þegar vegalengdin er a.m.k. 1 km,

b) hraði:

4 km/klst. til eða frá raunverulegum hraða,

c) tími:

± tvær mínútur á dag eða

± 10 mínútur á sjö dögum.

3. Í notkun:

a) ekin vegalengd:

4% til eða frá raunverulegri vegalengd, þegar vegalengdin er a.m.k. 1 km,

b) hraði:

6 km/klst. til eða frá raunverulegum hraða,

c) tími:

± tvær mínútur á dag eða

± 10 mínútur á sjö dögum.

4. Hæstu vikmörk sem sett eru í 1., 2. og 3. lið gilda um hitastig milli 0 °C og 40 °C, hitastig mælt alveg við ritann.

5. Hæstu vikmörk sem sett eru fram í 2. og 3. lið gilda ef þau eru mæld við þau skilyrði sem kveðið er á um í VI. hluta.

IV. ÖKURITASKÍFUR

a) Almenn atriði

1. Ökuritaskífur skulu þannig gerðar að þær hindri ekki eðlilegan gang tækisins og skráningin sem þær hafa að geyma sé óafmáanleg, auðlæsileg og skiljanleg.

Við eðlilegt raka- og hitastig verða ökuritaskífurnar að halda stærð sinni og þeim skráningum sem gerðar hafa verið á þær.

Að auki verður að vera unnt að færa inn á ökuritaskífurnar, án þess að skemma þær og án þess að það hafi áhrif á aflestur af þeim, upplýsingarnar sem um getur í 34. gr. þessarar reglugerðar.

Við eðlileg geymsluskilyrði skal skráningin haldast auðlæsileg í eitt ár hið minnsta.

2. Lágmarksskráningargeta ökuritaskífanna, óháð því hvert útlit þeirra er, skal vera 24 klst.

Ef margar skífur eru tengdar saman til að auka samfellda skráningargetu, án þess að starfsmenn komi þar nærri, verða skífurnar að vera þannig tengdar að ekkert hlé verði á skráningunum né að þær skarist þegar farið er af einni skífu yfir á aðra.

b) Skráningarsvæði og skipting þeirra

1. Á ökuritaskífum skulu vera eftirfarandi skráningarsvæði:

— svæði sem er sérstaklega ætlað fyrir upplýsingar um hraða,

— svæði sérstaklega ætlað fyrir upplýsingar um ekna vegalengd,

— eitt eða fleiri svæði fyrir upplýsingar um aksturstíma eða annan vinnutíma eða tiltækileika, vinnuhlé og hvíldartíma ökumanna.

2. Svæðinu fyrir hraðaskráningu skal deilt niður í bil sem eru 20 kílómetrar á klukkustund eða minni. Við hverja merkingu skal sýndur með tölum sá hraði sem hún táknar. Táknið „km/klst.“ skal koma fram á minnst einum stað innan þessa svæðis. Síðasta merkingin á kvarðanum á að falla saman við efri mörk mælisviðsins.

3. Svæðinu fyrir skráningu ekinnar vegalengdar skal deilt þannig niður að auðvelt sé að lesa fjölda ekinna kílómetra.

4. Svæðið eða svæðin sem ætluð eru fyrir skráningu á tímabilunum sem um getur í 1. lið skulu merkt þannig að auðvelt sé að greina mismunandi tímabil.

c) Upplýsingar sem prenta skal á ökuritaskífur

Á hverja ökuritaskífu skulu prentaðar eftirfarandi upplýsingar:

— heiti og heimilisfang eða viðskiptaheiti framleiðanda,

— viðurkenningarmerki fyrir fyrirmynd að ökuritaskífunni,

— viðurkenningarmerki fyrir gerð eða gerðir búnaðar sem heimilt er að nota ökuritaskífuna fyrir,

— efri mörk hraðamælisviðsins, prentuð í kílómetrum á klukkustund.

Enn fremur verður á hverri ökuritaskífu að vera prentaður einn tímakvarði sem gerir kleift að lesa tímann beint af með fimmtán mínútna millibili og finna auðveldlega út hvert fimm mínútna bil.

d) Autt rými fyrir handritaðar upplýsingar

Autt rými verður að vera á ökuritaskífunum þannig að ökumenn geti a.m.k. ritað eftirfarandi upplýsingar:

— eftirnafn og skírnarnafn ökumanns,

— dagsetningu og stað þegar byrjað er að nota ökuritaskífuna og dagsetningu og stað þegar notkun lýkur,

— skráningarnúmer ökutækis eða ökutækja sem ökumaður ekur á meðan ökuritaskífan er í notkun,

— stöðu kílómetramælis ökutækis eða ökutækja sem ökumaður ekur á meðan ökuritaskífan er í notkun,

— tímann þegar skipt er um ökutæki.

V. UPPSETNING SKRÁNINGARBÚNAÐAR

1. Skráningarbúnaður skal staðsettur í ökutækinu á þann hátt að ökumaður geti auðveldlega fylgst með hraðamæli, vegmæli og klukku úr sæti sínu og að allir hlutir í þessum tækjum, að meðtöldum drifbúnaði, séu varðir skemmdum sem verða fyrir slysni.

2. Unnt verður að vera að laga fasta skráningarbúnaðarins að einkennisstuðli ökutækisins með viðeigandi aðlögunarbúnaði.

Ökutæki með tvö eða fleiri gírhlutföll afturássins skulu búin skiptirofa sem sjálfkrafa jafnar þessi mismunandi hlutföll að hlutfalli búnaðarins sem hefur verið lagaður að ökutækinu.

3. Eftir að búnaðurinn hefur verið skoðaður við uppsetningu skal uppsetningarplata fest við ökutækið við hliðina á búnaðinum eða á búnaðinn sjálfan þannig að hún sjáist greinilega. Eftir hverja skoðun sem viðurkennd ísetningarstofa eða verkstæði framkvæmir, þar sem í ljós kemur að breyta þurfi stillingu sjálfrar uppsetningarinnar, verður að setja nýja plötu í stað þeirrar sem fyrir var.

Á plötunni skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

— heiti, heimilisfang eða viðskiptaheiti viðurkenndrar ísetningarstofu, verkstæðis eða ökutækjaframleiðanda,

— einkennisstuðull ökutækisins, gefinn upp sem „w = ... sn./km“ eða „w = ... púls/km“,

— virkt ummál hjólbarða gefið upp sem „l = ...mm“,

— dagsetningar þegar einkennisstuðull ökutækisins var ákvarðaður og virkt ummál hjólbarðanna mælt.

4. Innsiglun

Eftirfarandi hlutar skulu innsiglaðir:

a) uppsetningarplatan, nema hún sé fest á þann hátt að ekki sé mögulegt að fjarlægja hana án þess að eyðileggja merkingarnar,

b) tenglaendarnir milli hins eiginlega skráningarbúnaðar og ökutækisins,

c) sjálfur aðlögunarbúnaðurinn og tengingin við rafrásina,

d) skiptirofar ökutækja með tvö eða fleiri áshlutföll,

e) tenglarnir sem tengja aðlögunarbúnaðinn og skiptirofann við aðra hluta búnaðarins,

f) kassarnir sem krafist er í lið 7.2 í a-lið III. hluta,

g) öll lok sem veita aðgang að leiðum til að aðlaga fasta skráningarbúnaðarins að einkennisstuðli ökutækisins.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að fara fram á önnur innsigli við viðurkenningu á gerð búnaðar og skal þess getið í viðurkenningarvottorðinu hvar innsiglunum er komið fyrir.

Heimilt er að fjarlægja innsigli sem um getur í b-, c- og e-lið fyrstu málsgreinar:

— í neyðartilvikum,

— til að setja upp, stilla eða gera við hraðatakmörkunarbúnað eða annan búnað sem stuðlar að umferðaröryggi,

að því tilskildu að skráningarbúnaðurinn starfi rétt og með eðlilegum hætti og sé aftur innsiglaður af viðurkenndri viðgerðarstofu eða verkstæði strax og hraðatakmörkunarbúnaðurinn eða annar búnaður sem stuðlar að umferðaröryggi hefur verið settur í eða, eftir atvikum, innan sjö daga. Í hvert sinn sem innsigli er rofið verður að gefa skriflega yfirlýsingu þar sem ástæður eru tilgreindar og skal hún tiltæk lögbæru yfirvaldi.

5. Leiðslurnar sem tengja skráningarbúnaðinn við sendinn skulu varðar með heilu plasthúðuðu slíðri úr ryðfríu stáli samanklipnu í endann, nema sambærileg vörn gegn hagræðingu á gögnum sé veitt með öðrum hætti (t.d. með rafrænni vöktun svo sem merkjadulkóðun) sem greint getur hvort annar búnaðar sé til staðar sem ekki telst nauðsynlegur til að skráningarbúnaðurinn virki rétt og hindrar rétta virkni skráningarbúnaðarins með skammhlaupum eða truflunum eða breytingum á rafrænum gögnum frá hraða- og vegalengdarnemanum. Samskeyti með innsigluðum tengingum teljast órofin í skilningi þessarar reglugerðar.

Í stað áðurnefndrar rafrænnar vöktunar getur komið rafeindastýring sem tryggir að skráningarbúnaðurinn geti skráð hverja hreyfingu ökutækisins, óháð merkjum frá hraða- eða vegalengdarnemanum.

Að því er varðar beitingu þessa liðar, eru ökutæki í flokkum M1 og N1 þau sem skilgreind eru í A-hluta II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ([17]). Í þeim ökutækjum sem búin eru ökuritum í samræmi við þessa reglugerð og ekki eru hönnuð þannig að hægt sé að koma fyrir varinni leiðslu milli vegalengdar- og hraðanema og skráningarbúnaðar skal koma aðlögunarbúnaði fyrir sem næst vegalengdar- og hraðanemum.

Koma skal varinni leiðslu fyrir milli aðlögunarbúnaðarins og skráningarbúnaðarins.

VI. EFTIRLIT OG SKOÐANIR

Aðildarríkin tilnefna þá aðila sem skulu framkvæma eftirlit og skoðanir.

1. Vottun á nýjum tækjum eða viðgerðum tækjum

Sérhvert tæki, nýtt eða viðgert, skal fá vottorð um að það starfi rétt og gefi nákvæmar upplýsingar við aflestur og skráningu, innan þeirra marka sem mælt er fyrir um í 1. lið f-liðar III. hluta, með innsigli í samræmi við f-lið fyrstu málsgreinar 4. liðar V. hluta.

Aðildarríkjum er heimilt í þessu skyni að koma á fyrstu sannprófun sem er eftirlit með og staðfesting á því að nýtt eða viðgert tæki sé í samræmi við fyrirmynd sem hlotið hefur gerðarviðurkenningu og/eða við kröfur þessarar reglugerðar eða er heimilt að framselja umboð til vottunar til framleiðenda eða viðurkenndra umboðsmanna þeirra.

([17]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

2. Uppsetning

Þegar búnaðurinn er settur í ökutækið verður hann og öll uppsetningin að fylgja ákvæðum um hæstu vikmörk sem mælt er fyrir um í 2. lið f-liðar III. hluta.

Viðurkennd ísetningarstofa eða verkstæði skal framkvæma skoðunarpróf á eigin ábyrgð.

3. Reglubundnar skoðanir

a) Reglubundnar skoðanir búnaðar sem festur er við ökutæki skulu fara fram á tveggja ára fresti hið minnsta og er heimilt að láta þær fara fram um leið og prófun á akstureiginleikum ökutækja á sér stað.

Við þessar skoðanir skal kanna eftirfarandi:

— hvort búnaðurinn starfi eðlilega,

— hvort búnaðurinn sé með gerðarviðurkenningarmerki,

— hvort uppsetningarplatan sé fest á,

— hvort innsigli á búnaðinum og öðrum hlutum uppsetningarinnar séu órofin,

— virkt ummál hjólbarða.

b) Skoðun til að tryggja að farið sé að ákvæðum 3. liðar f-liðar III. hluta um hæstu vikmörk við notkun skal fara fram á sex ára fresti hið minnsta, þó er aðildarríki heimilt að kveða á um styttri tíma milli skoðana fyrir ökutæki sem skráð eru á yfirráðasvæði þess. Skylt er við slíka skoðun að skipta um uppsetningarplötu.

4. Mæling á skekkjum

Mæling á skekkjum við uppsetningu og meðan á notkun stendur skal fara fram við eftirfarandi skilyrði og teljast þau eðlileg prófunarskilyrði:

— ökutæki án hleðslu tilbúið til aksturs,

— þrýstingur í hjólbörðum í samræmi við fyrirmæli framleiðandans,

— slit á hjólbörðum innan leyfilegra marka samkvæmt lögum,

— hreyfing ökutækis: ökutækið skal hreyfast fram á við fyrir eigin vélarafli í beinni línu á sléttu yfirborði á hraða sem er 50 ± 5 km/klst. Heimilt er að láta prófunina fara fram á þar til gerðum prófunarbekk svo fremi að nákvæmni hennar sé sambærileg.

II. VIÐAUKI

VIÐURKENNINGARMERKI OG -VOTTORÐ

I. VIÐURKENNINGARMERKI

1. Viðurkenningarmerkið skal vera:

a) rétthyrningur og innan hans skal vera stafurinn „e“ og á eftir honum auðkennisnúmer eða auðkennisstafur þess lands sem veitt hefur viðurkenninguna í samræmi við eftirfarandi hefðbundin tákn:


Belgía	6,
Búlgaría	34,
Tékkland	8,
Danmörk	18,
Þýskaland	1,
Eistland	29,
Írland	24,
Grikkland	23,
Spánn	9,
Frakkland	2,
Króatía	25,
Ítalía	3,
Kýpur	CY,
Lettland	32,
Litháen	36,
Lúxemborg	13,
Ungverjaland	7,
Malta	MT,
Holland	4,
Austurríki	12,
Pólland	20,
Portúgal	21,
Rúmenía	19,
Slóvenía	26,
Slóvakía	27,
Finnland	17,
Svíþjóð	5,
Bretland	11,

og

b) viðurkenningarnúmer sem samsvarar númeri viðurkenningarvottorðs sem samið var fyrir frumgerð skráningarbúnaðarins eða ökuritaskífunnar eða númeri ökuritakorts, komið fyrir einhvers staðar mjög nálægt rétthyrningnum.

2. Viðurkenningarmerkið skal vera á upplýsingaplötu hverrar búnaðarsamstæða og á hverri ökuritaskífu og á hverju ökuritakorti. Það verður að vera óafmáanlegt og auðlæsilegt.

3. Málin á viðurkenningarmerkinu á teikningunni hér á eftir ([18]) eru sýnd í millimetrum og eru lágmarksmál. Viðhalda verður hlutföllunum milli málanna.



([18]) Þessar tölur eru eingöngu til leiðbeiningar.

II. VIÐURKENNINGARVOTTORÐ FYRIR HLIÐRÆNA ÖKURITA

Aðildarríki sem hefur veitt viðurkenningu skal gefa út viðurkenningarvottorð til umsækjandans en fyrirmynd að því er að finna hér á eftir. Aðildarríki skal nota afrit af vottorðinu þegar það upplýsir önnur aðildarríki um útgefnar viðurkenningar eða, komi til þess, afturköllun þeirra.

VIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Heiti lögbærs yfirvalds: ...……

Tilkynning varðandi ([1]):

— viðurkenningu á gerð skráningarbúnaðar

— afturköllun viðurkenningar á gerð skráningarbúnaðar

— viðurkenningu á fyrirmynd að ökuritaskífu

— afturköllun viðurkenningar á fyrirmynd að ökuritaskífu

.....

Viðurkenning nr. .....

1. Vörumerki eða viðskiptaheiti .....
2. Heiti gerðar eða tegundar .....
3. Heiti framleiðanda .....
4. Heimilisfang framleiðanda .....
5. Lagt fram til viðurkenningar þann .....
6. Prófunarstaður .....
7. Dagsetning og númer prófunar eða prófana .....
8. Dagsetning viðurkenningar .....
9. Dagsetning afturköllunar á viðurkenningu .....
10. Gerð eða gerðir skráningarbúnaðar sem skífa er hönnuð til notkunar í .....
11. Staður .....
12. Dagsetning .....
13. Skýringargögn í viðauka .....
14. Athugasemdir (þ.m.t. staðsetning innsigla ef við á)

.....

(Undirritun)

([1]) Strikið út það sem á ekki við

III. VIÐURKENNINGARVOTTORÐ FYRIR STAFRÆNA ÖKURITA

Aðildarríki sem hefur veitt viðurkenningu skal gefa út viðurkenningarvottorð til umsækjandans en fyrirmynd að því er að finna hér á eftir. Aðildarríki skal nota afrit af vottorðinu þegar það upplýsir önnur aðildarríki um útgefnar viðurkenningar eða, komi til þess, afturköllun þeirra.

VIÐURKENNINGARVOTTORÐ FYRIR STAFRÆNA ÖKURITA

Heiti lögbærra stjórnvalda .....

Tilkynning varðandi([1]):

☐ viðurkenningu á: ☐ afturköllun viðurkenningar á:

☐ tegund skráningarbúnaðar

☐ íhlut skráningarbúnaðar([2])

☐ ökumannskorti

☐ verkstæðiskorti

☐ fyrirtækiskorti

☐ eftirlitskorti

.....

Viðurkenning nr. .....

1. Framleiðslumerki eða vörumerki .....
2. Tegundarheiti .....
3. Heiti framleiðanda .....
4. Heimilisfang framleiðanda .....
5. Lagt fram til viðurkenningar á .....
6. Rannsóknarstofa eða rannsóknarstofur .....
7. Dagsetning og númer prófunarskýrslu .....
8. Dagsetning viðurkenningar .....
9. Dagsetning afturköllunar á viðurkenningu .....
10. Tegund skráningarbúnaðar sem íhluturinn er hannaður til notkunar í .....
11. Staður .....
12. Dagsetning .....
13. Skýringargögn í viðauka .....
14. Athugasemdir

.....

(Undirritun)

([1]) Haka skal við í viðeigandi reiti.
([2]) Tilgreina skal íhlutinn sem fjallað er um í tilkynningunni.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/539 2016/EES/52/37

frá 6. apríl 2016

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar þjálfun, prófanir og reglubundið mat á hæfni flugmanna í tengslum við hæfisbundna leiðsögu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB([1]), einkum 6. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011([2]) eru sett skilyrði fyrir flugmenn, sem taka þátt í starfrækslu tiltekinna loftfara og flughermisþjálfa, og fyrir einstaklinga og aðila sem taka þátt í þjálfun, prófunum og mati á hæfni hjá þessum flugmönnum.

2) Nauðsynlegt er að fella inn í þessa reglugerð viðbótarkröfur að því er varðar þjálfun, prófanir og reglubundið mat á hæfni flugmanna sem fljúga í samræmi við verklagsreglur fyrir hæfisbundna leiðsögu (PBN) og þurfa því að hafa skráð í blindflugsáritun sinni réttindi fyrir hæfisbundna leiðsögu. Viðbótaráritun vegna hæfisbundinnar leiðsögu ætti ekki að hafa í för með sér aukið stjórnsýsluálag fyrir lögbært yfirvald.

3) Flugmenn, sem eru handhafar blindflugsáritunar og sem hafa, á grundvelli viðeigandi krafna landslaga, öðlast bóklega þekkingu og verklega færni í hæfisbundinni leiðsögu fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, ættu að teljast hafa uppfyllt viðbótarkröfurnar ef þeir geta á fullnægjandi hátt sýnt lögbæru yfirvaldi fram á að þekkingin og færnin, sem eru fengnar með þessum hætti, séu sambærilegar þeirri þekkingu og færni sem er fengin á þeim námskeiðum og í þeirri þjálfun sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð. Lögbær yfirvöld ættu að byggja ákvörðun sína um jafngildi slíkrar þekkingar og færni á hlutlægum upplýsingum og viðmiðunum.

4) Ekki fljúga allir flugmenn, einkum í almannaflugi, í samræmi við verklagsreglur um hæfisbundna leiðsögu, t.d. af því að loftfar þeirra eða svæðisflugvöllurinn kann að vera án viðeigandi tækjabúnaðar sem hefur verið vottaður í þeim tilgangi. Á þessari stundu þurfa þessir flugmenn því ekki að gangast undir frekari þjálfun eða mat á hæfni sem tengist hæfisbundinni leiðsögu. Að teknu tilliti til þess hve hröð útbreiðsla á tækjabúnaði og verklagsreglum fyrir hæfisbundna leiðsögu er í gervöllu Sambandinu ætti í þessari reglugerð að kveða á um hæfilegan frest, en eftir þennan frest munu viðbótarkröfur um þjálfun, prófanir og reglubundið mat á hæfni flugmanna í tengslum við hæfisbundna leiðsögu taka gildi fyrir hlutaðeigandi flugmenn.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 91, 7.4.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 13.3.2008, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

5) Tímabilið, sem aðildarríkin geta ákveðið að beita ekki ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 á yfirráðasvæði sínu að því er varðar flugmenn með skírteini og tengd heilbrigðisvottorð, sem gefin eru út af þriðja landi sem tekur þátt í starfrækslu tiltekinna loftfara sem er ekki í ábataskyni, ætti að lengja vegna yfirstandandi samningaviðræðna Sambandsins við tiltekin þriðju lönd sem miða að því að greiða fyrir umbreytingu á slíkum skírteinum og heilbrigðisvottorðum. Rétt er að taka fram að ef aðildarríki ákveður eða hefur tekið slíka ákvörðun þá ætti aðildarríkið að birta ákvörðunina á viðeigandi hátt, sem gerir öllum hlutaðeigandi aðilum kleift að kynna sér hana og sem tryggir að kröfur um gagnsæi og réttarvissu séu uppfylltar.

6) Viðbótarkröfur, sem varða réttindi reynsluflugmanna, ætti einnig að fella inn í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 í því skyni að gera þessum flugmönnum kleift að starfrækja loftfar fyrir tiltekin flug án þess að hafa undir höndum viðeigandi flokks- eða tegundaráritun.

7) Í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er mælt fyrir um að þjálfunarnámskeið fyrir fjölstjórnarskírteini (MPL) skuli eingöngu fara fram hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki sem heyrir undir flugrekanda. Að auki er í þeirri reglugerð mælt fyrir um að handhafi fjölstjórnarskírteinis geti ekki neytt réttinda fjölstjórnarskírteinisins nema hann hafi lokið umskiptanámskeiði (e. *conversion course*) á vegum sama flugrekanda. Tilvik geta komið upp, vegna yfirsjónar flugrekanda, þar sem tilteknir handhafar fjölstjórnarskírteina geta ekki lokið umskiptanámskeiði á vegum flugrekanda og geta þess vegna hvorki unnið fyrir þann flugrekanda né annan. Takmarkanir við að neyta réttinda fjölstjórnarskírteinis annars staðar setur handhafa þessara skírteina í erfiða stöðu án þess að ástæður er varða öryggissjónarmið réttlæti það. Þess er krafist að flugmenn, sem skipta um flugrekanda, ljúki umskiptanámskeiði á vegum nýja flugrekandans þrátt fyrir að þeir hafi tekið umskiptanámskeið hjá fyrri flugrekanda. Enn fremur verða umskiptanámskeið á vegum flugrekanda að taka fullt mið af reynslu þeirra flugmanna sem koma til starfa hjá viðkomandi flugrekanda. Því er nauðsynlegt að afnema þessa takmörkun. Með þessum hætti verða kröfur varðandi fjölstjórnarskírteini færðar til samræmis við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

8) Það ætti því að breyta reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti Flugöryggisstofnunar Evrópu([3]) í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 4. gr. a bætist við:

„4. gr. a

Blindflugsáritun með réttindi fyrir hæfisbundna leiðsögu

1. Flugmönnum er eingöngu heimilt að fljúga í samræmi við verklagsreglur fyrir hæfisbundna leiðsögu eftir að þeim hefur verið veitt réttindi fyrir hæfisbundna leiðsögu sem viðbótaráritun í blindflugsáritun sína.

2. Flugmanni skal veitt réttindi fyrir hæfisbundna leiðsögu ef hann eða hún uppfyllir allar eftirfarandi kröfur:

a) flugmaðurinn hefur lokið með viðunandi árangri námskeiði í bóklegri þekkingu, þar á meðal í hæfisbundinni leiðsögu, í samræmi við FCL.615 í I. viðauka (FCL-hluta),

b) flugmaðurinn hefur lokið með viðunandi árangri flugþjálfun, þar á meðal í hæfisbundinni leiðsögu, í samræmi við FCL.615 í I. viðauka (FCL-hluta),

c) flugmaðurinn hefur annaðhvort lokið með viðunandi árangri færniprófi í samræmi við 7. viðbæti við I. viðauka (FCL-hluta) eða færni- eða hæfniprófi í samræmi við 9. viðbæti við I. viðauka (FCL-hluta).

([3]) Álit Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 03/2015 frá 31. mars 2015 varðandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á viðmiðunum fyrir samþykki fyrir starfrækslu sem byggir á hæfisbundinni leiðsögu (PBN).

3. Líta skal svo á að kröfunum í a- og b-lið 2. mgr. hafi verið fullnægt ef lögbært yfirvald telur að hæfni sem hefur fengist, annaðhvort í gegnum þjálfun eða reynslu af flugi þar sem notast er við hæfisbundna leiðsögu, sé jafngild þeirri hæfni sem viðkomandi hefur aflað sér á þeim námskeiðum sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. og ef flugmaðurinn sýnir slíka hæfni, þannig að prófdómari meti það fullnægjandi, við hæfni- eða færniprófið sem um getur í c-lið 2. mgr.

4. Þegar sýnt er með fullnægjandi hætti fram á hæfni á sviði hæfisbundinnar leiðsögu við hæfni- eða færniprófið, sem um getur í c-lið 2. mgr., skal það skráð í flugdagbók flugmannsins eða sambærilegu skjali og það undirritað af prófdómaranum sem framkvæmdi hæfni- eða færniprófið.

5. Flugmönnum, sem eru handhafar blindflugsáritunar en hafa ekki réttindi fyrir hæfisbundna leiðsögu, er eingöngu heimilt að fljúga á flugleiðum og framkvæma aðflug þar sem ekki er gerð krafa um réttindi fyrir hæfisbundna leiðsögu og ekki skal gerð krafa um þau réttindi við endurnýjun blindflugsáritunar þeirra fram til 25. ágúst 2020; eftir þann dag verður gerð krafa um réttindi fyrir hæfisbundna leiðsögu fyrir hverja blindflugsáritun.“

2) Eftirfarandi 5. mgr. bætist við 10. gr. a:

„5. Aðilar sem sjá um þjálfun flugmanna skulu tryggja að þjálfunarnámskeið þeirra fyrir blindflugsáritun feli í sér þjálfun til réttinda fyrir hæfisbundna leiðsögu, sem uppfyllir kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluta), eigi síðar en 25. ágúst 2020.“

3) Í stað 4. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að beita ekki ákvæðum þessarar reglugerðar fyrr en 8. apríl 2017 að því er varðar flugmenn með skírteini og tengd heilbrigðisvottorð, sem gefin eru út af þriðja landi sem tekur þátt í starfrækslu loftfara sem ekki er í ábataskyni og tilgreind eru í b- eða c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008. Aðildarríki skulu gera þessar ákvarðanir aðgengilegar öllum.“

4) Ákvæðum I. og VII. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 8. apríl 2016.

Ákvæði 1., 2. og 4. liðar 1. gr. gilda þó frá 25. ágúst 2018, að undanskildum g-lið 1. liðar í viðaukanum, sem gildir frá 8. apríl 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. apríl 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi skilgreiningar bætast við í FCL.010:

„„Blindaðflug miðað við aðflugshorn“ (e. *angular operation*): blindaðflug þar sem ásættanleg hámarksskekkja/-frávik frá fyrirhuguðum ferli eru gefin upp sem stefnubreyting nála á fráviksmælinum (e. *course deviation indicator*) eða jafngildu skjátæki í flugstjórnarklefanum.

„Blindaðflug miðað við línuleg frávik“ (e. *linear operation*): blindaðflug þar sem ásættanleg hámarksskekkja/-frávik frá fyrirhuguðum ferli eru gefin upp í lengdareiningum, t.d. sjómílum, fyrir frávik, hornrétt á flugleiðina (e. *cross-track lateral deviation*).

„LNAV“ : leiðsaga í láréttum fleti (e. *Lateral Navigation*).

„LPV“: nákvæmni miðlínugeisla með leiðsögu í lóðréttum fleti (e. *Localiser Performance with Vertical Guidance*).

„Hæfisbundin leiðsaga (PBN)“: svæðisleiðsaga sem byggir á kröfum um hæfni fyrir loftför, sem fljúga á flugþjónustuleið, í samræmi við blindaðflugsverklag eða í tilgreindu loftrými.

„RNP APCH“: forskrift fyrir hæfisbundna leiðsögu, sem notuð er við blindaðflugsaðgerðir (e. *Required Navigation Performance Approach*).

„Aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH) niður að lágmörkum leiðsögu í láréttum fleti (LNAV)”: tvívíð blindaðflugsaðgerð þar sem leiðsaga í láréttum fleti grundvallast á hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfi (GNSS).

„Aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH) niður að lágmörkum leiðsögu í láréttum/lóðréttum fleti (LNAV/VNAV)“: þrívíð blindaðflugsaðgerð þar sem leiðsaga í láréttum fleti grundvallast á hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfi (GNSS) og leiðsaga í lóðréttum fleti er veitt annaðhvort með leiðsögu í lóðréttum fleti miðað við loftþrýsting (Baro VNAV) eða hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfi (GNSS), þ.m.t. leiðréttingarkerfi um gervihnött (SBAS).

„Aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH) niður að LPV-lágmörkum”: þrívíð blindaðflugsaðgerð þar sem bæði leiðsaga í láréttum fleti og leiðsaga í lóðréttum fleti grundvallast á hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfi (GNSS), þ.m.t. leiðréttingarkerfi um gervihnött (SBAS).

„RNP AR APCH“: leiðsöguforskrift fyrir blindaðflugsaðgerðir sem krefjast sérstaks samþykkis (e. *Required Navigation Performance Authorization Required Approach*).

„Þrívíð (3D) blindaðflugsaðgerð“: blindaðflugsaðgerð þar sem bæði er notast við leiðsögu í láréttum fleti og leiðsögu í lóðréttum fleti.

„Tvívíð (2D) blindaðflugsaðgerð“: blindaðflugsaðgerð þar sem eingöngu er notast við leiðsögu í láréttum fleti.

„VNAV“ : leiðsaga í lóðréttum fleti (e. *Vertical Navigation*).“

b) Í stað FCL.600.IR komi eftirfarandi:

„Að undanskildu því sem kveðið er á um í FCL.825 má starfræksla flugvélar, þyrlu, loftskips eða vænghnitu, samkvæmt blindflugsreglum, einungis vera í höndum handhafa:

a) einkaflugmannsskírteinis (PPL), atvinnuflugmannsskírteinis (CPL), fjölstjórnarskírteinis (MPL) og atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (ATPL), og

b) blindflugsáritunar, sem er með réttindi sem henta fyrir viðeigandi loftrýmiskröfur og gerð loftfars, nema þegar viðkomandi tekur færnipróf eða hæfnipróf eða meðan fartími með kennara fer fram.“

c) Í stað a-liðar FCL.605.IR komi eftirfarandi:

„a) Réttindi handhafa blindflugsáritunar heimila honum að fljúga loftfari samkvæmt blindflugsreglum, þ.m.t. starfrækslu sem byggir á hæfisbundinni leiðsögu, með lágmarksákvörðunarhæð sem nemur a.m.k. 200 fetum (60 m).“

d) Í stað a-liðar FCL.700 komi eftirfarandi:

„a) Handhafar flugmannsskírteinis skulu ekki starfa með neinum hætti sem flugmenn loftfars nema þeir hafi gilda og viðeigandi flokks- eða tegundaráritun, nema í eftirfarandi tilvikum:

i. fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför (LAPL) svifflugmannsskírteini (SPL) og flugmannsskírteini fyrir loftbelgi (BPL),

ii. þeir séu að taka færnipróf eða hæfnipróf vegna endurnýjunar flokks- eða tegundaráritana,

iii. við flugkennslu,

iv. þeir séu handhafar reynsluflugsáritunar, sem gefin er út í samræmi við FCL.820.“

e) Ákvæði c-liðar FCL.700 falli brott.

f) Í stað 3. liðar c-liðar í FCL.820 komi eftirfarandi:

„3) starfrækja flug án tegundar- eða flokksáritunar, eins og skilgreint er í H-kafla, þó má ekki nota reynsluflugsáritunina fyrir flutningaflug.“

g) Í stað 2. liðar í 5. viðbæti komi eftirfarandi:

„2. Samþykki fyrir námskeið vegna fjölstjórnarskírteinis skal aðeins veitt samþykktu þjálfunarfyrirtæki sem heyrir undir flugrekanda í flutningaflugi, sem er með skírteini samkvæmt ORO-hluta eða sem hefur sérstakt fyrirkomulag við slíkan flugrekanda.“

h) Ákvæðum 7. viðbætis er breytt sem hér segir:

i. Í stað 1. liðar komi eftirfarandi:

„1. Umsækjandi um blindflugsáritun skal hafa fengið flugkennslu í sama flokki eða tegund loftfars og nota á við prófið sem skal búið viðeigandi tækjabúnaði að því er þjálfun og prófun varðar.“

ii. Í stað 11. liðar komi eftirfarandi:

„11. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þess loftfars sem notað er:

Hæð	
Almennt	± 100 fet
Hætt við lendingu í ákvörðunarhæð/-flughæð	+50 fet/–0 fet
Lágmarkslækkunarhæð/fráflugspunktur (MAP)/flughæð	+50 fet/–0 fet
Ferli haldið	
með aðflugstækjum	±5°
fyrir frávik frá aðflugshorni (e. *angular deviations*)	hálft frávik á skala, áttarhorn og hallageisli (t.d. nákvæmni miðlínugeisla með leiðsögu í lóðréttum fleti (LPV), blindlendingarkerfi (ILS), örbylgjulendingarkerfi (MLS), lendingarkerfi með gervihnattaleiðsögukerfi (GLS)
Tvívíð (LNAV) og þrívíð (LNAV/VNAV) „línuleg“ lárétt frávik	hornrétt skekkja/frávik ætti að öllu jöfnu að takmarkast við ±½ af úthlutuðu RNP-gildi fyrir aðferðina. Stutt frávik frá þessum staðli, sem nemur að hámarki 1 sinnum RNP-gildið, eru leyfileg.
Þrívíð línuleg, lóðrétt frávik (t.d. RNP APCH (LNAV/VNAV)) við notkun leiðsögu í lóðréttum fleti miðað við loftþrýsting (Baro VNAV))	að hámarki –75 fet undir lóðréttu sniði á hverjum tíma og að hámarki +75 fet yfir lóðréttu sniði í eða undir 1000 fetum yfir flugvelli.

Nefstefna

allir hreyflar virkir	±5°
líkt eftir hreyfilbilun	±10°

Hraði

allir hreyflar virkir	±5 hnútar
líkt eftir hreyfilbilun	+10 hnútar/–5 hnútar

EFNI PRÓFSINS

Flugvélar

1. HLUTI — AÐGERÐIR FYRIR FLUG OG BROTTFLUG Notkun gátlista, flugmennska, ísingarvarnir/afísingaraðgerðir, o.s.frv., eiga við í öllum hlutunum	
a	Notkun flughandbókar (eða samsvarandi bókar) einkum við útreikning á afkastagetu, massa og jafnvægi loftfars
b	Notkun skjala flugumferðarþjónustu og veðurþjónustu
c	Undirbúningur flugáætlunar fyrir flugumferðarstjórn og flugáætlunar/leiðarflugbókar fyrir blindflug
d	Auðkenna tilskilin leiðsöguvirki fyrir brottflug, komuflug og aðflug
e	Fyrirflugsskoðun
f	Lágmarksveðurskilyrði
g	Akstur
h	Brottflug sem byggir á hæfisbundinni leiðsögu (ef við á): — athuga hvort réttu verklagi hafi verið hlaðið inn í leiðsögukerfið, og — milligáta upplýsingar frá skjá leiðsögukerfis við brottflugskortið.
i	Kynning fyrir flugtak, flugtak
j (°)	Skipt yfir í blindflug
k (°)	Verklagsreglur um blindbrottflug, þ.m.t. brottflug með hæfisbundinni leiðsögu, og stilling hæðarmælis
l (°)	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
2. HLUTI — ALMENN STJÓRNUN(°)	
a	Stjórn flugvélarinnar eingöngu eftir mælitækjum, þar á meðal lárétt flug á mismunandi hraða, stilling stýra
b	Klifurbeygjur og lækkunarbeygjur með stöðugri 1. stigs beygju
c	Komist úr óvenjulegri stöðu, þar á meðal viðvarandi beygjum með 45° halla og bröttum lækkunarbeygjum.

d (*)	Komist hjá yfirvofandi ofrisi í láréttu flugi eða klifurbeygjum/lækkunarbeygjum og í lendingarham — gildir aðeins fyrir flugvélar
e	Bilaðir mælar, stöðugt klifur eða lækkun með 1. stigs beygju í gefna nefstefnu, komist úr óvenjulegri stöðu — gildir aðeins fyrir flugvélar
3. HLUTI — VERKLAGSREGLUR Í BLINDFLUGI Á FLUGLEIÐ(°)	
a	Ferli haldið og komist á feril, t.d. að/frá hringvita (NDB), fjölstefnuvita (VOR) eða ferill milli varða (e. *waypoints*)
b	Notkun leiðsögukerfa og aðflugstækja
c	Lárétt flug, stjórnun nefstefnu, flughæðar og flughraða, stilling afls, aðferðir við stillingu stýra
d	Stilling hæðarmælis
e	Tímasetning og leiðrétting áætlaðs komutíma (ETA) (biðflug – ef þörf krefur)
f	Fylgst með framvindu flugs, leiðarflugbók, eldsneytisnotkun, stjórnun kerfa
g	Verklag við ísingarvörn, eftirlíkt, ef þörf krefur
h	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
HLUTI 3a — VERKLAGSREGLUR VIÐ KOMU	
a	Stilling og prófun leiðsöguvirkja, ef við á
b	Verklag við komu, prófun hæðarmælis
c	Hæðar- og hraðatakmarkanir, ef við á
d	Komuflug með hæfisbundinni leiðsögu (ef við á): — athuga hvort réttu verklagi hafi verið hlaðið inn í leiðsögukerfið, og — milligáta upplýsingar frá skjá leiðsögukerfis við komuflugskort.
4. HLUTI (°) — ÞRÍVÍÐ BLINDAÐFLUGSAÐGERÐ (++)	
a	Stilling og prófun leiðsöguvirkja Athugun á lóðréttu flugslóðarhorni (e. *vertical path angle*) Fyrir aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH): — athuga hvort réttu verklagi hafi verið hlaðið inn í leiðsögukerfið, og — milligáta upplýsingar frá skjá leiðsögukerfis og aðflugskorts.
b	Aðflugs- og lendingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/lendingargátlistar, þ.m.t. auðkenning á búnaði
c (+)	Verklagsreglur við biðflug

d	Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt
e	Tímasetning aðflugs
f	Stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu (stöðugt aðflug)
g (+)	Hætt við lendingu
h (+)	Verklagsreglur við fráflug/lendingu
i	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklagsreglur við talfjarskipti
5. HLUTI (°) — TVÍVÍÐ BLINDAÐFLUGSAÐGERÐ (++)	
a	Stilling og prófun leiðsöguvirkja Fyrir aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH): — athuga hvort réttu verklagi hafi verið hlaðið inn í leiðsögukerfið, og — milligáta upplýsingar frá skjá leiðsögukerfis og aðflugskorts.
b	Aðflugs- og lendingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/lendingargátlistar, þ.m.t. auðkenning á búnaði
c (+)	Verklagsreglur við biðflug
d	Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt
e	Tímasetning aðflugs
f	Stjórnun flughæðar/fjarlægðar að fráflugspunkti (MAPt), hraða og stefnu (stöðugt aðflug), stigbundin lækkun (e. *stepdown fixes*), ef við á
g (+)	Hætt við lendingu
h (+)	Verklagsreglur við fráflug/lendingu
i	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklagsreglur við talfjarskipti
6. HLUTI — FLUG MEÐ EINN HREYFIL ÓSTARFHÆFAN (á eingöngu við um fjölhreyfla flugvélar)(°)	
a	Eftirlíkt hreyfilbilun eftir flugtak eða þegar hætt er við lendingu
b	Aðflug, hætt við lendingu og fráflug samkvæmt verklagsreglum með einn hreyfil óstarfhæfan
c	Aðflug og lending með einn hreyfil óstarfhæfan
d	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti

(°) Verður að framkvæma eingöngu út frá mælitækjum.

(*) Má framkvæma í flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II.

(+) Má framkvæma í annaðhvort 5. eða 6. hluta.

(++) Til að koma á eða viðhalda réttindum fyrir hæfisbundna leiðsögu skal fara eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH). Ef ekki er hægt að framkvæma aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu skal aðflugið framkvæmt í viðeigandi flughermisþjálfa.

Þyrlur

1. HLUTI — BROTTFLUG Notkun gátlista, flugmennska, ísingarvarnir/afísingaraðgerðir, o.s.frv., eiga við í öllum hlutunum	
a	Notkun flughandbókar (eða samsvarandi bókar) einkum við útreikning á afkastagetu, massa og jafnvægi loftfars
b	Notkun skjala flugumferðarþjónustu og veðurþjónustu
c	Undirbúningur flugáætlunar fyrir flugumferðarstjórn og flugáætlunar/leiðarflugbókar fyrir blindflug
d	Auðkenna tilskilin leiðsöguvirki fyrir brottflug, komuflug og aðflug
e	Fyrirflugsskoðun
f	Lágmarksveðurskilyrði
g	Akstur/loftakstur samkvæmt fyrirmælum flugumferðarstjórnar eða kennara
h	Brottflug sem byggir á hæfisbundinni leiðsögu (ef við á): — athuga hvort réttu verklagi hafi verið hlaðið inn í leiðsögukerfið, og — milligáta upplýsingar frá skjá leiðsögukerfis við brottflugskortið.
i	Kynning fyrir flugtak, verklagsreglur og prófanir
j	Skipt yfir í blindflug
k	Verklagsreglur um blindbrottflug, þ.m.t. verklagsreglur um hæfisbundna leiðsögu
2. HLUTI — ALMENN STJÓRNUN	
a	Stjórnun þyrlunnar eingöngu eftir mælitækjum, þar á meðal:
b	Klifurbeygjur og lækkunarbeygjur með stöðugri 1. stigs beygju
c	Komist úr óvenjulegri stöðu, þar á meðal viðvarandi beygjum með 30° halla og bröttum lækkunarbeygjum.
3. HLUTI — VERKLAG Á FLUGLEIÐ SAMKVÆMT BLINDFLUGSREGLUM	
a	Ferli haldið og komist á feril, t.d. NDB, VOR og RNAV
b	Notkun leiðsögutækja
c	Lárétt flug, stjórnun nefstefnu, hæðar og flughraða, stilling afls
d	Stilling hæðarmælis
e	Tímasetning og leiðrétting áætlaðs komutíma

f	Fylgst með framvindu flugs, leiðarflugbók, eldsneytisnotkun, stjórnun kerfis
g	Verklagsreglur við ísingarvörn, eftirlíkt ef þörf krefur og ef við á
h	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
HLUTI 3a — VERKLAG VIÐ KOMU	
a	Stilling og prófun leiðsöguvirkja, ef við á
b	Verklag við komu, prófun hæðarmælis
c	Hæðar- og hraðatakmarkanir, ef við á
d	Komuflug með hæfisbundinni leiðsögu (ef við á) — athuga hvort réttu verklagi hafi verið hlaðið inn í leiðsögukerfið, og — milligáta upplýsingar frá skjá leiðsögukerfis við komuflugskort.
4. HLUTI — ÞRÍVÍÐ BLINDAÐFLUGSAÐGERÐ (+)	
a	Stilling og prófun leiðsöguvirkja Athugun á lóðréttu flugslóðarhorni fyrir aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH): a) athuga hvort réttu verklagi hafi verið hlaðið inn í leiðsögukerfið, og b) milligáta upplýsingar frá skjá leiðsögukerfis og aðflugskorts.
b	Aðflugs- og lendingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/lendingargátlistar
c (*)	Verklagsreglur við biðflug
d	Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt
e	Tímasetning aðflugs
f	Stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu (stöðugt aðflug)
g (*)	Hætt við lendingu
h (*)	Verklagsreglur við fráflug/lendingu
i	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
5. HLUTI — TVÍVÍÐ BLINDAÐFLUGSAÐGERÐ (+)	
a	Stilling og prófun leiðsöguvirkja Fyrir aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH): — athuga hvort réttu verklagi hafi verið hlaðið inn í leiðsögukerfið, og — milligáta upplýsingar frá skjá leiðsögukerfis og aðflugskorts.

b	Aðflugs- og lendingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/lendingargátlistar og auðkenning búnaðar
c (*)	Verklagreglur við biðflug
d	Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt
e	Tímasetning aðflugs
f	Stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu (stöðugt aðflug)
g (*)	Hætt við lendingu
h (*)	Verklagsreglur við fráflug (*)/lendingu
i	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti

6. HLUTI — VERKLAGSREGLUR VIÐ ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG Í NEYÐARTILVIKUM

Þennan hluta má tengja 1.-5. hluta Við prófið skal lögð áhersla á stjórnun þyrlunnar, greiningu bilaðs hreyfils, fyrstu viðbrögð, (snertiæfingar), framhaldsaðgerðir og gátun og nákvæmni á flugi við eftirtaldar aðstæður:

a	Eftirlíkt hreyfibilun eftir flugtak og í aðflugi (í öruggri hæð nema notaður sé flughermir með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfi II/III eða flugþjálfunartæki 2,3)
b	Bilun í stöðugleikakerfi/vökvakerfi (ef við á)
c	Takmörkuð mælitæki
d	Sjálfsnúningur þyrils og komist aftur í fyrirfram ákveðna hæð
e	Þrívíð blindaðflugsaðgerð, handvirkt án flugbeinis Þrívíð blindaðflugsaðgerð, handvirkt með flugbeini“.

(+) Til að koma á eða viðhalda réttindum fyrir hæfisbundna leiðsögu skal fara eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH). Ef ekki er hægt að framkvæma aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu skal aðflugið framkvæmt í viðeigandi flughermisþjálfa.

(*) Skal framkvæmt í 4. eða 5. hluta.

(**) Á eingöngu við um fjölhreyfla þyrlu.

(***) Aðeins skal prófa í öðru hvoru atriðinu.“

i) Ákvæðum 8. viðbætis er breytt sem hér segir:

i. Í stað neðanmálsgreinar við töfluna í A-þætti komi eftirfarandi:

„(*) Að því tilskildu að á síðustu 12 mánuðum hafi umsækjandinn flogið a.m.k. þrjú blindbrottflug og -aðflug og neytt réttinda fyrir hæfisbundna leiðsögu, þ.m.t. eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH) á flugvél í einstjórnarflokki eða -tegund flugvélar í einstjórnarstarfrækslu, eða, hvað varðar fjölhreyfla flugvélar aðrar en flóknar flugvélar með mikla afkastagetu, að umsækjandinn hafi staðist 6. hluta færniprófsins fyrir einstjórnarflugvélar aðrar en flóknar flugvélar með mikilli afkastagetu, sem flogið er eingöngu út frá mælitækjum í einstjórnarumhverfi.“

ii. Í stað neðanmálsgreinar við töfluna í B-þætti komi eftirfarandi:

„(*) Að því tilskildu að á síðustu 12 mánuðum hafi umsækjandinn flogið a.m.k. þrjú blindbrottflug og -aðflug og neytt réttinda fyrir hæfisbundna leiðsögu, þ.m.t. eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH)(t.a.m. aðflug samkvæmt viðmiðunarhniti (e. *point in space approach*), á einstjórnarþyrlu í einstjórnarstarfrækslu.“

j) Ákvæðum 9. viðbætis er breytt sem hér segir:

i. Í stað 4. liðar í B-þætti komi eftirfarandi:

„4. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þeirrar flugvélar sem notuð er:

Hæð	
Almennt	± 100 fet
Hætt við lendingu í ákvörðunarhæð	+50 fet/–0 fet
Lágmarkslækkunarhæð/-flughæð	+50 fet/–0 fet
Ferli haldið	
eftir leiðsögutækjum	±5°
Fyrir frávik frá aðflugshorni	hálft frávik á skala, áttarhorn og hallageisli (t.d. LPV, ILS, MLS, GLS).
Tvívíð (LNAV) og þrívíð (LNAV/VNAV) „línuleg“ frávik	Hornrétt skekkja/frávik ætti að öllu jöfnu að takmarkast við ±½ af úthlutuðu RNP-gildi fyrir aðferðina. Stutt frávik frá þessum staðli, sem nemur að hámarki 1 sinnum RNP-gildið, eru leyfileg.
Þrívíð línuleg, lóðrétt frávik (t.d. RNP APCH (LNAV/VNAV)) við notkun leiðsögu í lóðréttum fleti miðað við loftþrýsting (Baro VNAV))	að hámarki –75 fet undir lóðréttu sniði á hverjum tíma og að hámarki +75 fet yfir lóðréttu sniði í eða undir 1000 fetum yfir flugvelli.
Nefstefna	
allir hreyflar virkir	±5°
líkt eftir hreyfilbilun	±10°
Hraði	
allir hreyflar virkir	± 5 hnútar
líkt eftir hreyfilbilun	+10 hnútar/–5 hnútar“.

ii. Eftirfarandi h-liður bætist við 5. lið í B-þætti:

„h) Til að koma á eða viðhalda réttindum fyrir hæfisbundna leiðsögu skal fara eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH). Ef ekki er hægt að framkvæma aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu skal aðflugið framkvæmt í viðeigandi flughermisþjálfa.“

iii. Í staðinn fyrir raðir 3B.4 og 3B.5 í töflunni 5. lið í B-þætti komi eftirfarandi:

„3B.4*	Þrívíddar blindaðflug að ákvörðunarhæð/-flughæð(DH/A) 200 fet (60 m) eða að hærri lágmörkum ef aðflugsverklagið krefst þess (nota má sjálfstýringu þar til komið er á mótum lokakafla í blindaðflugi og lóðréttrar flugslóðar (e. *vertical path intercept*))		P—>	——>		M	
3B.5*	Tvívítt blindaðflug að lágmarkslækkunarhæð/-flughæð(MDH/A)		P—>	——>		M“	

iv. Eftirfarandi j-liður bætist við 6. lið í B-þætti:

„j) Til að koma á eða viðhalda réttindum fyrir hæfisbundna leiðsögu skal fara eitt aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu (RNP APCH). Ef ekki er hægt að framkvæma aðflug við tilskilda nákvæmni í flugleiðsögu skal aðflugið framkvæmt í viðeigandi flughermisþjálfa.“

v. Í staðinn fyrir röð 3.9.3 í töflunni 6. lið í B-þætti komi eftirfarandi:

„3.9.3*	Flogið þrívíddar blindflugi að ákvörðunarhæð/-flughæð (DH/A) 200 fet (60 m) eða að hærri lágmörkum ef aðflugsverklagið krefst þess							
Athugasemd: Samkvæmt flughandbókinni getur þurft að nota sjálfstýringu eða flugbeini við aðflug tilskildrar nákvæmni í flugleiðsögu. Aðferðin við aðflugið, sem er flogið handvirkt, skal valin með tilliti til slíkra takmarkana (t.d. velja blindlendingarkerfi (ILS) fyrir lið 3.9.3.1 ef mælt er fyrir um slíkar takmarkanir í flughandbókinni).“								

vi. Í staðinn fyrir raðir 3.9.3.4 og 3.9.4 í töflunni í 6. lið í B-þætti komi eftirfarandi:

„3.9.3.4*	handflogið, líkt eftir einum hreyfli óvirkum, líkja verður eftir hreyfilbilun í lokaaðflugi áður en farið er yfir 1000 fet yfir flugvelli til snertipunkts eða í öllu fráfluginu. Í flugvélum sem eru ekki skráðar í flutningaflokki (JAR/FAR 25) eða mjötluflokki (SFAR 23), skal aðflug með eftirlíktri hreyfilbilun hafið, og í framhaldi af því hætt við lendingu, í tengslum við grunnaðflugið eins og lýst er í 3.9.4. Hætt skal við lendingu þegar náð er útgefinni hæð sem veitir lausn frá hindrun (OCH/A), þó ekki síðar en náð er lágmarkslækkunarhæð/-flughæð (MDH/A) sem nemur 500 fetum yfir þröskuldi flugbrautar. Í flugvélum sem hafa sams konar afkastagetu og flugvél í flutningaflokki hvað varðar flugtaksmassa og loftþéttnihæð má kennarinn líkja eftir hreyfilbilun í samræmi við lið 3.9.3.4.			P—>	—>		M	
3.9.4*	Tvívítt blindaðflug niður að lágmarkslækkunarhæð/-flughæð			P*—>	—>		M“	

vii. Í staðinn fyrir röð 4.1 í töflunni í 6. lið í B-þætti komi eftirfarandi:

„4.1	Hætt við lendingu með alla hreyfla virka* þegar ákvörðunarhæð er náð við þrívíddar aðflug			P*—>	—>“			

viii. Í staðinn fyrir röð 5.1 í töflunni í 6. lið í B-þætti komi eftirfarandi:

„5.1	Venjulegar lendingar*, þegar kennileiti sjást í ákvörðunarflughæð/-hæð eftir blindaðflugsaðgerð			P“				

ix. Í stað orðsins „Blindlendingaraðflug“ í röð 6.2 í töflunni í 6. lið í B-þætti komi „Aðflug skv. II./III. flokki“,

x. Í stað a-liðar 4. liðar í C-þætti komi eftirfarandi:

„a) Takmarkanir í flugi eftir blindflugsreglum.

Hæð	
Almennt	± 100 fet
Hætt við lendingu í ákvörðunarhæð/-flughæð	+50 fet/–0 fet
Lágmarkslækkunarhæð/-flughæð	+50 fet/–0 fet
Ferli haldið	
eftir leiðsögutækjum	±5°
Þrívíð frávik frá aðflugshorni	hálft frávik á skala, áttarhorn og hallageisli (t.d. LPV, ILS, MLS, GLS).
Tvívíð (LNAV) og þrívíð (LNAV/VNAV) „línuleg“ lóðrétt frávik:	Hornrétt skekkja/frávik ætti að öllu jöfnu að takmarkast við ±½ af úthlutuðu RNP-gildi fyrir aðferðina. Stutt frávik frá þessum staðli, sem nemur að hámarki 1 sinnum RNP-gildið, eru leyfileg.
Þrívíð línuleg, lóðrétt frávik (t.d. RNP APCH (LNAV/VNAV)) við notkun leiðsögu í lóðréttum fleti miðað við loftþrýsting (Baro VNAV)):	að hámarki –75 fet undir lóðréttu sniði á hverjum tíma og að hámarki +75 fet yfir lóðréttu sniði í eða undir 1000 fetum yfir flugvelli.
Nefstefna	
Eðlileg starfræksla	±5°
Óeðlileg starfræksla/neyðarástand	±10°
Hraði	
Almennt	± 10 hnútar
Líkt eftir hreyfilbilun	+10 hnútar/–5 hnútar“.

xi. Í staðinn fyrir raðir 5.4, 5.4.1 og 5.4.2 í töflunni í 12. lið í C-þætti komi eftirfarandi:

„5.4	Flogið þrívíddar blindflugi að ákvörðunarhæð/-flughæð (DH/A) 200 fet (60 m) eða að hærri lágmörkum ef aðflugsverklagið krefst þess	P*	—>*	—>*			
5.4.1	Handflogið, án flugbeinis Athugasemd: Samkvæmt flughandbókinni getur þurft að nota sjálfstýringu eða flugbeini við aðflug tilskildrar nákvæmni í flugleiðsögu. Aðferðin við aðflugið, sem skal flogið handvirkt, skal valin með tilliti til slíkra takmarkana (t.d. velja blindlendingarkerfi (ILS) fyrir lið 5.4.1 ef mælt er fyrir um slíkar takmarkanir í flughandbókinni).	P*	—>*	—>*		M*	
5.4.2	Handflogið, með flugbeini	P*	—>*	—>*		M*“	

xii. Í staðinn fyrir raðir 5.4.4 og 5.5 í töflunni í 12. lið í C-þætti komi eftirfarandi

„5.4.4	Handflogið, líkt eftir einum hreyfli óvirkum, líkja verður eftir hreyfilbilun í lokaaðflugi áður en farið er yfir 1000 fet yfir flugvelli til snertipunkts eða í öllu fráfluginu	P*	—>*	—>*		M*	
5.5	Tvívítt blindaðflug niður að lágmarkslækkunarhæð/-flughæð (MDA/H)	P*	—>*	—>*		M*”	

2) Í stað a-liðar ORA.ATO.135 í VII. viðauka komi eftirfarandi:

„a) Samþykkta þjálfunarfyrirtækið skal hafa nægilega stóran flota af loftförum til þjálfunar eða flughermisþjálfum sem skulu búnir tækjabúnaði sem hentar þeim þjálfunarnámskeiðum sem í boði eru.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1605 **2016/EES/52/38**

frá 12. júní 2015

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1569/2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla sem útgefendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB ([1]), einkum fyrstu undirgrein 3. mgr. 20. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB ([2]), einkum fjórðu undirgrein 4. mgr. 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvæðum 4. mgr. 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB er þess krafist að framkvæmdastjórnin komi á kerfi til að tryggja jafngildi upplýsinga sem krafist er samkvæmt þeirri tilskipun. Þess er krafist að framkvæmdastjórnin samþykki ráðstafanir til að koma á fót almennum jafngildisviðmiðunum varðandi reikningsskilastaðla sem varða útgefendur í fleiri en einu landi. Í ákvæðum 4. mgr. 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB er þess einnig krafist að framkvæmdastjórnin taki ákvarðanir í tengslum við jafngildi reikningsskilastaðla, sem útgefendur í þriðja landi nota, og gerir framkvæmdastjórninni kleift að heimila notkun reikningsskilastaðla þriðja lands í hæfilega langan aðlögunartíma. Þegar höfð er í huga náin samtenging upplýsinganna, sem krafist er samkvæmt tilskipun 2004/109/EB og upplýsinganna, sem krafist er samkvæmt tilskipun 2003/71/EB, er rétt að sömu viðmiðanir fyrir ákvörðun jafngildis gildi fyrir báðar þessar tilskipanir.

2) Til samræmis við það er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 ([3]) mælt fyrir um skilyrði fyrir samþykki reikningsskilastaðla þriðja lands í takmarkaðan tíma til 31. desember 2014.

3) Framkvæmdastjórnin lagði mat á gagnsemi og virkni jafngildisaðferðarinnar í takmarkaðan tíma og komst að þeirri niðurstöðu að hún skyldi framlengd til 31. mars 2016. Þar sem fresturinn sem framkvæmdastjórnin setti varðandi skilyrðin fyrir ákvörðun á jafngildi góðra reikningsskilavenja (GAAP) í þriðju löndum rann út 31. desember 2014, ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2015 og öðlast gildi án tafar. Þetta er nauðsynlegt til að skapa réttarvissu fyrir útgefendur frá viðkomandi þriðju löndum, sem skráðir eru á markað í Sambandinu, og komast hjá þeirri áhættu að þeir gætu þurft að samræma reikningsskil sín alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS). Með því að kveða á um afturvirkni er mögulegri viðbótarbyrði létt af hlutaðeigandi útgefendum.

4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1569/2007 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1569/2007 er breytt sem hér segir:

a) í 1 mgr. 4. gr. komi dagsetningin 31. mars 2016 í stað 31. desember 2014,

b) í a-lið 1. mgr. 4. gr. komi dagsetningin 31. mars 2016 í stað 31. desember 2014,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 249, 25.9.2015, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64.

([2]) Stjtíð. ESB L 390, 31.10.2004, bls. 38.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 frá 21. desember 2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla sem útgefendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB (Stjtíð. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 66).

c) í i. lið a-liðar 1.mgr. 4. gr. komi dagsetningin 31. mars 2016 í stað 31. desember 2014,

d) í b-lið 1.mgr. 4. gr. komi dagsetningin 31. mars 2016 í stað 31. desember 2014.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/583 2016/EES/52/39

frá 15. apríl 2016

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1332/2011 um sameiginlegar kröfur um notkun loftrýmis og verklagsreglur fyrir árekstravara í flugi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 5. mgr. 8. gr. og 4. mgr. 9. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1332/2011([2]) er þess krafist að flugvélar, knúnar hverfihreyflum, sem eru með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er meiri en 5700 kg eða sem hafa heimild til að flytja fleiri en 19 farþega, séu búnar nýrri útgáfu hugbúnaðar, útgáfu 7.1, fyrir árekstrarvarakerfi í flugi II (ACAS II) til að forðast árekstur í lofti. Þessi krafa gildir einnig um flugrekendur tiltekinna flugvéla sem eru skráðar í þriðja landi.

2) Í reglugerð (ESB) nr. 1332/2011 er þess einnig krafist að flugrekendur í Sambandinu, sem falla undir reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3992/91([3]), setji upp nýja útgáfu hugbúnaðar, útgáfu 7.1, fyrir ACAS II í flugvélar sínar. Þetta ákvæði er hins vegar úrelt þar sem reglugerð (EBE) nr. 3922/91 gildir ekki lengur um þessa flugrekendur vegna þess að III. viðauki hennar hefur verið felldur brott. Þess í stað gildir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012([4]) nú um þessa flugrekendur og inniheldur nauðsynlegar reglur í þessu samhengi. Því ætti að fella brott úrelt ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 1332/2011.

3) Í reglugerð (ESB) nr. 1332/2011 er að finna reglur um verklagsreglur sem gilda við aðstæður þar sem ACAS II-búnaðurinn gefur flugliðum ráðleggingu þar sem mælt er með flugbragði til að tryggja aðskilnað flugvélarinnar frá allri ógn eða til að viðhalda þeim aðskilnaði sem fyrir er (ráðleggingar). Þar sem þessar reglur eru mikilvægar með tilliti til öryggis bæði fyrir flugmenn og flugumferðastjóra, einkum að því er varðar skilflötinn milli þeirra, væri best að fjalla heldur um þær í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012([5]). Því ætti að fella reglurnar varðandi slíkar verklagsreglur brott úr reglugerð (ESB) nr. 1332/2011.

4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 1332/2011 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti ([6]) Flugöryggisstofnunar Evrópu í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 101, 16.4.2016, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1332/2011 frá 16. desember 2011 um sameiginlegar kröfur um notkun loftrýmis og verklagsreglur fyrir árekstravara í flugi (Stjtíð. ESB L 336, 20.12.2011, bls. 20).

([3]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála (Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtíð. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).

([6]) Álit Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 04/2014 frá 16. desember 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu (SERA C-hluti)

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1332/2011 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 4. gr. falli brott.

2) Í stað 2. og 3. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„2. Ákvæði 3. gr. skulu koma til framkvæmda frá og með 1. mars 2012.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. gilda ákvæði 3. gr. frá og með 1. desember 2015 fyrir loftför með sérstakt lofthæfivottorð sem gefið er út fyrir 1. mars 2012.“

3) Í stað viðaukans komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. ágúst 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. apríl 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Árekstrarvarakerfi í flugi (ACAS) II

(ACAS-hluti)

AUR.ACAS.1005 Kröfur um afkastagetu

1) Eftirfarandi flugvélar, knúnar hverfihreyflum, skulu búnar árekstrarvaravirkni útgáfu 7.1 af ACAS II:

   a) flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 5700 kg,

   b) flugvélar sem hafa heimild til að flytja fleiri en 19 farþega.

2) Loftför, sem ekki er getið um í 1. lið og sem eru búin ACAS II að eigin frumkvæði, skulu vera með árekstrarvaravirkni af útgáfu 7.1.

3) Ákvæði 1. liðar gilda ekki um ómönnuð loftfarskerfi.

AUR.ACAS.1010 Þjálfun í notkun ACAS II-búnaðar

Flugrekendur skulu koma á verklagsreglum fyrir ACAS II og þjálfunaráætlanir skulu þannig útfærðar að flugliðar fái fullnægjandi þjálfun í að forðast árekstra og verði hæfir til að nota ACAS II-búnaðinn.“

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/90/ESB **2016/EES/52/40**

frá 23. júlí 2014

um búnað um borð í skipum og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hnattrænt eðli sjóflutninga kallar á að Sambandið beiti alþjóðlegum regluramma um siglingaöryggi og styðji við hann. Samkvæmt alþjóðasamningum um siglingaöryggi eiga fánaríki að tryggja að búnaður um borð í skipum uppfylli tilteknar öryggiskröfur að því er varðar hönnun, smíði og nothæfi sem og að gefa út viðeigandi skírteini. Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) og alþjóðlegar og evrópskar staðlastofnanir hafa í þessu skyni samið ítarlega nothæfis- og prófunarstaðla fyrir tilteknar gerðir búnaðar um borð í skipum.

2) Alþjóðlegir gerningar veita fánayfirvöldum umtalsvert ákvörðunarsvigrúm. Þegar samræmingu skortir hefur það í för með sér að öryggi búnaðarins, sem lögbær landsyfirvöld hafa vottað að uppfylli kröfur þessara samninga og staðla, er mismunandi og það af leiðandi hefur það áhrif á snurðulausa starfsemi innri markaðarins þar sem erfitt verður fyrir aðildarríkin að samþykkja, án frekari sannprófana, að búnaði, sem önnur aðildarríki hafa viðurkennt, sé komið fyrir í skipum sem sigla undir fána þeirra.

3) Þessi vandamál má leysa með samræmingu á vettvangi Sambandsins. Í tilskipun ráðsins 96/98/EB ([3]) er þannig mælt fyrir um sameiginlegar reglur til að koma í veg fyrir að alþjóðlegum stöðlum sé beitt með mismunandi hætti með því að nota skýrt skilgreindar kröfur og samræmdar vottunaraðferðir.

4) Ýmsir aðrir gerningar í löggjöf Sambandsins, þar sem m.a. er mælt fyrir um kröfur og skilyrði til að tryggja frjálsa vöruflutninga á innri markaðinum eða umhverfisvernd, að því er varðar tilteknar vörur sem eru af svipuðum toga og búnaður um borð í skipum en uppfylla ekki alþjóðlega staðla, kunna

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 146. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2016 frá 26. ágúst 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 161, 6.6.2013, bls. 93.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 15. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 23. júlí 2014.

([3]) Tilskipun ráðsins 96/98/EB frá 20. desember 1996 um búnað um borð í skipum (Stjtíð. EB L 46, 17.2.1997, bls. 25).

að vera töluvert frábrugðnir innri löggjöf Sambandsins og eru í stöðugri þróun. Aðildarríkin geta því ekki vottað þessar vörur í samræmi við viðeigandi alþjóðasamninga um siglingaöryggi. Búnaður, sem koma á fyrir um borð í ESB-skipum í samræmi við alþjóðlegar öryggiskröfur, ætti því eingöngu að falla undir reglur þessarar tilskipunar, sem ætti við hvers konar aðstæður að teljast til sérlaga (*lex specialis*). Enn fremur ætti að ákvarða sérstaka merkingu sem gefur til kynna að búnaður, sem ber þetta merki, uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í viðeigandi alþjóðasamningum og -gerningum, sem hafa öðlast gildi.

5) Í alþjóðlegum gerningum er ekki einungis mælt fyrir um ítarlega nothæfis- og prófunarstaðla fyrir búnað um borð í skipum heldur gera þeir stundum kleift að gera ráðstafanir sem víkja frá forskriftum en sem henta til þess að fullnægja tilgangi þessara forskrifta við tiltekin skilyrði. Í samningnum um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS) frá 1974 er heimiluð önnur hönnun og fyrirkomulag sem einstök aðildarríki mega nota á eigin ábyrgð.

6) Reynslan af framkvæmd tilskipunar 96/98/EB hefur sýnt að nauðsynlegt er að gera viðbótarráðstafanir til að styrkja framkvæmdar- og framfylgdarkerfin í þeirri tilskipun og einfalda lagaumhverfið ásamt því að tryggja að kröfum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar sé beitt og þær framkvæmdar með samræmdum hætti í öllu Sambandinu.

7) Því ætti að setja kröfur um að búnaður um borð í skipum uppfylli öryggisstaðlana, sem mælt er fyrir um í viðeigandi alþjóðlegum gerningum, þ.m.t. viðeigandi prófunarstaðla, til að tryggja að mögulegt sé að dreifa búnaði, sem uppfyllir þessar kröfur, óhindrað á innri markaðnum og koma honum fyrir um borð í skipum sem sigla undir fána hvaða aðildarríkis sem er.

8) Til að gefa færi á sanngjarnri samkeppni í tengslum við þróun á búnaði um borð í skipum ætti að leitast við að efla notkun opinna staðla í því skyni að gera þá fáanlega án endurgjalds eða fyrir lágmarksgjald og ætti að vera leyfilegt að afrita þá, dreifa þeim og nota þá endurgjaldslaust eða gegn lágmarksgjaldi.

9) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB ([4]) er mælt fyrir um sameiginlegar meginreglur og viðmiðunarákvæði sem á að beita í löggjöf sem bundin er við tiltekna geira til að fá samræmdan grunn að endurskoðun eða endurútgáfu þeirrar löggjafar. Ákvörðunin myndar almennan ramma, sem hefur þverlæg áhrif, um framtíðarlöggjöf þar sem skilyrðin fyrir markaðssetningu á vörum eru samhæfð og er einnig uppsláttarrit að því er varðar gildandi löggjöf. Innan þessa almenna ramma er að finna viðeigandi lausnir á vandamálum sem greinst hafa við framkvæmd tilskipunar 96/98/EB. Því er nauðsynlegt að fella skilgreiningar og viðmiðunarákvæði ákvörðunar nr. 768/2008/EB inn í þessa tilskipun með nauðsynlegri aðlögun vegna sérstakra eiginleika búnaðar um borð í skipum.

10) Í því skyni að láta markaðseftirlitsyfirvöldum í té sérstök viðbótarúrræði til að auðvelda þeim að sinna verkefnum sínum gæti rafrænt merki komið til viðbótar stýrishjólsmerkinu eða í stað þess innan tilhlýðilegs tíma.

11) Mæla ætti fyrir um ábyrgð rekstraraðila þannig að hún sé í réttu hlutfalli og án mismununar fyrir þá rekstraraðila sem hafa staðfestu í Sambandinu, að teknu tilliti til þeirrar staðreyndar að umtalsverður hluti búnaðar um borð í skipum, sem fellur innan gildissviðs þessarar tilskipunar, verði hugsanlega aldrei fluttur inn og dreift á yfirráðasvæði aðildarríkjanna.

([4]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 93/465/EBE (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82).

12) Sökum þess að búnaður er um allan heim settur um borð í skip á þeim tíma sem skipin eru smíðuð eða á meðan gert er við þau verður markaðseftirlit sérstökum erfiðleikum háð og því ekki mögulegt að styðja við það með skilvirkum hætti með landamæravörslu. Því ætti að tilgreina með skýrum hætti viðeigandi skyldur aðildarríkjanna og rekstraraðila í Sambandinu. Aðildarríkin ættu að tryggja að í skipum, sem sigla undir þeirra fána, verði aðeins settur upp búnaður sem uppfyllir tilskildar kröfur og að þessi skylda sé uppfyllt að hluta til með því að yfirvöld fánaríkisins gefi út, áriti eða endurnýi skírteini fyrir slík skip í samræmi við alþjóðasamninga og að hluta til með landsbundnu fyrirkomulagi markaðseftirlits í samræmi við rammann um markaðseftirlit Sambandsins sem mælt er fyrir um í III. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ([5]). Styðja ætti aðildarríkin við að uppfylla þessar skyldur með þeim upplýsingakerfum sem framkvæmdastjórnin lætur í té fyrir mat, tilkynningar og vöktun með stofum, sem hafa leyfi til að leysa af hendi samræmismatsverkefni, miðla upplýsingum um samþykktan búnað um borð í skipum, um umsóknir sem hafa verið dregnar til baka eða þeim synjað og um búnað sem uppfyllir ekki kröfur.

13) Þegar framleiðandi eða, ef við á, innflytjandi festir stýrishjólsmerkið á búnað um borð í skipum í samræmi við skyldur sínar, samkvæmt þessari tilskipun, ætti það, til að byrja með, að vera trygging fyrir því að búnaðurinn uppfylli kröfur og að heimilt sé að setja hann á markað í því skyni að koma honum fyrir um borð í ESB-skipum. Þar á eftir eru tiltekin ákvæði nauðsynleg til að tryggja að stýrishjólsmerkið viðhaldi hlutverki sínu og gildi eftir að það hefur verið fest á og að landsbundin markaðseftirlitsyfirvöld geti sinnt verkefnum sínum af skilvirkni. Framleiðanda eða, ef við á, innflytjanda eða dreifingaraðila, ætti að vera skylt að láta lögbærum yfirvöldum í té tæmandi og sannar upplýsingar í tengslum við búnað, sem þeir hafa merkt með stýrishjólsmerki, til að tryggja að búnaður um borð í skipum sé áfram öruggur. Framleiðandanum ætti að vera skylt að starfa með markaðseftirlitsyfirvöldum, þ.m.t. að því er varðar staðla sem viðkomandi hefur stuðst við í tengslum við framleiðslu og vottun búnaðar, og ætti einnig að sýna áreiðanleika í tengslum við búnað um borð í skipum sem hann setur á markað. Í þessu tilliti ætti framleiðandi, sem er staðsettur utan Sambandsins, að tilnefna viðurkenndan fulltrúa til að tryggja samstarf við lögbær landsyfirvöld.

14) Best er að nota samræmismatsaðferðir, eins og þær sem mælt er fyrir um í ákvörðun nr. 768/2008/EB, til að sýna fram á að alþjóðlegir prófunarstaðlar séu uppfylltir. Þó ættu aðeins samræmismatsaðferðir, sem uppfylla kröfur alþjóðlegra gerninga, að vera aðgengilegar framleiðendum.

15) Til að tryggja sanngjarna og skilvirka málsmeðferð í tengslum við rannsókn á grunsemdum um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum ætti að hvetja aðildarríkin til að gera ráðstafanir sem stuðla að því að áhætta verði metin ítarlega og hlutlægt. Ef framkvæmdastjórnin telur að þessum skilyrðum hafi verið fullnægt ætti ekki að skylda hana til að endurtaka þetta mat þegar hún endurskoðar takmarkandi ráðstafanir, sem aðildarríkin samþykkja, að því er varðar búnað sem uppfyllir ekki kröfur.

16) Þegar framkvæmdastjórnin sinnir skyldum sínum í tengslum við rannsókn á tilkynntum stofum ætti hún að halda aðildarríkjunum upplýstum og starfa með þeim eins og unnt er, með tilhlýðilegu tilliti til sjálfstæðis síns.

17) Ef eftirlitsyfirvöld í aðildarríki telja að búnaður um borð í skipum, sem fellur undir þessa tilskipun, geti skapað hættu fyrir siglingaöryggi, heilbrigði eða umhverfið, ættu þau að framkvæma mat eða prófanir í tengslum við viðkomandi búnað. Ef hætta er staðfest ættu aðildarríkin að skora á viðkomandi rekstraraðila að grípa til viðeigandi aðgerða til úrbóta eða jafnvel að afturkalla viðkomandi búnað eða innkalla hann.

18) Við sérstakar aðstæður ætti að heimila notkun búnaðar um borð í skipum, sem ber ekki stýrishjólsmerkið, sérstaklega þegar skip getur ekki fengið búnað með stýrishjólsmerkið í höfn eða hafnarmannvirki utan Sambandsins eða þegar búnaður með stýrishjólsmerkið er ekki fáanlegur á markaði.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

19) Nauðsynlegt er að tryggja að skortur á alþjóðlegum stöðlum eða alvarlegir veikleikar á fyrirliggjandi stöðlum, þ.m.t. prófunarstöðlum, eða frávik frá þeim, dragi ekki úr möguleikunum á því að markmiðum þessarar tilskipunar sé náð að því er varðar tiltekna hluti búnaðar um borð í skipum sem fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar. Einnig er nauðsynlegt að tilgreina hvaða tilteknir hlutar búnaðar um borð í skipum gætu borið rafrænt merki. Enn fremur er nauðsynlegt að uppfæra þætti þessarar tilskipunar, sem teljast ekki grunnþættir, nánar tiltekið tilvísanir í staðlana, sem um getur í III. viðauka, þegar nýir staðlar liggja fyrir. Valdið til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ætti því að framselja til framkvæmdastjórnarinnar í því skyni að samþykkja til bráðabirgða og við tiltekin skilyrði samhæfðar tækniforskriftir og prófunarstaðla og til að breyta þessum tilvísunum. Það er einkar mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

20) Til að ná markmiðum þessarar tilskipunar ætti að innleiða alþjóðlega gerninga með samræmdum hætti á innri markaðinum. Fyrir hvern hluta búnaðar um borð í skipum, sem gerð er krafa um að fánaríkið samþykki samkvæmt alþjóðasamningum, er því nauðsynlegt að tilgreina með skýrum og tímanlegum hætti hvaða kröfur gilda um hönnun, smíði og nothæfi þessa búnaðar sem og hvaða prófunarstaðlar gilda í samræmi við alþjóðlegu gerningana, og að samþykkja sameiginlegar viðmiðanir og verklagsreglur, þ.m.t. tímamörk tilkynntra stofa, yfirvalda aðildarríkis og rekstraraðila, þ.m.t. allra rekstraraðila sem bera ábyrgð á að koma búnaði fyrir um borð í ESB-skipum, til að framkvæma þessar kröfur og staðla. Einnig er nauðsynlegt að tryggja að markmiðum þessarar tilskipunar verði ekki stefnt í hættu sökum annmarka á viðeigandi tæknistöðlum og prófunarstöðlum eða sökum þess að Alþjóðasiglingamálastofnuninni hefur ekki tekist að útbúa viðeigandi staðla fyrir búnað um borð í skipum sem fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar.

21) Alþjóðlegu gerningarnir, að undanskildum prófunarstöðlum, ættu sjálfkrafa að gilda í uppfærðri útgáfu. Til að draga úr áhættunni á því að innleiðing nýrra prófunarstaðla í löggjöf Sambandsins valdi óhóflegum vandræðum fyrir flota Sambandsins og rekstraraðila, með tilliti til gagnsæis og réttarvissu, ætti gildistaka slíkra nýrra prófunarstaðla ekki að gerast sjálfkrafa heldur ætti framkvæmdastjórnin að tilgreina slíkt með skýrum hætti.

22) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([6]).

23) Til þess að greiða fyrir samhæfðri, skjótri og einfaldri framkvæmd þessarar tilskipunar ættu samþykktar framkvæmdargerðir samkvæmt þessari tilskipun að vera í formi reglugerða framkvæmdastjórnarinnar.

24) Í samræmi við viðteknar venjur getur nefndin, sem um getur í þessari tilskipun, haft gagnlegu hlutverki að gegna við rannsókn mála er varða beitingu þessarar tilskipunar, sem annaðhvort formaður hennar leggur fram eða fulltrúi aðildarríkis, í samræmi við málsmeðferðarreglur nefndarinnar.

25) Þegar mál, sem varða þessa tilskipun, önnur en mál, sem varða framkvæmd hennar eða brot á henni, eru til umræðu, t.d. hjá sérfræðingahópi framkvæmdastjórnarinnar, ætti Evrópuþingið, í samræmi við núverandi venjur, að fá allar upplýsingar og skjöl og, eftir því sem við á, boð um að sitja fundi.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

26) Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 ([7]) nýtur framkvæmdastjórnin aðstoðar Siglingaöryggisstofnunar Evrópu við skilvirka framkvæmd viðeigandi bindandi lagagerninga Sambandsins og við að sinna þeim verkefnum sem framkvæmdastjórninni eru þar falin.

27) Lögbær yfirvöld og allir rekstraraðilar ættu að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að greiða fyrir skriflegum samskiptum í samræmi við alþjóðlegar starfsvenjur í því skyni að finna sameiginlegar samskiptaaðferðir.

28) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að bæta öryggi á sjó og koma í veg fyrir mengun sjávar með því að beita, á einsleitan hátt, viðeigandi alþjóðlegum gerningum varðandi búnað, sem koma á fyrir um borð í skipum, og tryggja frjálsa flutning slíks búnaðar innan Sambandsins, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

29) Ráðstafanirnar, sem á að samþykkja, fela í sér umtalsverðar breytingar á ákvæðum tilskipunar 96/98/EB og í þágu skýrleika ætti því að fella þá tilskipun úr gildi og þessi tilskipun að koma í hennar stað.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari tilskipun er að bæta öryggi á sjó og koma í veg fyrir mengun sjávar með því að beita, á einsleitan hátt, viðeigandi alþjóðlegum gerningum varðandi búnað um borð í skipum, sem koma á fyrir um borð í ESB-skipum, og tryggja frjálsan flutning slíks búnaðar innan Sambandsins.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „búnaður um borð í skipum“: búnaður sem fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar í samræmi við 3. gr.,

2) „ESB-skip“: skip sem siglir undir fána aðildarríkis og fellur undir gildissvið alþjóðasamninga,

3) „alþjóðasamningar“: eftirfarandi samningar ásamt bókunum við þá og bindandi kóðum sem eru samþykktir á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og hafa öðlast gildi og þar sem mælt er fyrir um sértækar kröfur um samþykki fánaríkis fyrir búnaði sem koma á fyrir um borð í skipum:

   – samningur um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó frá 1972 (COLREG),

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 frá 27. júní 2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (Stjtíð EB L 208, 5.8.2002, bls. 1).

– alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973 (MARPOL),

– alþjóðasamningur um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974 (SOLAS),

4) „prófunarstaðlar“: prófunarstaðlar fyrir búnað um borð í skipum sem eftirtaldir aðilar samþykkja:

– Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO),

– Alþjóðlegu staðlasamtökin (ISO),

– Alþjóðaraftækninefndin (IEC),

– Staðlasamtök Evrópu (CEN),

– Rafstaðlasamtök Evrópu (Cenelec),

– Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU),

– Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI),

– framkvæmdastjórnin, í samræmi við 8. gr. og 6. mgr. 27. gr. þessarar tilskipunar,

– eftirlitsyfirvöldin, sem viðurkennd eru í samningum um gagnkvæma viðurkenningu, sem Sambandið er aðili að,

5) „alþjóðlegir gerningar“: alþjóðasamningar ásamt ályktunum og umburðarbréfum Alþjóðasiglinga málastofnunarinnar, sem koma þessum samningum í framkvæmd í uppfærðum útgáfum sínum, og prófunarstaðlar,

6) „stýrishjólsmerki“: táknið, sem vísað er til í 9. gr. og sýnt í I. viðauka, eða, eins og við á, rafræna merkið sem vísað er til í 11. gr.,

7) „tilkynnt stofa“: stofa sem lögbært landsbundið stjórnvald aðildarríkis hefur tilnefnt í samræmi við 17. gr.,

8) „að bjóða fram á markaði“: öll afhending búnaðar um borð í skipum á markaði Sambandsins meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,

9) „setning á markað“: það að búnaður um borð í skipum er boðinn fram í fyrsta sinn á markaði Sambandsins,

10) „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir búnað um borð í skipum eða lætur framleiða eða hanna slíkan búnað og markaðssetur þann búnað undir sínu nafni eða vörumerki,

11) „viðurkenndur fulltrúi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem hefur skriflegt umboð frá framleiðandanum til að koma fram fyrir hans hönd í tengslum við tilgreind verkefni,

12) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu innan Sambandsins sem setur búnað um borð í skipum frá þriðja landi á markað í Sambandinu,

13) „dreifingaraðili“: einstaklingur eða lögaðili í aðfangakeðjunni, annar en framleiðandi eða innflytjandi, sem býður búnað um borð í skipum fram á markaði,

14) „rekstraraðilar“: framleiðandi, viðurkenndur fulltrúi, innflytjandi og dreifingaraðili,

15) „faggilding“: faggilding eins og hún er skilgreind í 10. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008,

16) „faggildingarstofa í aðildarríki“: faggildingarstofa í aðildarríki eins og hún er skilgreind í 11. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008,

17) „samræmismat“: ferli, sem tilkynntir aðilar sjá um í samræmi við 15. gr., sem sýnir fram á hvort búnaður um borð í skipum uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun,

18) „samræmismatsstofa“: stofa sem annast samræmismat, þ.m.t. kvörðun, prófun, vottun og eftirlit,

19) „innköllun“: hvers konar ráðstöfun sem miðar að því að búnaður um borð í skipum, sem hefur þegar verið komið fyrir um borð í ESB-skipum eða verið keyptur í þeim tilgangi að koma honum fyrir um borð í ESB-skipum, sé skilað til baka,

20) „vara tekin af markaði“: hvers konar ráðstöfun sem miðar að því að koma í veg fyrir að búnaður um borð í skipum í aðfangakeðjunni sé boðinn fram á markaði,

21) „ESB-samræmisyfirlýsing“: yfirlýsing sem framleiðandi gefur út í samræmi við 16. gr.,

22) „vara“: búnaður um borð í skipum.

3. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um búnað, sem komið hefur verið fyrir eða á að koma fyrir um borð í ESB-skipi, og sem krafist er að yfirvöld fánaríkis samþykki samkvæmt alþjóðlegum gerningum, óháð því hvort skipið er staðsett innan Sambandsins þegar búnaðinum er komið fyrir um borð.

2. Þrátt fyrir að búnaðurinn, sem um getur í 1. mgr., geti einnig fallið undir gildissvið annarra lagagerninga Sambandsins en þessarar tilskipunar, skal umræddur búnaður, með tilliti til þeirra markmiða sem sett eru í 1. gr., einungis falla undir þessa tilskipun.

4. gr.

Kröfur um búnað um borð í skipum

1. Búnaður, sem hefur verið komið fyrir um borð í ESB-skipi daginn sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 39. gr. eða síðar, skal uppfylla viðeigandi kröfur alþjóðlegra gerninga um hönnun, smíði og nothæfi, sem gilda á þeim tíma sem búnaðinum er komið fyrir um borð.

2. Gengið skal úr skugga um að búnaður um borð í skipum uppfylli kröfurnar, sem um getur í 1. mgr., með því að notast einungis við prófunarstaðlana og þær aðferðir við samræmismat sem um getur í 15. gr.

3. Alþjóðlegir gerningar skulu gilda án þess að hafa áhrif á málsmeðferðina fyrir samræmisathugun sem um getur í 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 ([8]).

4. Kröfurnar og staðlarnir, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu framkvæmdir með samræmdum hætti í samræmi við 2. mgr. 35. gr.

5. gr.

Beiting

1. Þegar aðildarríkin gefa út, árita eða endurnýja skírteini skipa, sem sigla undir fána þeirra, eins og krafist er í alþjóðasamningum, skulu þau tryggja að búnaðurinn um borð í þessum skipum uppfylli kröfur þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að búnaður um borð í skipum, sem sigla undir fána þeirra, uppfylli kröfur alþjóðlegra gerninga, sem gilda um búnað sem þegar hefur verið komið fyrir um borð. Framkvæmdastjórninni skal falið framkvæmdarvald til að tryggja samræmda beitingu þessara ráðstafana í samræmi við 3. mgr. 35. gr.

6. gr.

Starfsemi innri markaðarins

Aðildarríkjunum er ekki heimilt að banna að búnaður um borð í skipum, sem uppfyllir kröfur þessarar tilskipunar, sé settur á markað eða komið fyrir um borð í ESB-skipi, eða neita að gefa út eða endurnýja skírteini fyrir þennan búnað fyrir skip, sem sigla undir fána þeirra.

7. gr.

Skip fært undir fána aðildarríkis

1. Ef um er að ræða skip, sem er ekki ESB-skip, sem stendur til að færa undir fána aðildarríkis, skal viðtökuaðildarríkið skoða skipið við yfirfærsluna til að sannreyna hvort ástand búnaðarins um borð í skipinu sé í samræmi við öryggisskírteini þess og fullnægi annaðhvort ákvæðum þessarar tilskipunar og beri stýrishjólsmerkið eða sé jafngildur, að því marki sem yfirvald aðildarríkisins telur viðunandi, búnaði um borð í skipum sem er vottaður í samræmi við þessa tilskipun frá og með 18. september 2016.

2. Ef ekki er hægt að staðfesta hvenær búnaði var komið fyrir um borð í skipi geta aðildarríkin ákveðið fullnægjandi kröfur um jafngildi, að teknu tilliti til viðeigandi alþjóðlegra gerninga.

3. Skipta skal um búnað ef hann ber ekki stýrishjólsmerkið eða yfirvaldið telur hann ekki uppfylla fullnægjandi kröfur um jafngildi.

4. Aðildarríkið skal gefa út skírteini fyrir búnað um borð í skipum sem telst vera jafngildur ákvæðum þessarar greinar og skal það ætíð fylgja búnaðinum. Þetta skírteini gefur fánaaðildarríkinu heimild til að hafa búnaðinn um borð í skipinu og inniheldur jafnframt takmarkanir eða ákvæði varðandi notkun búnaðarins.

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) (Stjtíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1).

8. gr.

Staðlar fyrir búnað um borð í skipum

1. Án þess að hafa áhrif á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB ([9]), eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ([10]), skal Sambandið tryggja að Alþjóðasiglingamálastofnunin og staðlastofnanir þrói viðeigandi alþjóðlega staðla, þ.m.t. ítarlegar tækniforskriftir og prófunarstaðla, fyrir búnað um borð í skipum sem nauðsynlegt er að nota eða koma fyrir um borð í skipum til að bæta siglingaöryggi og koma í veg fyrir sjávarmengun. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast reglulega með þessari þróun.

2. Í undantekningartilvikum, sem eru tilhlýðilega rökstudd með viðeigandi greiningu, skal framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 37. gr., samhæfðar tækniforskriftir og prófunarstaðla fyrir tiltekinn hluta búnaðar um borð í skipum ef ekki er til alþjóðlegur staðall fyrir þann búnað, til að koma í veg fyrir alvarlega og óásættanlega hættu fyrir siglingaöryggi, heilbrigði eða umhverfið og að teknu tilliti til yfirstandandi vinnu innan Alþjóðasiglingam álastofnunarinnar.

Það er sérstaklega mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi samráð við sérfræðinga, þ.m.t. sérfræðinga í aðildarríkjunum, í tengslum við undirbúning slíkra framseldra gerða.

Þessar tækniforskriftir og prófunarstaðlar skulu gilda til bráðabirgða þar til Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt staðla fyrir þennan tiltekna hluta búnaðar um borð í skipum.

3. Í undantekningartilvikum, sem eru tilhlýðilega rökstudd með viðeigandi greiningu og ef nauðsynlegt er að koma í veg fyrir staðfesta, óásættanlega hættu, sem telst ógna siglingaöryggi, heilbrigði eða umhverfinu vegna alvarlegs veikleika eða fráviks í fyrirliggjandi stöðlum fyrir tiltekinn hluta búnaðar um borð í skipum, sem framkvæmdastjórnin vekur máls á í samræmi við 2. eða 3. mgr. 35. gr., og með tilliti til þeirrar vinnu sem liggur fyrir á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, skal framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 37. gr., samhæfðar tækniforskriftir og prófunarstaðla fyrir þennan tiltekna hluta búnaðar um borð í skipum, einungis að því marki sem nauðsynlegt er til að ráða bót á þessum veikleika eða fráviki.

Það er sérstaklega mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi samráð við sérfræðinga, þ.m.t. sérfræðinga í aðildarríkjunum, í tengslum við undirbúning slíkra framseldra gerða.

Þessar tækniforskriftir og prófunarstaðlar skulu gilda til bráðabirgða þar til Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur endurskoðað staðlana sem gilda um þennan tiltekna hluta búnaðar um borð í skipum.

4. Framkvæmdastjórnin skal gera tækniforskriftirnar og staðlana, sem samþykktir eru í samræmi við 2. og 3. mgr., aðgengilega án endurgjalds.

2. KAFLI

STÝRISHJÓLSMERKIÐ

9. gr.

Stýrishjólsmerkið

1. Festa skal stýrishjólsmerkið á búnað um borð í skipum sem sýnt hefur verið fram á að uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun í samræmi við viðeigandi samræmismatsaðferðir.

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

2. Ekki skal festa stýrishjólsmerkið á neina aðra vöru.

3. Útlit stýrishjólsmerkisins, sem á að nota, er sýnt í I. viðauka.

4. Notkun stýrishjólsmerkisins skal falla undir almennu meginreglurnar, sem settar eru fram í 1. mgr. og 3.–6. mgr. 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, þar sem líta skal svo á að allar tilvísanir í CE-merkið séu tilvísanir í stýrishjólsmerkið.

10. gr.

Reglur og skilyrði fyrir áfestingu stýrishjólsmerkisins

1. Stýrishjólsmerkið skal fest á vöruna eða merkiplötu hennar þannig að það sé sýnilegt, læsilegt og óafmáanlegt og, ef við á, innbyggt í hugbúnað hennar. Ef því verður ekki komið við eða það er ástæðulaust vegna eðlis vörunnar skal festa merkið á umbúðir og fylgiskjöl vörunnar.

2. Stýrishjólsmerkið skal fest á við lok framleiðslustigsins.

3. Á eftir stýrishjólsmerkinu skal setja kenninúmer tilkynntu stofunnar, ef hún tekur þátt í eftirliti á framleiðslustigi, og árið sem merkinu var komið fyrir.

4. Tilkynnta stofan skal sjálf sjá um að festa kenninúmer sitt á, að öðrum kosti skal framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi framleiðandans sjá um það samkvæmt fyrirmælum stofunnar.

11. gr.

Rafrænt merki

1. Til að greiða fyrir markaðseftirliti og koma í veg fyrir fölsun tiltekins búnaðar um borð í skipum, sem um getur í 3. mgr., er framleiðendum heimilt að nota viðeigandi og áreiðanlegt form rafræns merkis í staðinn fyrir stýrishjólsmerkið eða til viðbótar við það. Í slíkum tilvikum gilda 9. og 10. gr., eins og við á, að breyttu breytanda.

2. Framkvæmdastjórnin skal gera kostnaðar- og ábatagreiningu í tengslum við notkun rafræna merkisins sem viðbót við eða staðgengill fyrir stýrishjólsmerkið.

3. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framseldar gerðir í samræmi við 37. gr. í því skyni að tilgreina fyrir hvaða tiltekna búnað um borð í skipum rafræna merkið gæti hentað. Það er einkar mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi samráð við sérfræðinga, þ.m.t. sérfræðinga í aðildarríkjunum, í tengslum við undirbúning slíkra framseldra gerða.

4. Framkvæmdastjórninni skal falið framkvæmdarvald til að mæla fyrir um viðeigandi tæknilegar viðmiðanir að því er varðar hönnun, nothæfi, áfestingu og notkun rafrænna merkja, í formi reglugerða framkvæmdastjórnarinnar og í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 38. gr.

5. Að því er varðar búnað, sem tilgreindur er í samræmi við 3. mgr., er heimilt að bæta viðeigandi og áreiðanlegu formi rafræns merkis við stýrishjólsmerkið, innan þriggja ára frá samþykkt viðeigandi tæknilegra viðmiðana sem um getur í 4. mgr.

6. Að því er varðar búnað, sem tilgreindur er í samræmi við 3. mgr., er heimilt að skipta út stýrishjólsmerkinu með viðeigandi og áreiðanlegu formi rafræns merkis, fimm árum frá samþykkt viðeigandi tæknilegu viðmiðananna sem um getur í 4. mgr.

3. KAFLI

SKYLDUR REKSTRARAÐILA

12. gr.

Skyldur framleiðenda

1. Með því að festa stýrishjólsmerkið á vöru taka framleiðendur ábyrgð á því að tryggja að búnaður um borð í skipum, sem merkið er fest á, hafi verið hannaður og framleiddur í samræmi við tækniforskriftirnar og þá staðla sem innleiddir eru í samræmi við 2. mgr. 35. gr. og skulu þeir taka á sig skyldurnar sem mælt er fyrir um í 2.–9. mgr. þessarar greinar.

2. Framleiðendur skulu útbúa tilskilin tæknigögn og láta vinna samræmismat með viðeigandi samræmismatsaðferð.

3. Ef sýnt hefur verið fram á að búnaður um borð í skipum uppfylli viðeigandi kröfur með þessari samræmismatsaðferð skulu framleiðendur gera ESB-samræmisyfirlýsingu í samræmi við 16. gr. og festa stýrishjólsmerkið á í samræmi við 9. og 10. gr.

4. Framleiðendur skulu varðveita tæknigögnin og ESB-samræmisyfirlýsinguna, sem um getur í 16. gr., í a.m.k. 10 ár eftir að stýrishjólsmerkið hefur verið fest á og í öllu falli eigi skemur en sem nemur endingartíma viðkomandi búnaðar um borð í skipum.

5. Framleiðendur skulu tryggja að aðferðir séu til staðar til að samræmi haldist í raðframleiðslu. Taka skal tillit til breytinga á hönnun eða eiginleikum búnaðar um borð í skipum og breytinga á kröfum alþjóðlegra gerninga, eins og um getur í 4. gr., sem samræmi búnaðar um borð í skipum byggist á. Framleiðendur skulu láta gera nýtt samræmismat, í samræmi við II. viðauka, þegar nauðsyn krefur.

6. Framleiðendur skulu tryggja að á vörum þeirra sé gerðar-, lotu- eða raðnúmer eða annað sem gerir kleift að bera kennsl á vörurnar eða, ef það er ekki hægt vegna stærðar eða eðlis vöru, að tilskildar upplýsingar séu veittar á umbúðunum eða í skjali sem fylgir vörunni eða hvort tveggja, eftir því sem við á.

7. Framleiðendur skulu tilgreina nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, þar sem hafa má samband við þá, á vörunni eða, ef það er ekki mögulegt, á umbúðunum eða í skjali sem fylgir vörunni, eða hvort tveggja, eftir því sem við á. Heimilisfangið skal vera heimilisfang eins tiltekins staðar þar sem hægt er að hafa samband við framleiðandann.

8. Framleiðendur skulu tryggja að vörunni fylgi leiðbeiningar og allar nauðsynlegar upplýsingar fyrir örugga uppsetningu um borð og örugga notkun vörunnar, þ.m.t. takmarkanir á notkun, ef einhverjar eru, sem eru auðskiljanlegar notendum, ásamt öðrum gögnum sem krafist er samkvæmt alþjóðlegum gerningum eða prófunarstöðlum.

9. Framleiðendur sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að vara, sem þeir hafa fest stýrishjólsmerkið á, uppfylli ekki viðeigandi kröfur um hönnun, smíði og nothæfi og prófunarstaðlana, sem innleiddir eru í samræmi við 2. og 3. mgr. 35. gr., skulu tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta sem nauðsynlegar eru til að varan verði í samræmi við kröfur, til að taka hana af markaði eða innkalla, ef við á. Ef hætta stafar af vörunni skulu framleiðendur enn fremur tafarlaust upplýsa lögbær landsyfirvöld aðildarríkjanna þar um, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

10. Framleiðendur skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru yfirvaldi, tafarlaust afhenda yfirvaldinu allar upplýsingar og skjöl, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að vara uppfylli kröfur, á tungumáli sem það yfirvald hefur á valdi sínu eða sem það samþykkir, veita þessu yfirvaldi aðgang að athafnasvæði sínu vegna markaðseftirlits í samræmi við 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 og leggja fram sýnishorn eða veita aðgang að sýnishornum í samræmi við 4. mgr. 25. gr. þessarar tilskipunar. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka hættu sem stafar af vörum sem þeir hafa sett á markað.

13. gr.

Viðurkenndir fulltrúar

1. Framleiðandi, sem er ekki staðsettur á yfirráðasvæði a.m.k. eins aðildarríkis, skal skipa viðurkenndan fulltrúa fyrir Sambandið með skriflegu umboði og skal í umboðinu gefa upp nafn viðurkennda fulltrúans og heimilisfang þar sem hafa má samband við hann.

2. Efndir skyldnanna, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 12. gr., og gerð tæknigagna skulu ekki vera hluti af umboði viðurkennds fulltrúa.

3. Viðurkenndur fulltrúi skal inna af hendi þau verkefni sem tilgreind eru í umboðinu frá framleiðandanum. Umboðið skal a.m.k. gefa viðurkennda fulltrúanum heimild til:

a) að sjá til þess að ESB-samræmisyfirlýsingin og tæknigögnin séu tiltækileg fyrir landsbundin eftirlitsyfirvöld í a.m.k. 10 ár eftir að stýrishjólsmerkið hefur verið fest á og í öllu falli eigi skemur en sem nemur endingartíma viðkomandi búnaðar um borð í skipum,

b) að afhenda, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru yfirvaldi, því yfirvaldi allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi vöru,

c) að hafa samvinnu við lögbær yfirvöld, að beiðni þeirra, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka hættu sem stafar af vörum sem falla undir umboðið.

14. gr.

Aðrir rekstraraðilar

1. Innflytjendur skulu tilgreina nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, þar sem hafa má samband við þá, á vörunni eða, ef það er ekki mögulegt, á umbúðunum eða í skjali sem fylgir vörunni, eða hvort tveggja, eins og við á.

2. Innflytjendur og dreifingaraðilar skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru yfirvaldi, afhenda yfirvaldinu allar upplýsingar og skjöl, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi vöru, á tungumáli sem það yfirvald hefur á valdi sínu eða sem það samþykkir. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka hættu sem stafar af vörum sem þeir hafa sett á markað.

3. Í skilningi þessarar tilskipunar telst innflytjandi eða dreifingaraðili vera framleiðandi og skal hann gegna sömu skyldum og framleiðandi skv. 12. gr. þegar hann setur búnað um borð í skipum á markað eða kemur honum fyrir um borð í ESB-skipi, undir eigin nafni eða eigin vörumerki eða gerir breytingar á búnaði um borð í skipi, sem þegar hefur verið settur á markað, þannig að breytingarnar kunni að hafa áhrif á það hvort búnaðurinn uppfylli viðeigandi kröfur.

4. Í a.m.k. 10 ár eftir að stýrishjólsmerkið hefur verið fest á og í öllu falli eigi skemur en sem nemur endingartíma viðkomandi búnaðar um borð í skipum, skulu rekstraraðilar, samkvæmt beiðni, greina markaðseftirlitsyfirvöldum frá eftirfarandi aðilum:

a) öllum rekstraraðilum sem hafa afhent þeim vöru,

b) öllum rekstraraðilum sem þeir hafa afhent vöru.

4. KAFLI

SAMRÆMISMAT OG TILKYNNING UM SAMRÆMISMATSSTOFUR

15. gr.

Samræmismatsaðferðir

1. Samræmismatsaðferðirnar eru tilgreindar í II. viðauka.

2. Aðildarríki skulu tryggja að framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi framleiðanda láti gera samræmismat, fyrir milligöngu tilkynntrar stofu, að því er varðar tiltekinn hluta búnaðar um borð í skipum, með því að nota einn af þeim möguleikum sem kveðið er á um með framkvæmdargerðum, sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 38. gr., út frá einni af eftirfarandi aðferðum:

a) þegar nota á EB-gerðarprófun (aðferðareiningu B), áður en varan er sett á markað, skal allur búnaður um borð í skipum hafa gengist undir:

   – gæðatryggingu í framleiðslu (aðferðareining D) eða

   – gæðatryggingu vöru (aðferðareining E) eða

   – sannprófun vöru (aðferðareining F),

b) ef búnaður um borð í skipum er framleiddur í einu eintaki eða í litlu magni en ekki rað- eða fjöldaframleiddur má meta samræmi með EB-einingarsannprófun (aðferðareining G).

3. Með upplýsingakerfi, sem gert er aðgengilegt í þessum tilgangi, skal framkvæmdastjórnin halda uppfærða skrá yfir viðurkenndan búnað um borð í skipum og umsóknir, sem hafa verið dregnar til baka eða fengið synjun, og gera þessa skrá aðgengilega hagsmunaaðilum.

16. gr.

ESB-samræmisyfirlýsing

1. ESB-samræmisyfirlýsingin skal vera yfirlýsing um að sýnt hafi verið fram á að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 4. gr., hafi verið uppfylltar.

2. ESB-samræmisyfirlýsingin skal byggð upp eins og fyrirmyndin sem sett er fram í III. viðauka við ákvörðun nr. 768/2008/EB. Hún skal innihalda þá þætti sem tilgreindir eru í viðeigandi aðferðareiningum í II. viðauka við þessa tilskipun og skal stöðugt uppfærð.

3. Með samningu ESB-samræmisyfirlýsingar skal framleiðandinn taka á sig þær ábyrgðir og skyldur sem um getur í 1. mgr. 12. gr.

4. Þegar búnaði er komið fyrir í ESB-skipi skal gefa út ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir skipið vegna viðkomandi búnaðar og skal geyma hana um borð þar til fyrrnefndur búnaður er fjarlægður úr skipinu. Framleiðandinn skal láta þýða hana á það eða þau tungumál sem fánaaðildarríki fer fram á, þ.m.t. á a.m.k. eitt tungumál sem almennt er notað í sjóflutningum.

5. Tilkynnta stofan eða þær stofur sem unnu samræmismat með viðeigandi samræmismatsaðferð skulu fá afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni.

17. gr.

Tilkynning um samræmismatsstofur

1. Aðildarríkin skulu tilkynna, með því að nota upplýsingakerfið, sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengilegt í þessum tilgangi, framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um stofur sem hafa heimild til að inna af hendi samræmismatsverkefni samkvæmt þessari tilskipun.

2. Tilkynntar stofur skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

18. gr.

Tilkynningaryfirvöld

1. Aðildarríki skulu tilnefna tilkynningaryfirvald sem ber ábyrgð á því að koma á fót og framfylgja nauðsynlegum aðferðum til að meta og tilkynna um samræmismatsstofur og vakta tilkynntar stofur, þ.m.t. hvort farið sé að ákvæðum 20. gr.

2. Tilkynntar stofur skulu vaktaðar að lágmarki annað hvert ár. Framkvæmdastjórnin getur valið að taka þátt í vöktuninni sem áheyrnarfulltrúi.

3. Aðildarríkin geta ákveðið að faggildingarstofa í aðildarríki sinni matinu og vöktuninni sem um getur í 1. mgr.

4. Ef tilkynningaryfirvaldið úthlutar mati, tilkynningu eða vöktun, sem um getur í 1. mgr., til stofu sem er ekki stjórnvald eða felur það slíkri stofu með öðrum hætti skal þessi stofa vera lögaðili og skal, að breyttu breytanda, fara að kröfunum sem mælt er fyrir um í V. viðauka. Að auki skal stofan gera ráðstafanir til að standa straum af bótaábyrgð sem skapast getur af starfsemi hennar.

5. Tilkynningaryfirvaldið skal bera fulla ábyrgð á þeim verkefnum sem stofan, sem um getur í 4. mgr., framkvæmir.

6. Tilkynningaryfirvaldið skal uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í V. viðauka.

19. gr.

Upplýsingaskylda tilkynningaryfirvalda

1. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um þær aðferðir sem þau beita til að meta og tilkynna um samræmismatsstofur og til að vakta slíkar stofur og um allar breytingar þar á.

2. Framkvæmdastjórnin skal gera þessar upplýsingar aðgengilegar öllum með upplýsingakerfi sem gert er aðgengilegt í þessum tilgangi.

20. gr.

Dótturfyrirtæki og undirverktakastarfsemi tilkynntra stofa

1. Ef tilkynnt stofa felur undirverktaka sérstök verkefni í tengslum við samræmismat eða nýtir sér dótturfyrirtæki, skal hún tryggja að undirverktakinn eða dótturfyrirtækið uppfylli kröfurnar, sem settar eru fram í III. viðauka, og upplýsa tilkynningaryfirvaldið þar um.

2. Tilkynntar stofur skulu bera fulla ábyrgð á þeim verkefnum sem undirverktakar eða dótturfyrirtæki framkvæma, án tillits til staðsetningar.

3. Aðeins má fela undirverktaka eða dótturfyrirtæki starfsemi með samþykki viðskiptavinarins.

4. Tilkynntar stofur skulu hafa tiltæk fyrir tilkynningaryfirvaldið öll skjöl, sem skipta máli varðandi mat á réttindum og hæfi undirverktakans eða dótturfyrirtækisins, og þau verkefni sem slíkir undirverktakar eða dótturfyrirtæki framkvæma samkvæmt þessari tilskipun.

21. gr.

Breytingar á tilkynningum

1. Ef tilkynningaryfirvald hefur komist að raun um eða hefur verið upplýst um að tilkynnt stofa uppfylli ekki lengur kröfurnar, sem mælt er fyrir um í III. viðauka., eða rækir ekki skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun, skal tilkynningaryfirvaldið takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla tilkynningu, eins og við á, háð því hversu alvarlegur misbrestur er á því að þessar kröfur eða skyldur séu uppfylltar. Það skal tafarlaust upplýsa framkvæmdastjórnina og önnur aðildarríki þar um með því að nota upplýsingakerfið sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengilegt í þessum tilgangi.

2. Ef tilkynning er takmörkuð, felld tímabundið úr gildi eða afturkölluð, eða ef tilkynnta stofan hefur lagt niður starfsemi skal tilkynningaraðildarríkið gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að annaðhvort vinni önnur tilkynnt stofa úr skjölum þess aðila eða að skjölin séu höfð tiltæk þar til bærum tilkynningaryfirvöldum og markaðseftirlitsyfirvöldum, sé þess óskað.

22. gr.

Hæfi tilkynntra stofa vefengt

1. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka öll tilvik þar sem hún hefur efasemdir um hæfi tilkynntrar stofu eða um að tilkynnt stofa uppfylli áfram þær kröfur og skyldur sem á henni hvíla, á grundvelli upplýsinga sem henni eru tiltækar eða sem athygli hennar er vakin á.

2. Sé óskað eftir því skal tilkynningaraðildarríkið veita framkvæmdastjórninni allar upplýsingar sem varða ástæður fyrir tilkynningunni eða áframhaldandi hæfi hlutaðeigandi stofu.

3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að farið sé með allar viðkvæmar upplýsingar, sem fást úr rannsóknum hennar, sem trúnaðarmál.

4. Ef framkvæmdastjórnin kemst að raun um að tilkynnt stofa uppfylli ekki, eða uppfylli ekki lengur, kröfurnar viðvíkjandi tilkynningu hennar, skal hún án tafar upplýsa tilkynningaraðildarríkið um það og óska eftir því að það geri nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta, þ.m.t. að afturkalla tilkynningu, ef nauðsyn krefur.

23. gr.

Skyldur er varða starfsemi tilkynntra stofa

1. Tilkynntar stofur skulu vinna samræmismat eða láta vinna slíkt mat í samræmi við aðferðirnar sem kveðið er á um í 15. gr.

2. Ef tilkynnt stofa kemst að þeirri niðurstöðu að framleiðandi hafi ekki uppfyllt skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 12. gr., skal hún krefjast þess að framleiðandinn geri viðeigandi ráðstafanir til úrbóta án tafar og skal ekki gefa út samræmisvottorð.

3. Ef tilkynnt stofa kemst að þeirri niðurstöðu, við vöktun á því að samræmis sé gætt í kjölfar útgáfu á samræmisvottorði, að vara uppfylli ekki lengur ákvæði skal hún krefjast þess að framleiðandinn geri viðeigandi ráðstafanir til úrbóta án tafar og skal fella vottorðið tímabundið úr gildi eða afturkalla það ef nauðsyn krefur. Ef ekki eru gerðar ráðstafanir til úrbóta eða þær hafa ekki tilskilin áhrif skal tilkynnta stofan takmarka vottorðið, fella það tímabundið úr gildi eða afturkalla það, eins og við á.

24. gr.

Upplýsingaskylda tilkynntra stofa

1. Tilkynntar stofur skulu upplýsa tilkynningaryfirvaldið um:

a) öll tilvik þar sem synjað er um samræmisvottorð, það takmarkað, fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað,

b) aðstæður sem hafa áhrif á gildissvið tilkynningar og skilyrði fyrir henni,

c) beiðnir sem þeim hafa borist frá markaðseftirlitsyfirvöldum um upplýsingar varðandi samræmismatsstarfsemi,

d) sé þess óskað, samræmismatsstarfsemi, sem hefur farið fram innan gildissviðs tilkynningar þeirra, og alla aðra starfsemi, sem hefur farið fram, þ.m.t. starfsemi sem nær yfir landamæri og undirverktakastarfsemi.

2. Sé þess óskað skulu tilkynntar stofur veita framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum viðeigandi upplýsingar um mál er varða neikvæðar og jákvæðar niðurstöður samræmismats. Tilkynntar stofur skulu veita öðrum tilkynntum stofum, sem annast samræmismatsstarfsemi á sömu vörum, upplýsingar um neikvæðar og, sé þess óskað, jákvæðar niðurstöður samræmismats.

5. KAFLI

MARKAÐSEFTIRLIT SAMBANDSINS, EFTIRLIT MEÐ VÖRUM, VERNDARÁKVÆÐI

25. gr.

Rammi um markaðseftirlit ESB

1. Að því er varðar búnað um borð í skipum skulu aðildarríkin framkvæma markaðseftirlit í samræmi við rammann um markaðseftirlit ESB, sem mælt er fyrir um í III. kafla reglugerðar (EB) nr. 765/2008, sbr. þó 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Grunnvirki markaðseftirlits og áætlanir í hverju aðildarríki skulu taka mið af sérkennum búnaðar um borð í skipum, þ.m.t. ýmsum aðferðum sem notaðar eru sem hluti af samræmismati, einkum skyldunum sem lagðar eru á stjórnvöld fánaríkis samkvæmt alþjóðasamningum.

3. Markaðseftirlit getur falið í sér sannprófun skjala sem og skoðun á búnaði um borð í skipum sem ber stýrishjólsmerkið, hvort sem honum hefur verið komið fyrir um borð í skipum eða ekki. Skoðun á búnaði, sem þegar hefur verið komið fyrir um borð, skal takmarkast við þá skoðun sem hægt er að framkvæma á meðan viðkomandi búnaður heldur áfram fullri virkni sinni um borð.

4. Þegar markaðseftirlitsyfirvöld aðildarríkis, eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 765/2008, hyggjast framkvæma úrtaksprófun geta þau, í rökstuddum tilvikum og ef mögulegt er, óskað eftir að framleiðandinn geri nauðsynleg sýnishorn tiltæk eða veiti aðgang að sýnishornum á staðnum á kostnað framleiðandans.

26. gr.

Málsmeðferð sem á við um búnað um borð í skipum sem hætta stafar af á landsvísu

1. Ef markaðseftirlitsyfirvöld í aðildarríki hafa nægilegar ástæður til að ætla að búnaður um borð í skipum, sem fellur undir þessa tilskipun, skapi hættu fyrir siglingaöryggi, heilbrigði eða umhverfið, skulu þau framkvæma mat á viðkomandi búnaði sem tekur til allra krafnanna sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Viðkomandi rekstraraðilar skulu hafa samvinnu við markaðseftirlitsyfirvöld eins og nauðsyn krefur.

Ef markaðseftirlitsyfirvöld komast að þeirri niðurstöðu á meðan þetta mat fer fram að búnaður um borð í skipum uppfyllir ekki kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skulu þau án tafar krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili grípi til allra viðeigandi aðgerða til úrbóta til að búnaðurinn uppfylli þessar kröfur, taki búnaðinn af markaði eða innkalli hann innan hæfilegs frests, sem yfirvöld mæla fyrir um miðað við eðli áhættunnar.

Markaðseftirlitsyfirvöld skulu upplýsa viðkomandi tilkynnta stofu um það.

Ákvæði 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 skulu gilda að því er varðar þær ráðstafanir sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar.

2. Ef markaðseftirlitsyfirvöld telja að þau tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum einskorðist ekki við þeirra yfirráðasvæði eða við skip, sem sigla undir þeirra fána, skulu þau upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin, með því að nota upplýsingakerfið sem framkvæmdastjórnin gerir aðgengilegt vegna markaðseftirlits, um niðurstöður matsins, sem framkvæmt er skv. 1. mgr., og um aðgerðirnar sem þau hafa krafist að rekstraraðilinn grípi til.

3. Rekstraraðilinn skal tryggja að gripið sé til allra viðeigandi aðgerða til úrbóta að því er varðar allar viðkomandi vörur, sem hann hefur boðið fram á markaði í gervöllu Sambandinu, eða eftir því sem við á, sem hann hefur komið fyrir um borð eða afhent til að koma fyrir um borð í ESB-skipum.

4. Ef viðkomandi rekstraraðili grípur ekki til fullnægjandi aðgerða til úrbóta innan þess frests sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr., eða hann uppfyllir ekki skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun, skulu markaðseftirlitsyfirvöld gera allar viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir til að banna eða takmarka að búnaður um borð í skipi sé boðinn fram á markaði í heimalandi þeirra eða settur um borð í skip sem siglir undir fána þeirra, taka hann af þeim markaði eða innkalla hann.

Markaðseftirlitsyfirvöld skulu án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þessar ráðstafanir.

5. Í upplýsingunum, sem um getur í 4. mgr., um ráðstafanir sem markaðseftirlitsyfirvöld grípa til, skulu koma fram allar tiltækar upplýsingar, einkum gögn sem eru nauðsynleg til að sanngreina búnaðinn um borð í skipum sem ekki uppfyllir kröfurnar, uppruna vörunnar, eðli meintra tilvika þar sem ekki var farið að ákvæðum og áhættuna sem því fylgir, eðli og gildistíma landsbundinna ráðstafana, sem gerðar hafa verið, ásamt rökstuðningi viðkomandi rekstraraðila. Einkum skulu markaðseftirlitsyfirvöld tilgreina hvort ekki sé farið að ákvæðum vegna þess að:

a) búnaður um borð í skipum uppfyllir ekki kröfur um viðeigandi hönnun, smíði og nothæfi, eins og mælt er fyrir um skv. 4. gr.,

b) prófunarstaðlarnir, sem um getur í 4. gr., eru ekki uppfylltir meðan á samræmismatinu stendur,

c) annmarkar eru á þessum prófunarstöðlum.

6. Aðildarríki, önnur en það aðildarríki sem hefur frumkvæði að málsmeðferðinni, skulu án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um allar samþykktar ráðstafanir og allar viðbótarupplýsingar, sem þau hafa yfir að ráða, að því er varðar viðkomandi búnað um borð í skipum, sem ekki uppfyllir kröfur, og, komi upp ágreiningur um tilkynnta ráðstöfun aðildarríkis, um andmæli sín.

7. Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin hafa ekki hreyft andmælum innan fjögurra mánaða frá viðtöku upplýsinganna um ráðstafanirnar, sem markaðseftirlitsyfirvöldin gerðu og sem um getur í 4. mgr., að því er varðar bráðabirgðaráðstöfun, sem aðildarríki hefur gert, skal sú ráðstöfun teljast réttlætanleg.

8. Aðildarríki skulu tryggja að viðeigandi takmarkandi ráðstafanir, sem eru gerðar vegna viðkomandi búnaðar um borð í skipum, t.d. að taka vöruna af markaði sínum, séu gerðar án tafar.

27. gr.

Verndarráðstafanameðferð ESB

1. Ef við lok málsmeðferðarinnar, sem sett er fram í 3. og 4. mgr. 26. gr., andmælum er hreyft við ráðstöfun, sem aðildarríki gerir, eða ef framkvæmdastjórnin telur að ráðstöfun aðildarríkis stríði gegn löggjöf Sambandsins skal framkvæmdastjórnin án tafar hefja viðræður við aðildarríkin og viðkomandi rekstraraðila og leggja mat á ráðstöfun aðildarríkis. Á grundvelli niðurstaðna þessa mats skal framkvæmdastjórnin ákveða hvort ráðstöfun aðildarríkis er réttlætanleg eða ekki.

2. Ef framkvæmdastjórnin telur, að því er 1. mgr. varðar, að sú málsmeðferð sem beitt var við samþykkt landsráðstöfunar henti fyrir ítarlegt og hlutlægt mat á áhættunni og að landsráðstöfunin sé í samræmi við 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, getur hún látið sér nægja að rannsaka hvort viðkomandi landsráðstöfun sé hentug og í réttu hlutfalli við fyrrnefnda áhættu.

3. Framkvæmdastjórnin skal beina ákvörðun sinni til allra aðildarríkja og skal þegar í stað upplýsa þau og viðkomandi rekstraraðila þar um.

4. Teljist viðkomandi ráðstöfun aðildarríkis réttlætanleg skulu öll aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að búnaðurinn um borð í skipum sem stenst ekki kröfur sé tekinn af markaði þeirra og, ef nauðsyn krefur, innkalla hann. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

5. Teljist viðkomandi ráðstöfun aðildarríkis ekki réttlætanleg skal hlutaðeigandi aðildarríki afturkalla hana.

6. Ef rekja má vanefndir búnaðar um borð í skipum til annmarka á prófunarstöðlunum, sem um getur í 4. gr., getur framkvæmdastjórnin, til þess að uppfylla markmið þessarar tilskipunar, staðfest, breytt eða afturkallað verndarráðstöfun aðildarríkis með framkvæmdargerðum í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 38. gr.

Framkvæmdastjórninni skal enn fremur falið vald til að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 37. gr., samhæfðar kröfur og prófunarstaðla til bráðabirgða, fyrir þennan tiltekna búnað um borð í skipum. Viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 8. gr., gilda til samræmis við það. Framkvæmdastjórnin skal gera þessar kröfur og prófunarstaðla aðgengilega án endurgjalds.

7. Ef hlutaðeigandi prófunarstaðall er Evrópustaðall skal framkvæmdastjórnin upplýsa viðkomandi evrópska staðlastofnun eða -stofnanir og leggja málið fyrir nefndina sem komið er á skv. 5. gr. tilskipunar 98/34/EB. Nefndin skal hafa samráð við viðkomandi evrópska staðlastofnun eða -stofnanir og skila áliti sínu án tafar.

28. gr.

Vörur sem uppfylla kröfur en skapa hættu fyrir siglingaöryggi, heilbrigði eða umhverfið

1. Ef aðildarríki kemst að þeirri niðurstöðu, að loknu mati skv. 1. mgr. 26. gr., að búnaður um borð í skipum sem er í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar skapi samt sem áður hættu fyrir siglingaöryggi, heilbrigði eða umhverfið skal aðildarríkið krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili grípi til allra viðeigandi ráðstafana til að tryggja að þegar hlutaðeigandi búnaður er settur á markað hafi hann ekki lengur þessa hættu í för með sér, að hann taki búnaðinn af markaði eða innkalli hann innan hæfilegs frests sem aðildarríkið mælir fyrir um miðað við eðli áhættunnar.

2. Rekstraraðilinn skal tryggja að gripið sé til aðgerða til úrbóta að því er varðar allar viðkomandi vörur sem hann hefur boðið fram á markaði í gervöllu Sambandinu eða komið fyrir um borð í ESB-skipum.

3. Aðildarríkið skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það. Í þessum upplýsingum skulu koma fram öll tiltæk smáatriði, einkum gögn sem nauðsynleg eru til að sanngreina viðkomandi búnað um borð í skipum, uppruna og aðfangakeðju hans, eðli áhættunnar sem honum fylgir og eðli og gildistíma landsbundinna ráðstafana sem gerðar hafa verið.

4. Framkvæmdastjórnin skal án tafar hefja viðræður við aðildarríkin og viðkomandi rekstraraðila og leggja mat á ráðstafanir aðildarríkis sem gerðar hafa verið. Á grundvelli niðurstaðna þessa mats skal framkvæmdastjórnin ákveða hvort ráðstöfunin er réttlætanleg eða ekki og, ef nauðsyn krefur, leggja til viðeigandi ráðstafanir. Með hliðsjón af þessu skulu ákvæði 2. mgr. 27. gr. gilda, að breyttu breytanda.

5. Framkvæmdastjórnin skal beina ákvörðun sinni til allra aðildarríkja og skal þegar í stað upplýsa þau og viðkomandi rekstraraðila þar um.

29. gr.

Kröfur formlega ekki uppfylltar

1. Með fyrirvara um 26. gr. skal aðildarríki, komist það að einni af eftirfarandi niðurstöðum, krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili ráði bót á eftirfarandi ósamræmi við kröfur:

a) að stýrishjólsmerkið hafi verið fest á þannig að það brjóti gegn 9. eða 10. gr.,

b) að stýrishjólsmerkið hafi ekki verið fest á,

c) að ESB-samræmisyfirlýsing hafi ekki verið útbúin,

d) að ESB-samræmisyfirlýsing hafi ekki verið útbúin með réttum hætti,

e) að tæknigögn séu annaðhvort ekki tiltæk eða ekki tæmandi,

f) að ESB-samræmisyfirlýsing hafi ekki verið send í skipið.

2. Sé enn um að ræða tilvik, sem um getur í 1. lið, þar sem ekki er farið að kröfum skal hlutaðeigandi aðildarríki gera allar viðeigandi ráðstafanir til að takmarka eða banna að búnaður um borð í skipum sé boðinn fram á markaði eða tryggja að hann sé afturkallaður eða tekinn af markaði.

30. gr.

Undanþágur á grundvelli tækninýjunga

1. Í undantekningartilvikum, þegar um tækninýjungar er að ræða, getur stjórnvald fánaríkis leyft að búnaði, sem er ekki í samræmi við samræmismatsaðferðir, sé komið fyrir um borð í ESB-skipi, ef prófanir eða annað sýnir stjórnvaldi fánaríkisins með fullnægjandi hætti að slíkur búnaður uppfylli markmið þessarar tilskipunar.

2. Við slíkar prófanir skal á engan hátt mismuna búnaði um borð í skipum, sem er framleiddur í fánaaðildarríkinu, og búnaði um borð í skipum sem er framleiddur í öðrum ríkjum.

3. Fánaaðildarríkið skal gefa búnaði um borð í skipum, sem fellur undir þessa grein, skírteini og skal það ætíð fylgja búnaðinum en skírteinið veitir fánaaðildarríkinu heimild til að koma búnaðinum fyrir um borð í skipinu og inniheldur jafnframt takmarkanir eða ákvæði varðandi notkun búnaðarins.

4. Ef aðildarríki heimilar að búnaði, sem fellur undir þessa grein, sé komið fyrir um borð í ESB-skipi, skal það þegar í stað senda framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum upplýsingar um það sem og skýrslur um allar viðeigandi prófanir, mat og samræmismatsaðferðir.

5. Innan 12 mánaða frá viðtöku sendingarinnar, sem um getur í 4. mgr., getur framkvæmdastjórnin krafist þess að hlutaðeigandi aðildarríki afturkalli veitta heimild innan tiltekins tíma ef hún telur að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., séu ekki uppfyllt. Í þessum tilgangi skal framkvæmdastjórnin grípa til aðgerða með framkvæmdargerðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 38. gr.

6. Ef skip með búnað um borð, sem fellur undir 1. mgr., er flutt til annars aðildarríkis er viðtökufánaríkinu heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir, sem geta falið í sér prófanir og sýnikennslu, til að tryggja að búnaðurinn reynist a.m.k. jafnvel og búnaður sem er í samræmi við samræmismatið.

31. gr.

Undanþágur í tengslum við prófanir eða mat

Stjórnvald fánaríkis getur leyft að búnaði, sem er ekki í samræmi við samræmismatsaðferðirnar eða fellur ekki undir 30. gr., sé komið fyrir um borð í ESB-skipi í því augnamiði að prófa hann eða meta, ef eftirfarandi samanlögð skilyrði eru uppfyllt:

a) fánaaðildarríkið skal gefa út skírteini fyrir búnað um borð í skipum sem ætíð skal fylgja búnaðinum en skírteinið veitir aðildarríkinu heimild til að koma búnaðinum fyrir um borð í ESB-skipi og felur jafnframt í sér nauðsynlegar takmarkanir og öll önnur viðeigandi ákvæði varðandi notkun viðkomandi búnaðar,

b) heimildin skal gilda þann tíma sem fánaríkið telur að sé nauðsynlegur til að ljúka prófunum, sem skal vera eins stuttur og mögulegt er,

c) þennan búnað má ekki nota í stað búnaðar sem uppfyllir kröfur þessarar tilskipunar og má ekki heldur koma í stað slíks búnaðar sem á að vera áfram um borð í ESB-skipi í starfhæfu ástandi og tilbúinn til fyrirvaralausrar notkunar.

32. gr.

Undanþágur við sérstakar aðstæður

1. Ef skipta þarf um búnað um borð í skipum í höfn utan Sambandsins og ekki er unnt, af sérstökum ástæðum sem skal styðja gildum rökum frammi fyrir stjórnvaldi fánaríkisins, að koma búnaði, sem ber stýrishjólsmerkið, fyrir um borð vegna tímaskorts, tafa eða kostnaðar, er heimilt að koma fyrir öðrum búnaði um borð í skipum í samræmi við ákvæði 2.–4. mgr.

2. Búnaðinum, sem koma á fyrir um borð, skulu fylgja skjöl gefin út af aðildarríki Alþjóðasiglingamál astofnunarinnar, sem er aðili að viðeigandi samningum, til staðfestingar á búnaðurinn uppfylli viðeigandi kröfur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

3. Tilkynna skal stjórnvaldi fánaríkis þegar í stað um eðli og eiginleika slíks búnaðar um borð í skipum.

4. Við fyrsta hentugleika skulu stjórnvöld fánaríkisins ganga úr skugga um að búnaðurinn um borð í skipum, sem um getur í 1. mgr., svo og prófunarskjöl hans, standist viðeigandi kröfur alþjóðlegra gerninga og þessarar tilskipunar.

5. Ef sýnt hefur verið fram á að tiltekinn búnaður um borð í skipum, sem ber stýrishjólsmerkið, er ekki fáanlegur á markaði, getur fánaaðildarríkið leyft að öðrum búnaði sé komið fyrir um borð í samræmi við 6.–8. mgr.

6. Leyfilegur búnaður um borð í skipum skal, eftir því sem unnt er, uppfylla kröfurnar og prófunarstaðlana sem um getur í 4. gr.

7. Búnaði, sem komið er fyrir um borð, skal fylgja bráðabirgðavottorð um samþykki, sem fánaaðildarríki eða annað aðildarríki gefur út, sem inniheldur upplýsingar um eftirfarandi atriði:

a) þann búnað, sem ber stýrishjólsmerkið og sem búnaðurinn, sem hefur verið vottaður, á að koma í staðinn fyrir,

b) nákvæmlega við hvaða aðstæður viðurkenningarvottorðið var gefið út og einkum upplýsingar um það að búnaður sem ber stýrishjólsmerkið sé ekki fáanlegur á markaði,

c) nákvæmar kröfur um hönnun, smíði og nothæfi sem vottunaraðildarríkið hefur stuðst við varðandi samþykkti búnaðarins,

d) prófunarstaðlana, ef við á, sem beitt var í tengslum við viðkomandi málsmeðferð við samþykki.

8. Aðildarríkið, sem gefur út bráðabirgðavottorðið um samþykki, skal þegar í stað upplýsa framkvæmdastjórnina þar um. Telji framkvæmdastjórnin að skilyrði 6. og 7. mgr. hafi ekki verið uppfyllt getur hún krafist þess að aðildarríkið afturkalli vottorðið eða geri aðrar viðeigandi ráðstafanir með framkvæmdargerðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 38. gr.

6. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

33. gr.

Miðlun reynslu

Framkvæmdastjórnin skal sjá fyrir skipulagningu á miðlun reynslu milli landsyfirvalda aðildarríkjanna sem bera ábyrgð á viðmiðunarreglum varðandi tilkynningar, einkum hvað varðar markaðseftirlit.

34. gr.

Samræming tilkynntra stofa

1. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að komið sé á viðeigandi samræmingu og samstarfi á milli tilkynntra stofa og að þessi samræming og þetta samstarf fari fram með fullnægjandi hætti innan sérsviðshópa tilkynntra stofa.

2. Aðildarríki skulu tryggja að stofurnar, sem þau tilkynna, taki þátt í vinnu sérsviðshópanna, annaðhvort með beinum hætti eða fyrir milligöngu tilnefnda fulltrúa.

35. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, með því að nota upplýsingakerfin sem framkvæmdastjórnin veitir aðgang að í þessum tilgangi, um nafn og samskiptaupplýsingar þeirra yfirvalda sem hafa umsjón með framkvæmd þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin skal semja og birta opinberlega skrá yfir þessi yfirvöld og uppfæra hana reglulega.

2. Fyrir hvern hluta búnaðar um borð í skipum, sem stjórnvöld fánaríkis verða að samþykkja samkvæmt alþjóðasamningum, skal framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerðum, tilgreina viðkomandi kröfur um hönnun, smíði og notkun sem og þá prófunarstaðla, sem kveðið er á um í alþjóðlegu gerningunum. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir þessar gerðir skal hún tilgreina með skýrum hætti frá hvaða degi þessar kröfur og prófunarstaðlar eigi að gilda, þ.m.t. dagsetningar fyrir setningu búnaðar á markað og hvenær búnaði er komið fyrir um borð í samræmi við alþjóðlega gerninga og með tilliti til tímaramma skipasmíða. Framkvæmdastjórninni er einnig heimilt að tilgreina sameiginlegar viðmiðanir og nákvæmar málsmeðferðarreglur um notkun þeirra.

3. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, tilgreina viðeigandi kröfur um hönnun, smíði og notkun, sem nýlega hefur verið kveðið á um í alþjóðlegum gerningum og sem gilda um búnað sem þegar hefur verið komið fyrir um borð, til að tryggja að búnaður, sem komið er fyrir um borð í ESB-skipum, uppfylli alþjóðlega gerninga.

4. Framkvæmdastjórnin skal koma á og viðhalda gagnagrunni sem inniheldur a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) skrá yfir samræmisvottorðin, sem gefin eru út samkvæmt þessari tilskipun, og mikilvægustu upplýsingarnar um þau, sem tilkynntar stofur leggja fram,

b) skrá yfir samræmisyfirlýsingar, sem gefnar eru út samkvæmt þessari tilskipun, og mikilvægustu upplýsingarnar um þær, sem framleiðendur leggja fram,

c) uppfærða skrá yfir gildandi alþjóðlega gerninga og yfir þær kröfur og prófunarstaðla sem gilda skv. 4. mgr. 4. gr.,

d) skrá yfir viðmiðanir og málsmeðferðarreglur, sem um getur í 2. mgr., ásamt óstyttum texta þeirra,

e) kröfur og skilyrði að því er varðar rafræna merkingu, sem um getur í 11. gr., þegar við á,

f) allar aðrar gagnlegar upplýsingar sem geta auðveldað aðildarríkjunum, tilkynntu stofunum og rekstraraðilunum að framkvæma þessa tilskipun á réttan hátt.

Þessi gagnagrunnur skal gerður aðgengilegur aðildarríkjunum. Hann skal einnig gerður aðgengilegur almenningi, eingöngu í upplýsingaskyni.

5. Framkvæmdargerðirnar, sem um getur í þessari grein, skulu samþykktar í formi reglugerða framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 38. gr.

36. gr.

Breytingar

Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 37. gr. í því skyni að uppfæra tilvísanir í staðla, eins og um getur í III. viðauka, þegar nýir staðlar liggja fyrir.

37. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 8., 11., 27. og 36. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst frá og með 17. september 2014. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 8., 11., 27. og 36. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 8., 11., 27. og 36. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

38. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 2099/2002. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011. Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

39. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 18. september 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 18. september 2016.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

40. gr.

Niðurfelling

1. Tilskipun 96/98/EB er felld úr gildi frá og með 18. september 2016.

2. Kröfur og prófunarstaðlar fyrir búnað um borð í skipum, sem gilda 18. september 2016 samkvæmt ákvæðum úr landslögum sem aðildarríkin samþykkja til að fara að tilskipun 96/98/EB, skulu gilda áfram þar til framkvæmdargerðirnar, sem um getur í 2. mgr. 35. gr., öðlast gildi.

3. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun.

41. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

42. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.


Gjört í Brussel 23. júlí 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	S. GOZI
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

STÝRISHJÓLSMERKIÐ

Samræmismerkið á að vera með eftirfarandi sniði:



Ef stýrishjólsmerkið er minnkað eða stækkað verða hlutföllin sem sjást á kvörðuðu myndinni að haldast.

Hlutar stýrishjólsmerkisins verða að hafa sama þvermál sem má ekki vera minna en 5 mm.

Víkja má frá lágmarksmálum þegar um lítil tæki er að ræða.

_____

II. VIÐAUKI

SAMRÆMISMATSAÐFERÐIR

I. AÐFERÐAREINING B: EB-GERÐARPRÓFUN

1. EB-gerðarprófun er sá hluti samræmismatsaðferðar þar sem tilkynnt stofa rannsakar tæknilega hönnun búnaðar um borð í skipum og sannprófar og staðfestir að tæknileg hönnun búnaðarins uppfylli viðeigandi kröfur.

2. EB-gerðarprófun má fara fram á eftirfarandi hátt:

– með athugun sýnishorns af fullunninni vöru (framleiðslugerð) sem er dæmigert fyrir viðkomandi framleiðslu,

– með mati á því hvort tæknihönnun búnaðar um borð í skipum sé fullnægjandi með athugun á tæknigögnunum og sönnunargögnunum, sem um getur í 3. lið, ásamt athugun á sýnishornum af einum eða fleiri mikilvægum hlutum vörunnar, sem eru dæmigerð fyrir fyrirhugaða framleiðslu, (samsetning framleiðslugerðar og hönnunargerðar).

3. Framleiðandinn skal leggja fram umsókn um EB-gerðarprófun hjá einni tilkynntri stofu að eigin vali.

Umsóknin skal innihalda:

– nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur inn umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,

– skriflega yfirlýsingu þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið lögð inn hjá annarri tilkynntri stofu,

– tæknigögn. Tæknigögnin skulu vera með þeim hætti að unnt sé að meta hvort búnaður um borð í skipum samræmist viðeigandi kröfum í alþjóðlegum gerningum, eins og um getur í 4. gr., og þau skulu innihalda fullnægjandi greiningu og mat á áhættu. Í tæknigögnunum skal tilgreina viðeigandi kröfur og þau skulu, að svo miklu leyti sem skiptir máli fyrir matið, fjalla um hönnun, framleiðslu og notkun búnaðar um borð í skipum. Í tæknigögnunum skulu a.m.k. eftirfarandi atriði koma fram, þar sem það á við:

a) almenn lýsing á búnaði um borð í skipum,

b) frumdrög að hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, straumrásum o.s.frv.,

c) lýsingar og útskýringar, sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og skýringarmyndir, og átta sig á starfrækslu búnaðarins um borð í skipum,

d) skrá yfir kröfur og prófunarstaðla, sem gilda um viðkomandi búnað um borð í skipum í samræmi við þessa tilskipun, ásamt lýsingu á þeim lausnum sem samþykktar hafa verið til að uppfylla þessar kröfur,

e) niðurstöður hönnunarútreikninga, athugana, sem hafa verið gerðar o.s.frv., og

f) prófunarskýrslur,

– sýnishorn sem eru dæmigerð fyrir fyrirhugaða framleiðslu; tilkynnta stofan getur farið fram á að fá fleiri eintök sé þess þörf til að gera fyrirhugaðar prófanir,

– sönnunargögn sem sýna að tæknihönnun sé fullnægjandi; í þessum sönnunargögnum skal tilgreina öll gögn sem hafa verið notuð. Ef nauðsyn krefur skulu í sönnunargögnunum einnig koma fram niðurstöður prófana sem framkvæmdar hafa verið á viðeigandi rannsóknarstofu framleiðandans eða á annarri prófunarstofu fyrir hönd framleiðandans og á hans ábyrgð.

4. Tilkynnta stofan skal:

að því er varðar búnað um borð í skipum:

4.1. athuga tæknigögnin og sönnunargögnin til að meta hvort tæknihönnun búnaðar um borð í skipum sé fullnægjandi.

að því er varðar sýnishornið eða sýnishornin:

4.2. sannprófa að sýnishornið/sýnishornin hafi verið framleidd í samræmi við tæknigögnin og auðkenna þá þætti sem hafa verið hannaðir í samræmi við gildandi ákvæði viðeigandi krafna og prófunarstaðla og þá þætti sem hafa verið hannaðir án þess að beita viðeigandi ákvæðum þessara staðla,

4.3. framkvæma eða láta framkvæma viðeigandi skoðanir og prófanir í samræmi við þessa tilskipun,

4.4. komast að samkomulagi við framleiðandann um hvar athuganir og prófanir skuli fara fram.

5. Tilkynnta stofan skal gera matsskýrslu þar sem skráð er sú starfsemi sem framkvæmd er í samræmi við 4. lið og niðurstaða hennar. Tilkynnta stofan skal, með fyrirvara um skyldur sínar gagnvart tilkynningaryfirvöldum, einungis birta efni þeirrar skýrslu, að hluta til eða í heild, með samþykki framleiðandans.

6. Ef gerðareintakið uppfyllir kröfur tiltekinna, alþjóðlegra gerninga, sem eiga við um hlutaðeigandi búnað um borð í skipum, skal tilkynnta stofan gefa út EB-gerðarprófunarvottorð handa framleiðandanum. Vottorðið skal innihalda nafn og heimilisfang framleiðandans, niðurstöður athugunarinnar, skilyrði fyrir því að vottorðið sé gilt (ef einhver eru) og nauðsynlegar upplýsingar til að auðkenna samþykktu gerðina. Vottorðinu mega fylgja einn eða fleiri viðaukar.

Vottorðið og viðaukar þess skulu innihalda allar upplýsingar sem skipta máli til að gera það kleift að meta samræmi framleiddra vara við vöruna sem er til skoðunar og framkvæma eftirlit meðan á notkun stendur.

Þegar gerðareintakið uppfyllir ekki viðeigandi kröfur alþjóðlegra gerninga skal tilkynnta stofan synja um útgáfu EB-gerðarprófunarvottorðsins og tilkynna umsækjanda um það og gefa ítarlegan rökstuðning fyrir synjuninni.

7. Ef hið samþykkta gerðareintak uppfyllir ekki lengur viðeigandi kröfur skal tilkynnta stofan ákveða hvort þörf sé á frekari prófunum eða samræmismati með nýrri samræmismatsaðferð.

Framleiðandinn skal upplýsa tilkynntu stofuna, sem geymir tæknigögnin er varða EB-gerðarprófunarvottorðið, um allar breytingar á samþykktu gerðareintaki sem geta haft áhrif á hvort búnaður um borð í skipum uppfylli kröfur viðkomandi alþjóðlegra gerninga eða skilyrði fyrir gildi vottorðsins. Fyrir slíkar breytingar skal krefjast viðbótarsamþykkis í formi viðbótar við upphaflega EB-gerðarprófunarvottorðið.

8. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa tilkynningaryfirvöld sín um þau EB-gerðarprófunarvottorð og/eða viðbætur við þau sem hún hefur gefið út eða afturkallað og skal einnig, reglulega eða samkvæmt beiðni, veita tilkynningaryfirvöldum sínum aðgang að skránni yfir vottorð og/eða viðbætur við þau sem hefur verið synjað um, hafa verið felld tímabundið úr gildi eða takmörkuð á annan hátt.

Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðrar tilkynntar stofur um þau EB-gerðarprófunarvottorð og/eða viðbætur við þau sem hún hefur synjað um, afturkallað, fellt tímabundið úr gildi eða takmarkað á annan hátt og einnig, samkvæmt beiðni, um þau vottorð og/eða viðbætur við þau sem hún hefur gefið út.

Framkvæmdastjórnin, aðildarríkin og aðrar tilkynntar stofur geta fengið afrit af EB-gerðarprófunarvottorðunum og/eða viðbótum við þau samkvæmt beiðni. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin geta fengið afrit af tæknigögnunum og niðurstöðum athugana sem tilkynnta stofan framkvæmir samkvæmt beiðni. Tilkynnta stofan skal varðveita afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu, viðaukum og viðbótum við það ásamt tæknimöppunni, þ.m.t. gögnin sem framleiðandinn leggur fram, þar til gildistími vottorðsins rennur út.

9. Framleiðandinn skal varðveita afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu, viðaukum og viðbótum við það ásamt tæknigögnunum þannig að þessi gögn séu tiltæk fyrir landsyfirvöld í a.m.k. 10 ár eftir að stýrishjólsmerkið hefur verið fest á síðustu framleiddu vöruna og í öllu falli eigi skemur en sem nemur endingartíma viðkomandi búnaðar um borð í skipum.

10. Viðurkenndur fulltrúi framleiðandans getur lagt fram umsókn, eins og um getur í 3. lið, og uppfyllt skyldurnar, sem settar eru fram í 7. og 9. lið, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

II. AÐFERÐAREINING D: GERÐARSAMRÆMI BYGGT Á GÆÐATRYGGINGU FRAMLEIÐSLUFERLISINS

1. Gerðarsamræmi byggt á gæðatryggingu framleiðsluferlisins er hluti samræmismatsaðferðar þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 2. og 5. lið, og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að viðkomandi búnaður um borð í skipum sé í samræmi við gerðareintakið, sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu, og uppfylli kröfurnar í þeim alþjóðlegu gerningum sem gilda um hann.

2. Framleiðsla

Framleiðandinn skal nota samþykkt gæðakerfi fyrir framleiðslu, lokaeftirlit með fullunnum vörum og prófanir á vörunum, sem um er að ræða, eins og tilgreint er í 3. lið, og vera háður eftirliti eins og um getur í 4. lið.

3. Gæðakerfi

3.1. Framleiðandi skal leggja fram umsókn um mat á gæðakerfi sínu fyrir viðkomandi búnað um borð í skipum hjá tilkynntri stofu að eigin vali.

Umsóknin skal innihalda:

– nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur inn umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,

– skriflega yfirlýsingu þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið lögð inn hjá annarri tilkynntri stofu,

– allar upplýsingar sem skipta máli fyrir þann flokk búnaðar um borð í skipum sem um er að ræða,

– gögn um gæðakerfið,

– tæknigögn um samþykkta gerðareintakið og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.

3.2. Með gæðakerfinu skal tryggja að vörurnar séu í samræmi við þá gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli kröfurnar í þeim alþjóðlegu gerningum sem gilda um þær.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandi hefur samþykkt skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, verklagsreglur og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið skulu tryggja að áætlanir, skipulag, handbækur og skár, er varða gæði, séu alltaf túlkuð á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

– gæðamarkmiðum og stjórnskipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til vörugæða,

– samsvarandi aðferðum við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem nota skal,

– þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu, og hversu oft þær verða gerðar,

– gæðaskýrslum, s.s. skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsfólks o.s.frv. og

– aðferðum við eftirlit með því að tilskilin vörugæði hafi náðst og að gæðakerfið sé skilvirkt.

3.3. Tilkynnta stofan skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það uppfylli kröfurnar sem um getur í lið 3.2.

Úttektarhópurinn skal búa yfir reynslu af gæðastjórnunarkerfum og þar að auki skal vera í honum a.m.k. einn aðili sem hefur reynslu af mati á búnaði um borð í skipum af viðkomandi sviði og á viðkomandi framleiðslutækni og býr yfir þekkingu á viðeigandi kröfum alþjóðlegra gerninga. Hluti af úttektinni skal vera matsheimsókn á athafnasvæði framleiðanda. Úttektarhópurinn skal endurskoða tæknigögnin, sem um getur fimmta undirlið í lið 3.1, til að sannreyna getu framleiðandans til að greina viðkomandi kröfur í alþjóðlegum gerningum og framkvæma nauðsynlegar athuganir í því skyni að tryggja að varan uppfylli þessar kröfur.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður úttektarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

3.4. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo það sé fullnægjandi og skilvirkt.

3.5. Framleiðandi skal upplýsa tilkynntu stofuna, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnta stofan skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni áfram fullnægja kröfunum, sem um getur í lið 3.2, eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Stofan skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

4. Eftirlit á ábyrgð tilkynntu stofunnar

4.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki þær skyldur sem hið samþykkta gæðakerfi leggur honum á herðar.

4.2. Framleiðandinn skal veita tilkynntu stofunni aðgang til að meta framleiðslu-, skoðunar-, prófunar- og geymslustaði og láta henni í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

– gögn um gæðakerfið,

– gæðaskýrslur, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsfólks o.s.frv.

4.3. Tilkynnta stofan skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðanda úttektarskýrslu.

4.4. Tilkynnta stofan getur að auki farið í óvænta heimsókn til framleiðandans, nema sérstakar takmarkanir gilda um slíkar heimsóknir samkvæmt landslögum og af ástæðum sem varða varnar- eða öryggismál. Í slíkum heimsóknum er tilkynntu stofunni heimilt að gera, eða láta gera, prófanir á vörum til að færa sönnur á að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnta stofan skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og, hafi prófun farið fram, prófunarskýrslu.

5. Samræmismerki og samræmisyfirlýsing

5.1. Framleiðandi skal festa stýrishjólsmerkið, sem um getur í 9. gr., og einnig, á ábyrgð tilkynntu stofunnar sem um getur í lið 3.1, kenninúmer hins síðarnefnda á sérhverja vöru sem samræmist gerðareintakinu sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægir viðeigandi kröfum alþjóðlegra gerninga.

5.2. Framleiðandinn skal gera skriflega samræmisyfirlýsingu fyrir hverja framleiðslugerð og varðveita hana þannig að hún sé tiltæk fyrir landsyfirvöld í a.m.k. 10 ár eftir að stýrishjólsmerkið hefur verið fest á síðustu framleiddu vöruna og í öllu falli eigi skemur en sem nemur endingartíma viðkomandi búnaðar um borð í skipum. Í samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina þá gerð búnaðar um borð í skipum sem hún á við.

Afrit af samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

6. Framleiðandinn skal varðveita eftirfarandi gögn þannig að þau séu tiltæk fyrir lögbær yfirvöld í a.m.k. 10 ár eftir að stýrishjólsmerkið hefur verið fest á síðustu framleiddu vöruna og í öllu falli eigi skemur en sem nemur endingartíma viðkomandi búnaðar um borð í skipum:

– gögnin, sem um getur í lið 3.1,

– breytingarnar sem um getur í lið 3.5 í þeirri mynd sem þær hafa verið samþykktar,

– þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynntu stofunni sem um getur í liðum 3.5, 4.3 og 4.4.

7. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa tilkynningaryfirvöld sín um samþykki fyrir gæðakerfum sem hafa verið gefin út eða afturkölluð og skal, reglulega eða samkvæmt beiðni, veita tilkynningaryfirvöldum sínum aðgang að skránni yfir gæðakerfi sem synjað hefur verið um samþykki, samþykki hefur verið fellt tímabundið úr gildi fyrir eða takmarkað á annan hátt.

Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðrar tilkynntar stofur um gæðakerfi sem hún hefur synjað um samþykki, þar sem samþykki hefur verið fellt tímabundið úr gildi, afturkallað eða takmarkað á annan hátt og einnig, samkvæmt beiðni, um samþykki fyrir gæðakerfum sem hún hefur gefið út.

8. Viðurkenndur fulltrúi

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, sem settar eru fram í liðum 3.1 og 3.5 og 5. og 6. lið, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

III. AÐFERÐAREINING E: GERÐARSAMRÆMI BYGGT Á GÆÐATRYGGINGU VÖRU

1. Gerðarsamræmi byggt á gæðatryggingu vöru er sá hluti samræmismatsaðferðar þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um í 2. og 5. lið og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að viðkomandi búnaður um borð í skipum sé í samræmi við gerðareintakið, sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu, og uppfylli kröfurnar í þeim alþjóðlegu gerningnum sem gilda um hann.

2. Framleiðsla

Framleiðandinn skal nota samþykkt gæðakerfi fyrir vörueftirlit með fullunnum vörum og prófanir á vörunum, sem um er að ræða, eins og tilgreint er í 3. lið og skal háður eftirliti eins og tilgreint er í 4. lið.

3. Gæðakerfi

3.1. Framleiðandi skal leggja fram umsókn um mat á gæðakerfi sínu fyrir viðkomandi búnað um borð í skipum hjá tilkynntri stofu að eigin vali.

Umsóknin skal innihalda:

– nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur inn umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,

– skriflega yfirlýsingu þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið lögð inn hjá annarri tilkynntri stofu,

– allar upplýsingar sem skipta máli fyrir þann flokk búnaðar um borð í skipum sem um er að ræða,

– gögn um gæðakerfið og

– tæknigögn um samþykkta gerðareintakið og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.

3.2. Með gæðakerfinu skal tryggja að vörurnar séu í samræmi við gerðartakið, sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu, og viðeigandi kröfur í alþjóðlegum gerningnum.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandi hefur samþykkt skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, verklagsreglur og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið skulu tryggja að áætlanir, skipulag, handbækur og skár, er varða gæði, séu alltaf túlkuð á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

– gæðamarkmiðum og stjórnskipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til vörugæða,

– þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða að framleiðslu lokinni,

– gæðaskýrslum, s.s. skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsfólks o.s.frv.,

– aðferðum við vöktun á því að gæðakerfið sé skilvirkt.

3.3. Tilkynnta stofan skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2.

Úttektarhópurinn skal búa yfir reynslu af gæðastjórnunarkerfum og þar að auki skal vera í honum a.m.k. einn aðili sem hefur reynslu af mati á búnaði um borð í skipum af viðkomandi sviði og á viðkomandi framleiðslutækni og býr yfir þekkingu á viðeigandi kröfum alþjóðlegra gerninga. Hluti af úttektinni skal vera matsheimsókn á athafnasvæði framleiðanda. Úttektarhópurinn skal endurskoða tæknigögnin, sem um getur í fimmta undirlið í lið 3.1, til að sannreyna getu framleiðandans til að greina viðkomandi kröfur í alþjóðlegum gerningum og framkvæma nauðsynlegar athuganir í því skyni að tryggja að varan uppfylli þessar kröfur.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður úttektarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

3.4. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo það sé fullnægjandi og skilvirkt.

3.5. Framleiðandi skal upplýsa tilkynntu stofuna, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnta stofan skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni áfram fullnægja kröfunum, sem um getur í lið 3.2, eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Stofan skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

4. Eftirlit á ábyrgð tilkynntu stofunnar

4.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki þær skyldur sem hið samþykkta gæðakerfi leggur honum á herðar.

4.2. Framleiðandinn skal veita tilkynntu stofunni aðgang til að meta framleiðslu-, skoðunar-, prófunar- og geymslustaði og láta henni í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

– gögn um gæðakerfið,

– gæðaskýrslur, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsfólks o.s.frv.

4.3. Tilkynnta stofan skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðanda úttektarskýrslu.

4.4. Tilkynnta stofan getur að auki farið í óvænta heimsókn til framleiðandans, nema sérstakar takmarkanir gilda um slíkar heimsóknir samkvæmt landslögum og af ástæðum sem varða varnar- eða öryggismál. Í slíkum heimsóknum er tilkynntu stofunni heimilt að gera, eða láta gera, prófanir á vörum til að færa sönnur á að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnta stofan skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og, hafi prófun farið fram, prófunarskýrslu.

5. Samræmismerki og samræmisyfirlýsing

5.1. Framleiðandi skal festa stýrishjólsmerkið, sem um getur í 9. gr., og einnig, á ábyrgð tilkynntu stofunnar sem um getur í lið 3.1, kenninúmer hins síðarnefnda á sérhverja vöru sem samræmist gerðareintakinu sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægir viðeigandi kröfum alþjóðlegra gerninga.

5.2. Framleiðandinn skal gera skriflega samræmisyfirlýsingu fyrir hverja framleiðslugerð og varðveita hana þannig að hún sé tiltækileg fyrir landsyfirvöld í a.m.k. 10 ár eftir að stýrishjólsmerkið hefur verið fest á síðustu framleiddu vöruna og í öllu falli eigi skemur en sem nemur endingartíma viðkomandi búnaðar um borð í skipum. Í samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina þá gerð búnaðar um borð í skipum sem hún á við.

Afrit af samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

6. Framleiðandinn skal varðveita eftirfarandi gögn þannig að þau séu tiltæk fyrir lögbær yfirvöld í a.m.k. 10 ár eftir að stýrishjólsmerkið hefur verið fest á síðustu framleiddu vöruna og í öllu falli eigi skemur en sem nemur endingartíma viðkomandi búnaðar um borð í skipum:

– gögnin, sem um getur í lið 3.1,

– breytingarnar sem um getur í lið 3.5 í þeirri mynd sem þær hafa verið samþykktar,

– þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynntu stofunni sem um getur í liðum 3.5, 4.3 og 4.4.

7. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa tilkynningaryfirvöld sín um samþykki fyrir gæðakerfum, sem hafa verið gefin út eða afturkölluð, og skal, reglulega eða samkvæmt beiðni, veita tilkynningaryfirvöldum sínum aðgang að skránni yfir gæðakerfi sem synjað hefur verið um samþykki, samþykki hefur verið fellt tímabundið úr gildi fyrir eða takmarkað á annan hátt.

Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðrar tilkynntar stofur um ákvarðanir um samþykki fyrir gæðakerfum, sem hún hefur synjað, fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað og, samkvæmt beiðni, um ákvarðanir um samþykki fyrir gæðakerfum sem hún hefur gefið út.

8. Viðurkenndur fulltrúi

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, sem settar eru fram í liðum 3.1 og 3.5 og 5. og 6. lið, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

IV. AÐFERÐAREINING F: GERÐARSAMRÆMI BYGGT Á SANNPRÓFUN VÖRU

1. Gerðarsamræmi byggt á sannprófun vöru er sá hluti samræmismatsaðferðar þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 2. lið, lið 5.1 og 6. lið, og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að viðkomandi vörur, sem hafa verið sannprófaðar í samræmi við ákvæði 3. liðar, séu í samræmi við gerðareintakið, sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu, og uppfylli kröfurnar í þeim alþjóðlegu gerningnum sem gilda um þær.

2. Framleiðsla

Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið og vöktun þess tryggi að framleiddar vörur séu í samræmi við þá samþykktu gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og við þær kröfur alþjóðlega gerninga sem gilda um þær.

3. Sannprófun

Tilkynnt stofa, sem framleiðandi velur, skal framkvæma viðeigandi athuganir og prófanir til að ganga úr skugga um samræmi varanna við samþykkta gerðareintakið, sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu, og viðeigandi kröfur í alþjóðlegum gerningnum.

Skoðanirnar og prófanirnar til að ganga úr skugga um að vörurnar séu í samræmi við viðkomandi kröfur skulu annaðhvort gerðar með skoðun og prófun á hverju vörueintaki, eins og tilgreint er í 4. lið, eða með skoðun og prófun á vörunum á tölfræðilegum grundvelli, eins og tilgreint er í 5. lið, eftir því hvora aðferðina framleiðandi velur.

4. Sannprófun á samræmi með athugun og prófun á hverju vörueintaki

4.1. Allar vörur skulu athugaðar og prófaðar hver fyrir sig í samræmi við þessa tilskipun til að sannreyna að þær séu í samræmi við samþykkta gerðareintakið, sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu, og við viðeigandi kröfur alþjóðlegra gerninga.

4.2. Tilkynnta stofan skal gefa út samræmisvottorð, að því er varðar athuganir og prófanir sem framkvæmdar eru, og skal hún setja kenninúmer sitt á sérhvert samþykkt vörueintak eða láta gera það á eigin ábyrgð.

Framleiðandinn skal varðveita samræmisvottorðið þannig að það sé tiltækt fyrir landsyfirvöld til skoðunar í a.m.k. 10 ár eftir að stýrishjólsmerkið hefur verið fest á síðustu framleiddu vöruna og í öllu falli eigi skemur en sem nemur endingartíma viðkomandi búnaðar um borð í skipum.

5. Tölfræðileg sannprófun á samræmi

5.1. Framleiðandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið og vöktun þess tryggi að hver framleiðslulota verði einsleit og skal hann leggja fram vörur sínar til sannprófunar í einsleitum framleiðslulotum.

5.2. Slembiúrtak skal tekið úr hverri framleiðslulotu. Allar vörur í sýnishorninu skulu athugaðar og prófaðar hver fyrir sig í samræmi við þessa tilskipun til að tryggja að þær séu í samræmi við viðeigandi kröfur alþjóðlegra gerninga og til að ákvarða hvort framleiðslulotan verði samþykkt eða henni hafnað.

5.3. Ef framleiðslulota er samþykkt skulu allar vörur í framleiðslulotunni teljast samþykktar að frátöldum þeim vörum í sýnishorninu sem uppfylltu ekki prófanirnar.

Tilkynnta stofan skal gefa út samræmisvottorð, að því er varðar athuganir og prófanir sem framkvæmdar eru, og skal hún setja kenninúmer sitt á sérhvert samþykkt vörueintak eða láta gera það á eigin ábyrgð.

Framleiðandinn skal varðveita samræmisvottorðið þannig að það sé tiltækt fyrir landsyfirvöld í a.m.k. 10 ár eftir að stýrishjólsmerkið hefur verið fest á síðustu framleiddu vöruna og í öllu falli eigi skemur en sem nemur endingartíma viðkomandi búnaðar um borð í skipum.

5.4. Ef framleiðslulotu er hafnað skal tilkynnta stofan eða lögbæra yfirvaldið gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að sú framleiðslulota verði sett á markað. Ef algengt er að framleiðslulotum sé hafnað getur tilkynnta stofan frestað tölfræðilegri sannprófun og gert viðeigandi ráðstafanir.

6. Samræmismerki og samræmisyfirlýsing

6.1. Framleiðandi skal festa stýrishjólsmerkið, sem um getur í 9. gr., og einnig, á ábyrgð tilkynntu stofunnar sem um getur í lið 3, kenninúmer hins síðarnefnda á sérhverja vöru sem samræmist gerðareintakinu sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægir viðeigandi kröfum alþjóðlegra gerninga.

6.2. Framleiðandinn skal gera skriflega samræmisyfirlýsingu fyrir hverja framleiðslugerð og varðveita hana þannig að hún sé tiltæk fyrir landsyfirvöld í a.m.k. 10 ár eftir að stýrishjólsmerkið hefur verið fest á síðustu framleiddu vöruna og í öllu falli eigi skemur en sem nemur endingartíma viðkomandi búnaðar um borð í skipum. Í samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina fyrir hvaða gerð búnaðar um borð í skipum hún var samin.

Afrit af samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

7. Framleiðandinn má, ef tilkynnta stofan samþykkir það, festa kenninúmer tilkynntu stofunnar á vörurnar í framleiðsluferlinu, á ábyrgð þeirrar síðarnefndu.

8. Viðurkenndur fulltrúi

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu. Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má ekki uppfylla þær skyldur hans sem settar eru fram í 2. lið og lið 5.1.

V. AÐFERÐAREINING G: SAMRÆMI BYGGT Á EININGASANNPRÓFUN

1. Samræmi byggt á einingarsannprófun er samræmismatsaðferðin þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 5. lið, og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að vörurnar, sem um er að ræða, sem hafa verið sannprófaðar í samræmi við ákvæði 4. liðar, séu í samræmi við kröfurnar í alþjóðlegum gerningnum sem gilda um þær.

2. Tæknigögn

Framleiðandi skal útbúa tæknigögnin og gera þau aðgengileg tilkynntu stofunni sem um getur í 4. lið. Skjölin skulu vera með þeim hætti að unnt sé að meta hvort varan samræmist viðkomandi kröfum og þau skulu innihalda fullnægjandi greiningu og mat á áhættu. Í tæknigögnunum skal tilgreina viðeigandi kröfur og þau skulu, að svo miklu leyti sem það skiptir máli fyrir matið, fjalla um hönnun, framleiðslu og notkun vörunnar. Tæknigögnin skulu, þegar við á, innihalda a.m.k. eftirfarandi atriði:

– almenna lýsingu á vörunni,

– frumdrög að hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, straumrásum o.s.frv.,

– lýsingar og skýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og myndir og átta sig á notkun vörunnar,

– skrá yfir kröfur og prófunarstaðla, sem gilda um viðkomandi búnað um borð í skipum í samræmi við þessa tilskipun, ásamt lýsingu á þeim lausnum sem samþykktar hafa verið til að uppfylla þessar kröfur,

– niðurstöður hönnunarútreikninga, sem hafa verið gerðir, athugana sem hafa farið fram, o.s.frv.,

– prófunarskýrslur.

Framleiðandinn skal varðveita tæknigögnin þannig að þau séu tiltækileg fyrir viðeigandi landsyfirvöld í a.m.k. 10 ár eftir að stýrishjólsmerkið hefur verið fest á síðustu framleiddu vöruna og í öllu falli eigi skemur en gert er ráð fyrir að viðkomandi búnaður um borð í skipum endist.

3. Framleiðsla

Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið og vöktun þess tryggi að framleiddar vörur séu í samræmi við viðeigandi kröfur í alþjóðlegum gerningnum.

4. Sannprófun

Tilkynnt stofa, sem framleiðandi velur, skal framkvæma viðeigandi athuganir og prófanir í samræmi við þessa tilskipun til að ganga úr skugga um samræmi varanna við viðeigandi kröfur í alþjóðlegum gerningnum.

Tilkynnti aðilinn skal gefa út samræmisvottorð, að því er varðar athuganir og prófanir sem framkvæmdar eru, og skal hún festa kenninúmer sitt á samþykkta vöru eða láta gera það á eigin ábyrgð.

Framleiðandinn skal varðveita samræmisvottorðið þannig að það sé tiltækilegt fyrir landsyfirvöld í a.m.k. 10 ár eftir að stýrishjólsmerkið hefur verið fest á síðustu framleiddu vöruna og í öllu falli eigi skemur en gert er ráð fyrir að viðkomandi búnaður um borð í skipum endist.

5. Samræmismerki og samræmisyfirlýsing

5.1. Framleiðandinn skal festa stýrishjólsmerkið, sem um getur í 9. gr., og einnig, á ábyrgð tilkynntu stofunnar, sem um getur í 4. lið, kenninúmer hinnar síðarnefndu, á hverja vöru fyrir sig sem uppfyllir viðeigandi kröfur í alþjóðlegum gerningnum.

5.2. Framleiðandinn skal gera skriflega samræmisyfirlýsingu og varðveita hana þannig að hún sé tiltækileg fyrir landsbundin landsyfirvöld í a.m.k. 10 ár eftir að stýrishjólsmerkið hefur verið fest á síðustu framleiddu vöruna og í öllu falli eigi skemur en gert er ráð fyrir að viðkomandi búnaður um borð í skipum endist. Í samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina fyrir hvaða vöru hún var samin.

Afrit af samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

6. Viðurkenndur fulltrúi

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, sem settar eru fram í 2. og 5. lið, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

———

III. VIÐAUKI

KRÖFUR SEM SAMRÆMISMATSSTOFUR ÞURFA AÐ UPPFYLLA TIL AÐ VERÐA TILKYNNTAR STOFUR

1. Hvað varðar tilkynningar skal samræmismatsstofa uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2.-11. lið.

2. Samræmismatsstofu skal komið á fót samkvæmt landslögum og hún skal hafa réttarstöðu lögaðila.

3. Samræmismatsstofa skal vera þriðji aðili sem er óháður fyrirtækinu eða þeim búnaði um borð í skipum sem verið er að meta.

4. Stofa sem tilheyrir viðskiptasamtökum eða fagfélögum, sem koma fram fyrir hönd fyrirtækja, sem fást við hönnun, framleiðslu, öflun, samsetningu, notkun eða viðhald búnaðar um borð í skipum, sem henni er falið að meta, getur talist samræmismatsstofa með því skilyrði að sýnt sé fram á að hún sé óháð og laus við hagsmunaárekstra.

5. Samræmismatsstofa, æðstu stjórnendur hennar og starfsfólk, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna, skulu hvorki vera hönnuðir, framleiðendur, birgjar, uppsetningaraðilar, innkaupsaðilar, eigendur, notendur eða viðhaldsaðilar þess búnaðar um borð í skipum sem er metinn, né vera viðurkenndir fulltrúar neins þessara aðila. Þetta skal þó ekki útiloka notkun á vörum sem hafa verið metnar og sem nauðsynlegar eru fyrir starfsemi samræmismatsstofu eða notkun slíkra vara í persónulegum tilgangi.

6. Samræmismatsstofa, æðstu stjórnendur hennar og starfsfólk, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna, skulu hvorki taka með beinum hætti þátt í hönnun, framleiðslu eða smíði, markaðssetningu, uppsetningu, notkun eða viðhaldi þessa búnaðar um borð í skipum, né vera fulltrúar þeirra aðila sem fást við slíka starfsemi. Þau mega ekki taka þátt í neinni starfsemi sem gæti haft áhrif á sjálfstætt mat þeirra og heilindi að því er varðar þá samræmismatsstarfsemi sem þeim hefur verið falin. Þetta gildir einkum að því er varðar ráðgjafarþjónustu.

7. Samræmismatsstofur skulu tryggja að starfsemi dótturfyrirtækja þeirra eða undirverktaka hafi ekki áhrif á trúnað, hlutlægni eða óhlutdrægni í samræmismatsstarfsemi þeirra.

8. Samræmismatsstofur og starfsfólk þeirra skulu annast starfsemi á sviði samræmismats af faglegri ráðvendni á hæsta stigi og með nauðsynlegri tæknikunnáttu á viðkomandi sviði og vera laus við allan þrýsting og hvatningu, einkum fjárhagslega, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra eða niðurstöður samræmismatsstarfsemi þeirra, einkum frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður þessarar starfsemi.

9. Samræmismatsstofa skal vera fær um að framkvæma þau samræmismatsverkefni sem henni hafa verið falin samkvæmt þessari tilskipun og sem hún er tilkynnt stofa fyrir, hvort sem samræmismatsstofan framkvæmir verkefnin sjálf eða þau eru framkvæmd fyrir hönd hennar og á ábyrgð hennar.

10. Samræmismatsstofa skal ávallt og fyrir hverja samræmismatsaðferð og hverja tegund, flokk eða undirflokk búnaðar um borð í skipum, sem hún er tilkynnt stofa fyrir, hafa eftirfarandi til umráða:

    a) nauðsynlegt starfsfólk með tækniþekkingu og nægilegri og viðeigandi reynslu til að framkvæma samræmismatsverkefnin,

    b) lýsingar á aðferðunum, sem beitt er við samræmismat, sem tryggja gagnsæi þessara aðferða og getu til að endurtaka þær; samræmismatsstofa skal hafa innleitt viðeigandi stefnumál og aðferðir til að gera greinarmun á verkefnum, sem hún framkvæmir sem tilkynnt stofa, og annarri starfsemi,

    c) nauðsynlegar aðferðir til að sinna starfsemi þar sem tekið er tilhlýðilegt tillit til stærðar fyrirtækis, geirans, sem það starfar í, skipulags þess, hversu flókna framleiðslutækni er um að ræða í viðkomandi búnaði og hvort um fjölda- eða raðframleiðslu er að ræða.

11. Samræmismatsstofa skal hafa yfir að ráða öllum þeim úrræðum sem nauðsynleg eru til að geta framkvæmt á réttan hátt þau tæknilegu og stjórnsýslulegu störf sem tengjast samræmismatsstarfsemi og hafa aðgang að öllum nauðsynlegum búnaði og aðstöðu.

12. Það starfsfólk sem ber ábyrgð á að annast starfsemi á sviði samræmismats skal búa yfir eftirfarandi:

    a) traustri tækni- og starfsþjálfun sem nær til allrar samræmismatsstarfsemi sem samræmismatsstofan er tilkynnt stofa fyrir,

    b) fullnægjandi þekkingu á kröfum varðandi matið, sem það annast, og fullnægjandi heimild til að annast slíkt mat,

    c) viðeigandi þekkingu og skilning á viðkomandi kröfum og prófunarstöðlum og viðeigandi ákvæðum í samhæfingarlöggjöf Sambandsins og reglugerðum til framkvæmdar þeirri löggjöf,

    d) getu til þess að útbúa vottorð, skrár og skýrslur sem sýna að mat hafi verið unnið.

13. Tryggja skal óhlutdrægni samræmismatsstofa, æðstu stjórnenda þeirra og starfsfólks sem annast matið.

14. Laun æðstu stjórnenda og starfsfólks samræmismatsstofu, sem annast mat, skal hvorki vera háð fjölda matsgerða, sem unnar eru, né niðurstöðum slíkra matsgerða.

15. Samræmismatstofur skulu hafa ábyrgðartryggingu nema ríkið sé bótaskylt samkvæmt landslögum eða aðildarríkið sjálft beri beina ábyrgð á samræmismatinu.

16. Starfsfólk samræmismatsstofu skal bundið þagnarskyldu um allar upplýsingar, sem það aflar sér við framkvæmd verkefna sinna samkvæmt þessari tilskipun eða hverju því ákvæði landslaga sem sett er í tilefni af henni, nema gagnvart lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis þar sem starfsemin fer fram. Einkaleyfisréttur skal varinn.

17. Samræmismatsstofur skulu taka þátt í eða tryggja að það starfsfólk, sem annast matið, sé upplýst um viðeigandi starfsemi við gerð staðla og starfsemi innan samræmingarhóps tilkynntu stofunnar, sem komið er á fót samkvæmt þessari tilskipun, og að stjórnsýsluákvarðanir og skjöl, sem eru afrakstur af vinnu þessa hóps, séu notuð sem almennar leiðbeiningar.

18. Samræmismatsstofur skulu uppfylla kröfur samkvæmt staðlinum EN ISO/IEC 17065:2012.

19. Samræmismatsstofur skulu tryggja að prófunarstofur, sem notaðar eru við samræmismat, uppfylli kröfur samkvæmt staðlinum EN ISO/IEC 17025:2005.

———

IV. VIÐAUKI

MÁLSMEÐFERÐ VIÐ TILKYNNINGU

1. Umsókn um tilkynningu

1.1. Samræmismatsstofa skal leggja umsókn um tilkynningu fyrir tilkynningaryfirvald aðildarríkisins þar sem hún hefur staðfestu.

1.2. Þessari umsókn skal fylgja lýsing á samræmismatsstarfsemi, aðferðareiningu eða aðferðareiningum samræmismats og þeim búnaði um borð í skipum sem stofan fullyrðir að hæfi hennar nái til, ásamt faggildingarvottorði, ef það er fyrirliggjandi, sem gefið er út af faggildingarstofnun í aðildarríki þar sem staðfest er að samræmismatsstofan uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

1.3. Ef hlutaðeigandi samræmismatsstofa getur ekki lagt fram faggildingarvottorð skal hún láta tilkynningaryfirvaldinu í té öll skrifleg sönnunargögn, sem nauðsynleg eru fyrir sannprófun, viðurkenningu og reglulega vöktun á því að hún fari að kröfunum, sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

2. Málsmeðferð við tilkynningu

2.1. Tilkynningaryfirvöld mega einungis tilkynna samræmismatsstofur sem hafa uppfyllt kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

2.2. Þau skulu tilkynna þær til framkvæmdastjórnarinnar og hinna aðildarríkjanna með því að nota rafræna tilkynningartækið sem framkvæmdastjórnin hefur þróað og haft umsjón með.

2.3. Í tilkynningunni skulu vera ítarlegar upplýsingar um samræmismatsstarfsemina, aðferðareiningu eða aðferðareiningar samræmismats, viðkomandi búnað um borð í skipum og viðeigandi staðfesting á hæfi.

2.4. Ef tilkynning byggist ekki á faggildingarvottorði, eins og um getur í 1. lið, skal tilkynningaryfirvaldið láta framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum í té skrifleg sönnunargögn sem staðfesta hæfi samræmismatsstofunnar og það fyrirkomulag sem er til staðar til að tryggja að reglulegt eftirlit sé haft með stofunni og að hún haldi áfram að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

2.5. Hlutaðeigandi stofu er aðeins heimilt að annast starfsemi tilkynntrar stofu hreyfi framkvæmdastjórnin eða hin aðildarríkin ekki andmælum innan tveggja vikna frá tilkynningu, sem byggist á faggildingarvottorði, eða innan tveggja mánaða frá tilkynningu sem byggist ekki á faggildingarvottorði.

2.6. Aðeins stofa, sem um getur í lið 2.5, skal teljast tilkynnt stofa að því er þessa tilskipun varðar.

2.7. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um allar síðari breytingar á tilkynningunni sem máli skipta.

3. Kenninúmer og skrár yfir tilkynntar stofur

3.1. Framkvæmdastjórnin skal úthluta tilkynntri stofu kenninúmeri.

3.2. Hún skal aðeins úthluta einu slíku númeri þó svo að stofan sé tilkynnt samkvæmt mörgum gerðum Sambandsins.

3.3. Framkvæmdastjórnin skal gera skrána yfir stofurnar, sem tilkynntar eru samkvæmt þessari tilskipun, aðgengilega öllum, þ.m.t. kenninúmerin sem þeim hefur verið úthlutað og starfsemin sem þeim hefur verið falin.

3.4. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að skráin sé uppfærð.

_____

V. VIÐAUKI

KRÖFUR SEM TILKYNNINGARYFIRVÖLD ÞURFA AÐ UPPFYLLA

1. Tilkynningaryfirvaldi skal komið á fót með þeim hætti að engir hagsmunaárekstrar við samræmismatsstofur eigi sér stað.

2. Tilkynningaryfirvald skal skipulagt og starfrækt þannig að hlutlægni og óhlutdrægni starfseminnar sé tryggð.

3. Tilkynningaryfirvald skal skipulagt með þeim hætti að allar ákvarðanir, sem tengjast tilkynningu um samræmismatsstofur, séu teknar af þar til bærum aðilum, öðrum en þeim sem unnu matið.

4. Tilkynningaryfirvald skal ekki bjóða eða sjá um neina starfsemi, sem samræmismatsstofur annast, eða sinna ráðgjafarþjónustu á viðskipta- eða samkeppnisgrundvelli.

5. Tilkynningaryfirvald skal tryggja að upplýsingar, sem það fær, séu meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

6. Tilkynningaryfirvald skal hafa yfir að ráða nægilegum fjölda af hæfu starfsfólki til að sinna verkefnum sínum á viðeigandi hátt.